

Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 15. FEBRÚAR 2024

• Stofnað 1913 • 39. tölublað • 112. árgangur •



SNÝR AFTUR
TIL AÐ HJÁLPA
KA/PÓR

HANDBOLTI 62



SÝNIR
ÓTRÚLEGT
HUGREKKI

SAKNAÐARILMUR 64

ER ALLTAF
HANN
SJÁLFUR

GUMMI KÍRÓ 44



Morgunblaðið/Eggert

Loðna Þrjú skip fengu lóðningar í Rósagarðinum svokallaða.

Mögulega búið að finna loðnuna

■ Þrjú skip áttu leið um Rósagarðinn svokallaða, fiskimið suðaustur af landinu, og fengu lóðningar sem gáfu til kynna að umtalsvert magn af loðnu eða síld væri á svæðinu. Því ríkir bjartsýni um að loðnan sé loksins fundin.

Það var uppsjávarskip Brims hf., Svanur RE, sem varð fyrst vart við fiskitorfu í Rósagarðinum. Hafrannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni og uppsjávarskipinu Polar Ammassak var stefnt á miðin og áttu þau að komast þangað í gærkvöldi.

Guðmundur J. Óskarsson, sviðsstjóri uppsjávarviðs Hafrannsóknastofnunar, segir í samtali við Morgunblaðið að torfu hafi orðið vart á þessum slóðum í fyrradag þegar Svanur RE og síðan Hákon EA urðu varir við torfuna. Spurður hvort hægt sé að áætla það magn sem kunnir að vera á ferðinni segir Guðmundur að þetta hafi verið ágætis lóðningar en erfitt sé að segja til um það á þessu stigi máls. » 32



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Upp á gamlan danskan móð

Sú athöfn að slá köttinn úr tunnunni mun upphaflega kunnust hér á landi norðan heiða en síðurinn er þó upphaflega danskur og barst

hingað til lands á 19. öld. Færðist síðurinn yfir á öskudag, en áður hafði sérstakur tyllidagur verið helgaður þessari meðferð á dýrinu, sem

þó var dauft áður en leikur hófst. Síðar leysti hrafn köttinn af hólmi en nú leynist víst selgæti í tunnunni í stað saklausra málleysingja.

Áætlanir voru ekki í lagi

● Uppfærsla samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sögð væntanleg eftir 2-3 vikur ● Verið að setja í rétt kostnaðarlegt samhengi ● Búist við enn meiri hækkun

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

„Það er hárrétt hjá honum, en fyrsta atriðið til þess að hægt sé að gæta að slíku er að áætlanirnar séu í lagi. Þær áætlanir sem lagt var upp með voru ekki í lagi og ef þær hefðu verið í lagi, hefði ekki þurft að uppfæra þær,“ segir Árni M. Mathiesen, formaður stjórnar Betri samgangna, í samtali við Morgunblaðið. Hann var spurður um miklar hækkunir á kostnaðaráætlunum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, þ.m.t. Fossvogsbrúar sem

Njáll Trausti Friðbertsson alþingismaður gagnrýndi harðlega í blaðinu í gær.

„Það þurfti nauðsynlega að uppfæra þessar áætlanir af ýmsum orsökum. Á meðan ekki er búið að eyða þessum peningum er ekki stór skaði skeður. Ég held að við verðum að sjá uppfærslu lokið til að eigendurnir geti tekið ákvarðanir um framhaldið,“ segir Árni.

Bjarni Benediktsson, þá fjármála- og efnahagsráðherra, sagði í grein í Morgunblaðinu 7. september sl. að áætlaður kostnaður við verkefni sam-

göngusáttmálans hefði nær tvöfaldast frá því sem upp var lagt með, væri 300 milljarðar í stað 160. Lagði hann áherslu á endurskoðun hans og nýja forgangsroðun verkefna. Samkvæmt heimildum blaðsins stefnir í enn meiri hækkunir sáttmálans í þeirri uppfærslu sem unnið er að.

„Ég reikna með að við munum sjá merki um þessi sjónarmið Bjarna í uppfærslunni, án þess að ég geti staðfest það á þessu stigi. Það sem verið er að gera í þessari uppfærslu sáttmálans er að setja þetta allt í rétt kostnaðarlegt samhengi. Þeirri vinnu er ekki

lokið, en vonandi verður það fljótlega. Þegar vinnunni er lokið taka menn ákvarðanir um hvernig framhaldið verður,“ segir Árni.

Uppfærsla samgöngusáttmálans er langt á eftir áætlun, rætt var um að henni lyki sl. haust, síðan í nóvember og loks í janúar, en ekkert bólar enn á henni. Spurður um þessar tafir segir Árni Freyr Stefánsson, skrifstofustjóri samgangna í innviðaráðuneytinu sem á sæti í starfshópnum sem að verkinu vinnur, að vonir standi til að henni ljúki loks eftir 2-3 vikur og verði þá kynnt hlutaðeigandi.

Fressið Lísa fermt og veislu slegið upp

■ „Við erum sviðslistafólk og okkur finnst skemmtilegt að vera með gjörninga, sem þessar athafnir í kringum Lísu augljóslega eru. Þar fyrir utan er gaman að halda veislur og fá vini sína og fjölskyldu saman,“ segja Hófi og Stefán, sem buðu hundrað manns til fermingar fressins Lísu. „Við tókum þetta alla leið, þönuðum klassískar fermingarertur með áletrun og loppuskreytingum og vinkona mín gaf okkur brauðertu með kisuandliti,“ segir Hófi. » 12



Lísa

VEISLURÉTTIR

Við komum með veisluna til þín

HAGKAUP

Skyndisókn á íslensk símanúmer

● Þúsundir svikasímtala frá erlendum númerum ● Markmiðið að hafa fjármuni af símnotendum með yfirgjaldsþjónustu eða taxa ● Forstjóri FjarSKIPTASTOFU segir að um skyndisókn hafi verið að ræða

Geir Áslaugarson
geir@mbl.is

Þúsundir svikasímtala bárust símnotendum hér á landi í vikunni. Símtölin virðast koma frá Lúxemborg og Srí Lanka. Forstjóri FjarSKIPTASTOFU, Hrafnkell V. Gíslason, segir að um eins konar skyndisókn hafi verið að ræða og að markmiðið hafi verið að fá símnotendur til þess að greiða einhvers konar yfirgjaldsþjónustu eða taxa fyrir símtölin.

Vilja að hringt sé til baka

„Okkur sýnist að það hafi verið hringt í stuttan tíma og þá er vonast til þess að einhver falli í þá gryfju að hringja til baka. Við það skapast möguleg skylda á viðkomandi aðila að greiða fyrir það símtal,“ segir Hrafnkell og gjöldin geti náð háum upphæðum.

„Það getur þess vegna verið einhvers konar yfirgjaldsþjónusta þar sem tekin eru há gjöld fyrir slík símtöl,“ segir



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Svikasímtöl Hrafnkell segir svikarara geta innheimt gjöld fyrir símtölin.

hann og bendir á að taxti símtalanna geti einnig verið mjög hár eins og ef til dæmis sé hringt til Srí Lanka.

Hann segir að svikahraparnir búi til einhvers konar fjarSKIPTASTOFU sem getur innheimt greiðsluskulduna

Svikasímtöl

» Þúsundir svikasímtala bárust landsmönnum síðastliðinn sólarhring.

» Tilgangur símtalanna að fá fólk til þess að svara eða hringja til baka.

» Við það myndast greiðsluskylða og þeir sem standa að baki svikunum geta náð til sín fjármunum.

» FjarSKIPTASTOFA varar við því að svara ókunnugum númerum.

símareikninginn þinn, sem kemur þér væntanlega á óvart og verður nokkuð hátt. Ef nokkur þúsund manns eða nokkur hundruð falla í þessa gryfju hefur sá sem svikin stundaði fengið eitthvað fyrir sinn snúð.“

Um skyndisókn að ræða

Þá segist Hrafnkell ekki vita til tilkynninga um fjártjón í kjölfar gærdagsins, en að FjarSKIPTASTOFA sé í sambandi við fjarSKIPTASTOFA hérlandis og loki iðulega á númer sem vitað sé að svikahrapar standi að baki.

Spurður hvers vegna þessar símhringingar hafi komið eins og alda yfir landið segir hann að fjarSKIPTASTOFA og fleiri séu „uppi á tánum að reyna að stemma stigu við þessu. Ef þetta er jafnt og þétt er hægt að gera ráðstafanir til þess að loka á þessi númer, en þetta kemur eins og skyndisókn“. Ástæða hafi verið til þess að vara við þessum símhringingum.

sem skapast við það þegar hringt er til baka í númerið.

„Þá er þetta bara innheimt í gegnum

Leggja til að opinbert hlutafélag RÚV verði lagt niður

Geir Áslaugarson
geir@mbl.is

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp um endurskoðun á rekstrarumhverfi fjölmiðla. Kveður það meðal annars á um að opinbert hlutafélag um Ríkisútvarpið verði lagt niður og að til verði ríkisstofnun á fjárlögum með sjálfstæða stjórn.

Nái frumvarpið fram að ganga verður formbreyting á rekstri RÚV og skattalegar ívilnanir fyrir sjálfstæða fjölmiðla innleiddar í stað beinna ríkisstyrkja. Þá verða skorur settar við samkeppnisrekstri RÚV, sem verður meðal annars ekki heimilt að afla kostunar. Í greinar-



Morgunblaðið/Eggert

RÚV Fjárveitingar til RÚV ráðast sem dæmi af fjölda skattgreiðenda.


gerð frumvarpsins eru hlutverk og þjónusta RÚV sögð nánast það sama óháð fjölda skattgreiðenda hverju sinni og að auknar tekjur RÚV út frá því séu ekki í samræmi við þær skyldur sem á því hvíli, en fjárveitingar til RÚV ráðast af fjölda skattgreiðenda á aldrinum 16 til 67, fjölda lögaðila og fjárhæð útvarpsgjalds.

Samkvæmt frumvarpinu verður RÚV ekki heimilt að afla kostunar og jafnframt verða stífar reglur settar um stöðu RÚV á auglýsingamarkaði.

Þá er lagt til að beinir ríkisstyrkir til einkarekinnna fjölmiðla leggjast af en á móti muni sjálfstæðir fjölmiðlar njóta skattaívilnana sem séu samræmdar og gegnsæjar.

Fjárframlög til Ríkisútvarpsins 2017-2023

Milljarðar króna



Heimild: Menningar- og viðskiptaráðuneytið

RÚV endurgreiði ofgreidd framlög

● Ofmat á íbúafjölda jók framlögin

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„RÚV notar auknar tekjur til að færa sjálf út hlutverk sitt án laga-breytinga og halda úti hlaðvörpum og vefmiðlum. Á sama tíma fá aðrar stofnanir fleiri verkefni en þurfa að sæta hagræðingu,“ segir Vilhjálmur

Árnason þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Í nýlegu svari menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Vilhjálms kemur fram að á árunum 2017-2023 hafi framlög til Ríkisútvarpsins hækkað um

1.606 milljónir króna þegar tekið er tillit til fjölsfjöldunar. „Þessi hækking er langt umfram fjölsfjöldun,“ segir Vilhjálmur. Hann bendir á að staðan sé jafnvel enn alvarlegri en hún var þegar svarið birtist í byrjun árs því í ljós hafi komið að íbúafjöldi hér á landi, en framlög til RÚV taka mið af mati á fjölda íbúa, hafi verið ofmetinn um 14.000 manns.

Þingmaðurinn segir við blasa að framlög til RÚV hér eftir muni skerðast í þessu ljósi og rétt sé að stofnuninni verði gert að endurgreiða það sem ofgreitt hefur verið síðustu ár. „Að sjálfsögðu á það að vera þannig. Sérstaklega í ljósi þess að við vinna við fjárlög ársins 2023

voru framlög til RÚV hækkuð vegna fjölgunar útsvarsgreiðenda. Þá fékk RÚV 300 milljónir í aukaframlag til leiðréttingar. Fyrst félagið fékk slíka leiðréttingu hlýtur hún að virka til baka.“

Útvarpsgjald var 20.200 krónur árið 2023 og því leiðir einfaldur útreikningur í ljós að ofgreidd framlög fyrir það ár eru tæpar 283 milljónir króna, miðað við að fjölsfjöldi hafi verið ofmetinn um 14.000 manns.

Í svari ráðherra við fyrirspurn Vilhjálms kemur fram að kostnaður við þjónustu RÚV hafi almennt ekki aukist í hlutfalli við fjölgun þeirra einstaklinga sem nýti sér hana. Hins vegar kunnir kostnaður að aukast með aukinni þjónustu af ýmsu tagi við ólíka hópa samfélagsins. Fleiri verkefni kunnir að fylgja auknum fjölsfjölda, „með dagskrárgerð og fréttaflytingu frá fleiri stöðum á landinu og þjónustu við fjölbreytta hópa samfélagsins, t.d. með auknu framboði á efni fyrir ólíka aldershópa, efni á auðskildu máli sem m.a. er ætlað fötludu fólki, efni sem ætlað er fólki af erlendum uppruna en einnig vegna tæknikostnaðar í tengslum við dreifingu, streymiskostnaðar og fleiri þátta,“ eins og það er orðað. Vilhjálmur segir að hann hafi stungið upp á því að niðurskurður á framlögum til RÚV geti nýst til að styrkja aðra fjölmiðla. „Við getum fjármagnað þann hluta ríkisútjaldanna með nefskatti og þannig hjálpað ríkissjóði á erfiðum tímum.“

Flugsæti til
Tenerife
BÁÐAR LEIÐIR 22. TIL 29. FEBRÚAR

FRÁ **59.850**

Frábær Flugtími

Keflavík (KEF)	Tenerife (TFS)	Tenerife (TFS)	Keflavík (KEF)
09:00	14:35	15:35	21:15

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

TÖLUM UM LEXUS NX

Lexus NX 450h+ Plug-in Hybrid. Nýjungar í tækni, nostursamleg smáatriði í innra rými og einstök upplifun ökumanns eru þess eðlis að það er erfitt að útskýra.

Reynsluaktu og taktu inn ómótstæðilegt leðrið, mýktina, 14 tommu snertiskjáinn og alla hina tæknina sem gerir Lexus NX að draumi sem þú vilt helst ekki að taki enda.

Komdu í Kaupúnið og kynntu þér Lexus NX 450h+



Flugu samsíða fyrir áreksturinn

● Ferjuflugmennirnir krossuðu vélarnar í samsíða flugi frá Belfast til Keflavíkur ● Skrúfa í öðrum hreyfli efri vélarinnar rakst í stél vélarinnar fyrir neðan ● Höfðu óskað eftir samflugi yfir 19.500 fetum

Kristján Jónsson
kris@mbl.is

Flugmennirnir einkaflugvélna sem rákust saman fyrir sunnan landið sl. sunnudag flugu vélunum samsíða áður en þær rákust saman, samkvæmt heimildum Morgunblaðsins.

Eins og fram hefur komið rakst vinstri loftskrúfa annarrar vélarinnar í hægri láréttan stélflöt á hinni. Ekki urðu slys á fólki en vélarnar standa nú á Keflavíkurflugvelli.

Á meðfylgjandi korti má virða fyrir sér feril flugvélna úr Flight Radar, en þær voru á leið til Keflavíkur frá Belfast á Norður-Írlandi.

Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins voru vélarnar upphaflega í blindflugi, yfir 19.500 fetum, og flugmennirnir óskuðu eftir því að fljúga samflug (e. formation) en fengu neitun úr flugturni. Þá lækkuðu þeir sig niður fyrir 19.500 fet og komu sér

Ferill ferjuvélna sem rákust saman



Báðar vélarnar voru af gerðinni Beechcraft Super King Air B200

Samsett mynd

Skjáskot: Flightradar24

í svonefnt E-rými þar sem hægt er að fljúga sjónflug og flugu þá samsíða. Þá flaug önnur vélin yfir hina og skrúfa

í öðrum hreyfli efri vélarinnar rakst í stélið á vélinni fyrir neðan, eftir því sem heimildir blaðsins herma.



Keflavík Önnur vélanna sem um ræðir á Keflavíkurflugvelli í gær. Skemmd ofan á stélinu sést greinilega. Skemmdir á hinni vélinni eru lítt sjáanlegar.

Þessi atvikalýsing var borin undir Ragnar Guðmundsson hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa, en hann

segir ekki tímabært að tjá sig nokkuð um einstök atvik, þar sem rannsóknin sé enn í fullum gangi.

Ísfólkið í endurnýjun lífdaga

Panem et circenses, braud og leikar, var skýlaus og hávær krafa almúgafólks í Rómaveldi hinu forna. Pupullinn heimtaði sinn mat og sína afþreyingu vildu ráðamenn hafa hann við alþýðuskap og til friðs. Norðlensk börn í Ísbúðinni á Glerártorgi á Akureyri hafa að líkindum verið hófstílltari í sinni bæna-skrá en engu að síður var handagangur í öskjunni í gær þegar öskudagur var haldinn hátíðlegur. Lítið eimir nú eftir af þeirri vinsælu iðju barna á öldinni sem leið, að laumast aftan að græskulausu fullorðnu fólki og hengja aftan á það svokallaða öskupoka.



Morgunblaðið/Porgeir Baldursson

Biskupstilnefningar hefjast 7. mars

■ Kjörstjórn þjóðkirkjunnar leggur til við forsætisnefnd kirkjupings að tilnefningarferlið sem er undanfari biskupskosninga hefjist 7. mars og hefur forsætisnefndin samþykkt þá tillögu, skv. upplýsingum blaðsins.

Tilnefningarnar munu standa yfir í 5 daga, en biskupskosning er síðan áformuð í 2. viku aprílmánaðar. Þar verður kosið á milli þeirra 3 sem flestar tilnefningar fengu og gefa kost á sér. Þau sem hafa lýst því yfir að þau taki við tilnefningum eru eftirfarandi: Helga Soffía Konráðsdóttir, sóknarprestur í Háteigs-kirkju, Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju, Ninna Sif Svavarsdóttir, sóknarprestur í Hveragerði, Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur í Lindakirkju í Kópavogi, Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, Elínborg Sturludóttir, prestur við Dómkirkjuna í Reykjavík, og Bjarni Karlsson fyrrverandi sóknarprestur í Laugarneskirkju og í Vestmannaeyjum.



28. JÚNÍ - 7. JÚLÍ 10 DAGAR

LAGO MAGGIORE OG ÍTÖLSKU VÖTNIN

LAGO D'ORTA OG LAGO DI COMO

Frábær ferð þar sem nokkrar af helstu vatnaperlum Ítalíu verða skoðaðar.

VERÐ FRÁ **399.900 KR.**
*M.v. gistingum í tvíbýli með flugi, dagskrá og fleira.

Margrét Laxness
fararstjóri



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Sérsvaitin Vinna lögreglu við að tryggja öryggi ráðamanna hefur aukist.

Verklagi breytt og þjálfun verið aukin

● Aukin vinna við öryggi ráðamanna

Lögregla hefur þurft að auka gæslu vegna æstu ráðamanna þjóðarinnar síðustu ár. Þá hefur verklagi starfsfólks í kringum ráðamenn verið breytt og þjálfun til að takast á við erfiðar aðstæður aukin. Þetta kemur fram í skriflegu svari ríkislögreglustjóra við fyrirspurn Morgunblaðsins. Fyrirspurnin var lögð fram í kjölfar umfjöllunar blaðsins um hótanir í garð lögreglumanna og saksóknara.

Embætti ríkislögreglustjóra vildi ekki tjá sig um það hvort nýleg dæmi væru um hótanir í garð ráðamanna. „Hótanir gagnvart ráðherrum eru metnar og áhættugreindar og gripið

er til sérstakra öryggisráðstafana á grundvelli þess mats að hverju sinni,“ sagði í svari ríkislögreglustjóra.

Er nýleg dæmi um að auka hafi þurft gæslu fyrir ráðamenn vegna hótana í þeirra garð? „Samkvæmt lögreglulögum ber lögreglu að tryggja öryggi æstu ráðamanna þjóðarinnar og undanfarin ár hefur það verkefni vaxið í umfangi.“

Er gerðar sérstakar kröfur til starfsfólks, til að mynda bílstjóra ráðherra, er líta að öryggi þeirra? „Verklagi í kringum ráðherrabílstjóra hefur verið breytt og þjálfun aukin.“
hdm@mbl.is



Engin heimavist í boði næsta vetur?

● Sunnlendingar áhyggjufullir ● Forsenda fyrir samstarfinu

Kristján Jónsson
kris@mbl.is

Sveitarstjórnarmenn hafa þungar áhyggjur af framtíð heimavistarinnar við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, FSu. Samband sunnlenskra sveitarfélaga ályktaði um málið á dögum en samningur um rekstur heimavistarinnar rennur út í sumar og segir í ályktuninni að engar ráðstafanir hafi verið gerðar.

Einar Freyr Elínarson

„Stjórn SASS skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands verði eytt hið allra fyrsta,“ segir m.a. í ályktuninni.

Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri í Mýrdalshreppi, segir sveitarstjórnarmenn líta málið alvarlegum augum.

„Fleiri sveitarfélög hafa tekið undir þessa bókun því þetta er sorgleg staða. Mikil vinna var lögð í að koma heimavistinni á árið 2020, en þá hafði hún ekki verið starfandi um nokkurra ára bil. Þessi staða er grafarleg gagnvart ungmennum á stóru svæði hér á Suðurlandi, en vegalengdirnar eru of miklar til að þau geti sótt skóla með almenningsangöngum. Þetta myndi skerða jafnrétti þeirra til náms vegna þess að þátttaka okkar í þessu skólastarfi grundvallast á því að börnin okkar komist þar að. Heimavistin er forsenda fyrir samstarfi sveitarfélag-



Ljósmynd/Guðmundur Karl

Selfoss Óvíst er hvort skólinn geti boðið upp á heimavist á næstu önn.

anna á svæðinu um framhaldsskólann,“ segir Einar og bætir því við að skólinn sé eftirsóknarverður valkostur ef húsnæðismálin séu í lagi.

„Á Selfossi hefur verið byggður upp mjög flottur framhaldsskóli með fjölbreyttu námsframboði, þar á meðal iðnnámi, sem árum saman hefur verið básúnað að þurfi að efla á landsvísu. En að hafa ekki heimavist þýðir bara að nemendurnir geta lent í þeirri stöðu að geta ekki sótt nám sem þau hafa áhuga á,“ segir Einar og bendir á að vegna mikilla ruðningsáhrifa frá ferðabjónustu á Suðurlandi sé ekki einfalt fyrir nemendur að finna húsnæði á Selfossi ef fólk vildi reyna slíka útfærslu.

Vantar valkost til framtíðar

„Þess þá heldur finnst manni afleitt að ríkið skuli stefna þessu úrræði í hættu því ekki er í annað húsnæði að leita. Við lítum þetta grafalvarlegum augum. Það er algerlega einbeittur vilji allra sveitarfélaga sem koma að þessu

samstarfi að á Selfossi sé heimavist. Þess vegna finnst manni alveg ótrúlegt að skólayfirvöld og ríkið séu komin á þennan stað. Nú er bara alger óvissa þegar börn og foreldrar eru að velja fyrir sér hvaða framhaldsskóla eigi að sækja á næstu haustönn. Þau sem hefja nám í framhaldsskólum strax að loknu skyldunámi eru börn í lagalegum skilningi. Þau eiga að hafa öruggt afdrep og það skiptir miklu máli fyrir byggðarþróun á svæðinu að foreldrar viti af öruggu úrræði fyrir börnin þegar þau senda þau í skóla,“ segir Einar og nefnir að eftirspurnin eftir herbergjum á heimavistinni hafi verið góð.

„Ég treysti því að ráðherra sjái til þess að heimavistin verði áfram í boði. Eftir það ættu ríkið og sveitarfélögin að setjast niður og velja fyrir sér hvort ekki sé eina vitið að byggð verði heimavist við skólann. Ég veit að margir eru þeirrar skoðunar en slíkt væri nokkurra ára plan.“

Endurmat HMS ekki talið óvænt

● Forstjóri ÞG Verks bregst við íbúðapörf

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Þorvaldur Gissurarson, forstjóri ÞG Verks, segir það ekki koma á óvart að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) skuli hafa endurmetið íbúðapörf til lækkunar. Fjall-



Þorvaldur Gissurarson

að var um málið í Morgunblaðinu í gær en þar sagði að tilefni endurmatins væri endurmat Hagstofunnar á íbúafjölda landsins svo nemur 14 þúsund manns til lækkunar. Hið rétta er að fjármálaráðuneytið greindi frá þessu endurmati og vísaði um leið á manntal Hagstofunnar fyrir árið 2021 sem benti til að íbúafjöldinn væri ofmetinn um tíu þúsund manns. Málið er viðkvæmt og t.d. sendi HMS frá sér áréttingu vegna málsins um að það væri eftir sem áður skortur á íbúðum.

Ranglega taldir með

Spurður hvaða áhrif þetta endurmat muni hafa á markaðinn rifjar Þorvaldur upp að hann hafi margsinnis haldið því fram að hin meinta íbúðapörf og íbúðavöntun hafi verið ofmetin.

„Þá t.d. vegna þess að í skýrslu HMS er verið að telja með erlenda farandverkamenn, innflutt vinnuafli, hælisleitendur og jafnvel ferðamenn þar sem húsnæði og búsetulausnir eru með öðrum hætti en hjá íslensku fjölskyldufólki. Síðan hef ég rætt um að það sé sitthvað reiknuð íbúðapörf og raunveruleg íbúðapörf hverju sinni,



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Álitamáli Deilt er um hversu margar íbúðir vantar á markaðinn.

sem sveiflast m.a. með efnahagsástandi sem er eðli málsins samkvæmt mjög sveiflukennt. Segja má að raunveruleg íbúðapörf sé sveiflukennd og haldist í hendur við kaupgettu, aðgengi að lánsfé, vaxtastig, þróun kaupmáttar og fleiri þætti enda sníður fólk sér oftast stakk eftir vexti. Ekki aðeins í íbúðarhúsnæði heldur öllu því sem það kaupir og gerir. Auk þess þarf að hafa í huga á hverjum tíma stöðu erlends vinnuafli, ferðamanna og fleiri.“

Einkennileg umræða

Hvað skýrir ofmat? Hagsmunagæsla?

„Þetta hefur stundum verið einkennileg umræða. Svo hef ég bent á að það er holur hljómur í því að tala endalaust um íbúðavöntun á meðan íbúðir síðan seljast ekki. Þetta er svoltið öfugsnúin umræða sem tekur ekki tillit til framboðs og eftirspurnar. Hins vegar er ég sammála því að það er fyrirsjáanleg vöntun þegar fram í sækir. Þegar kaupgetan tekur við sér, vextir verða lægri og hagvöxtur og ráðstöfunartekjur aukast er fyrirséð að það myndast misræmi í framboði og eftirspurn öfugt við það sem er nú.“



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Skagafjörður Drangey er matarkista Skagafjarðar.



Morgunblaðið/Hafþór Hreiðarsson

Skjálíandi Lundey hefur tilheyrt jörðinni Héðinshöfða.

Telja ráðherra ábyrgan fyrir kröfugerðinni

● Furða sig á kröfum óbyggðanefndar um eyjar og sker

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is

Kröfur óbyggðanefndar um þjóðlendu á eyjum og skerjum við landið hafa komið sveitarfélögum og landeigendum í opna skjöldu, ekki einungis í Vestmannaeyjum. Úti fyrir Norðurlandi gerir ríkið tilkall til þekktra eyja, eins og Drangeyjar, hluta Grímseyjar, Lundeyjar á Skjálíandafloa og einnig lendir Hvítserkur við Vatnsnes á listanum.

„Við teljum ráðherra fara fram með miklu offorsi í kröfugerðinni. Þetta er þingmaður kjördæmisins og eðlilegt að kynna sér betur aðstæður áður en krafan er lögð fram. Við lítum svo á að fjármálaráðherra; Þórdís Kolbrún, beri ábyrgð á þessari kröfugerð,“ segir Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri í Skagafirði, um kröfur óbyggðanefndar um eyjar og sker í Skagafirði.

Meðal þeirra eigna í firðinum sem ríkið gerir tilkall til er Drangey, Þórðarhöfði og Lundey. Málmey hefur verið í eigu ríkisins og er undanskilin. Sigfús telur allt of langt gengið í kröfugerðinni og segir sveitarfélagið hafa sett sig í samband við lögmannsstofu til að grípa til varna. Hann segir sýslunefnd,



Morgunblaðið/RAX

Húnapiing vestra Hvítserkur er á kröfulistu óbyggðanefndar.

forvera sameinaðs sveitarfélags, hafa keypt Drangey á ofanverðri 19. öld, og að Drangeyjarfélagið hafi haft umsjón með eygni og nytjum hennar.

Um Lundey í austanverðum Skagafirði liggur fyrir þinglýst landamerkjaskrá úr manntalsþingi frá árinu 1890. Þar segir að eyjan sé í eigu jarðarinnar Bakka í Viðvíkursveit. Jarðabók frá 1700 tiltekur það einnig. Þá hefur Þórðarhöfði tilheyrt jörðunum Höfða og Bæ á Höfðaströnd.

„Það hefur enginn ágreiningur verið uppi um hvaða jörð Lundey tilheyrir og þess vegna kemur okkur

verulega á óvart að ríkið ásælist eyjuna,“ segir Katý Bjarnadóttir, bóndi á Héðinshöfða á Tjörneshreppi og varaoddiviti Tjörneshrepps, en Lundey á Skjálíandafloa hefur tilheyrt jörðinni í árhundrað. Til er landamerkjabréf um það frá 1885, sem þinglýst var 1886. Krafan nú komi ekki síst á óvart þar sem í úrskurði óbyggðanefndar um Tjörneshrepp frá 2007 komi fram að Lundey fylgi Héðinshöfða. Ætlar hún að kalla eftir gögnum frá óbyggðanefnd. Katý segir að gripið verði til varna og væntanlega í samráði við fleiri landeigendur og Tjörneshrepp.

Skammur frestur til varna

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnapiings vestra, segir Hvítserk í einkaeygu jarðarinnar Súluvalla og því komi þessi krafa óbyggðanefndar verulega á óvart. Hún segir sveitarfélagið vera að skoða kröfuna en hún gagnrýnir líka skamman frest til að grípa til varna, eða til 15. maí nk.

„Margt í þessari kröfugerð skýtur skökku við og við skiljum ekki hvað ríkið ætlar sér að gera með allar þessar eyjar og sker. Fáir munu láta þetta yfir sig ganga þegjandi og hjóðalaust,“ segir Unnur Valborg.

Miðstöð íslenskra bókmennna auglýsir eftir styrkumsóknum

Útgáfustyrkir

eru veittir til útgáfu og miðlunar íslenskra ritverka, þar sem kappkostað er að styrkja verk sem hafa menningarlegt og þekkingarfræðilegt gildi.

Þýðingastyrkir

eru veittir til að þýða á íslensku mikilvæg verk úr samtímanum, erlendar fagurbókmenntir og fræðirit. Einnig myndrýkar bækur fyrir börn og ungmenni.

Barna- og ungmennabóka-sjóðurinn Auður

styrkir útgáfu vandaðra bóka sem skrifaðar eru á íslensku, fyrir yngri lesendur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2024

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á www.islit.is



GLC PLUG-IN HYBRID


KLÁR Í HVAD SEM ER.

Allt að 122 km drægni á rafmagni.
4MATIC fjórhjóladrif og allt að 2.000 kg dráttargeta.

Verð frá 11.990.000 kr.

Komdu og reynsluaktu.





STAKSTEINAR

Kynþáttaeftirlitið lætur að sér kveða

Örn Arnarson fjölmiðlarynir Viðskiptablaðsins fjallar um fremur annarlega „frétt“ á Vísi um liðna helgi, þar sem blaðamaðurinn Rafn Ágúst Ragnarson afhjúpaði að gyðingur hefði leikið með Sinfóníuhljómsveitinni – í „hinna arísku hljómsveit við ysta haf“, segir Örn – en reynt hefði verið að leyna því eftir að einhverjir kvörtuðu undan uppruna hans.



Örn Arnarson



Rafn Ágúst Ragnarson

Fjölmiðlarynir segir erfitt að gera upp við sig „hvort sé aukunarverðara: Að fréttamenn hjá stóru skráðu fyrirtæki telji það ekki bara frétt, heldur hneykslunarfrétt að gyðingur leiki á fiölu með Sinfóníuhljómsveitinni eða einhverjir smáborgarar ef ekki verr innréttað fólk kvarti yfir því við stjórn hljómsveitarinnar.“

Bent er á að fiöluleikarinn Vádim Gluzman sé heimsþekktur og virtur einleikari, sem komi fram með helstu sinfóníuhljómsveitum heims, en ekki „umdeildur“ eins og fullt var í fréttinni. Það eigi sér „ekki neina stöð nema mögulega í hugarheimi blaðamannsins. [...]

Þetta var skammarleg „frétt“ hjá Vísi, einhver ógeðfældur endurómur af slagorðinu „Kauft nicht bei Juden“. Hvernig það fer saman við yfirlýsta samfélagsábyrgð Sýnar [útgefanda Vísis], ESG-leiðbeiningar Nasdaq sem félagið segist fara eftir, nú eða bara almenn hegningarlög, er önnur saga sem hlýtur að kalla á frekari skýringar.“

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni [www.mbl.is/mogginn/leidarar](#)

45 milljónir fyrir Grindvíkinga

● Erlendir aðilar leggja Grindvíkingum lið ● 99% fjárins beint til Grindvíkinga

Geir Áslaugarson
geir@mbl.is

Rúmur mánuður er liðinn frá því að Rauði krossinn á Íslandi hóf neyðarsöfnun fyrir íbúa Grindavíkur og miðað við nýjustu tölur hafa safnast yfir 45 milljónir króna og af þeim hefur yfir 20 milljónum verið úthlutað.

„Það er bara gaman að sjá hvað Grindvíkingar eru að fá brjáláðan stuðning frá þjóðinni og líka fólki erlendis,“ segir

Oddur Freyr Þorsteinsson, kynningar- og fjölmiðlafulltrúi Rauða krossins á Íslandi.

Tíu milljónir frá Færeyjum

Þá segir hann þau finna fyrir miklum áhuga að utan og að fólk vilji leggja Grindvíkingum lið.

Söfnun Rauða krossins í Færeyjum fyrir íbúa Grindavíkur er lokið en alls söfnuðust tíu milljónir.

Greint hefur verið frá því að áhöfn



Morgunblaðið/Eggert

Framlög Liðlega 45 milljónir hafa safnast fyrir íbúa Grindavíkur.

skipsins Ottós N. Þorlákssonar hafi gefið allt fé í starfsmannasjóð sínum til Grindvíkinga, sem nam 600.000 krónum. Spurður um einstök stór framlög segist Oddur ekki vita um neinn sem vilji koma fram undir nafni, en segir að ónefndur einstaklingur hafi lagt fram eina milljón króna.

Þá segir Oddur að 99% fjárins rati beint til Grindvíkinga, en að innan við eitt prósent fari í kynningu á söfnuninni og úthlutuninni.



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 - 2024

Mán. – Föst. 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is.

Tímamörk á sakamálarannsóknnum

● Vilja skýrar reglur um rannsókn

Þingmenn úr fimm þingflokkum hafa lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt er til að lögum um meðferð sakamála verði breytt. Er



Hildur Sverrisdóttir

m.a. lagt til að rannsókn slíkra mála megi ekki standa lengur en eitt ár en dómstólar geti þó heimilað framlengingu á rannsókn að uppfylltum tilteknum skilyrðum en þó megi rannsóknin ekki standa lengur en fimm ár.

Hildur Sverrisdóttir þingmaður Sjálfstæðisflokks er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins en auk hennar eru flutningsmenn úr Sjálfstæðisflokki, Pírötum, Viðreisn, Flokki fólksins og Framsóknarflokki.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að sé rannsókn hafin á sakamáli sé lögreglu skylt að hætta henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem ef ljós kemur að kæra hefur ekki verið á rökum reist. Jafnframt geti lögregla hætt rannsókn máls ef brot er smávægilegt

og fyrirsjáanlegt er að rannsóknin muni hafa í för með sér óeðlilega mikla fyrirhöfn og kostnað.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að borið hafi á því undanfarin ár að einstaklingar hafi haft réttarstöðu grunaðs manns mun lengur en eðlilegt geti talist án þess að þurfa að sæta ákæru. Þá hafi menn einnig þurft að sæta langri sakamálarannsókn og ákæru í kjölfarið en engu að síður verið sýknaðir fyrir dómi. Þrátt fyrir að slík tilvik séu ekki algeng séu engar takmarkanir í lögum á því hversu lengi maður geti haft réttarstöðu sakbornings áður en lögregla tekur ákvörðun um hvort ákæra skuli sakborning eður ei.

Að mati frumvarpshöfundu sé nauðsynlegt að festa í lög hámarks-tíma sem maður getur haft réttarstöðu grunaðs manns og setja skýrar reglur um hvernig skuli staðið að ákvörðun um veitingu réttarstöðu sakbornings og um auknar kröfur til lögreglu þess efnis. Að auki sé mikilvægt að löggjafur endurspegli þau alvarlegu og spýngjandi áhrif sem rannsókn lögreglu hafi á borgarana og að mælt verði fyrir um bótaskyldu hins opinbera fari tímalengd rannsóknar fram úr hófi.



48 TÍMA TILBOÐ

KANARÍ OG TENERIFE Í FEBRÚAR OG MARS



20.000 KR.

BÓKUNARAFSLÁTTUR*

Notaðu kóðann **48TILBOÐ** við bókun

MASPALOMAS, KANARÍ

SUITES & VILLAS BY DUNAS ****



Stór og góður sundlaugagarður þar sem m.a. er barnalaug. Skemmtidagskrá og krakkaklúbbur! Mjög gott hótél fyrir allt fjölskyldufólk.

ENSKA STRÖNDIN, KANARÍ

BULL EUGENIA VICTORIA & SPA ***



Mikið um að vera í garðinum á daginn fyrir gesti á öllum aldri. Stutt í verstanir, veitingastaði og bari. Hægt að velja um hálf tæði eða allt innifalið.

MELONERAS, KANARÍ

LOPESAN BAOBAB RESORT *****



Skemmtilega hannaður garður með 7 sundlaugum, barnalaug. Skemmtidagskrá og barnaklúbbur, þrjár veitingastaðir og fjórir bari.

PLAYA DE LAS AMERICAS, TENERIFE

HOTEL TROYA ****



Alveg við ströndina. Á hótélinu eru 2 veitingastaðir, góð sundlaug, barnasundlaug, líkamsrækt, heilsulind, tennisvöllir og snyrti- og hárgreiðslustofa.

COSTA ADEJE, TENERIFE

IBEROSTAR BOUGANVILLE PLAYA ****



Góður, rúmgóður garður með útsýni yfir hafið. Einföld en björt og loftkæld herbergi. Á hótélinu er snyrtistofa og líkamsræktaraðstaða.

PLAYA DE LAS AMERICAS, TENERIFE

TIGOTAN LOVERS & FRIENDS ****



Sundlaugagarður með sundlaug og góðri sólbaðsaðstöðu og frábær sundlaug á þakinu. Hótelið er eingöngu fyrir 18 ára og eldri.

SKOÐAÐU FLEIRI VINSÆL HÓTEL Á UU.IS
NÆSTU BROTTFARIR

KANARÍ 27. FEB, 5. MARS, 12. MARS
TENERIFE 19. FEB, 22. FEB, 26. FEB, 29. FEB, 4. MARS

BÓKAÐU Á URVALUTSYN.IS,
INFO@UU.EDÁ 585 4000



INNIFALIÐ Í VERÐI ER GISTING, FLUG, FLUGVALLASKATTAR, FERÐATASKA & HANDFARANGUR

ÚRVAL ÚTSÝN | HLÍÐASMÁRA 19 | 201 KÓPAVOGUR | 585 4000 | UU.IS

*BÓKUNARAFSLÁTTUR GILDIR Á BÓKUN (EKKI PER MANN)

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVÁRA UM ÞRENTVILLUR OG STAFARENGI.



Ljósmynd/ Veitur

Hlíðarveita Þeir sem aka um Tungurnar taka eftir þessum reykjarstrók.

Óska tilboða í Hlíðarveitu

Orkufyrirtæki í Bláskógabyggð

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Veitur ohf., dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, hefur auglýst Hlíðarveitu í Bláskógabyggð til sölu. Í auglýsingu, sem birtist í Morgunblaðinu á laugardaginn, kemur fram að Hlíðarveita rekur í dag heita- og kaldavatsveitu og viðskiptavinir veitunnar eru um 290 talsins.

Leitað er eftir tilboðum í rúmlega helmingshlut Hlíðarveitu í borholunni ER-23 á Efri-Reykjum, auk þess er um að ræða allt dreifikerfið, dælustöðvar og annan búnað sem fylgir veitunni.

Hitaveitan þjónustar sumarhúsa-byggðir í Brekkuskógi, Miðhúsa-skógi og í Úthlíð auk þess að veita nokkrum býlum í nágrenninu heitt vatn. Þá hefur Hlíðarveita afnot af vatnsveitu Úthlíðar þar sem vatn er tekið úr lindum við Bjarnarfell. Vatnsveitan þjónustar sumarhúsa-hverfið í Úthlíð auk nokkurra húsa í Bláskógabyggð í grennd við Úthlíð.

Áhugasömum kaupendum er bent á að hafa samband við fyrirtækjaraðgjöf Fossa fjárfestingarbanka sem hefur umsjón með sölufyrirliðinu fyrir hönd Veitna, að því er fram

kemur í tilkynningu á heimasíðu Veitna. Frestur til að skila tilboðum rennur út kl. 16.00 hinn 1. mars næstkmandi.

Árið 2003 keyptu Veitur (þá Orkuveita Reykjavíkur) hitaveitu Hlíðamanna í Bláskógarbyggð, Úthlíðarveitu, Miðhúsaveitu og Brekkuveitu. Ganga þessar veitur nú allar undir nafninu Hlíðarveita.

Forgangsráða starfsemi

Rún Ingvarsdóttir samskiptastýra Veitna segir að fyrirtækið hafi að undanförunni verið að forgangsráða kjarnastarfsemi sinni en hún felst einkum í að reka hita- og vatnsveitu til íbúðarhúsnæðis þar sem fólk býr heilsársbúsetu.

Í því sambandi var stjórnendum fyrirtækisins falið af stjórn Veitna hinn 22. maí 2022 að meta hagkvæmni þess að halda áfram rekstri Hlíðarveitu.

Á stjórnarfundi Veitna hinn 24. nóvember 2022 og félagsfundi Orkuveitu Reykjavíkur, vatns- og fráveitu, 25. nóvember sama ár var framkvæmdastýru Veitna falið að auglýsa Hlíðarveitu til sölu í samræmi við verklagsreglur um sölu eigna.

Þátttaka í skimun-um er á niðurleið

Mest hefur dregið úr þátttöku í yngsta aldurshópi kvenna

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Verulega hefur dregið úr þátttöku kvenna í legháls- og brjóstaskimun á Íslandi á síðustu árum. Í báðum tilvikum er þátttaka nú undir þeim viðmiðum sem OECD hefur sett.

Konur í hópi innflytjenda, um allan heim, mæta síður í skimun fyrir leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini og þannig er staðan einnig á Íslandi. Er það sagt hafa þá þýðingu að konur með erlendan bakgrunn séu í meiri hættu á að greinast seint með krabbamein í brjóstum eða leghálsi. Vísbendingar eru þó um að mæting í legháls-skimun fari batnandi. Þetta kemur fram í nýrri úttekt í Talna-brunni landlækniseimbættisins.

Konur sem eru á aldrinum 40-69 ára er boðið í skimun fyrir brjóstakrabbameini á tveggja ára fresti og fram kemur að frá árinu 2021 hafi konur á aldrinum 70-74 ára verið boðið í skimun á þriggja ára fresti. Hins vegar hefur dregið úr þátttöku kvenna í skimun um 10% frá árinu 2020 en á sama tíma hefur konur á skimunaraldrinum fjölgað jafnt og þétt. Aðeins 52% þeirra kvenna sem áttu boð árið 2022 mættu í brjóstaskimun.


Í Talna-brunni er einnig bent á að konur á aldrinum 23-29 ára er boðið í skimun fyrir leghálskrabbameini á þriggja ára fresti og konur á aldrinum 30-59 ára á fimm ára fresti. Hins vegar hefur komið í ljós að þrátt fyrir mikilvægi skimunar í greiningu leghálskrabbameins hefur hlutfall kvenna á Íslandi sem mæta í skimun farið lækkandi jafnt og þétt frá árinu 2009. Um 62% kvenna mættu í skimun árið 2022 samanborið við 74% árið 2009.

Þátttaka minnkað á Íslandi og í Danmörku

Þegar hlutfall kvenna sem mæta í legháls-skimun er borið saman við þróun og stöðu þessara mála annars staðar á Norðurlöndum kemur í ljós að dregið hefur úr þátttökuhlutfallinu

Skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini

Þátttökuhlutfall 2009 til 2022



Heimild: Embætti landlæknis, Talna-brunni

á Íslandi og í Danmörku frá árinu 2011. „Á Íslandi fór hlutfallið úr 69% í 65% á þessu 11 ára tímabili og er komið niður í 62% fyrir árið 2022. Í Danmörku lækkaði hlutfallið úr 66% í 59% á sama tímabili. Í Svíþjóð og Finnlandi hefur hins vegar tekist að halda þátttökuhlutfalli yfir 70% og í Finnlandi hækkaði hlutfallið um fjögur prósentustig á fyrrnefndu tímabili. Þátttökuhlutfall á Norðurlöndunum er hærra en meðalþátttaka í OECD-löndunum [...]“ segir í greininni.

Nánari greining leiðir í ljós að konur í yngri aldurshópum hér á landi eru ólíklegri til að mæta í legháls-skimun en konur á miðjum aldri. Er þátttakan best meðal kvenna á aldrinum 30-59 ára. Yfir lengra tímabil litið má sjá að mest hefur dregið úr þátttöku í skimunum meðal kvenna sem eru á aldrinum 23-24 ára. Einnig er vísað til rannsókna sem hafa leitt í ljós að aðfluttar konur voru að meðaltali 46% ólíklegri en innfæddar til þess að taka þátt í skimun fyrir leghálskrabbameini. Segja höfundar greinarinnar, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og

Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, mjög brýnt að finna leið til að ná sérstaklega til yngri kvenna með erlent ríkisfang þegar kemur að því að bjóða konum í skimun.

Dregið úr í öllum aldurshópum

Í umfjöllun um þátttöku kvenna í brjóstaskimun kemur fram að hún er mun lakari á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. „Í Danmörku og Finnlandi hefur þátttaka kvenna í brjóstaskimun verið tiltölulega svipuð frá árinu 2011 eða yfir 80%. Í Svíþjóð var þátttakan einnig um 80% á árunum 2019 og 2021. Þátttaka í Noregi hefur verið lakari á síðustu 10 árum en í nágrannaríkjum þess og hefur heldur dregið úr henni en þó ekki eins mikið og á Íslandi [...]. Það er mismunandi eftir löndum hvaða aldurshópar kvenna eru skimaðir.“

Verulega hefur dregið úr þátttöku kvenna í öllum aldurshópum í brjóstaskimun en þó mest í yngsta aldurshópnum þar sem innan við helmingur tók þátt í brjóstaskimun á árinu 2022.



Tyrkland 16.-28. ágúst 2024

Istanbul, Sigling um Bosphorus sund, Bláa moskan, Hagia Sophia, Topkapi höllin, Grand Bazaar, Græna borgin Bursa, Prinsessu eyjan, og borgin Lüleburgaz.

Miðaldaborgin Riga, Spa og strandbærinn Jurmala í Lettlandi

Istanbul er ævagömul og stórkostleg borg með einstaka sögu og menningu. Borgin liggur á milli Evrópu og Asíu yfir Bosphorus sunds. Þar má finna menningaráhrif margra heimsvalda sem þar réðu, Rómverskt, Byzantine og Ottoman. Við skoðum glæsilegar byggingar frá fyrri öldum, förum á markaði, siglum um Bosphorus sund, skoðum Grænu Borgina Bursa og Prinsessu eyju en þar eru engir bílar.

Við förum í Tyrkneskt bað og förum út í sveit og smökkum tyrkneskt vín. Stoppum í miðaldaborginni Riga í Lettlandi. Þá erum við 3 síðustu dagana í spa og strandbænum Jurmala í Lettlandi þar sem við gistum á 4* Spa hóteli við hvíta strönd.

INNIFALIÐ

- Flug með tösku ásamt sköttum og gjöldum
- Allur flutningur, allar ferðir og aðgangur þar sem við á
- 4* hótél með morgunmat, hálf fæði í Istanbul
- 4* hótél í Riga og 4* Spa hótél í Jurmala með morgunmat
- Tyrkneskt bað, vínsmökkun
- Íslenskur fararstjóri og tyrkneskur enskumælandi fararstjóri

VERÐ 586.300 kr. á mann í 2ja manna herbergi.



Albanía 15.-27. maí

Landið sem var lokað svo lengi hefur nú opnast fyrir erlendum ferðamönnum. Enn hefur alþjóðavæðingin ekki enn náð að festa þar rætur og er lítt sjáanleg. Þar má sjá ævaforna menningu, söguna á hverju horni, gríðarfallega náttúru og fagarar strendur og kynnast einstakri gestrisni heimamanna þar sem gömul gildi eru í hávegum höfð.

VERÐ 498.600 kr. á mann í 2ja manna herbergi
Mikið innifalið, m.a flug, hótél ísl. fararstjóri, hálf fæði, ferðir og fleira.



Georgía og Armenía 3.-13. maí

Perlur Kákasusfjalla, hlíð Evrópu að Miðaustralöndum og Asíu. Forn menning, heillandi mannlíf, hrífandi saga og stórkostleg náttúra.

Við kynnumst tveimur spennandi löndum með sína framandi menningarheima og mikla náttúrfegurð, sem lætur engan ósnortinn. Kynnumst hinum æva gömlu höfuðborgum Yerevan og Tblisi, förum upp í Kákassufjöllin, skoðum ævagömul klaustur, virki og kirkjur.

VERÐ 497.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi
Mikið innifalið, m.a flug, hótél ísl. fararstjóri, fullt fæði, ferðir og fleira.

Síðumúli 29 - 108 Reykjavík | Sími 588 8900
info@transatlantic.is | www.transatlantic.is



Síðumúli 29 - 108 Reykjavík | Sími 588 8900
info@transatlantic.is | www.transatlantic.is



Morgunblaðið/Kristinn

Hettusótt Meðgöngutími veirunnar er sagður vera um þrjár vikur.

Hettusótt í Reykjavík

Tvö tilfelli í febrúar ● Fá síðan 1989

Hettusótt greindist á höfuðborgarsvæðinu í febrúar og hefur nú einstaklingur með tengingu við fyrsta tilfellið einnig greinst með hettusótt. Bólusettt hefur verið gegn veirunni frá árinu 1989 og því um fá tilfelli að ræða hérlendis síðan þá.

Í tilkynningu frá Embætti landlæknis segir að hettusótt sé öndunarferasýking vegna hettusóttarveiru sem dreifist svipað og kvef eða influensa, þá með beinum úða frá öndunarferum eða með beinni snertingu við údamengað yfirborð.

Embætti landlæknis hvetur fólk fætt á árunum 1985-1987 til bólusetningar sem og fólk fætt frá árinu 2015. Meðgöngutími veirunnar er um þrjár vikur.

Innlent

Fimm giftingar á hverja þúsund íbúa

Árlegur fjöldi giftinga hér á landi er um fimm á hverja þúsund íbúa en til samanburðar er meðaltalið innan Evrópusambandsins 3,9 giftingar á hverja þúsund íbúa samkvæmt nýjustu tölum frá Eurostat, hagstofu sambandsins. Vakin er athygli á þessum tölum í færslu Hagstofu Íslands á Facebook en byggt er á nýjum samanburði Eurostat.

Fram kemur að hlutfall giftinga á hverja þúsund íbúa mælist hæst á Kýpur, eða 8,9, en lægst í Frakklandi, 2,3. Fjöldi giftinga á Íslandi er sá hæsti á Norðurlöndunum sem hlutfall af íbúafjölda. Hlutfallið er 4,7 í Danmörku, 3,7 í Svíþjóð, 3,5 í Finnlandi og 3,3 í Noregi.

LEIÐRÉTT

Sabine, ekki Hjálmar

Ranghermt var í frétt um klofning í meirihlutanum í borgarstjórn, sem birtist í Morgunblaðinu í gær, að Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, hefði setið hjá við afgreiðslu tillögu um lóðir undir hús fyrir Grindvíkinga. Hið rétta er að það gerði Sabine Leskopf, sem einnig situr í borgarstjórn fyrir Samfylkinguna. Hlutaðeigandi og lesendur eru beðnir velvirðingar.

Nýjar skyrtur





Str. 38-48
Kr. 15.900.-

Bæjarlind 6 | Sími 554 7030 | Við erum á facebook 



ÉGC Velkomin í sjonmælingu í Hamraborg

Hamraborg 10, Kóp., s. 554 3200, opið virka daga 9.30–18, lau. 11-14

Klassískar dragtir

20% afsláttur



Skoðið netverslun laxdal.is

ÚTSÖLULOK 50-70% afsláttur

BERNHARD LAXDAL
Skiptiholti 29b • S: 551 4422



LURDES BERGADA

BARCELONA

MÖRKIN 6 - 108 RVK
OPIÐ: MÁN-FIM: 11-18 - FÖS: 11-17
LAU: LOKAÐ

 **SPENNANDI**

www.spennandi-fashion.is
S: 781-5100

mbl.is | Atvinna 



Við eigum frábært úrval af buxum í stærðum 36-60

ZE ZE Sanne gallabuxur Verð 12.990 kr.
STUDIO Albine buxur Verð 12.980 kr.
ROBELL Rita köflóttar buxur Verð 22.980 kr.
ROBELL Bella gallabuxur Verð 17.980 kr.
YEST/YESTA Yvan/Yvana útvíðar gallabuxur Verð 15.980 kr.
ZHENZI Stomp buxur Verð 13.990 kr.
Q'neel Penelope buxur með pleðri Verð 15.980 kr.
ZHENZI Jazzy stretchbuxur Verð 7.990 kr.

belladonna

Dalvegur 30 | 201 Kópavogur | sími 517 6460 |  VersluninBelladonna | Netverslun á www.belladonna.is



Braúðterta Kisuandlit með gúrkuveiðihárum til að gleðja.



Áprentuð servíetta Húmjánísk ferminng Lísu var einstök.



Feringartertan Hún var skreytt með sætum loppuförum.

Mjáferminng Lísu læðu sem er fress

„Við búum svo vel að eiga góða og skemmtilega vini sem eru til í að taka þátt í svona gjörningi með okkur. Matthías Tryggvi í Hatara sá um að ferma Lísu og hélt æðislega ræðu,“ segja Hófi og Stefán.

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khhk@mbl.is

Allt á þetta upphaf sitt í því að við vorum með veislu fyrir Lísu í fyrra þegar hún fékk nafnið sitt formlega og þá buðum við fólki hingað heim í athöfnina. Sú veisla kom til af því að við þurftum að vera mikið fyrir vestan vegna veikinda í fjölskyldunni og margir voru að passa Lísu hér í bænum. Okkur langaði til að þakka öllu því fólki fyrir með því að bjóða því til veislu. Við ákváðum að taka þetta alla leið og Guðmundur Felixson grínisti og athafnastjóri hjá Síðmennt sá um húmjánisku athöfnina, að gefa Lísu nafnið. Okkur fannst þetta svo gaman að við ákváðum að fullklára konseptið og láta líka ferma hana nú þegar hún er komin á ferminngaraldu,



Ljósmynd/Gunnlöð Jóna Ólafsdóttir

Hátíðleg stund Hófi og Stefán með ferminngarkettinum Lísu, sem skartaði að sjálfsögðu kyrtli í athöfninni.

en hún er nýorðin tveggja ára, sem samsvarar fjórtán mannsárum,“ segja þau Hólmsfríður María Bjarnardóttir og Stefán Ingvar Vigfússon sem fermdu kisuna sína hana Lísu með pompi og prakt sl. sunnudag í Tjarnarbíói.

„Við erum sviðslistafólk og okkur finnst skemmtilegt að vera með gjörninga, sem þessar athafnir í kringum Lísu augljóslega eru. Þar fyrir utan er gaman að halda veislur og fá vini sína og fjölskyldu saman og veislugestir hafa skemmt

sér konunglega,“ segja Hófi og Stefán sem buðu hundrað manns til ferminngar Lísu.

„Systkini mín héldu að við værum að bjóða til dulbúins brúðkaups okkar Hófiar, en þau héldu það reyndar líka í fyrra þegar við héldum nafnaveisluna,“ segir Stefán og hlær.

„Við tókum þetta alla leið, pöntuðum klassískar ferminngartertur með áletrun og loppuskreytingum og vinkona mín gaf okkur braúðtertu með kisuandliti. Ég bjó til kransakökur og við reyndum að hafa þetta eins ferminngarlegt og við gátum. Ferminngin var í Tjarnarbíói, þar sem við höfum bæði unnið, þannig að Lísu þekkti umhverfið. Hún naut sín að mestu, gekk milli fólks og fékk klapp en lá þess á milli á sviðinu. Hún var ekki hrifnust af athöfninni sjálfri en var fljót að jafna sig og var mjög ánægð með alla athyglina og pakkana,“ segir Hófi og bætir við að Lísu hafi fengið fjölbreyttar ferminngargjafir, t.d. stuðning við Sólaris neyðarsöfnun, bókina *Why my cat is more impressive than your*

baby, kattaminnisspil, kattanamma og fleira.

„Við búum svo vel að eiga góða og skemmtilega vini sem eru til í að taka þátt í svona gjörningi með okkur. Matthías Tryggvi í Hatara sá um að ferma Lísu, en hann er athafnastjóri hjá Síðmennt og hélt æðislega ræðu. Ég var veislustjóri í brúðkaupi hans svo ég átti inni hjá honum greiða,“ segir Stefán.

„Við fengum Ingólf Eiríksson rithöfund til að þýða textann við lagið Memory, úr söngleiknum Cats, og staðfæra fyrir Lísu og Vigdís Hafliðadóttir söng það fyrir veislugesti. Við áttum engan greiða inni hjá henni, hún er bara svo meðvirk og gerði þetta fyrir Lísu.“

Eini trans köttur Íslands

Lísu er tæknilega séð fress, því hún var kyngreind sem kettlingur af dýralækni og sögð vera læða.

„Seinna kom í ljós að hún var fress en þá vorum við búin að venjast henni sem læðunni Lísu, svo við ákváðum að halda nafninu. Hún var líka farin að þekkja nafnið sitt vel og gegna því. Mömmu finnst þetta fyndið og segir stundum að Lísu sé eini trans köttur Íslands,“ segir Hófi sem átti fjósakísur þegar hún var lítil stelpa fyrir vestan í Súgandafirði, en Lísu er fyrsti heimilisköttur bæði hennar og Stefáns.

„Við ætluðum að fá okkur hund en höfðum ekki efni á að kaupa hvolp, svo við enduðum óvænt á því að fá okkur kisu. Við völdum Lísu eftir mynd sem við sáum af kettlingahópi. Hún heillaði okkur alveg. Lísu er mjög mannleg, þegar hún fer út þá heilsar hún öllum sem vilja heilsa henni og hver sem er getur klappað henni. Hún hefur líka boðið kattavinum sínum hingað heim með sér, oftast henni Mowgli, sem er loðinn skógarköttur.“ Mowgli er reyndar læða, þótt hún beri það nafn, svo þetta er þó nokkur kynusli hjá þessu kattapari, þar sem Lísu er fress og Mowgli læða.

Hófi segir að Lísu geri mannamun, Stefán megi helst ekki taka hana upp en það megi hún.

„Lísu hlýðir mér betur en Stefáni og fyrir vikið hef ég kennt henni kúnstir, hún kann að heilsa, hoppa í gegnum hring og fleira. Lísu er mjög félagslynd og hún eltir mig oft út í strætóskýli og vælir þegar ég fer upp í vagninn.“



HJÁ OKKUR FÁST
VARAHLUTIR
Í JEPPA

SÉRPANTANIR

Bílabúðin
Stál og stansar



Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is



Feringarveisla Salurinn var skreyttur og myndir af Lísu voru á stórum skjá.



Marmot[®]

Skiðafatnaður



Lét boð út ganga og opnaði Lindina

Bryndís Brynjólfssdóttir stofnaði tískuvöruverslunina Lindina á Selfossi fyrir hálfri öld. Verslunin hefur stækkað og dafnað með árunum.

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Tískuvöruverslunin Lindin á Selfossi er 50 ára í dag, 15. febrúar, og því verður fagnað næstu daga með margvíslegum tilboðum og fleiru góðu. Verslunin er gamalgróin í bæjarlífinu á Selfossi og á sér viðskiptavinum sem koma víða að. „Fólk kallar eftir góðri þjónustu og fjölbreyttu úrvali. Þessu þarf að sinna af kostgæfni og mæta fjölbreyttum óskum viðskiptavinnanna. Þegar slíkt tekst rúllar boltinn,“ segir Kristín Hafsteinsdóttir kaupmaður.

Leiðangur til London

Snemma árs 1974 stóð Bryndís Brynjólfssdóttir á Selfossi á tímamótum. Foreldrar hennar, þau Brynjólfur Gíslason og Kristín Árnadóttir, veitingamenn í Tryggvaskála við Ölfusárbrú, ákváðu að selja húsið og rekstur sinn þar. Bryndís, sem hafði lengi starfað hjá þeim, þurfti því að finna sér nýtt viðurværi og valdi að fara í verslunarrekstur. Fékk til leigu ágætt og vel staðsett rými á Eyravegi 7 og fór í aðdraganda þess í innkaupaleiðangur til London. Náði þar í kynstrin öll af fatnaði og flutti inn til Íslands. Lét svo boð út ganga og opnaði Lindina, verslun með kven-, herra- og barnafatnað, sem og snyrtivörur.

„Þetta virkaði. Ég þurfti aftur að fara til Bretlands rúmum mánuði seinna til að kaupa inn meira og með því jók ég úrvalið. Ég fór líka norður á Akureyri og keypti þar fót frá saumastofu sem Herradeild JMJ var með,“ segir Bryndís um upphaf verslunarrekstrar síns.



Mæðgur Bryndís Brynjólfssdóttir og Kristín Hafsteinsdóttir hér saman við afgreiðsluborðið í Lindinni.

Morgunblaðið/Óttar Geirsson



Peysur fallegar og hlýjar og til í mörgum litum. Úrvalið í Lindinni er mikið og þjónustan þykir góð.

Fjölbreytt snið og litagleði

Fljótlega fór svo Kristín, dóttir Bryndísar og Hafsteins Mús Matthíassonar, að vinna í búðinni. Hún tók síðan við keflinu árið 1989.

Bryndís var komin í bæjarpólitíkina á Selfossi á þessum tíma og orðin umboðsmaður Sjóvar-Almennra trygginga. Hún er þó alltaf eigandi Lindarinnar og aldrei langt



1974 Bryndís hér á opunardegi í búðinni, sem nú á sér orðið hálfra aldar sögu. Kaupmaður af lífi og sál.

„Mamma kemur hingað mjög reglulega, enda kaupmaður af lífi og sál. Sú taug dofna ekki svo glatt,“ segir Kristín, sem í dag einbeittir sér að sölu á kvenfatnaði fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavinnu.

„Við bjóðum upp á kvenfatnað fyrir dömur á öllum aldri og í öllum stærðum. Danskur tískufatnaður hentar íslenskum konum afar vel. Því kaupi ég jafnan mikið inn frá Danmörku og fer reglulega í verslunarferðir þangað, en einnig til Bretlands, Frakklands, Ítalíu og Hollands. Við summa birgja höfum við skipt í áratugi. Í þessu starfi er mikilvægt að fylgjast vel með stefnum og straumum tískunnar rétt eins og viðskiptavinir okkar gera. Með tilkomu netsins er auðvelt fyrir konur að fylgjast með nýjungum í tískunni. Áður var svart liturinn áberandi í kvenfatnaði en í dag er fjölbreyttur ráðandi bæði í sniðum og litagleði.“

Persónuleg þjónusta og tengsl

Með Kristínu og Bryndísi starfa í Lindinni Ásdís Halldórsdóttir, Hulda Ágústsdóttir og Guðmunda Birna Ásgeirsdóttir. Þær þrjár síðastnefndu hafa allar unnið lengi í búðinni, sem Kristín segir mikilsvært.

„Salan byggist mikið á persónulegri þjónustu og tengslum, við eigum við því láni að fagna að eiga mjög tryggja viðskiptavinum og er það þakkavert. Verslunin er eigi að síður í nokkrum mæli að færast yfir á netið og sjálfsagt mun slíkt aukast. Margt í framleiðslunni er líka að breytast: framleiðendur eru áfram um að koma með fót úr lítt mengandi efnum og hafa sjálfbærni í heiðri. Þetta er góð þróun sem við í Lindinni fylgjum. Ætlun okkar er að þróast með ört stækkandi samfélagi eins og síðastliðin fimm tíu ár. Íbúum hér fyrir austan fjall fjölga mikið og allir þurfa fatnað. Viðskipti sem fylgja sumarbústaðabyggðinni hér í næsta nágranni, sem og aukinn ferðamannafjöldi, koma sterk inn hjá okkur eins og annars staðar í þessum mikla verslunarbæ sem Selfoss er,“ segir Kristín Hafsteinsdóttir.

undan. Má þess geta að Bryndís fékk árið 2021 þakkarviðurkenningu Félags kvenna í atvinnulífinu fyrir eftirtektarvert ævistarf sem stjórnandi í atvinnulífinu.

Við erum Borg



Stefán Jóhann Ólafsson
Löggiltur fasteignasali
stefano@fastborg.is / S. 864 8808



Úlfar Þór Davíðsson
Löggiltur fasteignasali
ulfar@fastborg.is / S. 788 9030

B O R G

F A S T E I G N A S A L A

Síðumúli 23, 108 Reykjavík | Sími 519 55 00 | fastborg.is

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Umsóknarfrestur 18. mars

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna auglýsir eftir umsóknum um starfslaun úr sjóðnum.

Umsóknarfrestur rennur út 18. mars 2024, kl. 15:00.

Umsækjendur skulu kynna sér vel reglur sjóðsins fyrir styrkárið 2024 áður en umsókn er gerð.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís.

Nánari upplýsingar og aðgangur að rafrænu umsóknarkerfi á www.rannis.is.



Vantar þig pípara?
FINNA.is

FINNA.is
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Hyundai TUCSON

4WD, Plug-in Hybrid



ENNEEM / SIA / NMO20158

Rafmögnuð hönnun. Fjór hjóladrif fyrir vetrarfærðina.

Byltingin heldur áfram. Tæknilega fullkominn og fjór hjóladrifinn Hyundai Tucson Plug-in Hybrid setur ný viðmið í hagkvæmni, þægindum og glæsilegri hönnun. Tucson er hlaðinn spennandi tækni og sjaldan hefur boðist jafn vel búinn og glæsilegur borgarjeppi á jafn hagstæðu verði. Komdu, skoðuðu og reynsluaktu.

Hyundai Tucson PHEV
Verð frá: 7.490.000 kr.

www.hyundai.is



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

7 ÁRA
ÁBYRGÐ
Framtíðin er örugg

8 ÁRA
Rafhlöðu
ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustuefirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.

Víða pottur brotinn á vinnustöðum

Margir atvinnurekendur fara að lögum, reglum og kjarasamningum hvað viðkemur aðbúnaði starfsfólks en þrátt fyrir það er pottur brotinn víða. Þetta segir Mirabela Blaga, fulltrúi í vinnustaðaeftirliti Fagfélaganna og Eflingar, í tilkynningu á vef Eflingar. Frá því í haust og til ársloka voru tæplega 100 fyrirtæki heimsótt og rætt við 318 starfsmenn. Mirabela segir að sex af hverjum tíu sem talað var við séu verkamenn af erlendum uppruna. Nánast undantekningarlaust verði þau tilvik þar sem eitthvað er ekki í lagi hjá þeim hópi starfsmanna. Þótt flestir séu með allt á hreinu eru líka dæmi um gróf brot. „Mirabela nefnir annað nýlegt dæmi, þar sem fyrirtæki í ferðaþjónustu var heimsótt. Þar kom í ljós að starfsmenn hestaleigu voru hlunnfarnir með grófum hætti. Starfsfólkið fékk greidd úppgefin laun sem voru auk þess langt undir lágmarkstöxtum. Engir launaseðlar bárust auk þess sem freklega var brotið gegn reglum um vinnutíma og aðbúnað. Þetta mál er nú á borði þar til bærra aðila,“ segir á vef Eflingar. [omfr@mbl.is](#)

Reiðmenn og reykvélar í tökum við Rauðhóla í vor

● Baltasar gerir þáttaröð fyrir CBS ● Orrustan við Hastings tekin í Heiðmörk

Höskuldur Daði Magnússon
[hdm@mbl.is](#)

RVK Studios, fyrirtæki Baltasars Kormáks, hefur fengið leyfi frá Umhverfisstofnun til kvikmyndatöku og aksturs utan vega innan Rauðhóla.



Baltasar Kormákur

Leyfið er veitt fyrir umfangsmiklar tækjur fyrir sjónvarpsþætti um Vilhjálm sigursæla Englandskonung á vegum sjónvarpsstöðvarinnar CBS. Þættirnir kallast King and

Conqueror og í aðalhlutverkum verða James Norton og Nikolaj Coster-Waldau.

Komið hefur fram í fjölmiðlum að tækjur fyrir þættina fara fram í



Morgunblaðið/Eggert

Rauðhólar Leyfi hefur verið veitt til kvikmyndatöku á reiðstíg í lok maí.

myndveri og á Heiðmerkursvæðinu en umræddar tækjur við Rauðhóla eru fyrirhugaðar í lok maí. Í umsókn fyrirtækisins kemur fram að myndað verður á reiðstíg er

liggur um Rauðhóla. „Við tókurnar yrðu notaðir tíu hestar og tveir hestvagnar. Reykvélar yrðu notaðar við tókurnar og er samtali gangi við Heilbrigðiseftirlit vegna

efnainnihalds,“ segir í umsókninni en þar segir jafnframt að 110 manns komi að tökunum. Tækjabílum verður lagt á bílastæðum innan og utan fólkvangsins en búdir verða utan fólkvangsins. Þá verða tvö sexhjól notuð til að ferja búnað og leikmuni að tókustað.

RVK Studios hefur áður sótt um afnotaleyfi hjá Garðabæ vegna kvikmyndataka í Heiðmörk. Þar er til að mynda stefnt að því að kvikmynda orrustuna við Hastings á túni við Hjallaflatir. Í umsókn fyrirtækisins kom fram að 180 manns tækju þátt í bardaganum á 50-70 hestum.

Baltasar greindi frá því á morgunverðarfundum Kompanís, viðskiptaklúbbs Morgunblaðsins, í nóvember að þættirnir yrðu átta talsins og umfang framléiðslunnar væri í kringum 50 milljónir dollara sem samsvarar tæpum 6,9 milljörðum íslenskra króna. Hann verður einn leikstjóri King and Conqueror.



Húsverndarsjóður kallar eftir umsóknum

Húsverndarsjóður Reykjavíkurborgar auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

- Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum
- Tímaáætlun
- Kostnaðaráætlun (með sundurliðun ef um er að ræða marga þætti)
- Ljósmynd af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmynd ef hún er til

Umsóknir eru eingöngu móttæknar á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á [Mínum síðum á reykjavik.is](#).

Opnað verður fyrir umsóknir mánudaginn 19. febrúar nk. kl. 13.00, og lokað mánudaginn 11. mars, kl. 23.59.

Frekari upplýsingar eru veittar af Húsverndarstofu sem er með opinn símatíma á miðvikudögum kl. 15–17 í síma 411 6333. Einnig má senda tölvupóst á [husverndarstofa@reykjavik.is](#).

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað verður 2024 og hafa ekki verið nýttir fyrir lok árs 2025 falla niður.



Morgunblaðið/Eggert

Sæbraut Langar bílaraðir hafa myndast á brautinni öikumönnum til ama.

Kvartað yfir þungri umferð á Sæbraut

● Skynjarar við gatnamót óvirkir

Vegagerðinni hafa undanfarið borist kvartanir vegna þungrar umferðar á Sæbrautinni. Þetta staðfestir G. Pétur Matthíasson upplýsingafultrúi.

Langar bílaraðir hafa myndast á Sæbraut, jafnt á álagstímum sem öðrum tímum dagsins. Verst hefur ástandið verið á nyrðri akrein, á kaflanum frá Sundahöfn langleiðina í Kópavog.

„Skynjarar á gatnamótum Sæbrautar og Holtavegs eru óvirkir. Tíminn sem umferð eftir Sæbraut fær er því ekki eins langur og hann á að vera og það veldur þessari uppsöfnun,“ segir G. Pétur. Unnið er að því að tengja skynjara á gatnamótunum og

er vonast til að það verk klárast hratt og örugglega.

Hann segir að Vegagerðin og Reykjavíkurborg séu meðvitun um þetta vandamál og kapp sé lagt á að laga skynjarana sem allra fyrst.

Fyrstu tölur frá umferðarteljrum benda til þess að það sé ekki breyting frá því á sama tíma og í fyrra hvað varðar fjölda bíla sem fer um Sæbrautina.

Sæbraut er ein umferðarþyngsta stofnbraut Reykjavíkur. Hún telst til þjóðvega og er í umsjá Vegagerðarinnar. Um 40 þúsund ökutæki fara um Sæbrautina daglega. [sisi@mbl.is](#)

Ein krafa í bú botnvörpuskipaiegenda

Skiptum er lokið á þrotabúi Félags íslenskra botnvörpuskipaiegenda með aðsetur í Hafnarhvoli, Reykjavík.

Togaraiegendur stofnuðu félagið árið 1916 þegar öflug útgerð síðutogara var á Íslandi. Blómleg starfsemi var í félaginu á árum áður en engin starfsemi hefur verið í því áratugum saman.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. september 2023 var búið tekið til gjaldprotaskipta. Sama dag var Bergur Hauksson lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skatturinn krafðist þess að Félag íslenskra botnvörpuskipaiegenda yrði tekið til skipta skv. 6.-8. mgr. 17. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda nr.



82/2019. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði að aðilinn yrði tekinn til gjaldprotaskipta og var vinnsla búisins til samræmis

við það. Eina krafan var vegna kostnaðar við að setja fram kröfuna og fékkst hún greidd auk framlagðrar tryggingar. Hún hljóðaði upp á 20 þúsund krónur.

Lauk skiptum á búinu 3. janúar 2024, samkvæmt tilkynningu sem birt er í Lögbirtingablaðinu. [sisi@mbl.is](#)

VERÐHRUN!

60-70%
afsláttur
Lokadagar!

Yoek
Mos Mosh
Bitte Kai Rand
Stenströms
LaSalle
Cambio
PBO
Gardeur
Frankwalder
Wonders
Creenstone
NeroGiardini
Bukela
Högl



hjá
Crafnhildi

Með þér í grísa veislunni



898

kr./kg

Ferskur bógur



998

kr./kg

Grísahakk
ferskt



1.898

kr./kg

Kótleitur



BÓNUS

Verð gildir til og með 18. febrúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Þurrskinka og Roncadin pizzur, saman í liði

498

kr./pk.

Þurrskinka
100 g



BÓNUS
Kjúklinga bringur

Fullelduð vara



2.749

kr./kg

Nýtt

BÓNUS
Kjúklinga læri

Fullelduð vara



259

kr./pk.

Celsius
Jarðaberja- og límonaðibragð

129

kr./pk.



Huligan Crush snakk



Konudagskaka

1.695

kr./pk.



315

kr./pk.

Oatly haframjólk

279

kr./pk.



Próteinríkir búðingar
4 tegundir



Próteinríkir drykkir
4 tegundir

298

kr./pk.



M 110 ÁRA
GÖMUL SAGA & NÝ

1979 „Ég er ekkert sérlega hrifinn af Travolta, en þó finnst mér hárið á honum smart.“

Daniel Guðlaugsson.

Jón Til Trafala tryllir lýðinn

- Niutíu þúsund manns sáu kvikmyndina Grease ● Dansskólar með námskeið í Grease-dönsum
- Margir krakkar sáu myndina oft ● Karnabær seldi boli, leðurjakka og buxur í anda Grease

BAKSVIÐ

Ásdís Ásgeirsdóttir
asdis@mbl.is



Söngleikjakvikmyndin Grease var fyrst frumsýnd 16. júní árið 1978 en barst hingað til landsins í janúar 1979. Hugmyndin var að frumsýna hana hérlendis jóln 1978 en hún barst ekki í tæka tíð. Strax um haustið hafði þó hróður myndarinnar borist til Íslands og segir í grein í Morgunblaðinu frá 5. nóvember 1978 að John Travolta sé stúlkunum hugleikinn og því nefndur Jón Trafala meðal íslenskra æskumanna, eða jafnvel Jón Til Trafala.

Grease var svo frumsýnd hér í janúar 1979 og Háskólabíó troðfylltist af fólki sem vildi berja augum þau John Travolta og Oliviu Newton-John sem léku eins og allir muna aðalhlutverkinn Sandy og Danny. Sandy var saklaus og þrúð skólastúlka, en Danny villtur gæi í leðurjakka með brílljantín í hárinu. Með þeim takast miklar ástir og dansa þau og syngja í gegnum alla myndina.

Aldrei hægt að fá nóg af Sandy

Í Morgunblaðinu þann 22. febrúar 1979 er grein um Grease-æðið sem hafði þá gripið um sig svo um munaði. Þar stendur: „Það má með sannri segja að nokkurs konar „Grease-æði“ gangi nú um bæinn. Meðal yngri kynslóðarinnar er vart talað um annað en hvað hann Travolta dansi vel og hina æðislegu Sandy. Brilljantínbirgðir verslana munu nú senn á þrotum og stöðugt fleiri klæðast Greasefötum. Kvikmyndin Grease hefur nú verið sýnd í fimm vikur og í gærkvöldi sá 50.000 Íslendingurinn myndina. Uppsett hefur verið á nær allar sýningar og ekkert lát virðist vera á aðsókn.“

Rætt er við forstjóra Háskólabíós, Friðfinn Ólafsson:

„Ég man ekki eftir svona kröftugri aðsókn að bíómynd fyrr og alveg er ljóst að þessi mynd kemur til með að slá öll fyrri sýningarmet á Íslandi,“ sagði Friðfinnur í viðtali við Morgunblaðið.

„Krakkarnir eru geysilega hrifnir af Grease og sumir koma aftur og aftur,“ sagði Friðfinnur enn fremur.

Síðar í sömu grein eru fjórir ungir strákar teknir tali og sögðu þeir ástamálín skemmtilegust. Þar stendur:

Ragnar, Magnús, Ólafur og Torfi voru hressir í bragði er við tókum þá tali. Sögðust þeir vera tíu og ellefu ára og búnir að sjá myndina mörgum sinnum, Ragnar fjórum sinnum, Magnús sjö sinnum og Ólafur og Torfi tvisvar.

„Þetta er alveg frábær mynd, og eru ástamálín skemmtilegust. Olivia



Gæi Myndatextinn árið 1979 var svohljóðandi: Hér sýnir Jón Til Trafala okkur réttu akstursstillinguna. Takið eftir augnaráðinu. Þessi maður fylgist vel með öllu, innanborðs og utan. Enda er hann sá klístraðasti af þeim öllum.

KARNABÆR

Á þessum síðum kynnum vörum sem fánlegar eru Reykjavík og úti á landi.

við örflíði úrval af þeim í verzlunum okkar í Framundan eru páskar, sumardagurinn 1., ferðalög innanlands og utan að ögleymdum fermingarveislum og árshátíðum.

GREASE

Leðurjakki kr. 52.900
Grease bolli kr. 2.490
Kahki buxur kr. 11.900

GREASE

Grease bolli kr. 2.490.- m/myndum kr. 3.080.-

GREASE

Leðurkjakkar
Kr 25.900.-

Tíska Hjá Karnabæ voru flott Grease-föt líklega seld í bílförnum.

er svo ofsalega sæt og Travolta er ágætur fyrir stelpur. Dansarnir eru líka ágætir og erum við nú í dansi og fáum kannski að læra Grease-

dansana í næsta tíma. Við erum búnir að læra dansana úr „Saturday Night Fever“ og hlökkum til að læra Grease-dansana.“

Aðspurðir sögðust þeir vera búnir að sjá myndina nógu oft, en þó væri gaman að fara aftur, því aldrei væri hægt að sjá of mikið af Sandy.

Sextán sinnum á stuðmynd

Eins og Friðfinnur nefnir fóru krakkar gjarnan margoft á Grease. Í greininni þennan febrúardag er nefnt að Daniel Magnús Guðlaugsson eigi sennilega metið, en hann hafði þá séð myndina hvorki meira né minna en 16 sinnum, og sagðist ætla að fara oftast ef hann ætti pening.

„Þetta er alveg frábær stuðmynd og ólík öllum glæpamyndunum, sem alltaf er verið að sýna, því ekki er sífellt verið að drepa fólk og pína,“ sagði Daniel, eða Danni eins og hann er kallaður, í samtali við Morgunblaðið.

„Ég er ekkert sérlega hrifinn af Travolta, en þó finnst mér hárið á honum smart,“ sagði Daniel enn fremur.

„Sandy, eða Olivía Newton-John

eins og hún heitir nú réttu nafni, er alveg ágæt, en þó finnst mér það galli að þegar hún greiðir hárið aftur sást hvað er búið að strekka mikið á húðinni á henni til að yngja hana upp,“ segir hann.

„Dansarnir eru góðir, en þó dansa ég nú ekkert endilega Grease-dansa þegar ég fer á bóll. Ég myndi vilja vera uppi á þeim tíma, sem myndin gerist, allt virðist vera svo skemmtilegt þarna, nóg fjör og gott veður.“

Niutíu þúsund á Grease

Blaðamaður var tólf ára 1979 og man glögglega eftir kvikmyndinni og öllu sem henni fylgdi. Haldin voru Grease-böll og Grease-afmæli úti um allan bæ þar sem krakkar kepptust við að klæða sig í föt eins og Danny og Sandy og setja brílljantín í hárið. Allir dansskólar bæjarins tóku upp á því að kenna Grease-dansana og var enginn krakki maður með mönnum nema að kunna taktana. Karnabær framleiddi svarta stuttermaboli með myndum af Danny og Sandy, eða John Travolta og Oliviu Newton-John, og allir áttu svona boli. Og nauðsynlegt var að bretta upp á stuttu ermarnar eins og þau gerðu, en víða í Morgunblaðinu á þessum fyrstu mánuðum ársins 1979 mátti sjá auglýsingar tengdar Grease-æðinu; mikið var auglýst af dansnámskeiðum og Karnabær auglýsti föt.

Í lok mars höfðu 82 þúsund manns séð myndina en þegar yfir lauk voru um 90 þúsund búnir að sjá hana, en þess má geta að árið 1979 voru Íslendingar 225 þúsund talsins.

Enn var rætt við Friðfinn.

„Ég ætla að sýna myndina eitthvað fram í næstu viku því enn er bíóið hálfsetið á öllum sýningum“ sagði Friðfinnur.

„Líklega munu nær 90 þúsund manns sjá myndina hér í Reykjavík áður en sýningum lýkur og ég tel ekki ólíklegt að 40-50 þúsund manns sjái myndina, þegar hún verður sýnd úti á landi. Myndin verður svo væntanlega endursýnd í Háskólabíói áður en eintakið verður eyðilagt eftir tvö ár,“ segir hann.

Björk Þorgeirsdóttir, námstjóri í Kvennaskólanum, er ein af þeim sem lögðu sitt af mörkum til að hifa upp áhorfstölu.

„Mig minnir að ég hafi farið 27 sinnum,“ segir hún og skellihlær.

„Það var mikill metingur um hvað krakkar fóru oft og margir fóru mjög oft. Ég átti tvær frænkur sem unnu í Háskólabíói og þær tóku mig oft með en ég borgaði mig stundum inn,“ segir Björk og segist einnig hafa lært alla dansana í dansskóla.

„Ég kunnir myndina utanbókar og kann enn frasa úr henni,“ segir hún að lokum.

20%
afsláttur af öllum
kattaklórurum í febrúar

gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun • Baldursnes
www.gaeludyr.is



Fjölbreytt úrval Spennandi sérferða!

Að kynnast framandi menningu og sögu á nýjum áfangastöðum undir leiðsögn reyndra fararstjóra er einstök upplifun.

Íslenskur fararstjóri leiðir sérferðir Heimsferða í samstarfi við innlenda leiðsögumenn þar sem við á. Ferðast er til ógleymanlegra áfangastaða og allt gert til að farþegar upplifi þá einstöku menningu sem ríkir á hverjum áfangastað sem margir hverjir eru framandi. Hóparnir eru ekki of stórir og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði, skemmtilegum dagleiðum og góðri upplifun.

Ævintýraferð

TIL PERÚ OG KÓLUMBÍU

4. NÓVEMBER Í 12 NÆTUR



Heimsferðir bjóða upp á nýstárlega ævintýraferð til Suður Ameríku 4. – 17. nóvember.

Við heimsækjum merka og spennandi staði í Perú og Kólumbíu. Menning hinna fornu Inka er víðfræg en viðkomustaðir okkar í Perú eru meðal annars höfuðborgin Lima, borg Inkanna Cusco, Helgi dalurinn og eitt af undrum veraldar, Machu Picchu.

Við ljúkum ferðinni í Bogota þar sem að við gistum tvær nætur áður en við höldum heim og skoðum helstu staði í þessari heilandi borg.

Innifalið í verði:
Flug með Icelandair og Avianca, hótél, aðgangur að söfnum og stöðum, innanlandsflug og lestarferðir í Perú, málsverðir eins og fram kemur í ferðalýsingu. Íslensk fararstjórn og erlendir staðareleiðsögumenn. Gisting í Perú: Lima samtals 4 nætur, Cusco samtals 3 nætur, 1 nótt Urubamba og Aguas Calientes 1 nótt. Gisting í Bogota 2 nætur.



FRÁ **896.900**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA



Fararstjóri:
Arni Hermansson

Arni kenndi um áratuga skeið sögu, latínu og listasögu í Veröld. Hann hefur verið fararstjóri í ferðum til Kína, Indlands, S. Austur Asíu, S. Ameríku og Suður Ameríku.

Hreyfiferð

DANS, HREYFING & VELLÍÐAN

Á KRÍT 20. JÚNÍ Í 11 NÆTUR



Í þessari dans- og hreyfiferð til Krítar með Friðriki Agna Árnasyni og Sigrúnu Kjartansdóttur er fókusinn stílltur á dans, hreyfingu, sjálfið og vellíðan.

Við setjum okkur sjálf í fyrsta sæti og nærum okkur með hreyfingu, samveru, útvíst og auðvitað slökun í sólinni.

Friðrik Agni og Sigrún hafa áralanga reynslu af hóptímakennslu, þjálfun og viðburðastýringu.

Þau eru bæði Zumbakennarar hjá World Class og með einkaþjálfararéttindi.

Innifalið í verði:
Flug, skattar, innritun 20 kg taska, 8 kg handfarangur, gisting í 11 nætur á Hotel Atrion Resort á Agia Marina ströndinni ásamt morgunverði. Akstur til og frá flugvelli erlendir. Dagleg hreyfing. Dagskrá afhent við komuna á Krít.



FRÁ **299.700**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA



Fararstjóri:
Friðrik Agni
Sigrún Kjartansdóttir

Hua Hin og Bangkok

PÁSKAFERÐ TIL TAÍLANDS

25. MARS Í 11 NÆTUR



AUKAFERÐ - AÐEINS 10 SÆTI Í BOÐI

Uppselt er nú í tvær fyrri ferðir Heimsferða til Taílands um páska 2024. Við setjum því 10 sæti í sölu í aukaverð sem farin verður 25 mars - 5 apríl. Stingdu af í sælu og yl Asíu.

Komdu til Taílands yfir páskana 2024. Komdu á stefnumót við framandi menningu þjóðar sem er fræg fyrir gestrisni og gómsætan mat.

Hittu fyrir fólk sem beitir brosinu betur en nokkrir aðrir, njóttu umhverfis sem einkennist bæði af mykt og mildi og ólgandi fjöri.

Innifalið í verði:
Flug með Icelandair og THAI AIRWAYS. Allir skattar og gjöld innifalin auk farangurs. Gisting með morgunverði á tilgreindum hótélum. Allur akstur á milli flugvallanna og gístaða. Kynnningarferð um Hua Hin og Bangkok við komu á staðina. Íslensk fararstjórn og björnustu erlendir leiðsögumanna.



FRÁ **449.000**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA



Fararstjóri:
Ingi Bærings

Fararstjórn Ingi Bærings er heimamaður í Taílandi þar sem hann býr í fjölskyldu með við Chiang Mai sem er skammt frá landamurum Búrma.

Sigling

ÍTALÍA OG GRÍSKA

EYJAHAFIÐ 16. ÁGÚST Í 9 NÆTUR



Sigling um Gríska eyjahafið með Costa Deliziosa. Siglingar er einstaklega þægilegur ferðamáti og frábær upplifun þar sem gefst kostur á að sjá nýja og áhugaverða staði nánast á hverjum degi.

Siglingin hefst með beinu flugi með Neos til Verona þar sem dvalið verður í 1 nótt fyrir siglingu áður en haldið verður í 7 daga siglingu með Costa Deliziosa.

Viðkomustaðir í siglingunni eru: Bari höfuðborg Pugliaháðsins á Suður-Ítalíu. Gríska eyjarnar Mykonos, Santorini og Katakolon Grikkland sem er síðasti viðkomustaður áður en siglt er til baka til Marghera.

Eftir siglingu verður gíst eina nótt í Feneyjum.

Flógið heim frá Verona.



FRÁ **313.700**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

Innifalið í verði:
Flug, innritun taska 20 kg + 8 kg handfarangur, hótél í 1 nótt fyrir siglingu í Verona og 1 nótt eftir siglingu í Mestre með morgunverði, 7 náttu sigling með fullu fæði.

Skoðuðu fjölbreytt úrval sérferða á [heimsferdir.is](https://www.heimsferdir.is)



Heimsferðir



595 1000

www.heimsferdir.is

Hverfi fyrir 9.000 eldri borgara

- Framkvæmdastjóri Aflvaka segir áformað íbúðahverfi á Gunnarshólma munu hafa mikil áhrif
- Hverfið er ætlað eldri borgurum og mun rísa á jörð við Suðurlandsveg, austan við Hólmsheiði

BAKSVIÐ

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is



Sigurður Stefánsson, framkvæmdastjóri Aflvaka þróunarfélags, segir fyrirhugaða uppbyggingu fyrir eldri borgara við Gunnarshólma munu hafa mikil áhrif á íbúðamarkaðinn



Sigurður Stefánsson

á höfuðborgarsvæðinu. Hún muni hafa þau óbeinu áhrif að þetta byggðina og stuðla að betri nýtingu innviða. Jörðin Gunnarshólmi er austan við Hólmsheiði en tilheyrir Kópavogsbæ. Verkefnið er stórt á íslensk-mælikvarða – íbúafjöldinn gæti jafnast á við þrefaldan íbúafjölda Hveragerðis og yrði fjárfestingin eftir því.

Undirrita viljayfirlýsingu

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á þriðjudag viljayfirlýsingu við Aflvaka um uppbyggingu 5.000 íbúða á jörðinni Gunnarshólma og er byggðinni lýst sem lífsgæðakjarna. Bæjarstjórnin, Ásdís Kristjánsdóttir, undirritaði viljayfirlýsinguina í gær fyrir hönd Kópavogs.

Íbúðirnar eru ætlaðar 60 ára og eldri og nefnist sá þáttur verkefnisins Gunnarshólmi. Samhliða stendur til að reisa heilbrigðis- og öldrunarkjarnann Ástu með allt að 1.200 hjúkrunarrýmum. Íbúar munu hafa aðgang að hugbúnaðarlausninni Huld sem Aflvaki er að þróa.

Margt vekur athygli við þessar fyrirætlanir. Þá ekki síst umfangið.

Blaðamaður settist því niður með Sigurði Stefánssyni á skrifstofu hans í Grósku í Vatnsmýri og bað hann um að útskýra forsendurnar að baki þessum miklu áformum.

Íbúum fjölgað hraðar hér

Sigurður byrjar á að útskýra að mannfjöldaferillinn sé miklu bratt-



Teikning/Office of Architecture í Kaupmannahöfn

Gunnarshólmi Drög að útliti fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar austur af Hólmsheiði. Hún verður ætluð 60 ára og eldri.

STJÓRNENDUR AFLVAKA

Reynsla úr heilbrigðisgeiranum

Sigurður Stefánsson vekur athygli á því að stjórnendur Aflvaka hafi reynslu af heilbrigðisþjónustu. Birgir Mór Ragnarsson stjórnarmaður Aflvaka sé jafnframt stjórnarmaður Sidekick sem þróa heilbrigðislausnir. Andri Sveinsson stjórnarmaður hafi síðustu tíu ár verið stjórnarmaður Kerecis, sem hefur selt sáraroð um heim allan með góðum árangri, en Guðmundur J. Oddsson, stjórnarmaður hjá Aflvaka, sé einmitt bróðir Sæmundar, eins af stofnum Sidekick. Þá hafi Karl Þráinsson, einn eigenda Aflvaka, mikla reynslu af uppbyggingu húsnæðis sem framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Arnarhvals og fyrrverandi forstjóri Íslenskra aðalverktaka. Sjálfur hefur Sigurður reynslu úr hugbúnaðargeiranum sem einn af stjórnendum tölvuleikjaframleiðandans CCP.

ari á Íslandi á síðari hluta 20. aldar en annars staðar á Norðurlöndum. Íbúum á Íslandi hafi þannig fjölgað hlutfallslega miklu hraðar á síðustu áratugum en íbúum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Íslendingar hafi verið rúmlega 120 þúsund þegar Bretar komu með herlið sitt árið 1940 og þjóðin verið ein sú fátækasta í veröldinni. Bandarískt herlið, 55 þúsund manna lið, og Mars-hall-aðstoð hafi fylgt í kjölfarið og hafi þjóðin á skömmum tíma orðið ein sú ríkasta. Um aldamótin, 60 árum eftir komu breska herliðsins, hafi Íslendingar verið orðnir um 279 þúsund talsins og séu nú taldir vera um 386 þúsund eftir endurmat

á íbúafjöldanum. Aukin velmegun hafi birst í fæðingartíðni og langlífi sem nú birtist í fjölmennum árgöngum eldra fólks sem sé almennt efnadra og við betri heilsu en eldra fólk á síðustu öld. Fyrir vikið fjölgi eldra fólki hlutfallslega hratt á Íslandi en það skapi aukna þörf fyrir þjónustu fyrir þann aldursþóp. Sú þróun hafi verið fyrir séð.

Aukinn aðflutningur

Samhliða þessari breytingu á aldurssamsetningu þjóðarinnar hafi aðflutningur erlendra ríkisborgara á vinnualdri til Íslands stórukist. Innganga Íslands í EES-samstarfið árið 1994 hafi tryggt frjálst flæði vinnuafis og síðar hafi mikill vöxtur ferðaþjónustunnar á síðasta áratug kallað á enn meira aðflutt vinnuafli. Þessir kraftar, ásamt auknu langlífi, hafi stuðlað að mikilli íbúafjölgun á þessari öld.

„Með sama áframhaldi verða Íslendingar orðnir um 500 þúsund talsins fyrir árið 2035,“ segir Sigurður og rökstyður mál sitt.

Það skipti ekki höfuðmáli í stóra samhenginu hvort íbúafjöldi Íslands hafi verið ofmetinn um tíu þúsund manns, eða meira, því íbúum fjölgi hlutfallslega mikið hvort eð er.

Ein ástæðan fyrir miklum aðflutningi erlendra ríkisborgara til landsins sé að lífsgæðin hér á landi spyrjist út en það hvetji fleiri til að freista gæfunnar hér. „Gini-vísitalan [sem er mælikvarði á jöfnuð] er frábær og það er virkilega gott að búa á Íslandi. Það spyrst út og er byrjað að selja landið,“ segir Sigurður.

Hlutfallið muni lækka

Samhliða þessum lýðfræðilegu breytingum séu að verða grundvallarbreytingar á atvinnuþátttöku eldra fólks. Hlutfall 67 til 75 ára á vinnumarkaði á Íslandi hafi verið 30-40% en sé að jafnaði um 10% í öðrum ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

„Þetta mun breytast hjá okkur. Atvinnuþátttaka 67 ára og eldri verður ekki svona mikil.“

► SJÁ SIÐU 24

AFTUR OG

AFTUR

HLEÐSLURAFHLÖÐUR

Öll þurfum við rafhlöður á einhverjum tímapunkti. Vasaljós, fjarstýringarnar, leikföngin o.s.frv.

Hleðslurafhlöður fást í öllum stærðum og eru hagkvæmari og mun umhverfisvænni kostur en einnota rafhlöður. Skiptu yfir í hleðslurafhlöður og notaðu þær aftur og aftur og aftur – fyrir þig og fyrir umhverfið.

Sundaborg 7 / Reykjavík / Sími 568 4800 / www.oger.is

EIGNAMIDLUN

STAÐGREIÐSLA

Hæð á Seltjarnarnesi óskast
Traustur aðili óskar eftir 140-150 fm sérhæð á Seltjarnarnesi með 4 svefnherbergjum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eig

Allt að 350 fm einbýlishús
Óska eftir einbýlishúsi á Seltjarnarnesi, Reykjavík eða Garðabæ fyrir ákveðinn kaupanda. Hús allt að 350 fm að stærð. Má þarfnast talsverðar endurnýjunar. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.

120-140 fm íbúð óskast í Sjálandi
Traustur kaupandi óskar eftir 120-140 fm íbúð í Sjálandi Garðabæ. Góðar greiðslur í boði.

Sverrir Kristinnsson
Löggiltur fasteignasali
861 8514

Nánari upplýsingar veitir
Sverrir Kristinnsson
sverrir@eignamidlun.is

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

Risa app tilboð!

Helmingsafsláttur
af sviðahausum í appinu



50%
appsláttur

**Tilboð gildir 15.–18. febrúar,
meðan birgðir endast.**

Þú getur notað appið í öllum
verslunum Nettó og á netto.is
og fengið fastan 2% afslátt
í formi inneignar. Sérstök app-
tilboð eru auglýst reglulega.



netto



Nálægð við náttúru Skipulagssvæðið við Gunnarshólma þykir ákjósanlegt til útivistar.




Samvera Skipulaginu er ætlað að vinna gegn einveru og einmanaleika.

Af hverju ekki? Nú hafa Íslendingar verið vinnuglaðir.

„Af því að kaupmáttur lífeyrissjóðakerfisins er orðinn það mikill, og eignastaða eldra fólks það mikil betri, að fólk þarf ekki að vinna. Íslendingar [við eftirlaunaaldur] voru að vinna af neyð. Hópurinn sem er nú á eftirlaunaaldri byrjaði seint að borga í lífeyrissjóðakerfi sem var ekki verðtryggt. Þannig að innstæður þeirra brunnu upp.“

Mikil fjölgun 80 ára og eldri

Sigurður tengir svo fjölgun eldra fólks við spár um íbúðabörf en í þeirri umræðu sé gjarnan horft til nettó aðflutnings erlendra ríkisborgara sem lykilbreytu vegna lítillar fjölgunar íslenskra ríkisborgara. Minna sé rætt um öldrun þjóðarinnar og mikla fjölgun fólks sem er 80 ára og eldri. Það muni ásamt öðrum lýðfræðilegum



breytingum skapa eftirspurn eftir íbúðum.
Árið 2007 hafi rúmlega 9.600

Íslendingar verið 80 ára eða eldri. Árið 2022 hafi þeir verið tæplega 13.100 en árið 2037 sé áætlað að

þeir verði rúmlega 26 þúsund. Það yrði tæplega þreföldun á 30 árum.
„Þessi aukning mun hafa mikil áhrif á húsnæðismarkað og vinnu- markað. Spár um húsnæðisbörf taka jafnan mið af aðflutningi erlendra ríkisborgara, og hvernig sá fjöldi sveiflast milli ára, en taka síður tillit til annarra lýðfræðilegra þátta. Ég tel að aðfluttir erlendir ríkisborgarar verði að jafnaði ríflega tíu þúsund fleiri en brottfluttir á ári. Það er einfaldlega slík vöntun á starfsfólki. Þar nægir að nefna skort á fólki í umönnunarstörf. Það er alls staðar vöntun. Það mun aftur skapa þörf fyrir íbúðir.“

Kallar á enn fleiri íbúðir

Sigurður segir að við þetta bætist að nú séu 73% heimila á Íslandi án barna. Jafnframt búi fleiri einir en fyrir vikið búi að jafnaði færri í hverri íbúð en áður. Öldrun þjóðarinnar hafi áhrif á þá þróun.

„Við erum að eldast og erum tíu til fimmtán árum á eftir Norðmönnum, Dönum og Svíum hvað varðar breytt fjölskyldumynstur. Við munum horfa fram á sömu þróun hér og meðalfjöldi fólks í íbúð mun fara lækandi. Það eru um 98 þúsund íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og að jafnaði búa 2,6 í hverri íbúð. Frá þeirri tölu þarf að draga íbúðir sem leigðar eru í skammtímaleigu til ferðamanna og fjölmargar íbúðir í eigu félagsamtaka á landsbyggðinni en þá eykst meðalfjöldi íbúa í hverri íbúð í 2,7. Ef sá meðalfjöldi lækkar í 2 vegna lýðfræðilegra breytinga þarf að byggja 32 þúsund íbúðir til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu án tillits til fjölskyldunar,“ segir Sigurður og á við að íbúðafjöldurinn verði breytt fjölskyldumynstur leggist á eitt um að auka íbúðabörf.

Byggðin að þynnast út

Sigurður segir fækkun meðalfjölda íbúa í hverri íbúð vega gegn þéttingu byggðar.

„Nú er rætt um að þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu. Það gengur svo hægt af því að það næst ekki að þetta byggðina. Þvert á móti er hún að þynnast út [vegna hlutfallslega færri íbúa í hverri íbúð]. Árið 2022 áætluðu Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að þá væru lóðir undir 58 þúsund íbúðir áforðaðar innan núverandi vaxtarmarkna höfuðborgarsvæðisins og var um helmingur þeirra annaðhvort í deiliskipulagi eða búið að deiliskipuleggja og hinn helmingurinn þróunarsvæði og framtíðarsvæði sem ekki var komið í deiliskipulagsferli. Frá þessari tölu dragast lóðir undir sex þúsund íbúðir sem er búið að ráðstafa.“

Þá eru eftir lóðir undir 52 þúsund íbúðir og að frádregnum þessum 32 þúsund íbúðum sem þarf að byggja vegna lýðfræðilegra breytinga standa eftir lóðir undir 20 þúsund íbúðir til að mæta fjölskyldun næstu 17 ára. Þá á einnig eftir að taka tillit til uppsafnaðrar íbúðabætur í dag sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur áætlað vera þúsundir íbúða og íbúðabætur vegna hamfaranna í Grindavík.

Samandregið verður því ekki nóg að byggja 52 þúsund íbúðir á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040,“ segir Sigurður, sem telur að þessi skortur muni að óbreyttu þrýsta á verðbólgu. Þróunin á Suðurnesjum sé áhættuþáttur en árin 2000 til 2023 hafi 70% af fjölskyldun á landinu verið á höfuðborgarsvæðinu og um 14% á Suðurnesjum. Ef ekki verði hægt að byggja áfram á Suðurnesjum muni það breyta sviðsmýndinni um íbúðabörf á höfuðborgarsvæðinu verulega og hlutfall fjölskyldunar þar jafnvel hækka úr 70% í 84%. Við þessa samantekt sé miðað við að hlutfallið verði 70% en það kunnist að reynast vanmat.

Um 9.000 manna hverfi

Sigurður segir uppbygginguna á Gunnarshólma muni hafa mikil óþeim áhrif á fasteignamarkaðinn. Sé miðað við að 1,5 búi að meðaltali í 5.000 íbúðum í Gunnarshólma sé útkoman 7.500 manna hverfi. Við það bætist allt að 1.200 hjúkrunarrými í Ástu. Samtals muni því um 9.000 manns búa í hverfinu.

Aflvaki áætlaði árið 2022 að uppbyggingin jafngilti um helmingi þeirra hjúkrunarrýma sem fyrir séð var að vantaði á höfuðborgarsvæðinu á næstu 15 árum en uppsöfnuð íbúðabörf eldra fólks verði hins vegar enn meiri. Síðan hefur ekkert hjúkrunarrými verið byggt á höfuðborgarsvæðinu.

„Uppbyggingin mun skapa hringrás á fasteignamarkaði. Íbúarnir eru komnir á efri ár og það losar um húsnæði, þar með talið sérþýli og stærri íbúðir sem henta fjölskyldum sem eru að stækka við sig. Ef við gefum okkur að 5.000 íbúðir í Gunnarshólma og 1.200 hjúkrunarrými í Ástu losi um 6.000 íbúðir á almennum markaði, og að þriggja til fimm manna fjölskylda flytji að jafnaði í þær íbúðir sem losna, er niðurstaðan að flutningarnir hafa áhrif á yfir 28 þúsund manns.“

Mun hafa mikil áhrif

Þetta eina framtak mun því hafa gífurleg áhrif á fasteignamarkað og meðal annars stuðla að því að sérþýli losnar í Lindahverfinu í Kópavogi, Grafarvogi í Reykjavík og fleiri rötgrónum hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Það mun aftur leiða til þéttingar byggðar og betri nýtingar innviða sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa nú þegar fjárfest í. Þar með talið á leikskólum og grunnskólum,“ segir Sigurður.

Staðan á íbúðamarkaði á höfuðborgarsvæðinu sé orðin alvarleg og þegar farin að hafa neikvæð áhrif á lífsgæði fólks og samfélagið allt. Við það bætist óvissan á Suðurnesjum. Allt kalli þetta á miklu kröftugri uppbyggingu húsnæðis fyrir eldra fólk en verið hefur en það muni skapa hringrás á fasteignamarkaði sem muni hafa jákvæð áhrif á allan markaðinn, þar með talda fyrstu kaupendur. Fram undan sé önnur hressileg hækunarhrina fasteignaverðs ef ekki verði brugðist strax við.

Auglýst eftir framboðum til stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins

Kjörnefnd auglýsir eftir framboðum til stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins. Stjórnarkjör fer fram með rafrænum hætti.

- Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal stjórn skipuð þremur konum og þremur körlum og þriggja manna varastjórn skal skipuð minnst einum karli og einni konu.
- Að þessu sinni eru tvö sæti kvenna til kjörs í aðalstjórn og eitt sæti karls eða konu í varastjórn.
- Allir sjóðfélagar geta boðið sig fram til stjórnar en nánari hæfisskilyrði er að finna í 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóðsins og starfsemi lífeyrissjóða.

Framboðsfrestur er til kl. 23:59 þann **29. febrúar 2024**. Framboð verða að berast kjörnefnd fyrir lok framboðsfrests til þess að teljast lögleg. Hægt er að senda framboð á netfangið kjornefnd@almenni.is

Kjörnefnd Almenna lífeyrissjóðsins, 15. febrúar 2024
Ólafur H. Jónsson, Ingvar Júlíus Baldursson og Lára V. Júlíusdóttir

Nánar um framboð:

- Með framboðum skulu fylgja helstu upplýsingar um frambjóðanda, s.s. nafn, kennitala, netfang, sími og heimilisfang
- Taka skal fram hvort framboð er aðeins til aðalmanns, aðeins til varamanns eða aðalmanns og varamanns til vara
- Frambjóðendum verður boðið að kynna sig á vef sjóðsins

Nánar á:
www.almenni.is

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN



Eftirréttir

Fyrir eftirlætis manneskjuna í þínu lífi

Ljúffeng og freistandi konudagsostakaka
bíður þín í næstu verslun





Fjölskylda Hjónin fengu dygga aðstoð frá sínum nánustu við að flytja föggur sínar af heimilinu. Hér er Hólmfríður á tali við systur sína. Hjónin voru aðeins að koma í annað sinn á gamla heimilið eftir atburðina í nóvember.



Umhyggja Viðtalið tók á Hólmfríði, sem fékk innilegt faðmlag frá dóttur sinni að því loknu. Hún sagðist vilja bíta á jaxlinn og koma skilaboðum áleiðis.

„Hvað þarf gamla fólkið að biða lengi?“

- Á áttæðisaldri í sumarhúsi um hávetur
- Engin gæludýr – engin íbúð
- Með kvíða í heila viku
- Skelfilegt ástand
- Öllu fögru lofað en fólkið situr á sama stað eftir margar vikur
- Sólbað í vor

VIÐTAL

Ólafur Pálsson
olafur@mbl.is



„Ég er bæði sár og reið,“ segir hin 72 ára gamla Hólmfríður Georgsdóttir, sem ásamt eiginmanni sínum, Árna Bergmann Haukssyni, dvelur enn í sumarhúsi í Ölfusborgum á vegum Akranesbæjar síðan fólki var gert að yfirgefa Grindavíkurbæ í nóvember á síðasta ári.

Þau hjónin voru, ásamt sínu nánasta fólki, í óðaönn að flytja föggur sínar af heimilinu þegar blaðamann og ljósmyndara Morgunblaðsins bar að garði. Þetta var aðeins önnur ferð þeirra hjóna á gamla heimilið eftir jarðhræringarnar 10. og 11. nóvember.

Örkin hans Nóa

Hólmfríður og Árni bjuggu í íbúð í lágreistu raðhúsi sem stendur innan marka vestari sigdalsins. Íbúðin er mikið skemmd eftir atganginn eins og margar aðrar íbúðir í húsinu. „Það er ekki hægt að bjóða okkur þetta



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Metnaður Hólmfríður greip moppuna og gerði gólfíð fint fyrir óvænta gesti.

lengur. Hér þurftu allir að fara út 10. nóvember árið 2023. Nú er kominn 13. febrúar árið 2024 og við erum enn ekki búin að fá varanlegt húsnæði,“ segir Hólmfríður. Hún segir glettin að þau hjónin væru eflaust búin að fá húsnæði ef þau héldu gæludýr, og vísar þar til blokkar sem fjárfestingarfé-

lag keypti á höfuðborgarsvæðinu og leigir eingöngu gæludýraeigendum úr Grindavík. Gárungarnir hafa víst kallað blokkina Örkin hans Nóa.

Hólmfríður hefur búið í bænum í rúma þrjú áratugi en Árni, sem er 67 ára gamall, er borinn og barnfæddur Grindvíkingur. Hún óskar þess að

gamla fólkið gleymist ekki. „Ég vil að við á þessum aldri förum að fá fast húsnæði. Ég veit að við þurfum að leigja og það er allt í lagi en við þurfum að fá húsnæði þar sem við megum vera kyrr en ekki þurfa að færa okkur endalaust. Hvað þarf gamla fólkið að biða lengi eftir húsnæði?“ spyr Hólmfríður ákveðin.

Skítakuldi yfir veturinn

Hún kveður þau hjónin þó heppin að halda til í tryggu húsnæði og þurfa ekki að fara á milli barna sinna eða systkina og flytja sig á milli herbergja sí og æ. Þau mega vera í húsinu í Ölfusborgum til 1. maí „en það er náttúrulega skítakuldi barna yfir veturinn,“ segir Hólmfríður. Íbúar í Grindavík hafa gengið í gegnum mikla óvissutíma, margir þeirra keyra á bensínufunum og tankur einhverra er orðinn gal-tómur. Segir Hólmfríður að nú gangi þau hjónin í gegnum enn eitt óvissutímabilið og það má greina þreytuna í rödd hennar.

„Hérna átti ég að koma fyrir viku síðan og ég var með kvíða alveg í

heila viku áður en ég átti að koma hingað,“ segir Hólmfríður með grátstafinn í kverkunum. Hún kveðst fyrst á jóladag hafa komið aftur heim eftir atburðinn í húsnæði því hún hafi ekki getað gætt sér að koma heim.

„Ég var ekkert skárri þegar ég kom hérna inn í morgun,“ segir hún og hreinlega brestur í grát. Segir Hólmfríður ástandið ekki gott og að Grindvíkingar séu alls ekki að drepast úr frekju. Segist hún þó gera sér grein fyrir því að auðvitað sé ein og ein manneskja sem skemmi fyrir fjögur þúsund manns.

Það þarf að gera eitthvað

„Þetta er skelfilegt. Það þarf að gera eitthvað fyrir okkur sem búum hérna á Íslandi. Það er búið að lofa okkur aðstoð og að gera hitt og þetta en nei – hérna situr maður enn eftir margar vikur,“ segir Hólmfríður, sem hefur ekki mikla trú á að húsnæðismál þeirra hjóna fari að skýrast en segir að skilnaði að birta muni til í vor þegar hún geti farið í sólbað – brosandí í gegnum tárin.

Ný herrafataverslun með stærðir IX-8XL

Verið velkomin til okkar í verslun Stout - Fellsmúla 24 eða pantaðu á www.stout.is

Stout

Herrafataverslun 1X-8XL

URBAN PEYSA
10.990 kr
2XL-8XL

SOFTSHELL JAKKI
21.990 kr
1XL-6XL

VINDHELMT FLJSTVESTI
16.990 kr
1XL-6XL

Verslunin STOUT | Fellsmúla 24 við Grensásveg, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.stout.is

Ortaekni

Sérhæfum okkur í samsetningu og viðgerðum á öllum gerðum kapla

Ljósleiðarar
Skjákaplur
Hljóðkaplar
Netkaplar
Skipastrengir
USB kaplar
Almenn sérsmiði



Bjóðum eitt MESTA úrval netkapla á Íslandi

Nánari upplýsingar á www.ortaeakni.is
Hátúni 10c, 105 Reykjavík
S: 5526800 - ortaeakni@ortaeakni.is

Fjórir í framboði FEB

Frestur til að gefa kost á sér til formennsku í Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) rann út í gær. Áður höfðu þrír boðið sig fram en á síðustu metrunum bættist við fjórða framboðið, frá Sigurði Ág. Sigurðssyni, fv. forstjóra DAS.



Sigurður Ágúst Sigurðsson

Auk Sigurðar verða í formannsfamboði þau Borgþór S. Kjærnested, Sigurbjörg Gísladóttir og Sverrir Örn Kaaber. Ingibjörg H. Sverrisdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Aðalfundur fer fram 21. febrúar nk. kl. 14 í Gullhömrum í Grafarholti.

Frambjóðendur til stjórnar FEB eru, í stafrófsröð: Bessí Jóhannsdóttir, Birgir Finnbogason, Björn Þ. Kristjánsson, Elinóra Inga Sigurðardóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Gunnar Magnússon, Jón Magnússon, Kristinn Eiríksson, Kristján E. Guðmundsson, Ólöf Pálína Úlfarsdóttir og Ragnar Árnason.

Meðal þeirra mála sem hefur verið óskað eftir að aðalfundur taki fyrir er að stjórn FEB beiti sér fyrir því að stjórnvöld láti fara fram opinbera úttekt á því hvernig baráttan gegn covid tókst hér á landi.

Höfum opnað í Kringlunni!

20% afsláttur af öllum gleraugum

Gildir með eða án sjónglerja í verslunum Eyesland
í Kringlunni, Glæsibæ og á Grandi.



*Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

eyesland

Kringlan · Grandi · Glæsibær · Keflavíkurflugvöllur · eyesland.is



Byggt við flugvöllinn enn á ný

BAKSVIÐ

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is



Uppbygging er að hefjast á lóðum við Menntasveg sem tilheyrir Háskólanum í Reykjavík. Þessar lóðir eru skammt frá austurenda austur-vestur-flugbrautar Reykjavíkurflugvallar. Leyfi er fyrir allt að 40 þúsund fermetra byggingum á fjórum lóðum.

Engar rannsóknir hafa farið fram á því hvort þessar byggingar kunni að hafa áhrif á flugstarfsemi vallarins, að sögn Sigrúnar Jakobsdóttur, framkvæmdastjóra Isavia innanlandsflugvalla. Enda liggja ekki fyrir hversu umfangsmiklar byggingar þetta verða.

Mikil uppbygging hefur verið í nágrenni við Reykjavíkurflugvöll á síðustu árum. Stórt íbúðahverfi er risið á svæði Vals á Hlíðarenda, nýtt sjúkrahús er að rísa við Hringbraut, mörg stórhýsi hafa verið byggð í Vatnsmýri, stórbygging HR reis og áfram mætti telja.

Þá hyggur Reykjavíkurborg á uppbyggingu íbúðabygðar í Skerjafirði með tilheyrandi þjónustu og einhverri atvinnustarfsemi austan við núverandi Skerjafjarðarhverfi. Í apríl 2023 var gefin út skýrsla samin af starfshópi innviðaráðuneytisins. Hlutverk hans var að vinna flugfræðilega rannsókn á fyrirhugaðri byggð í Skerjafirði auk áhrifa hennar og tilheyrandi framkvæmda á flug- og rekstrarör-yggi Reykjavíkurflugvallar. Jafnframt að greina hvort og þá hvernig tryggja megi að flug- og rekstrarör-yggi flugvallarins skerðist ekki.

Starfshópurinn skoðaði m.a. skýrslu hollensku flugrannsóknarmiðstöðvarinnar NLR frá árinu 2020 á mögulegum áhrifum nýrrar byggðar í Skerjafirði á meðalvindhraða og kviku (e. turbulence) á Reykjavíkurflugvelli

sem hvort tveggja ræður miklu um flugskilyrði yfir og á flugvöllum.

„Við erum ekki komin að ákvörðun varðandi aðkomu Hollendinganna að þessu en það er ljóst að þar er mesta sérfræðikunnáttan til að meta áhrif bygginga,“ segir Sigrún Björk aðspurð hvort hollenska fyrirtækið hafi verið fengið til að skoða áhrifa nýbygginga við HR.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskólaráðherra veitti hinn 23. janúar sl. Háskólanum í Reykjavík (HR) 200 milljóna króna stuðning til fjármögnunar undirbúnings að uppbyggingu á allt að 6.000 fermetra rannsókn- og nýsköpunarhúsi við skólann. Húsið verði lykillinn að frekari sókn HR í rannsóknum og kennslu í tæknigreinum og efli samstarf skólans við atvinnulífið. Gert er ráð fyrir að húsið verði samnýtt með sprotafyrirtækjum og fyrirtækjum og stofnunum í tæknipróun og rannsóknum. Þannig er til dæmis gert ráð fyrir að áhersla verði lögð á aðstöðu fyrir öflugar byggingarrannsóknir.

Stuttur framkvæmdatími

Gert er ráð fyrir að rannsókn- og nýsköpunarhúsið rísi á lóð vestan við aðalbyggingu HR, þ.e. við Menntasveg 4, en leyfilegt byggingarmagn þar er 11.300 fermetrar. Áætlaður heildarkostnaður við bygginguna er 3,7-4,6 milljarðar króna, eftir því hve sérhæfð aðstaðan verður. Stefnt er að stuttum framkvæmdatíma og standa vonir til þess að húsið geti orðið tilbúið ári 2025.

Að sögn Áslaugar Örnú er um að ræða mikið framfaraskref, enda verði húsið eitt það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. „Háskólinn í Reykjavík hefur verið mikill brautryðjandi í tæknigreinum og útskrifar yfir helming allra þeirra sem ljúka háskólaprófi í raunvísinda-, verkfræði- og tækni-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Flugvöllurinn Lóðirnar við Menntasveg (rauð punktalína) eru vestan við byggingu HR, gegnt flugskýli Gæslunnar.



greinum (STEM) hér á landi. Skólinn hefur metnað til að auka fjölbreytni námsins og bæta kennslu og rann-

sóknir. Til að svo megi verða þarf hann fjölbreyttara húsnæði,“ sagði Áslaug Arna.

Fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðum HR

Menntasveigur 2, 4, 6 og 8

Ragnhildur Helgadóttir rektor HR segir að verulega sé farið að þrengja að starfsemi skólans og að nýtt rannsókn- og nýsköpunarhús myndi gjörbylta allri aðstöðu til kennslu, rannsókna og nýsköpunar.

Hinn 13. febrúar 2007 gerðu Reykjavíkurborg og Háskólinn í Reykjavík með sér samkomulag um ráðstöfun á líðlega 20 hekturum lands undir starfsemi HR og tengda starfsemi á sviði þekkingar, rannsókna, hátækni eða nýsköpunar. Í janúar 2020 var gerður viðauki í tilefni væntanlegra breytinga á deiliskipulagi fyrir háskólasvæðið, þar sem gert er ráð fyrir að byggð verði stoppistöð undir nýja borgarlínu. Borgarlínan verður staðsett við göturnar Nauthólsveg, Menntasveg og Menntasveg 8, þar sem borgarlínustoppistöðin verður.

Samkvæmt viðaukanum er gert ráð fyrir að byggingarmagn lóðanna Menntasveigs 2-8 verði aukið.

Hugsanlegt hámarksbyggingarmagn lóðanna gæti orðið sem hér segir: Menntasveigur 2, 12.900 fermetrar, Menntasveigur 4, 8.400 fermetrar, Menntasveigur 6, 7.200 fermetrar, og Menntasveigur 8, 12.300 fermetrar. Samtals er þetta 40.800 fermetrar. Allar byggingarnar yrðu þrjár hæðir.

ÞETTA ER ÞINN TÍMI!



NJÓTTU HVERRAR MÍNÚTU!

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



Uppbygging hjá Fjölni var felld

● Tók 16 mánuði að afgreiða málið

Á síðasta fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur var felld tillaga um uppbyggingu mannvirkja hjá Fjölni í Grafarvogi.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, en þeir báru fram tillöguna. Fulltrúi Vinstri-grænna sat hjá við afgreiðslu málsins.

„Átalinn er sá tilefnislaus dráttur sem hefur orðið á afgreiðslu tillögunnar í ráðinu en nú eru liðnir rúmir sextán mánuðir frá framlagningu hennar,“ sagði í bókun sjálfstæðismanna eftir að tillagan hafði verið felld.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins segjast í bókuninni harma að fulltrúar meirihlutflokkanna í borgarstjórn hafi felld fyrirbyggjandi tillögu um úrbætur í aðstöðumálum Ungmennafélagsins Fjölnis í Grafarvogi. Félagið sé stærsta íþróttafélag landsins með um 3.500 íökendur.

Fjölnir sinni afar mikilvægu starfi í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfs og sé jafnframt óaðskiljanlegur hluti af hverfisbrag í Grafarvogi. Ljóst sé að þær



Morgunblaðið/Hari

framkvæmdir sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til myndu bæta verulega aðstöðu til íþróttaiðkunar í Grafarvogi og fullnægja kröfum KSÍ um leyfisveitingar vegna keppnisvalla í efstu deildum Íslandsmótsins í knattspyrnu.

„Núverandi keppnisvöllur Fjölnis stenst ekki þær kröfur, sem er óviðunandi og stendur félagið höllum fæti að þessu leyti í samanburði við önnur íþróttafélög í Reykjavík,“ segir í bókuninni.

Fram kom í tillögunni að hún væri byggð á hugmyndum frá Fjölni. Þá liggja fyrir álit skipulagsstjóra um að þessar hugmyndir gangi upp. sisi@mbl.is

NIVEA

STINNIR HÚÐINA Í ANDLITI, HÁLSI & BRINGU

SJÁANLEGUR ÁRANGUR Á 1 VIKU

**100% NÁTTÚRULEGT
BAKUCHIOL**

**EYKUR NÁTTÚRULEGA
FRAMLEIÐSLU Á KOLLAGENI***



*(í tilraunaglas)

Margir upplifa einkenni kulnunar

- Allt að 17% vinnandi fólks með einkenni kulnunar í Hollandi en 2% verða óvinnufær
- Forvarnir mikilvægar ● Góð samskipti og stuðningur mikilvæg ● Málstofa í HR í dag

SVIÐSLJÓS

Dóra Ósk Halldórsdóttir
doraosk@mbl.is



„Það er hægt að segja að kulnun sé nokkurs konar andlegt skipbrot þar sem einstaklingurinn upplifir gífurlega þreytu allan sólarhringinn,“ segir Wilmar Schaufeli, prófessor emeritus í vinnu- og skipulags-sálfræði við Utrecht-háskóla í Hollandi, en hann heldur fyrirlestur



Wilmar Schaufeli

á málstofu sem haldin er í dag í Háskólanum í Reykjavík og hefst klukkan 14.30. Mikið hefur verið skrifað um kulnun frá því að fyrst var talað um fyrirbærið á 8. áratug síðustu aldar

og hefur hugtakið verið notað yfir einkenni sem geta verið allt frá því að vera erfið og haft neikvæð áhrif á frammistöðu fólks í starfi yfir í það að vera svo svæsin að fólk verður með öllu óvinnufært.

„Það sem flestir tengja við kulnun er, auk þessarar miklu þreytu, erfiðleikar við að beita sér andlega. Þar má nefna erfiðleika við einbeitingu og að hafa eðlilegan skýrleika og yfirsýn yfir það sem fólk er að fást við,“ segir hann og bætir við að einnig hafi kulnun mikil áhrif á tilfinningalíf fólks.

Reiðiköst og depurð

„Annar fylgifiskur kulnunar er að hafa illa stjórn á tilfinningum sínum og fólk getur snöggreiðst og orðið árársargjarnt í orðum við fólk í kringum sig, eða að það dregur sig inn í sína skel og upplifir mikla depurð og sorg. Stjórnin á tilfinningunum er ekki eins og hún væri við eðlilegar aðstæður og ástæðan fyrir því er þessi mikla þreyta. Til þess að stjórna bæði andlegri getu, hugsunum þínum, athygli og tilfinningum þínum þarftu að hafa orku til



Colourbox

Kulnun Mikið álag og streita eru einkennandi fyrir nútímaþjóðfélag og mikilvægt er að finna leiðir til að mæta því.

að geta það. Hana skortir hjá fólki sem er komið í kulnun.“

Kulnun getur líka birst í líkamlegum einkennum eins og höfuðverkjum eða örur hjartslætti, sem ástandið kallar fram en á sér ekki aðrar líkamlegar orsakir.

2% óstarfhæf í Hollandi

Schaufeli segir að mikilvægt sé að gera greinarmun á kulnun sem er orðin svo slæm að viðkomandi getur engan veginn starfað lengur og einkennum sem líkjast kulnun en eru ekki orðin svo slæm að fólk sé með öllu óvinnufært. „Það skiptir máli að gera þennan greinarmun, því þau sem hafa mildari einkenni kulnunar geta samt sinnt starfi sínu, en kannski ekki jafn vel og þau gerðu og þau upplifa mikla þreytu þegar starfsdegi er lokið.“

Í heimalandi Schaufeli, Hollandi, eru árlega gerðar kannanir á kulnun. „Í Hollandi upplifa um 17% starfsfólks mildari einkenni kulnunar. Þessi tala hefur hækkað mikið, því fyrir 10-15 árum var þessi

tala um 10%. En þegar við tölum um verstu tilfelli kulnunar, þar sem fólk er gjörsamlega óvinnufært, er það miklu lægri tala, eða um 2% í Hollandi í dag.“

Tvær hliðar forvarna

Hann segir að oftast þegar fólk tali um kulnun sé það ástandið sem falli í fyrri flokkinn, sem sé vissulega slæmt og sýni mikla streitu, en það sé þó ekki jafn alvarlegt og þegar fólk dettur út af vinnumarkaði í jafnvel lengri tíma vegna kulnunar. „Þessi hópur hefur líklega fleiri veikindadaga en aðrir en hefur þó ekki siglt í strand vegna kulnunar,“ segir Schaufeli.

En er það samt ekki raútt flagg og tilefni til þess að taka á málinu svo að þessi 17% endi ekki í verstu kulnuninni?

„Jú, algjörlega, því við viljum hafa forvarnir til að varna því að fólk lendi í grafalvarlegu ástandi kulnunar sem er því afar dýrkeyptur og getur tekið langan tíma að komast út úr,“ segir Schaufeli. Hann segir

ÍSLENSKAR RANNSÓKNIR

Kanna stöðuna á Íslandi

Í HR er verið að vinna tvær rannsóknir á kulnun á Íslandi. Eru doktorsnemarnir Berglind Stefánsdóttir og Guðrún Raket Eiríksdóttir, undir handleiðslu Lindu Báru Lýðsdóttur forstöðumanns meistaranáms og Brynju Magnúsdóttur, forstöðumanni yfir BS-námi á sálfræðisviði HR. Önnur þessara rannsókna er unnin í samstarfi við VIRK endurhæfingarsjóð, þar sem skoðuð eru þau sem nýta sér stuðning VIRK vegna kulnunar. Hin rannsóknin er gerð á almennum vinnumarkaði þar sem skimað er fyrir hættueinkennum sem gætu leitt til kulnunar hjá 2.000 manns.

að forvörnum kulnunar megi skipta í tvo þætti, persónulegar forvarnir og vinnustaðforvarnir.

„Þegar við horfum á hvað einstaklingurinn getur gert sjálfur er það fyrst og fremst að finna leiðir til að lágmarka streitu. Það er hægt að finna ýmsar aðferðir við slökun, nýta sér tækni núvítundar, aðferðir til að byggja upp hæfni til að geta tekist á við ýmsa þætti daglegs lífs án þess að það hafi neikvæð áhrif á tilfinningalíf.“

Schaufeli segir að í Hollandi sé hægt að fara á fjölda námskeiða sem geti verið mjög hjálpleg einstaklingum sem upplifi mildari einkenni kulnunar og þau séu vinsæl þarlendis. Þá er hægt að fara til sálfræðinga til að fá aðstoð og þannig geta einstaklingar oft náð að vinna bug á þreytunni, með því að hlúa betur að sjálfum sér, læra að segja nei við verkefnum og finna betra jafnvægi í lífinu milli starfs og frítíma.

Vinnustaðameningin

„En það þarf líka að huga að vinnustaðnum og vinnustaðameningunni,“ segir hann og bætir við að það sé oft flóknara verkefni.

„Starfsfólk upplifir oft að það fái ekki nægilegan stuðning í starfinu, eða að starfssvið sé ekki sé nægilega vel skilgreint, svo að fólk fær kvíða ef það veit ekki til hvers er ætlað af því. Svo hef ég oft heyrt að fólk fái ekki nógu mikla endurgjöf. Fólk sé að vinna mikið en viti ekki hvernig það standi sig og þá fari það að upplifa að það skipti engu máli.“ Hann nefnir einnig að skortur á forræði í starfi sé þáttur sem skipti máli, að yfirstjórn treysti starfsfólkinu til að geta tekið ákvarðanir innan síns sviðs. Allt séu þetta þættir sem geti stuðlað að kulnun í starfi.

„Mörg fyrirtæki eru samt farin að sinna þessum þætti vel. Það hefur mikil áhrif á vinnustaðameninguna og rannsóknir sýna að það minnkar líkur á kulnun starfsfólks. Best er að bæði sé tekið á málinu á vinnustaðnum og einnig að einstaklingur leitir sér aðstoðar sjálfir.“

Hátíðahöld eru í undirbúningi

● 80 ára lýðveldisafmæli er í sumar

Margvíslegur undirbúningur stendur nú yfir vegna fyrirhugaðra hátíðahalda á 80 ára afmæli íslenska lýðveldisins sem er í sumar. Nefnd undir forystu Margrétar Hallgrímsdóttur vinnur að mótun hátíðardagskrár og eru fyrstu drög hennar birt á vefnum lyðveldi.is. Dagskráin þéttist þegar liður á afmælisárið. Einnig gerir nefndin tillögur um hvernig minnst megi 1150 ára afmælis Íslandsbyggðar sem er í ár, sé miðað við 874 sem upphaf landnáms.

Í tilefni lýðveldisafmælis gefur forsætisráðuneytið út bókina Fjallkonan – Þú ert móðir vor kær með ljóðum og greinum um fjallkonuna. Bókin verður gjöf til landsmanna og verður dreift víða. Hápunktur hátíðahalda verður á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, með dagskrá og kórasöng um allt land. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum efnir til afmælisdagskrár og 15.-16. júní er fjölbreytt menningardagskrá í Almagnagjá og víðar á svæðinu. Hinn 16. og 17. júní er hátíð á Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Í anda fjallkonunnar, lands og þjóðar, verður, segir í tilkynningu



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Þingvellir Burstabær og kirkja.

frá forsætisráðuneyti, leitast við að ná til sem flestra með tveimur viðburðum eða vörðum í dagskrá ársins. Þetta verður gert til að mynda með samstarfi kóra landsins undir yfirsýningu *Sungid með landinu*. Þar verður sjónum beint að þeirri miklu grósku sem kórstarf þjóðarinnar felur í sér og þeirri samkennd sem það fjölbreytta og magnaða starf skapar. Nú stendur yfir samkeppni um nýtt kórlag við texta Þórarins Eldjárns, Avarp til fjallkonunnar 2015. Verkefnisstjóri er Margrét Bóasdóttir sem er í samvinnu við samtök kóra og kórstjóra. – Einnig er efnt til þess sem heitir *Gengið um þjóðlendur*. Verkefnið er samstarf við Ferðafélag Íslands og Útivist. sbs@mbl.is

QUALITY
Taylor
GUITARS

Tónlist er fyrir ökkur öll

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 | 108 Reykjavík | Sími 415 5600
www.hljodfaerahusid.is

Stofnun
1916

TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 30 | 600 Akureyri | Sími 462 1415
www.tonabudin.is

Stofnun
1966

SHISEIDO
GINZA TOKYO



VITAL PERFECTION

Lyftir, mótar og þéttir
þroskaða húð á aðeins 1 viku*

Hátt hlutfall formúlunnar byggir á hinu einkaleyfisvarða „SafflowerRED“-innihaldsefni til að virkja sjálfsendurnýjun húðarinnar samhliða „Sculpturist“-tækni sem tekst á við slappa húð innan frá. Útkoman verður því lyftari, mótaðri og endurnýjuð ásýnd húðarinnar.

Potential Has No Age

*Neytendarannsókn á 110 konum



NÝTT

Concentrated Supreme Cream

20% afsláttur
af öllum Shiseido vörum
dagana 15.–21. febrúar

Veglegur kaupauki fylgir ef verslað er fyrir
12.990 kr. eða meira.*

*Meðan birgðir endast.

HAGKAUP



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Fróðleikur Guðni Th. Jóhannesson við veggspjald í Hafnarfjarðarkirkju.

Fallegt framtak og virðingarvert

● Hermóður 1959 ● Minnst á sýningu

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Minningu þeirra manna sem fórust með vitaskipinu Hermóði 18. febrúar 1959 eru gerð skil á sögusýningu þeirri sem opnuð var í Hafnarfjarðarkirkju um síðustu helgi. Aðalefni sýningarinnar er Hafnarfjarðartogari Júlí sem fór niður á Nýfundnalandsmiðum 8. eða 9. febrúar og með honum þrjátíu menn. Í þungu vetrarveðri þessa daga fyrir 65 árum gerðist fleira. Hermóður var að koma frá Eyjum þegar skipið fórst með tólf mönnum í stormi og stórsjó við Stafnes á Reykjanesskaga.

Egill Þórðarson loftskemtamaður í Hafnarfirði tók saman upplýsingar um Hermóð og örlög skipsins. Sr. Þorvaldur Karl Helgason dró svo saman ýmsan fróðleik um skipverja, ættir þeirra og skyldulið. Samantekt um þetta er að finna á veggspjöldum sem nú eru í safnaðarheimili kirkjunnar.

Skipstjóri á Hermóði í síðustu ferð var Ólafur G. Jóhannsson, sem alla jafna var þó stýrimaður. Fastur skipstjóri annars var Guðni Thorlacius (1908-1975), afi Guðna Th. Jóhannessonar núverandi forseta Íslands. Við undirbúning sýningarinnar

var Guðni mönnum innan handar við ýmsa upplýsingaöflun, en sem sagnfræðingur hefur hann meðal annars lagt sig eftir landhelgismálum og sjávarútvegi. Einnig hefur honum runnið saga afa síns til rifja.

Í ávarpi sem Guðni Th. flutti við minningarstundina í Hafnarfjarðarkirkju gerði hann að umfjöllunar-efni árangur sem náðst hefði í slysavarnamálum sjómanna. Nú liðu jafnvel heilu árin án þess að mannskaði yrði á hafi úti. Miklu hefði líka verið kostað til.

Frá byrjun 20. aldar hefðu aukin lífsgæði og framfarir á Íslandi að miklu byggst á framförum í sjávarútvegi. Jafnhliða því hefði öryggi til sjávar verið aukid. Þarna hefði mjög munað um vitaskipið Hermóð sem kom til landsins árið 1947 og naut við í tólf ár. „Þar um borð lögðu menn því sitt af mörkum, reyndar einnig við landhelgisgæslu þegar aðrar annir leyfðu. Áhöfnin var samhent, andinn góður,“ sagði forseti Íslands. Í ávarpi sínu þakkaði hann frumkvæði þeirra sem stóðu að minningarstundinni í Hafnarfjarðarkirkju og standa að sýningunni þar.

„Þetta er svo sannarlega virðingarvert og fallegt framtak,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson.

Bjartsýni um að loðnan sé loksins fundin

● Rannsóknar- og uppsjávarskip leita loðnu í Rósagarðinum

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

Mögulegt er að loðnu hafi orðið vart í Rósagarðinum svonefnda, sem er fiskimið suðaustur af landinu, en þrjú skip sem voru af koma af kolmunna-veiðum á miðunum suður og suðaustur af Færeyjum fengu lóðningar sem gáfu til kynna að umtalsvert magn af loðnu eða síld væri á svæðinu.

Hafrannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni og uppsjávarskipinu Polar Ammassak, sem verið hefur í loðnuleit norðaustur af landinu, var stefnt á svæðið og búist var við því að þau kæmu þangað í gærkveldi.

Guðmundur J. Óskarsson, sviðstjóri uppsjávarsviðs Hafrannsóknastofnunar, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að torfu hefði orðið vart á þessum slóðum í fyrradag þegar Svanur RE og síðan Hákon EA urðu varir við torfuna.

„Við fengum skipin, í samvinnu við útgerðirnar, sem eru að koma af kolmunnamíðunum sunnan við Færeyjar til að raða sér upp eftir mismunandi línum á landleiðinni til Austfjarðahafna og leita að loðnu á innstíminu. Það bar strax þennan árangur, Svanur sá strax ágætis torfur og í kjölfarið voru Hákon EA og Hoffell SU fengin til að fara 10 mílum sitthvoru megin við Svan og sáu þau torfur líka á þokkalega stóru svæði,“ segir Guðmundur.

Spurður hvort hægt sé að áætla það magn sem kunnir að vera á ferðinni segir Guðmundur að þetta hafi verið ágætis lóðningar en erfitt sé að segja til um það á þessu stigi máls.

„En það var ganga þarna á ferðinni, það er augljóst. En það er ekki staðfest enn að þetta sé loðna. Hákon ætlaði að reyna að taka sýni, en það gekk ekki vegna veðurs. Bjarni Sæmundsson er að fara á svæðið og veður er



Morgunblaðið/Börkur Kjartansson

Svanur RE Uppsjávarskip Brims hf., Svanur RE, varð fyrst vart við fiskitorfu í Rósagarðinum sem líklegt er talið að sé loðna.

að verða gott til leitar og verður næstu tvo dagana,“ segir Guðmundur. Bjarni mun taka sýni úr torfunni til að kanna með tegundasamsetningu og lengdardreifingu, en lengd fiskisins skiptir máli þegar verið er að umreikna bergmálgildin sem koma út úr rannsóknunum yfir í fjölda fiska.

Guðmundur segir að takast muni að ná yfir leitarsvæðið á tveimur til þremur dögum. „Og ef þetta er loðna, þá er gott að hún sé að koma til hrygningar og að verður bónus ef kvóti kemur út úr þessu,“ segir hann.

Þrjú uppsjávarveiðiskip hafa verið í loðnuleit það sem af er ári, Ásgrímur Halldórsson, Heimaey og Polar Ammassak, auk hafrannsóknaskipanna Árna Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar. Lítið hefur gengið hjá þeim enn sem komið er. Á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar kemur fram að eftir standi að fara yfir Vestfjarða-

mið en Heimaey og Polar Ammassak þurftu frá að hverfa þaðan um sl. helgi vegna veðurs. Einnig kom þar fram að líklegast yrði lögð áhersla á loðnuleit norðvestur af landinu og undan Vestfjörðum, ásamt Suðausturmiðum þar sem nú eru komnar fram vísbendingar um loðnu. Stórt svæði hefur þegar verið leitað norðan og austan við land, en lítið af loðnu fundist.

Spurður hvar sú loðna hafi haldið sig sem nú kann að hafa fundist segir Guðmundur að hún hafi mögulega haldið sig djúpt norður eða austur af landinu, sem ekki er alvanalegt, þótt áður hafi það hent. Þá sé ekki hægt að útiloka að loðna geti fundist undir ís vestur af landinu og kynni þá að koma fram í vesturgöngu, en slíkar göngur eiga sér stað öðru hvoru. Hann kveðst þó bjartsýnn á að loðnan sé loks fundin. „Við teljum að þetta sé loðna,“ segir hann.

FERSKIR VINDAR -grænni lausn



World Dryer AirMax - Sjálfvirkur

Mjög sterkir og endingargóðir. Hentugir þar sem skemmdarverk eru möguleg eða krefjandi umhverfi. 2100 w, 160 km/klst., 74 db/2 mtr. 15 sek. þurrktími. 2300w. 10 ára ábyrgð (5 ára á skynjara). Litir: Hvítt, Ryðfrítt og burstað pólerað stál.

74.369,- m/VSK



World Dryer VERDEri - Sjálfvirkur

Kraftmikill og neyslugrannur blásari (950w), 12 sek. þurrkun. HEPA sía minnkar losun á heilsuspillandi efnum (lágmark 99.97% 0.3 microns +). SteriTouch bakteríueyðandi fletir, sterkbyggður (varinn gegn skemmdarverkum). Litir: Ryðfrítt stál, hvítt og svart.

123.969,- m/VSK

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum



Bjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum



Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is

Afurðaverð á markaði

14. febrúar, meðalverð, kr./kg

Þorskur, óslægður	484,83
Þorskur, slægður	604,73
Ýsa, óslægð	230,24
Ýsa, slægð	207,93
Ufsi, óslægður	249,83
Ufsi, slægður	281,66
Gullkarfi	382,17
Blálanga, slægð	248,78
Langa, óslægð	260,59
Langa, slægð	293,21
Keila, óslægð	52,76
Keila, slægð	157,99
Steinbítur, óslægður	236,88
Steinbítur, slægður	295,60
Hlýri, óslægður	300,41
Hlýri, slægður	306,77
Skötuselur, slægður	490,77
Skarkoli, slægður	521,06
Þykkvalúra, slægð	1.177,46
Langlúra, óslægð	214,00
Langlúra, slægð	252,00
Sandkoli, óslægður	142,80
Grásleppa, óslægð	1.201,92
Hrogn/ýsa	212,06
Hrogn/þorskur	645,08
Lúða, slægð	918,03
Lýsa, slægð	132,68
Sandhverfa, slægð	1.290,00
Stórkjaffa, slægð	522,00
Undirmálsýsa, óslægð	59,35
Undirmálsýsa, slægð	111,27
Undirmálsþorskur, óslægður	284,95
Undirmálsþorskur, slægður	265,36

Undirfatadagar í Curvy

20% afsláttur

Af öllum undirfötum

Dagana 13-19 febrúar

Sjáðu úrvalið í netverslun www.Curvy.is
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Curvy 

Comfy toppur
Stærðir: 42-58
3.672 kr
~~4.590 kr~~



Sangria Samfella
Stærðir: 42-52
7.192 kr
~~8.990 kr~~



Lara Lace Bralette
Stærðir: 42-58
7.192 kr
~~8.990 kr~~

Lara Lace Nærbuxur
Stærðir: 42-58
4.552 kr
~~5.690 kr~~



July Mótaður BH
Stærðir: 85-110,
B-H skálar
7.992 kr
~~9.990 kr~~



Front Close BH
Stærðir: 80-115,
B-H skálar
10.392 kr
~~12.990 kr~~



OMX I15 2.542 -0,47 %	OMX C 1.884 0,71 %	OMX H 9.689 0,06 %	Dow Jones 38.303 0,08 %	FTSE 7.568 0,75 %
OMX N40 2.664 0,89 %	OMX S 2.362 0,40 %	OSEBX 1.250 0,82 %	Nasdaq 15.768 0,72 %	DAX 16.945 0,38 %



Teymi Jani Moilanen, forstjóri Kaisanet Oy sem tilheyrir Herman IT, Björn Brynjúlfsson, forstjóri og stofnandi Borealis Data Center, Arttu Saino, sérfræðingur hjá Borealis Data Center Kajaani, og Richard Stern, stjórnandi framkvæmda og gagnaverspróunar hjá Borealis Data Center.



Finnland Gagnaverið er í fyrirverandi pappírsværksmiðju sem nú er iðngarður.

Borealis Data Center kaupir gagnaver í Kajaani í Finnlandi

● Vendipunktur í rekstri félagsins

Gagnaversfyrirtækið Borealis Data Center sem rekur þrjú gagnaver hér á landi, á Blönduósi, Fitjum í Reykjanesbæ og á Korputorgi í Reykjavík, hefur fest kaup á gagnaveri í Kajaani í Finnlandi. Kaupverð er trúnaðarmál. Verið verður fyrsta starfsstöð félagsins erlendis. Samhliða kaupnum er stefnt að frekari stækkun á gagnaverinu.

Með fjárfestingu Borealis í Finnlandi eru öll stóru íslensku gagnaverin með starfsemi utan landsteinanna.

Kajaani er bær í Norður-Finnlandi og er gagnaverið staðsett í

fyrirverandi pappírsværksmiðju sem umbreytt hefur verið í iðngarð, Renforsin Ranta Business Park.

Finnland og Ísland eiga það sameiginlegt að kalt loftslag er hagstætt fyrir rekstur gagnavera ásamt endurnýjanlegum orkugjöfum. Björn Brynjúlfsson, forstjóri Borealis Data Center, segir að um vendipunktur í rekstri Borealis sé að ræða. „Það er stórt skref fyrir okkur sem félag að koma okkur fyrir í öðru Norðurlandarkí, sér í lagi í ljósi núverandi aðstæðna í viðskipta- og raforkuumhverfi Íslands,“ segir Björn í samtali við Morgunblaðið.

Stækkar með tímanum

Hann segir að stefnt sé að því að stækka gagnaverið upp í 10 MW á næstu misserum og umfram það til lengri tíma til að auka stærðarhagkvæmni, sem skipti máli í gagnaversrekstri, sér í lagi eftir því sem kröfur aukast. „Gagnaverið er sérhæft í þjónustu við viðskiptavinum sem þurfa aðgengi að háhraðatölvum og gervigreindarvinnslu. Þetta er hágæða gagnaver með ríkum uppítmakröfum og er með fjölbreytta og vandaða viðskiptavinum, bæði finnska og alþjóðlega.“ *tobj@mbl.is*

15. febrúar 2024	
Gjaldmiðill	Gengi
Dollari	137.77
Sterlingspund	174.74
Kanadadalur	102.47
Dönsk króna	19.947
Norsk króna	13.157
Sænsk króna	13.217
Svissn. franki	156.84
Japanskt jen	0.9226
SDR	182.83
Evra	148.7
Meðalgengi/Viðskiptavog þróng	179.3789



Morgunblaðið/Hari

Póstur Ríkis greiðir Íslandspósti endurgjald vegna kostnaðarbyrðar af alþjónustuskyldum fyrirtækisins.

Vísbendingar uppi um ofgreitt endurgjald

- Viðskiptalegar forsendur til staðar vegna pakkasendinga
- Hundruð milljóna í endurgjald vegna pakka undanfarin ár

Andrea Sigurðardóttir
andrea@mbl.is

Byggðastofnun hefur ákvarðað að íslenska ríkið skuli greiða Íslandspósti (ÍSP) tæplega 487 milljónir króna í endurgjald vegna svokallaðs hreins kostnaðar við alþjónustu á síðasta ári. Lækkun á endurgjaldi milli ára í kjölfar breytingar á alþjónustukvöð á pakkasendingum innanlands gefur vísbendingu um að ÍSP hafi þegið endurgjald frá íslenska ríkinu vegna þjónustu sem viðskiptalegar forsendur voru fyrir.

Í einfölduðu máli má lýsa endurgjaldi ríkisins til ÍSP sem nokkurs konar bótum sem greiddar eru vegna kostnaðar sem fellur til við þjónustu sem ÍSP ber að veita samkvæmt lögum, sem ekki eru viðskiptalegar forsendur fyrir og ætla megi að félagið myndi ekki kjósa að veita ef ekki væru kvaðir um slíkt fyrir hendi.

Endurgjald ríkisins til ÍSP vegna ársins 2023 skiptist þannig að 465 milljónir eru vegna dreifingar með landpóstum, það er dreifingar í dreifibýli, 27 milljónir vegna dreifingar á óvirkum markaðssvæðum í þéttbýli og 14 milljónir vegna dreifingar á blindrasendingum. Þá nemur ávöxtunarkrafa ÍSP 20 milljónum. Til frádráttar þessum fjárhæðum er áætlaður markaðsávinningur sem nemur ríflega 39 milljónum.

Virk samkeppni á óvirkum markaðssvæðum

Endurgjaldið lækkar um 178 milljónir milli ára, en mestu munar þar um

Bréfpóstur á niðurleið

» Á síðasta ári fór ÍSP þess á leit við Byggðastofnun að virkt markaðssvæði með tilliti til bréfsendinga yrði endurskoðað. Áætlanir ÍSP fyrir 2024 gera ráð fyrir 56% fækkun innlendra bréfsendinga frá ársbyrjun 2020. ÍSP segir afleiðingu þessarar fækkunar hafa verið tap á dreifingu bréfa á svæðum sem skilgreind voru sem virk markaðssvæði. Byggðastofnun féllist á ósk ÍSP og hefur höfuðborgarsvæðið síðan eitt talist virkt markaðssvæði í því samhengi.

að alþjónustukvöðum um dreifingu pakka innanlands, sem vega allt að 10 kílóum, hefur verið aflétt nema á strjálbýlustu svæðum landsins. Þannig eru áhrifin mest á fjárhæð greiðslu vegna dreifingar á óvirkum markaðssvæðum í þéttbýli en hún lækkar milli ára úr 220 milljónum í 27 milljónir.

Nokkur styr hefur staðið um ákvörðun sem tekin var árið 2021 um að útvíkka skilgreiningu á óvirkum markaðssvæðum í þéttbýli úr 500 póstlögum heimila og fyrirtækja í 750. Með því féllu kaupstaðir á borð við Neskaupstað undir óvirk markaðssvæði, þrátt fyrir að í flestum þeirra sé virk samkeppni með pakkþjónustu

fyrir hendi, jafnvel fimm daga vikunnar.

Í því samhengi má geta þess að ÍSP hefur þjónustað kaupstaði sem heyra undir óvirk markaðssvæði fimm daga vikunnar, að því er virðist á samkeppnisforsendum, enda er lágmarksviðmið alþjónustukvaðar að óvirk svæði njóti þjónustu tvo daga í viku.

Vísbendingar um viðskiptalegar forsendur

Hin mikla lækkun á greiðslu ríkisins til ÍSP vegna dreifingar á óvirkum mörkuðum bendir til þess að ÍSP hafi þegið greiðslu frá íslenska ríkinu vegna þjónustu á óvirkum markaðssvæðum þrátt fyrir að viðskiptalegar forsendur hafi verið fyrir hendi, og þannig verið í virkri samkeppni niðurgreiddri af íslenska ríkinu. Sú staðreynd að ÍSP hefur ekki gert neinar breytingar á þjónustunni eftir að alþjónustukvöð var afnumin rennir frekari stöðum undir það.

19 milljóna króna kostnaður vegna greiðslutafar

Í ákvörðun Byggðastofnunar er ítrekuð æskileg tilhöggun á greiðslu alþjónustuframlags en stofnunin hefur lagt áherslu á að komið verði á samtímagreiðslum vegna þjónustunnar. Þannig hafi greiðsla vegna ársins 2022 borist ÍSP mjög seint sem varð til þess að félagið þurfti að fjármagna rekstur sinn að hluta með skammtímalánum, en fjármagnskostnaður af þeim sökum nam rúmlega 19 milljónum króna, sem er óásætlanlegt að mati stofnunarinnar.

Þægilegir og flottir götuskór



Koopa
16.995 kr./ St. 41-47,5



Koopa
16.995 kr./ St. 39,5-46



Flex Appeal 5.0
14.995 kr./ St. 36-41



Flex Appeal 5.0
14.995 kr./ St. 36-41



KRINGLAN - SMÁRALIND - SKÓR.IS



Útsalan er hafin



Skíðafatnaður
30-50% afsláttur



Mammut útivistarfatnaður
30-50% afsláttur



Swix gönguskíðafatnaður
30-50% afsláttur



Mammut Protect Down
40% afsláttur
Verð **113.995,-**
68.397,-



Valdir bakpokar
50% afsláttur




Fjallaskíðaskór
30-50% afsláttur



Valin barnaskíði
87-117cm
30% afsláttur



Barnabretti og bindingar
30% afsláttur



Fjallaskíði
30-50% afsláttur



Head V-shape V8
Svígskíði **30% afsláttur**
Verð **115.995,-**
81.197,-



Fischer TS Race
Gönguskíði m. bindingum
Verð **95.995,-**
57.597,-



Rossignol Delta
Sport R-Skin
Gönguskíði m. bindingum
Verð **65.995,-**
35.000,-



Rossignol X-Tour
Escape R-Skin
Gönguskíði m. bindingum
Verð **49.995,-**
30.000,-



Åsnes Amundsen
Ferðaskíði - Án bindinga
Verð **89.995,-**
45.000,-



Rossignol Positrack
Ferðaskíði - Án bindinga
Verð **59.995,-**
30.000,-



HEAD
NORTHUG



Everest

BANDARÍKIN

Ákærðu ráðherra og misstu þingsæti



Alejandro Mayorkas

Bandaríkjaþing með 214 atkvæðum gegn 213.

Meirihluti repúblikana í deildinni reyndi í síðustu viku að ákæra Mayorkas, en þá var tillagan felld með tveimur atkvæðum. Munaði nú því að einn demókrati var fjarverandi vegna kórónuveirusmits.

Mayorkas er gefið að sök að hafa vanrækt suðurlandamæri Bandaríkjaþinga, en talið er líklegt að meirihluti demókrata í öldungadeildinni vísi ákærinni frá við fyrsta tækifæri þegar hún kemur á borð deildarinnar.

Niðurstaða fulltrúadeildarinnar lá fyrir um tveimur klukkustundum áður en kjörstöðum var lokað í 3. kjördæmi New York-ríkis, en þar fór fram aukakosning um þingsæti repúblikans George Santos, sem rekinn var úr deildinni í desember vegna meintra lögbrotu.

Demókratinn Tom Suozzi fékk þar 53,9% atkvæða og repúblikaninn Mazi Pilip 46,1%, en Santos vann þingsæti sitt fyrir tveimur árum með svipuðum mun. Suozzi er talinn á hægri væng Demókrataflokkisins, en hann var þingmaður kjördæmisins frá 2016-2022.

Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti í fyrri nótt ákæru til embættismissis á hendur Alejandro Mayorkas heimavarnarráðherra

Greiddu flotunum þungt högg

● Úkraínnumenn réðust á rússneskt liðsflutningaskip á Svartahafi ● Hafa tekið um þriðjung Svartahafsflotans úr umferð ● Landherinn í varnarstöðu gegn Rússum

Stefán Gunnar Sveinsson
sgs@mbl.is

Úkraínnumenn sögðust í gær hafa sökkt rússneska liðsflutningaskipinu Caesar Kunikov á Svartahafi, en HUR, leyniþjónusta Úkraínher, sendi frá sér myndband sem sýndi sjávardróna af gerðinni Magura V5 gera árást á skipið. Íbúar í nágrenni Jalta sögðust á samfélagsmiðlum hafa heyrt háværar sprengingar af Svartahafi um það leyti sem árástin var gerð.

Jens Stoltenberg framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins fagnaði í gær tíðindunum og sagði að Úkraínnumenn hefðu náð að greiða Svartahafsflotunum mörg þung högg. „Og það er mikið afrek, stór sigur fyrir Úkraínnumenn,“ sagði Stoltenberg, en ein afleiðing þessa er sú að Úkraínnumenn geta nú hafið kornflutninga sjóleiðina um Svartahaf.

Sagði í yfirlýsingu HUR um árásina að drónarnir hefðu náð að opna gat á bakborða skipsins, sem hefði sökkt því. Þá sagði HUR að tilraun til að bjarga skipverjum hefði farið út um þúfur og að flestir þeirra hefðu farist, en 89 manns voru skráðir í áhöfn skipsins.

Rússnesk stjórnvöld vildu ekki staðfesta að skipinu hefði verið sökkt í gær, en í tilkynningu þeirra sagði einungis að sex sjávardrónar hefðu verið eyðilagðir. Rússneskir herbloggarar tjáðu sig ekki um örlög skipsins, en sögðu að mjög líklegt væri að Úkraínnumenn hefðu náð að hitta skipið. Þá sögðu þeir að þvert á það sem sagði



AFP/Úkraínher

Á vígstöðvunum Oleksandr Sirskí, hinn nýi yfirmaður heraflla Úkraínu, heimsótti í gær vígstöðvarnar við Avdívka og sagði stöðuna þar flókna.

í tilkynningu HUR um árásina hefði tekist að bjarga áhöfn skipsins.

Þriðjungur flotans úr umferð

Úkraínnumenn hafa með árásinni í gær náð að sökka eða taka úr umferð 25 af þeim 74 herskipum sem tilheyrðu Svartahafsflota Rússa fyrir innrás þeirra í Úkraínu, eða sem nemur um þriðjung flotan. Þar á meðal er flaggskip flotan, Moskva,

sem Úkraínnumenn sökkuðu í apríl 2022. Þá hafa Úkraínnumenn einnig náð að taka tvær af fjórum freigátum flotan úr umferð og sökka einum af sex eldflaugakafbátum Rússa í Svartahafi á þeim nærri tveimur árum sem liðin eru frá upphafi innrásar Rússa.

Úkraínnumenn réðust einnig á höfuðstöðvar Svartahafsflotan í Sevastopol á Krímskaga í september sl., en Viktor Sokolov yfirmaður flotan hefur ekki

sést á almannaferi síðan sú árás var gerð. Megnið af herskipum Rússa á Svartahafi var flutt til borgarinnar Novorossisk í kjölfar árásarinnar á höfuðstöðvarnar.

Flókin og erfið staða á landi

Oleksander Sirskí, undirhershöfðingi sem skipaður var yfirmaður allra herja Úkraínu í síðustu viku, heimsótti í gær vígstöðvarnar við bæinn Avdívka, en harðir bardagar hafa geislað í nágrenni hans síðustu vikur og mánuði.

Sagði Sirskí að staðan væri mjög flókin og erfið fyrir Úkraínnumenn, sér í lagi þar sem Rússar hefðu meira herlið í nágrenninu. Bætti hann við að Úkraínher væri nú kominn í varnarstöðu gegn Rússum og að hann myndi reyna að valda eins miklu mannfalli meðal Rússa og mögulegt væri.

Sirskí hét því einnig að varnarlið Úkraínnumanna í bænum Avdívka fengi liðsauka til þess að verjast Rússum, sem hafa lagt mikla áherslu síðustu mánuði á að umkringja og hertaka bæinn. Þykir líklegt að Avdívka falli í hendur Rússa á næstu vikum, en Sirskí sagði á samfélagsmiðlum að allt yrði gert til þess að koma í veg fyrir að Rússar gætu hafið sókn inn á úkraínskt landsvæði.

Rússar skutu í gær eldflaugum að bænum Selídove, sem er skammt frá Avdívka, og hæfðu þær sjúkrahús. Þrennt féll í árásinni, barnshafandi kona sem og móðir og barn. Talið er að tólf til viðbótar hafi særst, þar á meðal sex mánaða gamalt ungbarn.



Klíníkin, Ármúla 9, 108 Reykjavík.

Við kynnum Steinar Ólafsson, skurðlæknir sem hefur hafið störf hjá okkur á Meltingarklíníkinu. Steinar er menntaður skurðlæknir frá Aarhus Universitetshospital og tekur að sér mat vegna kvíðverkja, meltingartruflana, ristil og endaparmsvandamála (gyllinæð og endaparmsprungur). Hann framkvæmir maga- og ristilspeglanir.

Meltingarklíníkin leggur áherslu á forvarnir gegn ristilkrabbameini, ristil- og magaspeglanir og meðferð kvilla í endaparmi. Tækjabúnaður er með þeim besta sem völ er á og gervigreind er beitt til að greina forstíg (sepa) krabbameina í ristli og endaparmi.

Meltingarklíníkin ehf.



AFP/Said Khatib

Loftárásir Reykur liðast hér yfir borgina Khan Yunis eftir loftárás Ísraelsmanna á suðurhluta Gasasvæðisins í gær.

Loftárásir í Líbanon og á Gasasvæðinu

● Macron segir að aðgerðum Ísraela verði að linna

Ísraelsher sagðist í gær hafa gert loftárásir á skotmörk í bæjunum Adshit og Sawwaneh í suðurhluta Líbanons sem tengjast Hesbollah-hryðjuverkasamtökunum eftir að samtökin skutu eldflaugum að norðurhluta Ísraels. Lenti ein þeirra á ísraelskri herstöð með þeim afleiðingum að einn hermaður féll, en auk þess særðust minnst sjö óbreyttir borgarar í eldflaugaárásunum.

Ríkisfréttastofa Líbanons sagði að þrjár óbreyttir borgarar hefðu fallið í loftárás Ísraela á Sawwaneh og að einn hefði fallið í loftárásinni á Adshit, og sögðu talsmenn Hesbollah-samtakanna að sá hefði verið vígamaður á þeirra vegum.

Hesbollah-samtökin og Ísraelsher hafa skipst á skotum nær daglega frá því að Hamas-samtökin frömdu hryðjuverk sín í Ísrael 7. október

síðastliðinn og hafa skærur þeirra vakið ótta um að átökin á Gasasvæðinu gætu breiðst út til annarra ríkja Mið-Austurlanda.

Hassan Nasrallah, hæstráðandi Hesbollah-samtakanna, sagði í fyrradag að þau myndu ekki láta af árásum sínum fyrr en Ísraelsher hætti árást sinni á Gasasvæðið, en talsmenn Ísraels hers hafa sagt að herinn muni svara öllum árásum Hesbollah-samtakanna.

Macron vill vopnahlé

Ísraelsmenn héldu áfram loftárásunum sínum á suðurhluta Gasasvæðisins, bæði í borginni Khan Yunis og í Rafah-borg, en talið er að Ísraelsher undirbúi nú aðgerðir á jörðu niðri í borginni.

Emmanuel Macron Frakklandsforseti ræddi í gær símlíðis við Benja-

mín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og sagði að mannfali meðal óbreyttra borgara á Gasasvæðinu væri óþolandi.

Sagði Macron að aðgerðum Ísraelsmanna á Gasasvæðinu yrði að linna sem fyrst og varaði við því að hertaka Rafah-borgar myndi einungis leiða til algjörs neyðarástands meðal almennings þar og auka líkunar á stærra stríði í Mið-Austurlöndum.

Macron hvatti einnig til vopnahlés, en fulltrúar Hamas-samtakanna tóku í gær þátt í vopnahlésviðræðum sem haldnar voru í Kaíró með milligöngu stjórnvalda í Egyptalandi og Katar. Er markmið viðræðanna að koma aftur á vopnahlé þar sem skipst yrði á gíslum samtakanna og Palestínunönnum sem nú sitja inni í ísraelskum fangelsum. Voru viðræðurnar í gær sagðar á réttu leið.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguáls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Forgangsréttar- og almennt útböð 16. – 21. Febrúar

Forgangsréttar- og almennt útböð á nýjum hlutum í Solid Clouds hf. hefst kl. 10:00, föstudaginn 16. febrúar 2024 og lýkur kl. 16:00 þriðjudaginn 20. febrúar 2024.

Í útböðinu eru boðnir til sölu að lágmarki 90.000.000 nýir hlutir í Solid Clouds hf. Gefi eftirspurn tilefni til, hefur útgefandi heimild til að fjölga seldum hlutum í útböðinu um allt að 100.000.000 hluti, þannig að fjöldi seldra hluta muni samtals verða allt að 190.000.000.

Solid Clouds hf. býður til opins kynningarfundar í tengslum við fyrirhugað hlutafjárútböð á morgun, föstudaginn 16. febrúar kl. 10:00. Vefstreymið verður aðgengilegt á vefsíðu Solid Clouds hf, www.solidclouds.com og á vef umsjónaraðila www.arctica.is/solidclouds-utbod

Tekið verður við áskriftum á útböðstímabilinu á eftirfarandi vefsíðu: www.arctica.is/solidclouds-utbod

Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíðu umsjónaraðila, Arctica Finance hf., www.arctica.is og á vefsíðu Solid Clouds hf., www.solidclouds.com

Útböðið mun fara fram á grundvelli almenns hlutafjárútböðs til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum þar sem hluthafar Solid Clouds hf. njóta forgangs að hinum nýju hlutum, en að forgangsrétti frágengnum verða hinir nýju hlutir boðnir almennum fjárfestum í almennu útböði sem fer fram samhliða forgangsréttarútböðinu

	Forgangsréttarútböð	Almennt útböð
Stærð útböðs: ¹⁾	90.000.000 hlutir (um 23% eignarhlutur eftir útgáfu)	
Lágmarksfjárhæð:	Engin lágmarksfjárhæð	Fjárfestar á Íslandi
Þátttaka:	Forgangsréttarhafar	Lágmarksfjárhæð:
Verð:	2 kr. á hvern hlut	
Úthlutun: ²⁾	Stjórn Solid Clouds hf. ákveður úthlutun til fjárfesta í almenna útböðinu. Nýjum hlutum verður fyrst úthlutað til þeirra aðila sem njóta forgangsréttar. Verði nýjum hlutum óúthlutað eftir forgangsréttarútböð koma þeir til úthlutunar í almenna útböðinu.	
Áskriftartímabil:	Frá kl. 10:00 föstudaginn 16. febrúar til kl. 16:00 þriðjudaginn 20. febrúar 2024	

Fjárfesting einstaklinga í hlutabréfum Solid Clouds hf., að uppfylltum ýmsum skilyrðum, getur veitt heimild til frádráttar á tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattsstofni. Til þess að nýta framangreindan skattafrádrátt skal fjárfestingin nema á bilinu 300.000. kr. til 15.000.000 kr. og eignarhaldstíminn vera að lágmarki þrjú ár.³⁾

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útböðinu er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Solid Clouds hf. eru fjárfestar hvattir til að kynna sér upplýsingar um Solid Clouds hf. og skilmála útböðsins sem dagsettir eru 14. febrúar 2024. Nánari upplýsingar má finna í skilmálum útböðsins á vefsíðu félagsins www.solidclouds.com eða á vef umsjónaraðila www.arctica.is/solidclouds-utbod

Útböðið er undanþegið gerð lýsingar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útböði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

- Gefi eftirspurn tilefni til, hefur útgefandi heimild til að fjölga seldum hlutum í útböðinu um allt að 100.000.000 hluti, þannig að fjöldi seldra hluta muni samtals verða 190.000.000 (um 39% eignarhlutur eftir útgáfu).
- Úthlutun til fjárfesta í almenna útböðinu er háð því að áskrift hafi ekki fengist að öllum hinum nýju hlutum í forgangsréttarútböðinu. Af þeim sökum mun úthlutun í almenna útböðinu eiga sér stað eftir úthlutun í forgangsréttarútböðinu.
- Nánari upplýsingar má finna á <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradrattur/hlutabrefafradrattur>. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að leita sér sérfræðiráðgjafar varðandi skattamál.

Arctica Finance hefur umsjón með útböðinu.

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur JohannessenAstoðarritstjóri:
Karl Blöndal

Jöfnum leikinn

Óli Björn Kárasón og nokkrir aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram frumvarp

Frumvarp um Ríkis-
útvarpíð og fjöl-
miðlaumhverfið er
allrar athygli vert

um breytingar á starfsemi Ríkisútvarpisins og rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Haft er eftir Óla Birni í tilkynningu um frumvarpið að með því sé ætlunin að „jafna stöðuna á fjölmiðla-markaði, draga úr forréttindum ríkisfjölmiðils og styrkja stöðu sjálfstæðra fjölmiðla“.

Reynslan sýnir að full ástæða er til að gera breytingar í þessa átt. Árum saman hefur verið bent á erfitt rekstrarumhverfi einkarekinna miðla, meðal annars vegna óvæginna samkeppni frá ríkismiðlinum á auglýsingamarkaði, og afleiðingarnar hafa meðal annars birst í fækkun einkarekinna miðla og erfiðleikum í rekstri þeirra.

Í fyrrgreindu frumvarpi er gert ráð fyrir að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpisins þannig að það verði ekki opinbert hlutafélag heldur ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn eins og áður var. Þá verði útvargjaldid afnumið, en fyrirkomulag þess hefur á undanförunum árum tryggt Ríkisútvarpinu verulega auknar tekjur vegna fjölgunar íbúa hér á landi þó að sú fjölgun hafi engan kostnað í för með sér fyrir ríkisfyrirtækið og stór hluti þeirra sem hafi bæst við sem greiddendur geti ekki nýtt sér þjónustuna þar sem þeir skilja ekki íslensku.

Nýlegt svar menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Vilhjálmis Árnasonar alþingismanns leiðir þetta vel í ljós. Þar segir að á „árunum 2017-2023 hafa framlög til Ríkisútvarpisins hækkað um 1.606 millj. kr. þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar“. Ríkisútvarpíð hefur sem sagt notið þess mjög ríkulega hve margir hafa flutt til landsins og um leið aukið verulega auglýsingatekjur sínar. Í svarinu kemur einnig fram að framlag til Ríkisútvarpisins sé undanskilið „hagræðingarkröfu enda er framlagið reiknað út frá ákveðnu tekjumódeli sem haldið er utan um í fjármála- og efnahagsráðuneytinu“. Þetta er fyrirkomulag sem hefur tryggt Ríkisútvarpinu forskot í tekjuöflun á aðra starfsemi ríkisins og í greinargerð með fyrrgreindu frumvarpi er til dæmis bent á að „launakostnaður Ríkisútvarpisins er hærri en heildarlaunakostnaður allra dómstóla á Íslandi til samans. Það skýtur skökku við að kostnaður ríkisins við launagreiðslur eins fjölmiðils sé hærri en við dómskerfið í heild sinni og sýnir það fram á þörf þess að endurmeta rekstur Ríkisútvarpisins.“

Frumvarpshöfundar nefna einnig að heildartekjur Ríkis-

útvarpisins séu ríflega 7 milljarðar króna á ári og telja þeir að það gæti „hæglega sinnt lögbundnum skyld-

um sínum fyrir talsvert lægri fjárhæð, til að mynda með því að nýta þá fjármuni sem til eru í þau verkefni sem lögbundin eru í stað þess að fjármagna starfsemi sem Ríkisútvarpíð ætti ekki að sinna, svo sem hlaðvarpsgerð“. Ekki þarf að efast um að þetta er réttmæt ábending, en tilhneiging Ríkisútvarpisins hefur verið að breiða út starfsemi sína yfir á ný svið, svo sem hlaðvörp og samfélagsmiðla í seinni tíð, sem er augljóslega nokkuð sem hægt er að spara og er aðeins til þess fallið að þrengja enn frekar að möguleikum einkaaðila.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að stuðningur við einkarekna miðla verði með öðrum hætti en verið hefur. Þar er gert ráð fyrir að beinn ríkisstyrkur falli niður en að í stað hans verði ívilnanir í gegnum skattkerfið með því annars vegar að veita undanþágu frá hluta af greiðslu tryggingagjalds og hins vegar að fella niður virðisaukaskatt af áskriftum. Í því sambandi er vísað til þess að víða í nágrannalöndum okkar sé enginn virðisaukaskattur af sölu prentmiðla og jafnvel ekki netmiðla heldur. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að þetta eigi við um sjónvarp.

Bent er á að með þessu fyrirkomulagi fengist hlutfallslega „sama lækkun á hvern fjölmiðil miðað við launakostnað og áskriftartekjur og er skattaívilnunin þannig byggð á rekstri einstakra fjölmiðla. Samkvæmt frumvarpinu verður því ekki þörf á að opinber nefnd meti hvort umsókn fjölmiðils fullnægi tilteknum skilyrðum heldur tæki sú ívilnun sem felst í undanþágum mið af starfsemi hvers og eins fjölmiðils án þess að til kostnaðar stofnist af hálfu ríkisins og fjölmiðilsins.“

Stuðningurinn við einkarekna miðla hér á landi hefur verið mjög ósanngjarn að því leyti að stærri miðlar og miðlar sem ekki eru eingöngu gefnir út á netinu hafa fengið hlutfallslega mun minni stuðning en aðrir. Þetta hefur skekkt samkeppnisstöðuna sem bætist við þá skekkju sem samkeppnin við Ríkisútvarpíð veldur. Full ástæða er til að bæta úr þessu og sú leið sem mælt er með í frumvarpinu yrði vissulega til þess þó að aðrar leiðir séu einnig færar. En mestu skiptir að breytingar í jafnræðisátt nái fram að ganga og að þær breytingar dragist ekki. Heilbrigð fjölmiðil og þar með eðlileg lýðræðisleg umræða krefst þess einfaldlega að rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla sé eðlilegt og sanngjarn.

Stjórnarsýsla umhverfis-
og orkumála stokkuð upp

BAKSVID

Guðm. Sv. Hermannsson
gummi@mbl.is

Stjórnarfrumvarp um nýja Umhverfis- og orkustofnun er nú til meðferðar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Þessari nýju stofnun er fyrst og fremst ætlað að fara með stjórnarsýslu loftslags-, umhverfis- og orkumála og málefni auðlindanýtingar og jafnframt er lagt til að Orkustofnun og sá hluti af starfsemi Umhverfisstofnunar, sem nýja stofnunin mun taka yfir, verði lagðar niður. Einnig er gert ráð fyrir sjálfstæðu Raforkueftirliti innan nýju stofnunarinnar sem sinni raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum og er tekið fram að eftirlitið leiti ekki eftir eða taki við beinum fyrirmælum frá neinni ríkisstofnun eða öðrum opinberum aðila eða einkaaðila við framkvæmd eftirlitsverkefnanna.

Guðlaugur Þ. Þórðarson, umhverfis- og loftslagsráðherra, sagði þegar hann mælti fyrir frumvarpinu í lok janúar að tillagan væri hluti af umfangsmiklum stofnanabreytingum sem hann hefði unnið að frá árinu 2022 um þrjár stærri og öflugri stofnanir í stað átta. Frumvarpið héldist í hendur við frumvarp um nýja Náttúruverndar- og minjastofnun þar sem lögð væri til sameining náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Vatnajökulspjóðgarðs og Þingvallahjóðgarðs. Verkefni Umhverfisstofnunar ættu að skiptast niður á þessar tvær nýju stofnanir.

Guðlaugur sagði að orku- og loftslagsmál væru stærstu málaflokkar okkar tíma og krefjandi markmið íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum gerðu kröfu um aukna skilvirkni. „Með aukinni samþættingu orku- og loftslagsmála væntum við þess að hægt verði að byggja aðgerðir í loftslagsmálum á sterkari gögnum og nýta þekkinguna betur,“ sagði hann og bætti við að ekki væri skynsamlegt fyrir Íslendinga að vera með margar þinulitlar stofnanir sem væru ekki burðugar og gætu ekki almennilega sinnt hlutverki sínu.

Skilvirkari stjórnarsýsla

Umsagnir sem umhverfis- og samgöngunefnd hefur fengið frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins, Samorku og



Morgunblaðið/Hafþór Hreiðarsson

Orkuver Gufuafsvirkjun Landsvirkjunar að Peistareykjum. Unnið er að sameiningu Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar í nýrri stofnun.

Landsvirkjun um málið eru almennt jákvæðar þótt nokkrir varnaglar séu slegnir. Samorka segist t.d. fagna áformum um að styrkja stjórnarsýslu á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála með það að markmiði að stuðla að skilvirkari og einfaldari stjórnarsýslu, betri nýtingu fjármagns og hagkvæmni í rekstri. Samband íslenskra sveitarfélaga telur markmið frumvarpsins metnaðarfull og bindur vonir við að sameining þessara stofnana verði farsælt skref til þess að tryggja skilvirka stjórnarsýslu og gott samstarf milli einstakra stofnana og sveitarfélaga landsins. „Sameining þessara stofnana ætti að geta náð þeim markmiðum, sé vel staðið að þeim, hvað varðar ábyrgðar- og verkefnaskiptinguna,“ segir m.a. í umsögn samtakanna.

Óg í sameiginlegri umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins segir að einfalt, skilvirk og hagkvæmt starfsumhverfi fyrirtækja skipti sköpum fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtökin hafi því hvatt stjórnvöld til að huga að þessu og nýta tækifærið við fyrirhugaðar stofnanasameiningar til að endurskipuleggja og auka skilvirkni eftirlits, draga úr opinberum samkeppnisrekstri og auka útvistun.

Illa undirbúið frumvarp

Við annan tón kveður hins vegar í umsögn Landverndar. Þar segir að lagafrumvarpið sé illa undirbúið og gæti ekki að því að báðar stofnanir, Umhverfisstofnun og Orkustofnun,

geti áfram sinnt hlutverki sínu sem skyldi.

„Ráðherra sem er áfram um sameiningar stofnanna er því eindregið hvattur til að leggja umrædd áform til hliðar og efla frekar hlutverk Umhverfisstofnunar varðandi umhverfi, náttúru, loftslag og vernd vistkerfa hafs og stranda. Þessir órjúfanlegu málaflokkar verða að vera öflugir í sjálfstæðri stjórn-sýslufagstofnun með tilhlýðilegum eftirlits og rannsóknarskyldum í anda sjálfbærrar þróunar. Með núverandi tillögu er verið að blanda saman óskyldum málaflokkum með augljósa og óæskilega skörun á milli þar sem armlengdarsjónarmið eru einmitt mjög mikilvæg. Í frumvarpinu er því ekki gætt hlutverkum þess aðhalds sem Umhverfisstofnun á að veita Orkustofnun meðal annars með lögbundnum umsagnarskrifum,“ segir m.a. í umsögninni. Í lok hennar segir síðan að hvergi í frumvarpinu hafi verið færð sannfærandi rök fyrir því að sameining þessara tveggja stofnana beri áhættan mikil og betur væri farið að halda stofnununum tveimur aðskildum en að leggja upp í slíka óvissuferð.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi um næstu áramót en Umhverfisstofnun segir í umsögn um frumvarpið að líklegt sé að það sé nú orðinn of skammur tími. Mikilvægt sé þó að gildistaka verði um áramót.

Íslensku táknmáli gert hærra undir höfði

Það var hátíðleg stund hinn 11. febrúar síðastliðinn, þegar dagur íslensku táknmálsins var haldinn með metnaðarfullri dagskrá. Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reidda sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Þannig er íslenskt táknmál eina hefðbundna minnihlutamálið á Íslandi og eina málið sem á sér lagalega stöðu utan íslenskrar tungu, líkt og kemur fram í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Á Íslandi er orðið döff notað um heyrnarlaust fólk sem talar táknmál, en það að vera döff er að líta á táknmál sem sitt fyrsta mál og tilheyra samfélagi heyrnarlausra.

Frábært starf er unnið í þágu íslensks táknmáls á hverjum degi, eins og glögglega kom fram á degi íslensks táknmáls. Einstaklingarnir í döff samfélaginu eru framúrskarandi og fékk ég þann heiður að afhenda Önnu Jónu Lárusdóttur sérstaka heiðursviðurkenningu Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnar-skertra (SHH) fyrir framlag til varðveislu íslensks táknmáls, en Anna hefur verið öflug í félagsstarfi og hagsmunabaráttu döff fólks en hún gegndi formennsku í Félagi heyrnarlausra um árabil og sat í stjórn félagsins og félagi Döff 55+ í fjölda ára. Þá hlaut Valgerður Stefánsdóttir viðurkenningu dags íslensks táknmáls fyrir hönd Málnefndar um íslenskt táknmál. Viðurkenninguna hlaut hún fyrir ómetanlegt framlag sitt til íslensks táknmáls og málsamfélags þess en þetta var í fyrsta skipti sem viðurkenningin er afhent. Valgerður varði í desember síðastliðnum doktorsritgerð í mannfræði við

Pistill



Lilja Dögg Alfreðsdóttir

Háskóla Íslands sem er frumkvöðlarannsókn og fyrsta heildstæða yfirlitið hennlendis yfir íslenskt táknmál og þróun döff menningar. Mun ritgerðin þjóna sem mikilvæg heimild fyrir komandi kynslóðir um uppruna og þróun íslensks táknmáls og fólkið sem bjó það til, döff Íslendinga.

Það er skylda íslenskra stjórnvalda að hlúa að íslensku táknmáli og styðja við það. Nú hefur Alþingi til meðferðar þingsályktun og aðgerðaáætlun í málstefnu íslensks táknmáls sem ég mælti fyrir á Alþingi á yfirstandandi þingi. Málstefnan, sem er sú fyrsta fyrir íslenskt táknmál, tekur til sex meginstöða sem skipta máli fyrir málstefnu minnihlutamálsins og áhersluþætti innan hvernar meginstöðar, en þær eru: máltaka táknmálsbarna, rannsóknir og varðveisla, jákvætt viðhorf, fjölgun undmæna íslensks táknmáls, lagaumhverfi og máltækni. Aðgerðaáætlunin inniheldur

aðgerðir sem miðast við að koma þurfi til framkvæmda á næstu þremur árum og hafa stjórnvöld nú þegar tryggt fjármuni til að fylgja þeirri áherslu eftir. Við getum gert íslensku táknmáli hærra undir höfði og það ætlum við að gera með ýmsum hætti. Í þingsályktuninni er meðal annars lagt til að dagur íslensks táknmáls verði fánadagur, líkt og tíðast fyrir dag íslenskrar tungu. Það er viðeigandi fyrir dag íslensks táknmáls. Ég vil þakka döff samfélaginu fyrir virkilega ánægjulegt samstarf og ég lít björtum augum til framtíðar þegar kemur að íslensku táknmáli.

Höfundur er menningar- og viðskiptaráðherra og varaformaður Framsóknar.



Rannsóknarköttur Mikilvægt er að hafa augun opin er götur miðborgar Reykjavíkur eru grandskoðaðar.

Aukum við gæðin með meiri miðstýringu eða heilbrigðri samkeppni?

Árið 1955 birti Milton Friedman ritgerðina Hlutverk hins opinbera í menntun, þar sem hann færir rök fyrir því af hverju opinber afskipti af fjármögnun menntunar eru réttlætunleg. Þar lagði hann til að hið opinbera ætti að láta foreldra fá ávísun fyrir menntun barnanna og svo hefði fjölskyldan frjálst val um skóla. Friedman hafði miklar áhyggjur af stöðu menntakerfisins á öllum skólastigum og taldi að skilvirkasta leiðin til að bæta menntun væri heilbrigð samkeppni á milli skóla um nemendur. Skólinn sem yrði fyrir valinu fengi ávísunina frá hinu opinbera og því yrði það keppikefli skóla að laða til sín nemendur.

Friedman færði sterk rök fyrir því að gæði myndu aukast meira með heilbrigðri samkeppni en miðstýringu hins opinbera í formi laga, reglna eða skólanámskráa. Hugmyndir um „ávisanakerfið“ hafa verið umdeildar í áratugi og Ronald Reagan var harðlega gagnrýndur fyrir að gera þær að sínum. Frá þeim sem voru lengst til hægri kom sú gagnrýni að öll ríkisútgjöld, líka til menntamála, væru af hinu illa og þeir sem voru lengst til vinstri gagnrýndu það að markaðslögmál og samkeppni ættu að stýra menntakerfinu.

Lykillinn að auknum lífsgæðum

Því miður er það svo að staðan í menntakerfinu hér á landi er ekki ósvipuð og í Bandaríkjunum árið 1955. Það er mikið áhyggjuefni að öll skólastig hér á landi glíma við þann vanda að gæðin eru ekki ásættanleg og leita verður nárra leiða til að auka gæði náms.

Sem háskólaráðherra er það mitt hlutverk að gera það sem ég get til að auka gæði háskólanáms. Ég hef meðal annars tekið þá ákvörðun að ríkið skuli ekki gera upp á milli nemenda á grundvelli þess í hvaða háskóla þeir fara. Mikil mismunur og ríkisforsjá hefur ríkt, sem hefur falist í því að fari nemandi í opin-



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

beran skóla fylgir honum 100% ríkisframlag en velji hann sjálfstætt starfandi skóla er framlagið einungis 75% af fullu framlagi. Með því að mismuna nemendum hefur ríkið komið í veg fyrir heilbrigða samkeppni og ýtt nemendum í opinbera skóla.

Hvergi færri strákar

Hafa ber í huga að sjálfstætt starfandi háskólarnir, HR, HB og LHÍ, voru dýrmæt viðbót á sínum tíma og nemendum þar fjölgaði frá því að vera 12% af öllum háskólanemum árið 2000 í það að vera mest 26% árið 2007. Frá þeim tíma, eða í 17 ár, hefur hlutfall nemenda í einkaskólum verið fast í því að vera u.þ.b. 23% af öllum háskólanemum. Æskilegt hefði verið að sjá skólana vaxa enn frekar, því þá hefðum við betur mætt þörfum atvinnulífsins með fleiri nemendum, sérstaklega fjölda karla. Einungis 14% karla á aldrinum 25-34 ára hafa lokið háskólanámi hér á landi samanborið við 20% í OECD-ríkjunum. Mun færri karlar sækja háskólanám á Íslandi en í öðrum Norðurlandarríkjum, sem öll eiga það sameiginlegt að háskólar innheimta ekki skólagjöld fái þeir fullt ríkisframlag. Við sjáum að þau ná betri árangri en við, mennta fleiri drengi og nýta sér einkarekstur enn frekar en við til að bjóða upp á öflugt menntakerfi.

Sanngirni

Jöfn tækifæri nemenda til náms, valfrelsi og heilbrigð samkeppni á milli skóla er sanngirnisráð. Ég vil því innleiða nokkurs konar „ávisanakerfi“ á háskólastigi sem felur í sér að ríkið greiðir jafn mikið með öllum nemendum óháð því hvað þeir velja, að því gefnu að skólarnir innheimti ekki skólagjöld. Einkareknu skólunum er í sjálfsvald sett hvort þeir þiggja þetta eða taka áfram við skertu framlagi og innheimta skólagjöld. Þetta er hluti af stórrí kerfisbreytingu um fjármögnun háskólastigsins sem er orðin árangurstengd, ýtir undir gæði, að

» Það sem við þurfum er öflugt einstaklingsframtak og heilbrigð samkeppni á milli háskóla – og raunverulegt valfrelsi óháð efnahag.

nemendur ljúki námi og mæti samfélagslegum áskorunum.

Heildarfjármögnun ríkisins til háskólanna er um 40 milljarðar króna á ári, en tæpir þrjú milljarðar að auki koma inn í háskólastigið af skólagjöldum fárra nemenda. Með þessari breytingu er ekki verið að auka fjármagn, heldur tryggja það að fjármagninu sem þegar hefur verið úthlutað til háskólastigsins sé dreift með sanngjarnari hætti.

Markaðsöfl eða miðstýring?

Á Íslandi ríkir samfélagsleg sátt um jafnt aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu. Menntun er öflugasta og skilvirkasta verkfærið í að tryggja öllum jöfn tækifæri. Verkfærið nýtist þó illa ef við tryggjum ekki jafnræði milli rekstrarforma. Breytt fjármögnun háskóla er áfangi á langri leið sem er fyrir höndum til að auka gæði menntunar, fjölga nemendum – ekki síst í tæknigreinum – og auka fjölbreytileika sem aldrei næst með einsleitu ríkisreknu menntakerfi.

Ég hef sagt það frá mínum fyrsta degi sem ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar að ein stærsta áskorun okkar sé að fjölga stöðum efnahagslífsins, auka verðmætastöðum, efla samkeppnishæfni Íslands og sækja þannig fram til bættra lífskjara. Til að svo megi verða þurfum við ekki frekari ríkisafskipti eða miðstýringu. Við þurfum ekki fleiri reglugerðir, lög eða gullhúðun. Það sem við þurfum er öflugt einstaklingsframtak og heilbrigð samkeppni á milli háskóla sem þurfa að leggja sig alla fram til að laða til sín ungt fólk sem fær nú loks raunverulegt valfrelsi óháð efnahag.

Höfundur er háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra.

Er kominn tími á Sundabyggð?

Ríki og sveitarfélög undirrituðu á síðastliðnu ári samkomulag um uppbyggingu 35.000 íbúða hérlendis næstu 10 árin. Reykjavíkurborg skyldi byggja 2.000 íbúðir árlega fyrstu fimm árin en 1.200 íbúðir árlega næstu fimm árin. Áformin voru viðbragð við viðvarandi húsnæðisskortri sem jafnframt er fyrirsjáanlegur til framtíðar.

Staðan hefur hins vegar tekið nokkrum breytingum með hliðsjón af jarðhræringum á Reykjanesskaga. Ofan á áður þekktu húsnæðisþörf bætist nú bráðavandi Grindvíkinga. Íbúar sveitarfélagsins þjuggu áður í tæplega 1.200 íbúðum í Grindavík en þurfa nú að leita húsnæðis annars staðar.

Sundabyggð samhlíða Sundabraut

Á fundi borgarstjórnar síðastliðinn þriðjudag lagði Sjálfstæðisflokkur fram tillögu sem byggist á því að fjölga skilgreindum uppbyggings- og svæðum í aðalskipulagi Reykjavíkur með hliðsjón af eldsumbrotum á Reykjanesskaga. Jarðhræringarnar hafa þegar sett ýmis uppbyggings- og svæðum á stórhöfuðborgarsvæðinu í uppnám. Aukinn þrýstingur hefur skapast á ný svæði og kallar fyrirlliggjandi bráðavandi á húsnæðismarkaði á yfirvegað viðbragð og skynsamlega fyrirhyggju.

Með tillögunni settum við á dagskrá umræðu um Sundabyggð – nýja íbúðarbyggð á svæðum aðliggjandi Sundabraut. Mikilvægi Sundabrautar hefur að undanförunni verið undirstrikt. Þegar sú mikilvæga samgöngubót verður að veruleika opnast fjölmörg ný uppbyggings- og svæðum aðliggjandi brautinni, til dæmis á Kjalarnesi. Hugmyndina er bæði tímabært og skynsamlegt að ræða á þessari stundu.



Hildur Björnsdóttir

Meirihlutinn klofinn um framtíð Reykjavíkur

Meirihluti borgarstjórnar treysti sér ekki til að taka afstöðu til tillögunnar á fundi borgarstjórnar. Var henni þess í stað vísað í nefnd, en þangað fara almennt allar góðar tillögur til svæfingar. Undirlliggjandi ástæðan var hin augljósa ósamstaða

» Þegar Sundabraut verður að veruleika opnast fjölmörg ný uppbyggings- og svæðum aðliggjandi brautinni.

meirihlutflokkanna í skipulagsmálum borgarinnar. Þau treysta sér ekki til að standa saman að atkvæðagreiðslum um mikilvæg skipulagsmál, enda er sýn flokkanna á framtíðarskipulag borgarinnar gjörólík. Það er ljóst að svo ósamstæður meirihluti kemur varla nokkru í verk – og undir þeirra stjórn mun ekkert breytast.

Við sjálfstæðismenn erum skýr í okkar stefnu. Við teljum nauðsynlegt að ráðast í kröftuga húsnæðisuppbyggingu um alla borg. Við viljum skipuleggja ný hverfi samhlíða því að þetta byggð innan hverfa sem hafa til þess svigrúm, í sátt við íbúa og umhverfi. Við viljum einfalda stjórn-sýsluna, stytta afgreiðslufresti og skapa umhverfi sem er vinveitt hvers kyns framtaki. Við viljum endurskoða aðalskipulag og tryggja hagstætt lóðarframboð – því þótt borgin beri ekki ein ábyrgð á húsnæðisvandinum getur hún sannarlega lagt sitt af mörkum.

Höfundur er oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Hvernig á að mæta útgjöldunum?

Það er fagnaðarefni að sjá að verðbólgan er á niðurlæð. Eins og við vitum öll og sveitarfélög. Verðbólgan þarf hins vegar væntanlega að lækka enn frekar áður en við sjáum glitta í hraustlega lækku vaxta hjá Seðlabankanum.

Við verðum þó að vera meðvituð um að lækkuin síðast skýrist að miklu leyti af útsölum í janúar. En vonandi heldur þessi þróun áfram þótt bakslagjið í kjaraviðræðunum sé vissulega áhyggjuefni. Það er þó einn stór óvissuþáttur í þessu öllu sem enn er óráðdur. Eins og við vitum er gerð mikil krafa á útgjöld ríkisins vegna kjarasamninga. Þá er mikil samstaða um það í stjórnámunum að leysa hratt og vel úr vanda Grindvíkinga þótt það muni þýða aukin ríkisútgjöld.

Það er auðvitað þannig að aukin útgjöld ríkisins geta leitt til verðbólgu ef ekki koma til skynsamlegar aðgerðir á móti, til að mynda með hagræðingu eða eftir atvikum með aukinni tekjuöflun.

Ég held að það verði seint sátt um að bregðast við þessum nýju útgjöldum með skattlagningu á það fólk sem nú er að semja um kjarabætur. Sú leið fæli í sér að ríkið væri að fjármagna kjarabætur fyrir fólkið með hægri hendi en hirta það til baka með þeirri vinstri í gegnum skattkerfið.

Í þessu samhengi má ekki gleyma að ríkið á stóran hluta bankakerfisins í landinu. Þar liggja sennilega um



Sigmar Guðmundsson

300 milljarðar króna. Frekari sala á eignarhlut ríkisins í fjármálakerfinu ætti að vera í ákveðnum forgangi núna, vegna þess að hluti af þessum nýja kostnaði ríkisins eru einskisútgjöld. Að sama skapi er brýnt að fyrirkomulag slíkrar sölu sé skýrt, einfalt og opið til að við rötum ekki í sömu ógöngur og í Íslandsbankamálinu.

» Ég sakna þess mjög að ríkisstjórnin sýni ekkert á spilin þegar við blasir möguleg útgjaldaaukning upp á allt að 150 til 200 milljarða.

Það sem snýr að varanlegum útgjöldum í tilfærslukerfin þarf hins vegar að fjármagna með öðru en eignasölu.

Ég sakna þess mjög að ríkisstjórnin sýni ekkert á spilin þegar við blasir möguleg útgjaldaaukning upp á allt að 150 til 200 milljarða. Það er líka full ástæða til að hafa áhyggjur af því að þessi ríkisstjórn muni ekki valda þessu stóra verkefni. Til þess þarf pólitíkin að ganga í takt og það höfum við svo sannarlega ekki séð við ríkisstjórnarborðið á síðustu misserum.

Höfundur er þingmaður Viðreisnar.

Stökkbreyttur samgöngusáttmáli

Pegar svonefndur samgöngusáttmáli höfudborgarsvæðisins var undirritaður árið 2019 var heildarkostnaður við verkefnið áætlaður ríflega 160 milljarðar (á verðlagi 2023). Komið hefur í ljós að kostnaðaráætlanir sáttmálans voru stórlega vanmetnar og virðist það eiga við um nær alla þætti hans.



Kjartan Magnússon

kostaði þrjá milljarða króna en sú kostnaðaráætlun hefur nifaldast og frumdrög hljóða upp á 27 milljarða.

Frákvæmdahluti borgarlínu myndi ekki kosta undir 126 milljörðum króna og á þá eftir að gera ráð fyrir rekstrarkostnaði hennar, sem nema mun nokkrum milljörðum króna árlega. Flest bendir til að borgarlínan verði óárðbær og muni í raun hafa verulega neikvætt núvirði. Miklu hagkvæmara væri að efla núverandi strætisvagnakerfi með myndarbrag.

Stökkbreyttar áætlanir

Óviðunandi er hversu margar kostnaðaráætlanir opinberra framkvæmda stökkbreyttast til hækunar, jafnvel án eðlilegrar upplýsingagjafar til kjörinna fulltrúa, þótt þeir beri pólitíska ábyrgð á framkvæmdunum.

Fyrir ári kvartaði ég yfir því að fá ekki réttar upplýsingar um áætlaðan kostnað við Fossvogsbrú, heldur

Ekki skyldi velta gifurlegum kostnaðar- auka samgöngusáttmálans yfir á herðar skattgreiðenda eins og um opinn tékka sé að ræða.

úreltar og allt of lágar tölur. En sú aðferð er þekkt við opinber gæluverkefni að halda kostnaðaráætlunum sem lægstum á meðan verið er að „selja“ verkefnið og skuldbinda skattgreiðendur. Kostnaðaráætlun vegna Fossvogsbrúar nemur nú 8,8 milljörðum króna og hefur margfaldast frá upphaflegri áætlun.

Árið 2019 lagði meirihluti fjárlaganefndar Alþingis ríka áherslu á að nefndin yrði upplýst ef stefndi í frávik kostnaðaráætlana einstakra framkvæmda sáttmálans. Það virðist ekki hafa verið gert. Njáll Trausti Friðbertsson, alþingismaður og varaformaður fjárlaganefndar, hefur miklar efasemdir um hvernig staðið hefur verið að málu og segir þingið þurfa að vera mun betur upplýst

um hvernig farið sé með fjármuni ríkisins.

Samgöngusáttmáli eða skattheimtusáttmáli?

Mörgum stjórnámálönnum finnst það hins vegar ekki tiltökumál þótt kostnaður við opinberar framkvæmdir margfaldist. Slíkum viðbótarkostnaði velta þeir bara yfir á skattgreiðendur eins og ótal dæmi sanna.

Óviðunandi væri að velta gifurlegum kostnaðarauka vegna samgöngusáttmálans yfir á herðar skattgreiðenda. Þingmenn mega ekki líta á endurskoðun sáttmálans sem hverja aðra upp færslu á opinberum kostnaði, sem þeir velta síðan með værukærð yfir á almenning eins og um opinn tékka sé að ræða.

Þess í stað verður að endurskoða verkefni sáttmálans og meta hvort þau séu öll nauðsynleg. Við slíkt mat ber að hafa arðsemi og umferðaröryggi að leiðarljósi en hafna óárðbærum verkefnum.

Enn einn skatturinn?

Hugmyndir eru uppi um að auka skattlagningu á íbúa höfuð-

borgarsvæðisins með nýjum skatti, svokölluðu umferðargjaldi. Virðist sá skattur eiga að koma til viðbótar hinum háu umferðargjöldum, sem þegar eru innheimt, þ.e. bensín-sköttum, bifreiðagjöldum og kílómetragjöldum, sem eru með hinum hæstu í heimi. Rætt er um að þessi umferðargjöld verði aðallega innheimt á stofnbrautum og er slík viðbótarskattheimta líkleg til að koma sérstaklega hart niður á íbúum í eystri hluta borgarinnar.

Fátt er varanlegra en tímabundinn skattur og enginn skyldi halda að skattheimtu linni þegar verkefni hafa verið unnin og greidd. Hér yrði því um að ræða skattahækkun til framtíðar.

Skattbyrði Íslendinga er nú hin næstmesta meðal OECD-ríkja. Áður en nýr skattur verður lagður á þarf að ræða það af hreinskilni og hispursleysi innan Sjálfstæðisflokksins, sem og á Alþingi, hvort enn eigi að auka skattbyrði landsmanna.

Höfundur er borgarfulltrúi og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Nýjar leiðir í kristinfræðikennslu

Þjóðkirkjan kvartar nú undan því að kristinfræðikennsla í grunnskólum hér fari mjög minnkandi. Virðist þar helst um að kenna að í fjöltrúarlegu umhverfi sem og nýbúumhverfi fólks sé hún nú orðin sem úppbyggilegur einhæfur skoðanaáróður! Hvað er þá til ráða? Ekki getur grunnskóla-skyldunámið nú úthýst allri siðspeikennslu okkar sem tengist okkar megintrúarstraumi!



Trygvi V. Lindal

Þjóða. Ísis-dýrkunin á Ítalíu frá Egyptalandi og Myþra-dýrkunin frá Íran. Gyðingdómurinn. Trúaráhrifin frá Indlandi og Afríku sunnan Sahara. Stóuspeki rómversku og grísku sófistaspekinganna! (Við þetta má bæta álfa- og vættatrú norrænna þjóða (og meðfram í sjálfri Biblíunni) sem og víðast hvar!)

Þetta ætti að gefa kennurum færi á að fjalla um skáld sem og heimspekinga Rómverja og Forn-Grikkja, með sínum goðsagnatívisunum! Einnig gætu nú myndlistarkennarar kynnt klassíska málalist, styttugerð og byggingarlist Rómverja og Forn-Grikkja. Söngkennarar gætu leitað uppi sálmatexta sem minntu á umhverfi Rómverja.

Saga klausturkennslu

Í framhaldi af þessu mætti svo rekja sögu kristinnar til okkar: Stofnun Rómarpáfakirkjunnar með sínum klausturskólum er kenndu fólki að lesa og skrifa, og kenndu um leið áfram hina klassísku heiðnu bókmenntaarfleifið Forn-Grikkja og Rómverja. Sem og tilkomu þessa á Íslandi með kristnitökunni okkar kringum árið þúsund svo og forsendu klausturskólanámsins fyrir ritun

Mér sýnist að meginlausnin geti verið þessi: Að útvíkka umfjöllun kristnisögunnar í grunnskólum almennt.

fornsagna okkar! Og svo þróun klausturskólanna hér áfram til latínuskóla og menntaskóla og að lokum til prestaskóla og háskóla!

Þannig ætti að vera komið kennsluumhverfi sem gæti líka þóknast nýbúum, heiðingjum og trúleysingjum, auk þjóðkirkjunnar! Um leið væri verið að lengja söguskyn nútíma Íslendinga langt aftur fyrir landnáms tíð Íslands, sem og að hvetja ungu skáldin okkar til að reyna að halda áfram að nema og endurbæta og uppfæra okkar gamla vestræna menningararf frá Rómverjum og Forn-Grikkjum og íslenskum sporgöngumönnum þeirra hér fram á síðustu öld! (Segi ég sem fyrirverandi kennari í grunnskóla og menntaskóla.)

Álfatrúin tengist heiðnum arfi okkar Íslendinga og nefni ég það í ljóði mínu er nefnist Draugaframtíð manna og álfa.

Höfundur er skáld og menningar-mannfræðingur.

Opið bréf til landlæknis

Undanfarnar vikur hef ég ítrekað reynt að fá embætti landlæknis til að svara fyrirspurnum frá mér er líta að meðferðarúræðum hins opinbera fyrir einstaklinga með kynáttunarbrot, sér í lagi hjá börnum. Í dag eru slíkar meðferðir framkvæmdar með ósannreyndum og skaðlegum aðgerðum sem þar með eru brot á hegningarlögum og í raun sakamáli. Svör embættisins skauta ítrekað framhjá þessum kjarna málsins og því er ekki um annað að ræða en að senda opið bréf og vekja opinberlega athygli á athæfi hins opinbera.



Eldur Ísidór Deville

Á Íslandi snýst sú meðferð að miklu leyti á notkun svokallaðra hormónablockera eða kynþroskabælandi lyfjagjöf til barna og ungmenna sem tjá kynama/kynáttunarbrot. Öll ríki Norðurlanda, nema Ísland, hafa nú hætt notkun þessara lyfja vegna skaðsemi þeirra. Sú staðreynd, auk mikils safns vísindarannsókna frá öllum heims-hornum, styður við þá niðurstöðu að meðferðarúræðin á Íslandi séu ógagnræynd og óvísindaleg og þar með í trássi við lög.

Við spurningunni „hvenær mun landlæknir beita sér fyrir því að notkun þessara lyfja verði hætt á Íslandi?“ gefur embættið þau svör að á Landspítalanum „starfa sérfræðingur þar í samræmi við nýjstu alþjóðlegu leiðbeiningar World Professional Association for Transgender Health, WPATH“. Hafa íslenskir sérfræðingar fært erlendum hagsmunasamtökum ákvörðunarvald yfir íslenskum ungmennum? Gerir landlæknir sér grein fyrir að hann er að setja heilbrigði íslenskra ungmenna í hendur á aðgerðasinnunum í dulargervi sérfræðinga?

Pegar hormónagjöf til ungmenna er gagnrýnd er því ítrekað slegið fram að meðferðin sé afturkræf. Að þegar neyslu lyfjanna sé hætt gangi líkaminn til baka. Þetta er rangt, eins og margoft hefur verið sýnt fram á. Meðferðarúræði Landspítalans eru ekki vegur með akreinar í báðar áttir. Þau eru einstefna. Í raun er alveg stórfurðulegt að heyra heilbrigðisyrðingur halda svona fram eftir að hafa hamast gegn hormóna-notkun vaxtaræktar- og kraftlyftingafólks í áratugi með þeim rökum að hún valdi óafturkræfum skaða.

Spurt um brot á hegningarlögum vísar embættið einfaldlega í aðra

Núna á að grípa samkynhneigða áður en þeir ná kynþroska, dæla í þá lyfjum, taka af þeim kynfærin og kalla trans.

þessum skrifuðum orðum á Íslandi. Mörg þjást að auki af alls kyns kvillum, svo sem beinþynningu og hjartasjúkdómum. Þau geta ekki snúið aftur. Þau geta ekki upplifað eðlilegan kynþroska og uppgötvun á sjálfum sér, en flest ungmenni sem greinast með kynama eru í raun samkynhneigðir einstaklingar einhvers staðar á einhverfurfönu.

Sem færir mig að næsta punkti: Aðförin gegn samkynhneigð. Ég er samkynhneigður en það rann ekki að fullu upp fyrir mér fyrr en ég var orðinn kynþroska. Hefði ég verið ókynþroska ungmenni í dag væri eflaust búið að greina mig með kynama og þrýsta á foreldra mína að handtaka kynþroska minn og láta sneiða af mér kynfærin. Í stað þess að vera hamingjusamlega giftur samkynhneigður karlmaður væri ég eitthvað annað. Eitthvað ónáttúrulegt úr hillum lyfjafyrirtækjanna.

Samkynhneigðir hafa í langa hríð barist fyrir tilverurétti sínum. Ekki réttinum til að vera eitthvað, eða kröfu um að aðrir breyttu sér einhvern veginn og hvað þá tungumáliinu. Nei, bara réttinum til að vera til. Núna er vegið að þessum rétti. Núna á að grípa samkynhneigða áður en þeir ná kynþroska, dæla í þá lyfjum, taka af þeim kynfærin og kalla trans. Þetta eru hreinsanir á þjóðfélagshópum, ekki ólíkar þeim sem vafasamir menn hafa stundað á fyrri tímum á til að mynda þroskaheftum og sígaunum.

Höfundur er formaður Samtakanna 22 - Hagsmunasamtaka samkynhneigðra.

valborgfs.is

Kópavogur



VANTAR ÍBÚÐIR

Traust félagasamtök leita eftir íbúðum til kaups á svæði 200 í Kópavogi.

Æskileg stærð 50-70 fm



Upplýsingar veitir:



Borga Harðardóttir
Lögfræðingur, MPM
Lögg. fasteignasali
Sími 821 2412
borga@valborgfs.is

Bestu þakkir fyrir andsvar og gagnrýni, Dagbór S. Haraldsson

Ég skrifaði grein í blaðið 29. janúar undir fyrirsögninni „75 ára og eldri verði skattlausir“. 6. febrúar svarar Dagbór nokkur S. Haraldsson, að sjá vænn maður, með grein sem ber yfirskriftina „Djúphygli Oles A. Bieltdvedts“.

Ég er alltaf ánægður þegar ég fæ svargreinar því með þeim hætti gefst mér tækifæri til að útskýra betur það efni sem ég fjallaði um og svara gagnrýni.

Þegar vitnað er í skrif verða menn að gæta þess að sýna það sem þeir vilja gagnrýna í rétttri mynd. Hér varð Dagbóri á í messunni. Þegar ég vísaði til erfðafjárskatts í öðrum löndum benti ég á að í BNA færi hann upp í 40% og í Þýskalandi 50%. Dagbór nefndi BNA og 40%-in þar og sagði að það væri gott og eðlilegt þar sem skattar í lífanda lífi væru lægri; það kostaði miklu minna að lifa þar en hér. Þar sem við erum að tala um látna menn og þær eigur sem þeir skilja eftir sig hljómar það dálítið undarlega að menn vitni í það hvað það kostar lítið að lifa.

Þýskaland og 50%-in þar nefndi Dagbór ekki. Hér má bæta því við að í Danmörku fer erfðafjárskatturinn líka upp í 50%. Hér erum við að tala um 15% erfðafjárskatt til að tryggja aukna velferð eldri borgara. Sá 10% erfðafjárskattur sem fyrir er er auðvitað ekki á ábyrgð þessa verkefnis eða baráttumáls.

Þetta er um 1/7 hluti af erfðafjármunum. Hófllegt hlutfall fyrir góðan og gegnan málsað. Samgirniss- og réttlætismál. M.ö.o. við tókum hófllegt hlutfall af fjármunum þeirra eldri borgara sem eru gengnir og geta sjálfir ekki notið þeirra lengur til að tryggja velferð þeirra eldri borgara sem eftir lifa.

Dagbór spyr: Hvað með þá sem ekki ná 75 ára aldri? Hvers eiga þeir að gjalda? Svárið er þessi gagnspurning: Hvers eiga þeir að gjalda sem ekki ná 67 ára aldri og fá aldrei elli-lífeyri? Það verður auðvitað að vera skynsamlegur rammi um öll mál.

Erfðafjármunir eru ávöxtur ævistarfs manns. Hvar stendur það höggvið í stein að annað fólk, þótt erfingjar séu og blóðtengdir, börn, barnabörn, systkini eða foreldrar, eigi rétt á þeim fjármunum óskertum?

Viðkomandi aflaði sér sinna fjármuna í því samfélagi sem hann lifði og starfaði í. Að 1/7 hluti af þessum fjármunum renni sérstaklega til baka til þess sama samfélags þegar hann þarf ekki lengur á fjármunum að halda, og það til að auka lífsgæði eldri borgara sem eftir lifa, getur fyrir mér ekki talist goðgá.

Eftirfarandi útgjaldaliðir sem ganga út á það að auka almenna velferð eru fjármagnaðir með almennum sköttum á fjárlögum: Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta, örorka og málefni fatlaðs fólks, fjölskyldumál, lyf og læknavörur, málefni aldraðra, sjúkráhusþjónusta og heilbrigðisþjónusta utan sjúkráhusa. Í raun eru skattalækkanir eldri borgurum til handa sama eðlis. Gangu út á aukna velferð þessa hóps, þótt í formi tekjumissis sé, í stað útgjalda.

Dagbór telur illt að börn þeirra sem látast, „unga fólk“ sem hann kallar, skuli ekki geta nýtt fjármuni t.a.m. látinna foreldra til að eignast þak yfir höfuðið. Meðalaldur manna hér er 81/84 ár, karlar/konur. Börn eru því flest 55-60 ára, líka eldri, við fráfall foreldra. Vart „unga fólk“ lengur.

Mín skoðun á akkúrat þessari hlið málsins er sú að unga fólk sé best komið ef því er leyft að njóta þeirrar gleði að vinna sjálf fyrir sínum lífsgæðum – eignast með eigin kröftum bíl, íbúð eða annað sem skiptir það máli.

Fyrir mér er það vafasöm góðvild, foreldraelska, þegar þeir gefa börnum sínum bíl, íbúð eða annað, færa þeim þetta á silfurfati, því með því eru



Ole Anton Bieltdvedt

þessir foreldrar að svipta börnin sín þeirri grunn- gleði að eignast þessa mikilvægu hluti með eigin krafti og getu.

Menn geta auðvitað ráðstafað eignum sínum í lífanda lífi til margvíslegrar góðgerðarstarfsemi, félaga eins og Rauða krossins, SOS-barnabörp-anna, SÁÁ, Unicef Ísland, Greenpeace, Dýra- verndarfélags Íslands

» Við tókum óverulegt hlutfall af fjármunum þeirra eldri borgara sem eru gengnir til að tryggja velferð þeirra eldri borgara sem eftir lifa.

o.s.fr.v. án þess að skattar leggist á.

Ef börn eða aðrir ættingjar eru í fjárhagslegum erfiðleikum og arfleif-

andi er vel aflögufær er auðvitað sjálf-sagt að hjálpa þeim bágstadda. Þetta verkefni, skattleysi eldri borgara, myndi þá skerða það framlag rétt um 1/7 hluta, 15%. Menn héldu 85%.

Tal ágæts Dagbórs um „þjófnað“ og það „að engin þjóð á jarðkringlunni sé skattþínd jafn mikið og við hér á Íslandi“ er ekki rétt. Heildarskattar t.a.m. í Danmörku eru mun hærri en hér. Þar virðast stjórnmöld hins vegar nýta skattféð afar vel og skynsamlega í þágu fólksins því þegar velferð þjóða er mæld, líka hamingja,

eru Danir þar oftar en ekki efstir.

Nýleg rannsókn Landssambands eldri borgara sýnir að 20.000 eldri borgarar búa við bág kjör og óryggi, við fátæktarmörk. Þetta skattleysi er því fyrir mér mikið jafnréttis- og réttlætismál.

Hér er um skattalækkanir fyrir viðkvæman hóp að ræða sem almennt má teljast af hinu góða en þar sem ekki er uppbyggilegt að leggja fram tillögur um tekjumissi eða ný útgjöld fyrir ríkið án þess að tillaga að mótvægisáðgerðum fylgi er tillagan um það sett fram að skattalækkanir á eldri borgara sem lifa séu bættar með hóflega auknum skatti á erfða-fjármuni þeirra eldri borgara sem eru látnir.

Höfundur er samfélagsrýnir og dýraverndarsinni.

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 7. mars 2024

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður í fundarsal H og I á **Hilton Reykjavík** Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, fimmtudaginn **7. mars 2024** kl. 15:00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Tillaga um lækku hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
- Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir dagsetningu aðalfundar á fjarfestar@sjova.is og skal það vera undirritað af hluthafa eða prókúruhafa.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 26. febrúar 2024. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur, ályktanir eða spurningar fyrir fundinn á netfangið stjorn@sjova.is. Hluthafar geta einnig

lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárlíði á aðalfundinum sjálfum.

Tillögur stjórnar um breytingu á starfskjarastefnu felast í að stjórn félagsins er heimilt að samþykka kaupréttaráætlun sem skal uppfylla kröfur 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sem felur meðal annars í sér að kaupréttur að hluta-bréfum skal ná til allra fastra starfsmanna félagsins.

Í þeim tilgangi að uppfylla kaupréttarsamninga við starfsfólk félagsins er tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum til að heimila hækkun hlutafjár og/eða ráðstöfun á eigin hlutabréfum.

Tillaga um breytingu á samþykktum lýtur að lækku hlutafjár sem nemur eigin hlutabréfum sem keypt voru í samræmi við endurkaupaáætlun.

Tilnefningarnefnd er að störfum í samræmi við samþykktir félagsins. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar á aðalfundi hafa átt þess kost að koma áhuga sínum, og eftir atvikum framboði, á framfæri við nefndina. Nánar vísast til fyrirliggjandi skýrslu tilnefningarnefndar.

Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. laugardaginn 2. mars 2024 kl. 15:00.

Framboð skulu berast á netfangið tilnefningarnefnd@sjova.is. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsvæði félagsins. Breytist tillaga nefndarinnar frá því er fram kemur í skýrslu tilnefningarnefndar verður endurskoðuð tillaga birt eigi síðar en 5. mars 2024. Upplýsingar um alla frambjóðendur verða birtar á vefsvæðinu <https://www.sjova.is/adalfundur2024/> að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund, auk annarra upplýsinga og eyðublaða í tengslum við aðalfundinn, verða birt á vefsvæði félagsins <https://www.sjova.is/adalfundur2024/>

Aðalfundur er lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega er til hans boðað. Aðalfundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík 14. febrúar 2024.
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

SJÓVÁ

„Þú þarft að skipta um lykilorð“

„Þú þarft að skipta um lykilorð.“ Hver kannast ekki við þessa skemmtilegu athugasemd þegar á að opna forrit, vefsíðu, samfélagsmiðil, netbanka eða eitthvað annað í tölvunni eða símanum?

Fyrir miðaldra einstakling eins og mig er þessi melding á þriggja mánaða fresti heilmikið vesen. Mín kynslóð kemst þó ágætlega í gegnum það. Það sama á þó ekki endilega við um þá



Jórunn Ósk Frímansdóttir Jensen

sem eru tuttugu árum eldri og kynntust ekki tölvum fyrr en á full-orðinsárum og jafnvel hafa aldrei tileinkað sér þessa tækni eða þurft að gera það. Nú er staðan þó einfaldlega orðin þannig að allir verða að vera tölvulæsir sem kallað er og það verður sífelld erfðara að lifa í okkar rafræna heimi án tölvu og síma. Og gleymum því ekki að tölvun og síminn þurfa líka að tala saman. Þegar fólk er óruggt og kann

» Nú er staðan einfaldlega orðin þannig að allir verða að vera tölvulæsir

ekki alveg á þessa tækni alla er nauðsynlegt að fá hjálp og það er þá sem hættan skapast. Hjálp við að fara inn á heimabankann, hjálp við að komast inn á Heilsuveru, hjálp við að versla, millifæra, greiða, panta tíma og svona mætti lengi telja. Það er því miður þannig að sá sem ekki er tölvufær er um leið orðinn skotmark þeirra sem vilja misnota aðstöðu sína eða

svíkja og pretta. Það er nauðsynlegt að ræða þessi mál og fara yfir hvað er verið að gera og hvað þarf að gera til að vernda þá sem þurfa og koma í veg fyrir netglæpi, misnotkun og ofbeldi af ýmsu tagi.

Hinn 28. febrúar verður Öldrunarráð Íslands með ráðstefnu á Hótel Hilton. Yfirskrift ráðstefunnar er „Þú þarft að skipta um lykilorð“ – að eldast á viðsjárverðum tímum. Fjöldi fyrirlesara flytur stutt erindi þar sem áherslan er á netöryggi og viðbrögð við netbotum, ofbeldi sem aldraðir eru sérstaklega útsettir fyrir og hvaða aðstoð/hjálp er í boði. Farið er yfir það sem er að gerast í tengslum við verkefnið

Gott að eldast og nýja upplýsingaveitu fyrir aldraða á Ísland.is.

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagsamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra. Viðurkenning Öldrunarráðs verður afhent á ráðstefnunni.

Ráðstefnan er ætluð fyrir alla, leikmenn sem lærða, notendur og fagfólk. Við hvetjum alla til að mæta.

Höfundur er formaður Öldrunarráðs Íslands, forstöðumaður Droplaugarstaða hjúkrunarheimilis og varaformaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

25%
afsláttur af
öllum Flügger vörum



Flügger

NIÐURFÖLL OG LOFTTÚÐUR Í MIKLU ÚRVALI



Laufsíur fyrir
75 – 125 mm
niðurföll

Fáðu ráðgjöf hjá fagmönnum í þakefnasölu og þakviðgerðum

www.thakefnasala.is

ÞAKEFNASALA ÍSLANDS

Siðleysi hernaðar

Við upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar í september 1939 lagði Þýski herinn Pólland undir sig eins og kunnugt er í samstarfi við Stalín. Aðfaranótt 1. september, eftir að það spurðist að Þýskur her hefði ráðist austur yfir landamærin, lagði breski sendiherrann í Berlín ríka áherslu á að ná samtali við Hitler en án árangurs.

Fyrir Breta var mikilvægt að reyna að semja við Þýsku ríkisstjórnina um Þýska að herliðið yrði dregið til baka enda höfðu Bretar og Frakkar gert samning við Pólverja um að ábyrgjast landamæri þeirra við Þýskaland. Þarna var spurning um tryggn aðgang Pólverja að Eyrstrasaltinu og þar með sjó. En stríðsáhugi Hitlers var meiri en friðarvilji. Niðurstaðan varð sú að Bretar og Frakkar lýsa yfir stríði 3. september við Þýskaland og þar með hefst síðari heimsstyrjöldin.

Líklega hefur sjaldan verið uppi jafnmikill áhugamaður um stríðsátök og Adolf Hitler. Fáir hafa reynst jafnokkar hans í grimmd og sýnir miskunnarleysi SS-sveitanna á hans snærum það gjörla.

Maður er nefndur Johannes Albrecht Blaskowitz, fæddur 1883 í héraðinu Kalíníngrad sem þá var undir Austur-Prússlandi. Hann gekk snemma í þjónustu hersins og sat í Þýska herráðinu síðan í fyrri heimsstyrjöldinni. Í upphafi síðari heimsstyrjaldarinnar var honum falin stjórn 8. hersins og með innrásinni í Pólland er hann æðsti herforingi þeirrar aðgerðar.

Í febrúar 1940, þegar svo var komið að öll andstaða gegn hernáminu var niður brotin, sest von Blaskowitz við skrifpúlt sitt og skrifar ákæruskjal gegn 33 háttsettum SS-mönnum. Honum ofbauð hversu langt SS-menn gengu við að brjóta mannréttindi á óbreyttum borgurum. Í kjölfar hersins þustu SS-sveitirnar fram af sinni alkunnu grimmd og siðleysi og drápu fjölda Pólverja sem voru vopnlausir og áttu því enga von til að verja sig. Herforingja 8. Þýska hersins ofbauð þetta og vildi að réttað yrði fyrir afglöp þeirra sem sýnt höfðu af sér óskiljanlegt miskunnarleysi gagnvart óbreyttum borgurum.

Ákæra undir svona kringumstæðum sætir rannsókn fyrir herrétti og ef satt reynist þá er refsað mjög harkalega, oft með af-tökum, séu málsatvik ljós og engar viðhlitandi skýringar til málsbóta og varnar.

En þetta snerist í höndunum á von Blaskowitz. Hitler tekur þá ákvörðun að sýkna þá ákærðu með það sama og von Blaskowitz er eftir þetta settur skör lægra. Hann hafði ekki staðist væntingar NSDAP, hins Þýska nasistaflokks Hitlers.

Johannes von Blaskowitz var af gamla herskólanum en í þá daga tókaðist að lesa rit Carls von



Guðjón Jensson

Clausewitz (1780-1831) sem var herforingi í herliði Prússakonungs á öndverðri 19. öld. Þetta rit, Vom Kriege (On War), hefur verið eitt meginlestrarefni við alla herskóla heims allar götur síðan. Þar er mikil áhersla lögð á baráttutækni og skipulag hernaðar gagnvart óvininum en ætíð skyldi þyrma

» Líklega hefur sjaldan verið uppi jafnmikill áhugamaður um stríðsátök og Adolf Hitler. Fáir hafa reynst jafnokkar hans í grimmd og sýnir miskunnarleysi SS-sveitanna á hans snærum það gjörla.

Óvopnuðum óbreyttum borgurum. Slíkt sparaði skotfæri og gaf ekki tilefni til að litíð væri á hernaðaraðgerð sem illvirki. Eitt megininntak ritsins er að herforingja og þeim veraldlega fursta sem hyggst hefja stríð beri skylda til að gera sér ljósa grein fyrir hvernig hann hyggist enda stríðið sem hann byrjaði á. Það gæti bæði dregist og eins snúist viðkomandi í óhag. Hvað ætti þá að taka við. Það er auðvitað mjög skynsamlegt að huga að endalokunum rétt eins og upphafinu.

Á uppgangstímum nasista tekur Hitler yfirstjórn Þýska hersins 1934. Þá er ýmsu breytt, t.d. gamla hermannaeyðum þar sem öllum þeim sem höfðu mannaforráð í hernum bar að sverja Weimar-lýðveldinu hollustu. Áður hafði eiðurinn snúið að keisaranum og nú tekur Hitler þá ákvörðun að allir liðsforingjar sverji honum persónulegan trúnað. Þannig er nafn eins manns komið í stað keisarans fyrri tíma.

Von Blaskowitz kemur lítið við sögu stríðsins eftir þetta annað en að hann var við þjónustu í Frakklandi og Niðurlöndum stríðsárin. Hann lést á voveiflegan hátt 1948, væntanlega saddur lífdaga.

Fréttir berast frá löndunum fyrir botni Miðjarðarhafsins þessar vikurnar um ótrúlegt ofbeldi af hálfu hvorra veggja, Hamas-liða og hersveita Ísraels. Nú má ætla að þarna sé á ferðinni algjört miskunnarleysi á báða bóga. Það er eins og viðkomandi stríðsaðilar láti mannréttindi og góðar siðvenjur sig engu varða.

Er miskunnarleysi SS-sveita Hitlers orðið mikilvægara en sjónarmið Carls von Clausewitz frá öndverðri 19. öld? Er enginn herforingi Ísraels með áþekkar efasemdir og Johannes von Blaskowitz gagnvart ofbeldinu?

Höfundur er rithöfundur, leiðsögumaður og eldri borgari í Mosfellsbæ.

Hvar er samúð okkar með þeim sem eiga um sárt að binda?

Síðustu fjóra mánuði hefur heimsbyggðin horft á linnulausar árásir Ísraels hers á óbreytta borgara á Gasa í nafni sjálfsvarnar. Að meðaltali hafa fallið um 200 manns daglega, að mestu leyti konur, börn og aðrir almennir borgarar. Þrátt fyrir áskoranir alþjóðastofnana og flestra þjóðríkja heims til Ísraels um að stöðva stórskot-



Egill Þórir Einarsson

og það er of mikil fyrirhöfn. Þá kemur eðlilega spurningin: Hvers virði er mannlífið; annars vegar innfæddra Íslendinga í samamburði við líf sættingja Íslendinga af erlendum uppruna?

Þessar vangaveltur snúa fyrst og fremst að síðferðilegum atriðum. Eigum við að gæta bróður okkar eins og

» Þetta getuleysi til að stöðva þessa grimmilegu „hefn“ gagnvart varnarlausu fólki er þyngra en tár-um taki og Íslendingar geta lagt málinu lið.

stendur í biblíunni? Eigum við að gefa þeim sem ekkert á aðra kápuna okkar meðan við eigum tvær? Það er erfiðara fyrir auðmanninn að komast inn í himnaríki en úlfaldann að komast í gegnum nálaraugað. Hvert erum við komin þegar við sjáum eftir „smáaurum“ til þess að bjarga lífi barna, sem hafa ekkert til saka unnið, og geta orðið íslensku samfélagi nýttir þegar í framtíðinni?

Hér er smá hugarflugsæfing: Eftir 50 ár horfum við til baka til dagsins í dag:

- Við höfnum því að veita 120 Palestínunönnum landvistarleyfi, aðallega konum og börnum. Allt þetta fólk fór í árásum Ísraelsmanna í framhaldinu eða dó úr hungri og vosbúð. Ættingjar þessa fólks sem enn búa á Íslandi halda minningu þess á lofti og þeirri skömm sem hvílir á stjórnuöldum þess tíma.
- Við ákváðum að senda þegar í stað hjálparveit til að koma þessu fólki til Íslands í öruggt skjól. Það hefur orðið dyggir þegar Íslands með eilífu þakklæti fyrir þessa vasklegu framkvæmd íslenskra stjórnvalda. Þessir Palestínunenn hafa blandast þjóðinni fullkomlega og gefið mikið af sér til íslensks samfélags. Þessi atburður hefur lengi verið í minnum hafður sem dæmi um einstaka förnýsi Íslendinga og fordæmi fyrir aðrar þjóðir.

Hvora sviðsmyndina viljum við hafa í sögu okkar? Fram hafa komið gögn um að mörgum landflótta gyöngum sem flúðu Þýskaland í seinna stríði var neitað um landvistarleyfi hér á landi og sumir þeirra enduðu líf sitt í útrýmingarbrúðum nasista. Nú þegar dæmið hefur snúist við, viljum við endurtaka leikinn?

Höfundur er efnaverkfræðingur og áhugamaður um mannréttindi.

Móttaka aðsendra greina

Morgunblaðið er vettvangur lífandi umræðu í landinu og birtir aðsendar greinar alla útgáfudaga.

Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Kerfið er auðvelt í notkun og tryggir öryggi í samskiptum milli starfsfólks Morgunblaðsins og höfunda. Morgunblaðið birtir ekki greinar sem einnig eru sendar á aðra miðla.

Kerfið er aðgengilegt undir Morgunblaðslogóinu efst í hægra horni forsiðu [mbl.is](#). Þegar smellir er á lógóið birtist felligluggi þar sem liðurinn „Sendu inn grein“ er valinn.

Í fyrsta skipti sem innsendikerfið er notað þarf notandinn að nýskrá sig inn í kerfið. Ítarlegar leiðbeiningar fylgja hverju þrepi í skráningarferlinu. Eftir að viðkomandi hefur skráð sig sem notanda í kerfið er nóg að slá inn kennitölu notanda og lykilorð til að opna svæðið. Hægt er að senda greinar allan sólarhringinn.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Morgunblaðsins alla virka daga í síma 569-1100 frá kl. 8.30-17.

Kröfulýsing í tryggingafé Heimbjargs ehf.

Ferðaskrifstofuleyfi félagsins Heimbjargs ehf. kt. 470492-2289 – með hjáheitið World Tour Ltd., Skógarhlíð 18, 105 Reykjavík, hefur verið fellt úr gildi frá og með 2. febrúar 2024 af hálfu Ferðamálastofu skv. 1. mgr. 14. gr. laga um Ferðamálastofu nr. 96/2018 þar sem félagið hefur verið tekið til gjaldprotaskipta. Jafnframt er felld niður aðild félagsins að Ferðatryggingasjóði sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld samkvæmt VII. kafla laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018.

Ferðatryggingasjóður endurgreiðir ferðamanni þær greiðslur sem hann hefur innt af hendi vegna pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar sem ekki er framkvæmd í samræmi við samning vegna þess að leyfi félagsins var fellt niður af hálfu Ferðamálastofu.

Ferðamálastofa, f.h. Ferðatryggingasjóðs, skorar hér með á þá viðskiptavini félagsins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, sbr. ofangreint, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar fyrir 5. apríl nk.

Kröfulýsingu skal senda inn rafrænt í gegnum þjónustugátt á vefsíðu Ferðamálastofu á slóðinni: [www.ferdamalastofa.is/krofur-heimbjarg](#)

Þar er að finna sérstakt eyðublað sem hægt er að fylla út. Með kröfulýsingu skulu fylgja fullnægjandi gögn til sönnunar um kröfuna, svo sem lýsingu á ferð, kvittanir fyrir greiðslu eða millifærslu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5500 eða á netfanginu [krofur@ferdamalastofa.is](#).



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Aðalfundur Eimskipafélags Íslands hf.

Stjórn Eimskipafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður fimmtudaginn 7. mars 2024 kl. 15:00 í höfuðstöðvum félagsins að Sundabakka 2, 104 Reykjavík

DRÖG AÐ DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári
- Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár
- Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2023
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins
- Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins
- Tillaga stjórnar um breytingu á grein 8.2 í samþykktum félagsins
- Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
- Kosning stjórnar félagsins
- Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar
- Kosning endurskoðenda
- Önnur mál, löglega upp borin

REGLUR UM ÞÁTTTÖKU OG ATKVÆÐAGREIÐSLU Á FUNDINUM

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartilögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti. Kröfu þar um skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, það er fyrir kl. 15:00 þann 26. febrúar 2024. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.com/investors](#)

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu sem er að nafnverði ein króna, utan eigin bréfa sem eru án atkvæðisréttar.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthöfum sem ekki sækja aðalfund stendur til boða að kjósa um dagskrármál með skriflegum hætti eða veita umboð. Á vefsíðu félagsins má finna viðeigandi eyðublað. Eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félaginu. Hluthafar geta veitt skrifleg umboð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík umboð skulu berast félaginu áður en aðalfundur hefst eða við skráningu á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.com/investors](#)

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Fundurinn fer fram á íslensku. Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.com/investors](#)

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Sundabakka 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:00.

Endanleg dagskrá og tillögur stjórnar verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn á vefsíðu félagsins og liggja jafnframt frammi á skrifstofu félagsins. Berist tillögur frá hluthöfum verða þær birtar a.m.k. þremur dögum fyrir fundinn ásamt uppfærðri dagskrá. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst tíu dögum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 15:00 þann 26. febrúar 2024. Framboðstilkynningu má nálgast á fjárfestasíðu félagsins. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 14:30 á aðalfundardegi.

Reykjavík, 13. febrúar 2024
Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.

mbl.is

SMARTLAND
MÖRTU MARÍU

„Sögurnar sem ég hef heyrt eru ótrúlegar“

Guðmundur Birkir Pálmason byrjaði á Instagram árið 2012 til þess að auglýsa sig sem kírópraktor. Skyndilega vissu allir hver þessi brosmildi drengur að austan var. Ekki minnkaði áhuginn á Gumma kíró, eins og hann er kallaður, þegar hann fann ástina í örmum Línu Birgittu Sigurðardóttur. Hún hefur kennt honum að tala um tilfinningar sínar og ýtt undir drauma hans. Í Dagmálum segir hann frá lífsflaupinu sínu og hvernig hann sé löngu hættur að kippa sér upp við það þegar fólk heldur að hann sé samkynhneigður, vegna klæðaburðar.

Marta María Winkel Jónasdóttir
mm@mbl.is

„Ég man þegar ég var búinn með stúdentinn og var að reyna að finna út úr því hvað ég vildi gera. Mig langaði til að hjálpa fólki og var að hugsa um að fara í lækninn, lýtalækninn eða sjúkraþjálfarann en ég var einkaþjálfari á þeim tíma,“ segir Gummi sem sá fyrir sér á unglingsaldri með því að einkaþjálfar fólki.

„Þegar ég datt inn í kírópraktorinn áttaði ég mig á því að þetta væri það sem ég vildi gera. Mig langar að hjálpa fólki á þennan hátt, í raun og veru með minni getu, með höndunum og án þess að gefa fólki lyf til þess að bæta sína heilsu eða fara undir hnifinn,“ segir hann.

Gummi byrjaði á Instagram til að verða sýnilegir en svo þróaðist það út í að hann fór að vinna sem áhrifavaldur meðfram aðalstarfinu. Hann vakti strax athygli fyrir öðruvísi fatastíl og einhverjir veltu því fyrir sér hvort hann væri ekki örugglega samkynhneigður fyrst hann leyfði sér að klæða sig eins og hann gerir.

„Ef þú myndir spyrja æskuvini mína þessarar spurningar myndu þeir segja að þetta væri bara eins og Gummi er. Ég er alltaf ég sjálfur. Þótt ég sé á Instagram í einhverjum fötum þá er ég eins og ég hef alltaf verið. Þetta var bara svo náttúrulegt fyrir mér. En af því þetta var öðruvísi þá vakti það athygli.“

Svo er fólk nú stundum að tala um að þú hljóttir að vera samkynhneigður fyrst þú leyfir þér að klæða þig svona?

„Sögurnar sem ég hef heyrt eru ótrúlegar. Einu sinni var ég á leið heim úr vinnunni þegar Lína hringdi í mig og spurði hvað væri



Dagmál Guðmundur Birkir Pálmason talar um lífsflaup sitt og ástina.

Morgunblaðið/María Matthíasdóttir

í gangi. Ég skildi ekkert og spurði hvað hún ætti við. Þá kom hún með einhverja rosalega sögu um að ég væri búinn að vera úti um allt með einhverjum manni hér og þar. Þetta þróaðist út í einhverjar brjáláðar sögur. Einhver átti að hafa komið að okkur. En nei, ég er ekki samkyn-

hneigður,“ segir hann og hlær.

En hvernig byrja svona sögur?

„Ég veit það ekki. Við vorum oft að velta því fyrir okkur hvernig svona sögur geta orðið eins og þær eru,“ segir hann og hristir hausinn og er ekkert að láta flökkusögur trufla sig.

Varð lítill í sér þegar hann vildi bjóða Línu á deit

Gummi er búinn að vera í ástarsambandi með Línu Birgittu Sigurðardóttur sem er áhrifavaldur í fimm ár. Hann segir að þau hafi kynnst í ræktinni.

„Hún var hjá einkaþjálfara en hafði lent í bílslysi fyrir einhverjum árum og var mjög slæm í skrokknum. Einkaþjálfarinn hennar sagði henni að hún yrði að fara til mín og hann kynnti okkur. Hún kom til mín og var hjá mér í meðhöndlun í einhvern tíma,“ segir hann.

Þau urðu miklir félagar og hann segist alls ekki hafa verið að spá í hana sem framtíðarmaka. Þau hafi hins vegar kynnst vel áður en hjólin fóru að snúast og ástin bankaði upp á.

„Lína er svo þægileg og ég upplifði að ég gæti alltaf verið ég sjálfur í samskiptum við hana. Ég get verið alveg slakur með henni. Hún er fyndin og skemmtileg. Það er svo mikil lífsgleði í henni. Svo var það ekki fyrr en ég var að keyra frá Hornafirði, var á leið í bæinn, að ég fer að hugsa um hana á rómantískan hátt. Þá varð ekki aftur snúið og ég varð að bjóða henni á stefnumót.“

Á þessum tímupunkti var Gummi búinn að vera fráskilinn í eitt og hálf ár en hann á þrjú börn með fyrri konunni sinni. Hann segist hafa orðið mjög lítill í sér þegar hann ákvað að bjóða Línu á deit.

„Litli feimni strákurinn utan af landi hafði ekki alltaf kjark í að gera eitthvað slíkt. Ég hugsaði, hvernig á ég að fara að þessu? Þegar maður fær þessa tilfinningu þá verður maður svo brjálæðislega spenntur að ég varð að senda henni skilaboð. Ég kom mjög seint heim og sendi henni skilaboð. Nema hún „seenar“ mig eins og maður segir,“ segir hann og brosir við upprifjunina.

„Ég var rosalega þreyttur og þurfti að fara að sofa. Hún „seenar“ mig og svarar mér ekki. Og ég

hugsaði með mér að ég væri búinn að eyðileggja þetta. En svo fékk ég svar en hún þurfti að ráðfæra sig við vin og í framhaldinu bauð ég henni á stefnumót. En svo er þetta svo fyndið að hún kemur til mín á fimmtudagskvöldið og við vorum nánast saman upp á dag í ábyggilega tvö og hálf ár. Við fórum ekki í sundur eftir að við hittumst á stefnumóti í fyrsta skipti.“

Trúir þú að ástin geti heltekið fólk?

„Já og nei. Ég hugsa að það sé aldrei þannig að það sé bara einhver ein manneskja fyrir þig. Það eru margar manneskjur fyrir þig og það er engin ein sem er rétta manneskjan. Það er ekki til hin fullkomna manneskja fyrir þig. Þess vegna eru sambönd alltaf svo mikil vinna. Ekki leiðinleg vinna heldur skemmtileg vinna. Bleika skýið varir bara sex mánuði. Þá er allt svo skemmtilegt og svo frábært og svo spennandi. Eftir það kemur lærdómurinn, að læra að þekkja manneskjuna. Þá byrjar ástin held ég. Annaðhvort byrjar þú að elska manneskjuna eða fólk vex í sundur. Síðustu tvö árin hjá okkur höfum við vaxið svo þétt saman því við höfum gengið í gegnum svo margar hæðir og lægðir.“

Hvað hefur reynst ykkur best í að reyna að tengjast betur?

„Að tala saman. Það er eitthvað sem ég hef lært mjög mikið af því ég byrgði alltaf allt inni í mér og keyrði mig þannig áfram. Lína hefur kennt mér það. Að tala saman og ræða erfðu hlutina. Tengja hjarta hvort annars og orku hvort annars. Það hef ég lært sérstaklega frá henni. Það er svo mikilvægt fyrir parasamböndin.“

Húðfegrin býr yfir 23 ára reynslu í húðmeðferðum

NÝJUNG HJÁ HÚÐFEGRUN

Sparaðu 30% með veglegum tilboðspökkum



Gull Demantspakinn

Er fyrir vandláta sem vilja gera sérlega vel við húðina sína.

Pakinn inniheldur:

- 4 x Laserlyfting allt andlit
- 4 x Hollywood Glow andlit & háls
- 2 x Gelsprautur 1.0 ml



Silfur Demantspakinn

Er fyrir vandláta sem vilja gera það allra besta fyrir sína húð.

Pakinn inniheldur:

- 1 x Laserlyfting allt andlit
- 1 x Hollywood Glow andlit & háls
- 2 x Gelsprautur 1.0 ml

Húðfegrin

Tímappantani í síma 533 1320 | Vegmúli 2 | www.hudfegrin.is



Skannaðu mig



Dagmál

mbl.is/dagmal

ÚTSALA

30-50% AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM VÖRUM

MOUNTAIN
HARD
WEAR 

reima

 Columbia

DEVOLD®

 DIDRIKSONS

THE
NORTH
FACE 



LOKADAGAR - LOKADAGAR - LOKADAGAR

ELLINGSEN

Fiskislóð 1, Reykjavík / Hvannavellir 14, Akureyri / Síðan 1916 / 580-8500 / www.ellingsen.is

Matur á mbl.is

– stærsti uppskriftarvefur landsins!



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Helgarbaksturinn Finnur Guðberg Ívarsson bakaranemi knái á heiðurinn að uppskriftinni fyrir helgarbaksturinn að þessu sinni og býður upp á brauð sem á eftir að slá í gegn.

Lúxusfléttubrauð eins og það gerist best

Uppskrift fyrir helgarbaksturinn er fastur liður og kemur að þessu sinni úr smiðju bakaranemans Finns Guðbergs Ívarssonar, nemanda við Hótel- og matvælkólann í Kópavogi.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@mbl.is

Að þessu sinni deilir hann með lesendum uppskrift að lúxusfléttubrauði sem á eftir að hitta í mark. Þetta brauð er syndsamlega ljúffengt og fallett, það á vel við þegar á að gera vel við sig og sína.


Finnur hefur verið að gera garðinn frægan í bakstri þrátt fyrir ungan aldur og þó svo að hann hafi ekki lokið námi, en það styttest í lok námsins, sem verða í vor. Hann er í landsliði íslenskra bakara og er núverandi Íslandsmeistari ungra bakara, auk þess sem hann hlaut þriðja sætið fyrir brauð ársins í ár. Það er því tilvalið að fá uppskrift úr smiðju Finns en brauðið sem hann mælir með fyrir komandi helgi er einstaklega skemmtilegt

brauð, fléttubrauð. Fléttubrauðið er hátíðlegt í útliti og það er þess vegna hægt að bjóða upp á það með kvöldverði. Til dæmis góðum pastarétti eða súpu, jafnvel með grilluðum humarhólum. Bera það fram á viðarbretti og þeyta íslenskt smjör með. Gerist ekki betra.

Margar þjóðsögur til um fléttubrauðið

Fléttað brauð hefur fyrirfundist í margar aldir og til eru margar gamlar þjóðsögur um það. Ein sagan segir frá því að konur hafi verið skyldugar til að fylgja eiginmönnum sínum í gröfina þegar þeir dóu á undan þeim. Ekki er vitað hvort þessu var að fullu framfylgt, en líklegri ástæða er talin að konur hafi fléttað hár sitt, skorið af og látið fylgja með í gröfina sem að lokum varð að fléttuðu brauði sem átti að minna á fléttur konunnar. Þegar þessi siður fór

Syndsamlegt Finnur mælir með lúxusfléttubrauði, sem er syndsamlega ljúffengt og um það eru til margar skemmtilegar þjóðsögur.



að líða undir lok urðu fléttubrauðin æ algengari á borðum og fóru að verða daglegt brauð, brauð sem áður var bara borið fram á hátíðisdögum.

Gott að baka tvö og eiga annað til góða

Finnur deilir hér uppskriftinni að hinu fræga brauði og uppskriftin er að tveimur brauðum. Finnur segir gott að baka annað brauðið aðeins minna, frysta og klára svo að baka þegar þig langar aftur í brauðið ef ekki á að nota bæði brauðin samdægurs. Sumir setja birkifráe á fléttubrauðið en það er algjörlega valfrjálst.

Lúxusfléttubrauð

2 stykki
545 g hveiti
235 g mjólk
1 egg
10 g salt
60 g púðursykur
15 g þurrger
125 g smjör við stofuhita

Aðferð:

Setjið allt hráefnið nema smjör saman í hrærivél og hnoðið hægt með króki í um það bil 5 mínútur. Bætið síðan smjörinu saman við og hnoðið frekar hratt í 6-8 mínútur eða þar til deigið er hætt að klístrast við skálina og orðið slétt og hálfglansandi.

Skíptið deiginu síðan upp í 10 hluta, um það bil 120 grömm hvern, formið í stuttar lengjur og látið standa undir viskastykki í fimm mínútur.

Eftir að deigið hefur fengið að hvíla er næsta skref að lengja lengjurnar út í sirka 25 cm og flétta eins og myndirnar sýna.

Hitið ofninn í 40°C og slökkvið svo á honum og setjið fat með heitu vatni inn ásamt brauðunum á ofnplötu klæddri bökunarpappír. Látið þau hefast inni í ofninum þar til þau hafa tvöfaldast. Takið þá brauðin úr ofninum og hitið hann í 210°C hita með blæstri og penslið brauðin með eggjum og mjólk. Setjið brauðin síðan aftur inn í ofn og bakið í 25-35 mínútur eða þar til þau verða fallega ljósgull-inbrún á litinn.

Glæsilegar þýskar innréttingar



INNlifun

Suðurlandsbraut 26 Sími 587 2700

Opið 11-18 virka daga, 11-16 laugardaga.

innlifun.is

Nú finnur þú það sem þú leitar að á **FINNA.is**

ÍÐNAÐARMENN VERSLANIR
VEITINGAR VERKSTÆÐI
BÓKHALDSÞJÓNUSTA OG FLÉIRA

FINNAQ
ÍSLENSK FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA

KROSSGÁTUR

VANDAÐAR KROSSGÁTUR AF SÍÐUM MORGUNBLAÐSINS!



Morgunblaðið

edda
WWW.EDDA.IS

Horfir á þetta sem stórt tækifæri og hjálpinu sem hún þurfti til að búa til tónlist.

Langt út fyrir þægindarammann

Anna Fanney Kristinsdóttir stóð uppi sem sigurvegari í Íslenska Idol. Hún segir sjálförbyggð allt annað í dag og hún sé stolt af því að hafa þorað.

Fyrirmynd Anna Fanney vill vera fyrirmynd fyrir þá sem feimnir eru.

Edda Gunnlaugsdóttir
eddag@mbl.is

Söngkonan Anna Fanney Kristinsdóttir er rétt komin niður af bleika skýinu en síðasta föstudagskvöld stóð hún uppi sem sigurvegari í Íslenska Idol. Hún segist vera stolt af sjálfri sér fyrir að hafa ákveðið að taka þátt. Stikla sem fór sem eldur í sinu um veraldarvefinn í upphafi þáttanna sýnir feimna stúlku með stórkostlega rödd sem vakti fljótt athygli fólks.

„Í fyrstu prufunni var ég með lokuð augu allan tímann því ég gat ekki horft á fólkið sem var að dæma mig,“ segir Anna Fanney og hlær. „En nú hefur það breyst.“

Anna Fanney var hrædd í fyrstu við að fara út í þetta en sér ekki eftir því í dag.

„Ég er mjög stolt af sjálfri mér og ánægð með að hafa tekið þátt. Þetta hefur hjálpað mér svo mikið hvað varðar sjálförbygggi og ég er allt önnur núna en þegar ég sótti um.“ Hún segir þó engan hafa þurft að ýta henni út í þetta. „Ég ákvað þetta því mér finnst gaman að taka þátt í svona keppnum. Ég kunnir ekki að semja eða gera neitt þannig en mér finnst gaman að syngja. Svo ég horfi á söngvakeppnir eins og tækifæri til að syngja meira og sama hversu feimin ég verð næ ég samt alltaf að syngja, þrátt fyrir feimnina.“

Hún segir ferlið hafa gert sér ótrúlega gott og að hún hafi brotist út úr skelinni. „Þegar ég er uppi á sviði núna reyni ég að vera með sjálfri mér meira og minna inni í höfðinu á mér. Það er eitthvað sem hefur breyst mikið. Þetta hefur líka hjálpað mér mjög mikið með það að hafa gaman af því að syngja með salnum, fólkinu sem er að horfa á mig.“

Krefjandi að vera persónuleg fannst Önnu Fanneyju vera allt fólkið sem hún eyddi tíma með, keppendur og aðrir. „Fólkið sem var að mæta á æfingar og topp átta hópurinn sem ég náði að kynnsti ótrúlega vel, það var það skemmti-

legasta. Það að hafa fullt af góðu fólki í kringum mig því það voru allir svo hjálpsamir og skemmtilegir. Svo auðvitað líka að syngja uppi á sviði,“ segir hún brosand.

Persónulega nálgunin og viðtölin þóttu henni hvað mest krefjandi. „Það að reyna að vera opin baksviðs og allt það. Þetta snýst ekki bara um sönginn heldur líka það að sýna hver ég er og fá fólk til að líka vel við mig.“

Nú tekur við spennandi tími hjá Önnu Fanneyju en hún er komin með plötusamning. Hún horfir á tímann fram undan sem æfingu. „Ég er að fara á fund í vikunni, þar skipuleggjum við tíma til að fara í stúdíó og svona. Það er æfing hjá mér að vinna í tónlist því ég hef ekki gert það sjálf, svo ég horfi á þetta sem gott tækifæri og mikla æfingu. Nú er ég að fá þessa hjálpinu sem ég virkilega þarfaðist til að búa til tónlist.“

Hún segir rólega tónlist vera eitthvað sem hafi alltaf heillað hana en að hún sé sem stendur opin fyrir öllu. „Mig langar að gera svoltið alls konar, ég hef alltaf verið að taka rólegri lög, það er það sem ég hef verið að pæla í. En svo er ég líka til í að prófa lög sem hægt er að dansa við. Ef ég væri að gera

allt sjálf yrðu sennilega róleg og sorgleg lög fyrir valinu,“ segir hún hlæjandi. „En ég er að fara að prófa alls konar og margt mismunandi.“

GDRN er frábær
En hver er draumalistamaðurinn til að vinna með? „GDRN (Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir) er örugglega einhver sem ég myndi vilja vinna með, mér finnst hún frábær. Raddirnar okkar eru svipaðar og ég held að við gætum hljómað vel saman. Svo kannski Flóni, eða bara Herra Hnetusmjör,“ segir hún og brosir en Árni Páll Árnason, Herra Hnetusmjör, var einn dómara þáttanna.

Augnablikið sem stendur hvað mest upp úr fyrir Önnu Fanneyju var í fyrsta þættinum sem sýndur var í beinni útsendingu. „Þegar ég tók Stanslaust stuð. Það var mjög mikið út fyrir þægindarammann minn, að fara í fyrstu beinu útsendinguna með þetta lag og svo líka hreyfa mig uppi á sviði. Er mjög stolt af þeirri frammistöðu.“

Hún segist vona að hún geti verið fyrirmynd fyrir aðra sem vilja brjótast út úr skelinni. „Allt þetta ferli hjálpaði mér svo svakalega. Það er alltaf hægt að komast út úr þægindarammanum og skelinni sinni ef maður bara þorir.“

NATUZZI
ITALIA

írólsk hönnun – írólsk framleiðsla

STAN rafmagnssófi model 3035

L 176 cm	Leður ct. 25	Verð 869.000,-
L 206 cm	Leður ct. 25	Verð 919.000,-

CASA býður upp á vaxtalausar raðgreiðslur (með Visa / Euro) í allt að 6 mánuði

Casa Skeifan 8 | Sími 588 0640 | casa.is

VETRARSÓL er umboðsaðili

STIGA

Gulltryggð gæði

40 ár
á Íslandi

STIGA
ST5266 P

Hágæða
snjóblásarar
Fjölbreytt úrval

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

VETRARSÓL

Sunna Kristinsdóttir er einn tíu flytjenda sem taka þátt í Söngvakeppninni í ár.



Þrítug Sunna ákvað að henda sér út í tónlistarbransann þegar hún varð þrítug.

Ljósmynd/Ríkisútvarpið

Tekur ekki þátt í Eurovision ef hún vinnur söngvakeppnina

Sunna Kristinsdóttir er ný í tónlistarbransanum og tekur þátt í Söngvakeppninni í ár. Hún segir það nógu stórt skref að taka þátt í keppninni hér heima með tónlistina sína.

Edda Gunnlaugsdóttir
eddag@mbl.is

Sunny, eða Sunna Kristinsdóttir, tekur þátt í Söngvakeppninni þetta árið með lagið Fiðrildi. Lagið er eftir Nikulás Nikulásson og Sunnu sem skrifaði einnig texta lagsins. Það eru tíu flytjendur sem etja kappi í Söngvakeppninni sem hefst 17. febrúar. Sunna er glæný í tónlistarbransanum og gaf út sín fyrstu lög í september. „Það sem gerðist var það að ég varð þrítug. Áður en ég tók ákvarðanir kom rödd í hausinn á mér sem sagði: „Nei, Sunna, þú ert samt að verða þrítug.“ Maður á að snúa sumum röddum við og þagga niður í þeim,“ sagði Sunna í viðtali við Skemmtilegu leiðina heim.

„Ég hef aldrei samið áður en ég hugsaði, ef þú breytir ekki neinu þá breytist ekki neitt.“

Textagerð og söngur hafa alltaf legið vel fyrir Sunnu. „Ég þurfti að hugsa, hvað get ég? Ég hafði einblínt svo lengi á hvað ég gæti ekki. Ég reyndi hvað ég gat að læra á hljóðfæri en er með svo mikinn athyglisbrest og verð reið ef ég næ ekki einhverju strax, svo ég hélt ekki lengi í því,“ útskýrir Sunna. „En ég hef alltaf kunnað að skrifa texta og ég kann að syngja. Hvað vantar mig þá? Einhvern á móti til að gera tónlistina.“

Textarnir úr dagbókinni

Textar Sunnu eru mjög persónulegir. „Þetta átti ekki að fara fyrir

alþjóð, þetta er eins og dagbókin mín,“ segir Sunna hlæjandi.

Söngvakeppnin hefur alltaf átt hug hennar og hjarta og situr hún sem fastast fyrir framan sjónvarpið meðan á keppninni stendur ár eftir ár. Hún segist þó vera aðeins minna spennt fyrir fögnuðinum í ár.

„Ég hef gefið það út að ég muni ekki fara út ef ég vinn hér heima. Það er nógu stórt skref fyrir mig að fá að taka þátt í þessari keppni með tónlistina mína,“ segir Sunna einlæg. „Mér finnst óþolandi ef fólk gerir mér upp illan ásetning svo ég varð að segja þetta að fyrra bragði. Þetta er mun meiri ákvörðun en ég er tilbúin í og ég vildi ekki hafa þetta á herðunum.“

RAPUNZEL

Morgunverður meistarans

Sjáðu uppskriftina á gerumdagingnir.legan.is

Þarftu að láta gera við?
FINNA.is

FINNA Q
ÍSLENSK FYRIRTEKI OG ÞJÓNUSTA

UPPLIFÐU JAFNARI ORKU OG MINNI ÞREYTU

Náttúruleg vöðvanæring

Inniheldur allar 9 lífsnauðsynlegu aminosýrurnar í frjálsum formi til að viðhalda og styrkja vöðva.

Fæðubótarefni koma ekki í stað fjölbreyttrar og hollrar fæðu.



UNBROKEN.IS



AMÍNÓSÝRUR Í
FRJÁLSU FORMI

VÍTAMÍN B12,
SINK OG SELEN

unbroken



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

HALLDÓR EINARSSON,
Hellubraut 1, Grindavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi fimmtudaginn 8. febrúar.

Útförin fer fram frá Selfoskirkju miðvikudaginn 21. febrúar klukkan 13.



Sigurlaug Sigurðardóttir
Sólveig Halldórsdóttir
Sigurður Halldórsson Hildur Ýr Tryggvadóttir
og barnabörn



Elsku hjartans faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

PÓR GUNNARSSON
Næfurholti 1,
Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi miðvikudaginn 7. febrúar.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 16. febrúar klukkan 13. Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Akurgerði Sólvangi fyrir góða umönnun og alúð.



Anna Margrét Þórsdóttir Ólafur Gauti Hilmarrson
Þórdís Þórsdóttir
Davíð Arnar Þórsson Ingibjörg Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

BJARNI GUÐBRANDSSON
pípulagningameistari,
Lómasölum 10,
Kópavogi,

andaðist á Landakotspítala föstudaginn 9. febrúar. Útför fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 22. febrúar klukkan 13.



Guðrún Guðlaug Ingvarsdóttir
Kristín Karólína Bjarnadóttir Helgi Sigurbjartsson
Guðbrandur Bjarnason Guðný Freyja Pálmadóttir
Unnur Inga Bjarnadóttir Sveinbjörn Sveinbjörnsson
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

KRISTÍN ÁGÚSTA BJÖRNSDÓTTIR,

lést 8. febrúar sl. á líknardeild Landspítalans í Kópavogi umvafin fjölskyldu og ástvinum. Kærar þakkir til MND-teymis og Heru II líknarheimiljónustu fyrir einstaka umönnun og kærleiksrikan stuðning. Útför verður auglýst síðar.




Viðar F. Welding
Björk Viðarsdóttir Björn Pétur Sigurðsson
Björn Viðarsson Ragnheiður Þórdís Gyfjadóttir
Egill Viðarsson Ilaríá Lorusso
Estíva Birna Björnsdóttir Baldur Harðarson
barnabörn og aðstandendur



Okkar ástkæri eigenmaður, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

GUNNAR JÓHANNES ÁRNASON
listheimspekingur,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 10. febrúar. Útför verður auglýst síðar. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð líknardeildar Landspítalans, reikningsnúmer 513-26-22228, kt. 640394-4479. Starfsfólki líknardeildar færum við þakklaeti fyrir ást, umhyggju og alúð við umönnun Gunnars og dýrmætan stuðning við fjölskylduna.



Soffía Karlsdóttir
Árni Freyr Gunnarsson Nína Hjördís Þorkelsdóttir
Sunnefa Gunnarsdóttir Pedro Gunnlaugur Garcia
Júlía Gunnarsdóttir Adolf Smári Unnarsson
Stigur Árnason
Árni Kristinnson
Kristinn H. Árnason
Snorri Örn Árnason

Árni Þorsteinsson

† Árni Þorsteinsson fæddist í Reykjavík 30. október 1965. Hann lést á líknardeild Landspítalans 4. febrúar 2024.

Foreldrar hans eru Sigriður J. Hannesdóttir, f. 15. ágúst 1938, og Þorsteinn Svörfuður Stefánsson, f. 22. ágúst 1937, d. 4. janúar 2023.

Systkini Árna eru tvö: Sólveig, f. 25. apríl 1962. Maki Jorge Palmeirim, f. 22. mars 1957. Börn þeirra eru: Marta Sólveig, f. 17. janúar 1992, og Tómas Þór, f. 22. júní 1995. Bróðir Árna er Heimir, f. 20. júní 1970. Maki Hanna Thordarson, f. 4. apríl 1968. Börn þeirra eru: Drífa Sóley, f. 10. júlí 1994, Heba Sólveig, f. 2. júní 1999, Arna Sólrún, f. 14. janúar 2002, og Hugi Svörfuður, f. 12. ágúst 2004.

Árni gekk 6. febrúar 1988



ad eiga fyrri eiginkonu sína, Ingu Maríu Friðriksdóttur, f. 20. ágúst 1961. Börn Árna og Ingu Maríu eru Katrín, f. 6. október 1987, í sambúð með Koen Van de Gaer, og Viktor, f. 6. október 1987, í sambúð með Salóme Rut Kjartarsdóttur og þremur föstur börnum hans, þeim Alexöndru Ísold, Júlíu Þóru og Magnúsi Smára á aldrinum 8-14 ára og þeirra eigin syni, Andra Snæ, f. 13. desember 2021.

Árni og Inga María skildu en Árni gekk Rakel, dóttur Ingu Maríu, í föðurstað. Hún er fædd 11. júní 1980.

Seinni eiginkona Árna er María Loftsdóttir, f. 2. júní 1969. Þau giftu sig 1. júní 2018. Foreldrar Maríu eru Hlín Gunnarsdóttir, f. 8. desember 1933, og Loftur Magnússon,

Þegar María dóttir okkar og litla systir hitti hann Árna sinn í fyrsta sinn, stóð hann í eldhúsinu í bústað í Stykkishólmi og var að elda. Þau tóku spjall saman og þegar hann sauð niður rauðvínssósuna leit hún á hann og sagði: „Ég þarf svona mann eins og þig. Ég kann ekkert að elda. Vilt þú ekki bara giftast mér?“ Hann jätti því og það varð úr, en reyndar ekki formlega fyrir en tæpum 20 árum síðar. Eftir þetta var Árni alltaf duglegur að elda fyrir hana Maríu sína og Öglu eftir að hún kom í heiminn.

Og ekki bara þær tvær heldur alla stórfjölskylduna. Um leið og eitthvað stóð til var Árni mættur með sleifina á lofti og reiddi fram því líku veislurnar. Ekkert tilefni var of lítið eða of stórt til mannfagnaðar; sönglagakeppni, Liverpool-leikur eða kosningar. Já, stemningsmaður er orð sem lýsir Árna mjög vel.

Árni var góður maður og réttisýnn. En gat líka verið þver og þrjúskur. Reglur voru reglur og þeim skyldi fylgt. María vill halda því fram að það hafi verið sænska hlöðin á honum, en Árni ólst upp í Gautaborg stóran hluta æsku sinnar og það var aldrei langt í Sviann í honum. Hann var prinsippmaður sem stóð við sitt, dugnaðarforkur til vinnu sem lagði metnað sinn í að vera sanngjarn yfirmaður.

Árni hafði mikinn áhuga á tónlist og var sjálfur með finustu söngródd. Þau María hoppuðu oft upp í Hafnarfjarðarstrætó og beint í Hörpuna að hlusta á óperur og aðra klassík. Ósjaldan var farið til London að sjá söngleiki, stundum þá sömu aftur, í ýmsum uppfærslum. Þau fóru á Júrúvísion bæði í Malmö og Kaupmannahöfn. Og það vita ekki margir að Árni samdi sjálfur söngleik á yngri árum, þótt það ætti reyndar ekki að koma á óvart þeim sem þekktu hann vel.

Hann kunnir aldeilis að njóta lífsins lystisemda og voru ferðalög hluti af því. Með hjólhýsið í eftirdragi og grillið í skottinu þeyttist fjölskyldan um sveitir landsins. Þau flugu út um alla Evrópu að sötra ljúffengt vín og bragða gómsætun mat. En Portugal var fyrirheitna landið. Landið sem þeim leið best í, landið þar sem þau ætluðu að eyða eiliárunum. Draumur sem mun nú aldrei rætast. Án efa eru fleiri draumar og plön sem ekki verða að veruleika. Þá er huggun harmi gegn að vita til þess hversu vel þau skemmtu sér saman áður en Árni kvaddi.

Blessuð sé minning þín, Árni, og takk fyrir til hafa alltaf verið góður við Maríu okkar.

Við sendum samúðarkveðjur til fjölskyldunnar allrar,
Loftur, Hlín, Margrét, Magnús og Hildur.

Mig langar í fáeinum orðum að minnast vinar og frænda míns Árna Þorsteinssonar, sem lést þann 4. febrúar langt fyrir aldur fram.

„Sæll frændi“ var íðulega upp-haf samtala okkar í gegnum árin, en við höfum þekkt frá barnæsku og erum systkinabörn á sama aldri.

Margs er að minnast og margar minningar koma upp í hugann, myndbrot úr barna-afmælum í Fossvogi, og síðar á lífsleiðinni lágu leiðir okkar saman á ýmsa vegu. Árni heim-sótti mig og fjölskylda á náms-árunum í Gautaborg, en hann hafði búið þar í mörg ár þegar hann var ungur. Árni starfaði mestmegnis við störf tengd veitinga- og hótélreistri. Á árunum 2000-2002 unnum við hjá tveimur tengdum fyrirtækjum í sama húsi þar sem við eyddum oft hádegisshléinu saman. Þetta var skemmtilegur tími. Einn sona minna starfaði um skeið við útkeyrslu til fyrirtækja á dýrindis mat sem Árni sá um að framreiða og því má segja að leiðir okkar hafi legið oft saman. Síðasta árið starfaði Árni sem yfirþjónn á Grand hóteli og þar hitti ég hann í nokkur skipti. Það var greinilegt að samstarfsfólk hans naut þar fagmennsku hans og góðrar nærveru.

Hans líf og yndi var að halda veislur og að búa til mat fyrir sem flesta og gerði það alltaf með glæsibrag. Eftirminnlegt brúðkaup hans og Maríu, sem var haldið 2019, bar þess merki. Viku fyrir andlátíð áttum við saman góða stund. Á þeim tímupunkti var Árni orðinn mjög veikur en samt líkur sjálfum sér en við vissum báðir í hvað stefndi. Nú hefur Árni kvatt okkur allt of snemma. Það er komið að leiðarlokum. Hvíl í friði, elsku frændi og vinur.

Ástvinum sendi ég innilegar samúðarkveðjur.
Magnús Heimisson og fjölskylda.

Við fráfall míns kæra frænda koma upp í hugann margar minningar frá æskuárunum.

Við afkomendur Hannear J. Magnússonar og Sólveigar Einarisdóttur vorum nán og mikil samskipti voru milli frændfólksins, sérstaklega hér áður fyrr. Við barnabörnin náðum vel saman, enda á svipuðum aldri. Þegar rifjaðar eru upp bernskuminningar finnur maður hvað fjölskyldutenging æskuár-anna er djúpstæð. Árni var oft hjá okkur á æskuheimili mínu í Fossvoginum. Hann og mamma voru miklir vinir. Árni hefur oft minnst á þennan kærleik sem mamma sýndi honum alla tíð. Minningar um gleðistundir æsk-

f. 15. júlí 1931. Dóttir Árna og Maríu er Agla, f. 11. mars 2007.

Árni átti heima í Reykjavík fyrstu þrjú ár ævinnar en fluttist þá með fjölskyldu sinni til Gautaborgar. Fjölskyldan flutti aftur til Íslands þegar Árni var tólf ára. Var Ólduselsskóli næsta menntastofnun Árna og síðan Fjölbrotaskólinn í Breiðholti. Tók hann sveinspróf í Hótel- og veitingaskóla Íslands 1987 og varð framreiðslumeistari 2001. Stúdentsprófið í FB lenti þar á milli 1996.

Árni starfaði sem framreiðslumaður en einnig hjá Miðlun ehf. og Íðunni bókaforlagi svo að eitthvað sé nefnt. Árið 2001 stofnaði hann Cocktail-veislubjónustuna en frá 2015 var hann yfirþjónn á Fjöruboröinu á Stokkseyri. Þegar hann lést var hann starfandi yfirþjónn á Grand hóteli Reykjavík frá árinu 2021.

Útför Árna Þorsteinssonar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju í dag, 15. febrúar 2024, klukkan 13.

unnar geymast oft á ljósmyndum, eins og þeirri sem tekin var við eldhúsbörð heima í Hjallalandi af okkur systkinunum ásamt Árna, Heimi og Sólveigu þar sem við erum öll skellihlæjandi að borða súkkulaðiköku. Við Árni ræddum um þessa mynd löngu síðar, en mundum hvorugt hvað það var sem vakti svo mikla kátínu. En einhvers staðar í hjartanu bjó minningin um þessa einlægu gleði. Þetta var góður tími, framtíðin blasti við, hjórt og áhyggjulaus, það var gaman að lifa.

Einnig kemur upp í hugann Svíþjóðarferð okkar Madda þegar við dvöldum hjá fjölskyldunni í Gautaborg í nokkurn tíma. Þar minnst ég helst ferðanna sem við fórum með Árna og systkinum hans á golfvöllinn, í tívoli og sundlaugin.

Ekki má gleyma gómsætu heimabökuðu brauðunum hennar Siggu né öllu umstanginu sem fylgdi undirbúningi brúðkaups Karls Gústafs og Sylvíu drottningar þetta sumar. Mörg voru fjölskylduböðin og síðar ættar-mót og samkomur af ýmsum til-efnum og þegar fram líðu stundir var það gjarnan Árni sem hafði hönd í bagga ef mikið stóð til með mat og undirbúning. Hann greip hvert tækifæri til að bjóða í veislur og þá var vandað til og veitingarnar ekki af verri endanum. Hann lagði mikla alúð við matargerðina og það var gaman að upplifa hversu honum var í mun að gera vel við sína gesti.

Á ættarmóti fjölskyldunnar sem haldið var á Mel í Skaga-firði 2007 var Árni hrókur alls fagnaðar. Auðvitað sá hann um allar veitingarnar. Eldri kynslóðin rifjaði upp sögur og leikinn var leikþáttur þar sem líkt var eftir öföllum þabba míns, móðurbróður Árna, þegar hann datt í lækinn á æskuárum sínum í sveitinni á Mel. Saga sem sögð er reglulega í fjölskylduböðum.

Við heimsottum æskustöðvar afa okkar, Hannear, á Torfmýri í Skagafirði, sem þá voru bara tóftir. Þetta var skemmtilegur tími á slóðum forfedranna því Árni var frændrækin og forvitinn um forfedur sína. Honum hafði áskotnast mikið af bók-um eftir afa Hanne, hann var stoltur af bókasafninu sínu og hafði gaman af því að sýna okkur það. Árni var stemningsmaður, það var alltaf eitthvað að gerast í kringum hann. Nú er komið að leiðarlokum, veislurnar verða ekki fleiri hér í þessari jarðvist. Góður drengur er genginn.

Ég og fjölskylda mín send- um fjölskyldu Árna innilegar samúðarkveðjur, við minnumst glaðlynds drengs æskuáranna og hjartahlýja fjölskylduföðurins með hlýju og söknudí.

Sigríður Heimisdóttir.

Elskulegur frændi okkar hann Árni er látinn langt um aldur fram eftir fárra mánaða baráttu við illvæg veikindi. Hann er einn af elstu systkinabörnunum okkar og við höfum átt mörg yndisleg ár með honum. Árni ólst upp í Svíþjóð til 12 ára aldurs. Hann var glaður og kátur strákur, sem alltaf tók vel á móti okkur þegar við heimsóttum fjölskylduna þar. Á unglingsárunum vann hann eitt sumar við húsbýggingu og fiskvinnslu á Dalvík. Honum líkaði ekki alltaf maturinn hjá frænku sinni þar og kannski varð það kveikjan að ævistarf-inu.

Árni var lærður framreiðslumaður og starfaði við það til síðasta dags. Hann vann störf sín af miklum áhuga og metnaði og lagði sig alltaf fram um að gera sitt besta. Maður kom t.d. aldrei að tómun kofunum hjá honum þegar leita þurfti álits á mat eða víni. Fjölskyldan naut sannarlega góðs af því. Hann skipulagði og sá um veislur fyrir mörg okkar og annaðist matseld á öllum fjölskyldusamkomum okkar síðustu 25 árin eða svo.

Hann var mikill fjölskyldumaður og einstaklega góður pabbi börnum sínum. Það var alltaf mjög skemmtilegt að eiga samneyti við hann hvenær sem við hittum hann. Fjölskyldan átti lengi gríðastað í húsi afa hans og ömmu á Dalvík. Þangað kom Árni reglulega, ekki síst ferð mikið stóð til. Það var yndislegt að fylgjast með honum í eldhúsinu í Lambhaga útbúa hverja sælkeramálftöina af annarri fyrir stórfjölskylduna. Þá var Árni í essinu sínu og stjórnaði aðstoðarkokkunum, sem voru oftast á öllum aldri. En hann vaskaði aldrei upp heldur lét aðra um það.

Árni var líka mikill gleðimaður og naut þess að taka þátt í leikjum og söng þegar fjölskyldan og vinirnir hittust. Stundum tók hann lög á sænsku úr teikni-myndum okkur til skemmtunar, oftast úr uppáhaldsmyndinni sinni Djungelboken.

Seinni árin kom stórfjölskyldan saman á heimili hans og Maríu til að breiða út, skera út og steikja laufabraud. Þannig átti það að vera fyrir síðustu jól og lengi ætlaði Árni að fá fjölskylduna til sín og Maríu til að geta verið með en af því gat ekki orðið vegna veikinda hans. Við munum ávallt minnast síðustu laufbrauðsgerðar í Hafnarfirði. Þá voru Árni, María og Agla nýflutt í yndislega fallega íbúð og Árni hress og glaður. Hans verður sárt saknað þegar fjölskyldan hittist en við eigum svo góðar minningar sem munu lifa með okkur.

Við sendum nánustu fjölskyldu Árna, þeim Maríu eftirlifandi konu hans, börnum hans Öglu, Katrínu og Viktori, Sigríði móður hans og systkinunum Sólveigu og Heimi og fjölskyldum þeirra okkar innilegustu samúðarkveðjur. Blessuð sé minning Árna Þorsteinssonar.

Anna, Björn og Sigurlaug.

Elsku föðurbróðir okkar Árni Þorsteinsson lést þann 4. febrúar 2024, langt fyrir aldur fram. Árna frænda fylgdi alltaf mikið fjör og kærleikur. Það var alveg augljóst hversu mikið honum þótti vænt um okkur, og ekki síður hvað okkur þótti vænt um hann. Árni var þekktur fyrir heimsins bestu skonsur og alltaf áttum við yfir okkur af þeim þegar þær voru á boðstól- um. Ekki síður var Árni mikill matgæðingur og hélt alltaf flottar veislur. Við minnumst góðra tíma þegar Árni bauð okkur reglulega á sínfónutónleika, kynnti okkur Chaplin og alls konar tónlistarmenn. Hann Árni lagði mikla vinnu í að varðveita og halda uppi fjölskylduhefð- um, sem við erum honum ávallt þakklát fyrir. Takk fyrir að vera

svona hlýr og góður, elsku Árni frændi. Minning þín mun lifa um ókomna tíð í hjörtum okkar.

Drífa Sóley Heimisdóttir, Heba Sólveig Heimisdóttir, Arna Sólrún Heimisdóttir, Hugi Svörfuður Heimisson.

Góður vinur hefur nú kvatt okkur allt of fljótt. Á stundum sem þessum er fátt um svör en eftir standa dýrmætari minningar.

Hann Árni var góður drengur sem hugsaði vel um þá sem stóðu honum nærri. Fengum við vinirnir aldeilis að njóta þess. Ungur lærdi hann til framreiðslumeistarara og höfðaði það vel til hans. Hélt hann oft veislur fyrir okkur strákana og maka okkar. Var þá oft mikið í lagt að hætti Árna með öllu hans tilstandi og útskýringum. Má segja að hann hafi verið límið í hópnum.

Leiðir okkar hafa lengi legið saman. Við rákum saman veislubjónustu í nokkur ár og gekk það mjög vel.

Hafði hann mikla þekkingu, ekki bara faglega heldur var hann einnig framúrskarandi í mannlegum samskiptum.

Alltaf var auðvelt að hringja í Árna og fá góð ráð í hverju sem var, enda mikill fagmáður.

Hann var góður kylfingur og var með golfreglurnar á hreinu, sem kom sér oft vel, enda oft hringt í hann til að skera úr um atvik á golfvöllinum.

Mér þótti vænt um að eiga mjög góða stund með Árna nú nýlega og eitt hlýlegt atvik situr í minningunni sem ég sagði honum frá. Það var að ég spilaði með framreiðslumanni í golfi síðastliðið sumar og varð ég að spyrja hann hvort hann þekkti Árna Þorsteinsson á Grand hóteli. Svareð var: „Nú, bara „legend“.“

Ég sá að Árna þótti vænt um að heyra þetta.

Kæra fjölskylda, við vottum ykkur innilega samúð á þessum erfiða tíma.

Hvíl í friði, elsku vinur.

Bjarni Þór og fjölskylda.

Nú kveðjum við vin, Árna Þorsteinsson. Þar fer drengur góður, hreinskiptinn og fastur fyrir enda gæddur einstakri réttlætiskennd og djúpri virðingu fyrir sjálfstæði einstaklingsins. Æðrulaus í fasi og vinur vina sinna. Við Árna kynntumst fyrst fyrir alvöru á hjónagörðum HÍ þar sem við Rósa bjuggum ung að árum og þeir Árni og Kristján komu reglulega að spila bridge. Þær kvöldstundir sem drögust fram á morgna eru góðar minningar. Árni hafði sterkar skoðanir á málum, kennsluáferðum, íþróttum, pólitík, veði, matreiðslu, golfi og hvað það allt heitir. Við vorum ekki alltaf sammála en að eiga rökræður við þennan horfna félagá voru gæðastundir. Hann hlustaði og kom ávallt fram með rökstudda skoðun byggða á fullnægjandi forsendum. En hjargið sem við leittum að til að byggja skoðanir okkar á er ekki til og það vissi Árni manna best. Hann vissi að það er ekkert í þessu lífi sem við getum verið örugg um annað en að ef við fæðumst þá deyjum við einn daginn.

Pegar ég hitti hann stuttu fyrir andlátíð áttum við notalega stund. Dóttir hans, Katrín, sat hjá honum og hann dormaði líft og Descartes við eldinn forðum. Vissi ekki hvort lífið væri draumur eða veruleiki, aðeins hugsunin var til staðar. Við ræddum um tilveruna, ég sagði henni hversu stoltur og hamingjusamur Árni hefði verið með hana og börnin sín öll. Þá skyndilega reisti Árni sig upp og sagði: „Ég er ekki sofandi og búinn að hlusta á allt sem þið hafið sagt. Það er notalegt að hlusta á ykkur, ég þarf ekki að leiðrétta neitt, ég er sáttur við ykkur og örlög mín.“

Þú ert farinn vinur og finnur gott borð fyrir okkur og setur upp veislu þegar við félagarnir komum yfir, það verður alvörusamkoma, þú við eldavelína búinn að hugsa fyrir öllu, hræra í bestu skonsurnar, græja aðalréttinn og safna að þér besta víninu. Já, minn kæri, þú varst, ert og verður fyrri til og það verður gott að hitta þig hinum megin þegar kallið kemur.

Það er komið að leiðarlokom. Við viljum senda öllum aðstandendum okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Ég minnst þín í vorsins bláa veldi, er vonir okkar stefndu að sama

marki,

þær týndust ei í heimsins glauum og harki

og hugann glöddu á björtu sumarkveldi.

Þín sál var öll hjá fögrum lit og línun,

og ljóðsins töfraglésta dularheimi. Þú leiddst í burt frá lágum

jarðarseimi,

í ljóssins dýrd, á hugar-vængjum þínum.

Ég sakna þín, ég syrgi farinn vin, í sálu þinni fann ég dýpsta hljóðinn, er hóf sig yfir heimsins dægur-glys.

Á horfna tímans horfi ég endurskin, ég heyrir ennþá glada, þýða róminn, frá hreinni sál með hára vona ris.

(Steinn Steinar)

Hvíl í friði.

Ágúst Heimir og Rósa.

Í dag kveðjum við kærana vin okkar til 46 ára, Árna Þorsteinsson.

Hann var góður vinur sem elskaði að halda matarboð fyrir okkur vina, hvort sem það var þorramatur, jólaboð eða þá grillveislur í árlega veiðitúrnum. Það var gott að koma til Árna og Maríu og alltaf gátum við gengið að því visu að þetta yrði matarboð ársins hjá okkur hinum. Þannig gátu Árni og María töfrað fram hverja veisluna á fætur annarri. Árni sá líka um veislur fyrir okkur hina, hvort sem það voru fermingar, útskriftarveislur eða brúðkaup, og allt var þetta gert upp á 10. Árni var okkur fremstur þegar kom að golfþróttinni og fór hann lægst í 9 í forgjöf. Átti hann alltaf góð ráð handa okkur hinum þegar við vorum að stíga okkar fyrstu skref í golfinu. Hann hafði líka mikinn áhuga á fótbolta eins og flestir okkar í vínahópnum og var honum ekki vel við það þegar liðið hans tapaði. Hann var keppnismaður og það var reyndar þannig í öllu sem við höfðingjar heim að sækja. Fallegasta minningin er frá brúðkaupi Árna og Maríu fyrir bráðum sex árum en þar ljómaði Árni við hlíð Maríu sinnar.

Árna og Maríu leið vel saman með Öglu sinni og vottum við þeim mæðgum, Katrínu, Viktori, Rakel og fjölskyldum þeirra okkar dýpstu samúð. Einnig sendum við Sigríði móður Árna og systkinum hans og fjölskyldum samúðarkveðjur. Hvíl í friði, elsku Árni, þín verður sárt saknað um ókomna tíð.

Magnús, Kristján, Þórbjörn, Bjarni, Davíð, Gísli og makar.

Árið 1976 hófust kynni okkar Árna Þorsteinssonar í grunnskóla. Við vorum lánsamir að tilheyrja sama vínahópi. Þrátt fyrir ólíka drengi og skrautlegar uppákomur var vínahópurinn traustur, þéttist með árunum og var það ekki síst Árna að þakka.

Þessi mikli fagmaður sá til þess að hópurnir hittist reglulega. Árni var lærður framreiðslumeistari og með sanni sagt var hann sá færasti í bransanum. Hann var mikill mat- og víngeðingur, hafði unun af því að elda, gæða sér á góðu víni og

veita. Við í fjölskyldu minni nutum oft góðrar aðstoðar Árna er kom að veisluhöldum. Árni var afburðanemandi, mundi allt og líka allan óparfa. Árni hafði góða frásagnarhæfileika og er sögur voru sagðar sá Árni til þess að hafa staðreyndir á hreinu, sagan þurfti stundum að gjalda sannleikans.

Við félagarnir hittumst oft með mökum og enn oftar án maka. Fórum margar ferðir saman og fengu börn okkar oft að fljóta með. Við Árni tókum upp á því að spila bridge saman um nokkurt skeið og hjuggum til okkar eigið kerfi, þó aðallega hann. Fyrsta bridge-mót sem við spiluðum var undirritaður spurður hvernig við kölluðum okkar á milli. Undirritaður skildi ekki spurninguna og svaraði HÓ og hló. Mótherjarnir hlógu ekki, mótsjórnari mætti á borðið, við fengum að kenna á því og Árni var sko ekki sáttur með vin sinn þá. Árni minn, þú ert tekinn allt of fljótt frá okkur, ég er ekki farinn að trúa þessu, ætla samt að trúa því að þú sért kominn á betri stað í dag, að þér líði vel og sért að njóta. Þakka þér fyrir allar þær ógleymanlegu stundir sem þú gafst mér og mínum.

Megi Guð vera með ykkur, María, Agla, Katrín, Viktor og Rakel. Hugur minn er hjá ykkur. **Kristján Rafn Harðarson.**

Í dag kveðjum við vin okkar Árna, vin sem hefur fylgt okkur stærsta hluta lífsins. Veikindin bar brátt að, eins og hendi sé veifað er Árni horfinn á braut. Lífið er ekki alltaf sanngjarnt og oft á tíðum illskiljanlegt. Eftir sitja fallegar minningar sem ljúfsárt er að rifja upp.

Árin í Breiðholtiinu sem börn og unglingar, námsárin og allt sem á eftir fylgdi, fjölskyldur og börn. Við eigum yndislegar minningar austan úr Laugardal með Maríu og Árna á fallettum sumardögum. Þar kenndi Árni áhugasamri dóttur okkar að baka skonsur og búa til alvöru súkkulaðibúðing. Minningar þar sem Árni hjálpaði okkur að snara fram þriggja rétta fermingarveislu frumburðarins og María hannaði fermingarkortíð í samráði við fermingarstúlkuna. Frábærar minningar frá Fiskideginum á Dalvík þar sem vínahópurinn kom saman með börn og buru að frumkvæði Árna. Vínahópurinn skreytti garðinn við húsið sem Árni hafði útvegað og bauð upp á fiskisúpu í anda helgarinnar. Ófáar samverustundir með vínahópnum hjá Árna og Maríu þar sem reiddar voru fram gómsætar kræsingar, enda þau hjónin höfðingjar heim að sækja. Fallegasta minningin er frá brúðkaupi Árna og Maríu fyrir bráðum sex árum en þar ljómaði Árni við hlíð Maríu sinnar.

Árna og Maríu leið vel saman með Öglu sinni og vottum við þeim mæðgum, Katrínu, Viktori, Rakel og fjölskyldum þeirra okkar dýpstu samúð. Einnig sendum við Sigríði móður Árna og systkinum hans og fjölskyldum samúðarkveðjur. Hvíl í friði, elsku Árni, þín verður sárt saknað um ókomna tíð.

Ég held að við höfum báðir trúað á eftirlif og með þessum orðum kveð ég þig, minn kæri vinur, og segi „þangað til við hittumst á ný“.

Þar sem englarnir syngja sefur þú, sefur í djúpinu væra. Við hin sem lifum, lífum í trú að ljósið bjarta skæra, vekji þig með sóli að morgni.

Farðu í friði, vinur minn kær, faðirinn mun þig geyma. Um aldur og ævi þú verður mér nær, aldrei ég skal þér gleyma. Svo vöknum við með sóli að morgni. (Bubbi Morthens)

Kveðja, **Sverrir, Lilja og börn.**

Margrét María Guðmundsdóttir

† Margrét María Guðmundsdóttir fæddist í Reykjavík 29. júlí 1944. Hún lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli 24. janúar 2024.

Foreldrar Margrétar voru hjónin Guðmundur Magnússon, f. 13.10. 1906, d. 15.2. 1977, og Hólmfríður Brynjólfssdóttir, f. 30.10. 1911, d. 24.7. 1982.

Margrét María, sem oftast var kölluð Madda, var þrjú ára röð fimm systkina en hin eru: Þór sem er nú látinn, þá Aldís Ólöf gift Hilmar Svavarssyni, yngri eru Brynja gift Arnóri Einarssyni og þá Magnús en kona hans er Bergljót Sigríður Einarsdóttir.

Margrét María bjó með foreldrum sínum í Reykjavík alla sína barnæsku, hún eignaðist dóttur sína, Hólmfríði, hinn 21.8. 1963, faðir



hennar var Gylfi Gunnarsson en þær mæðgur voru í foreldrahúsum fyrstu ár hennar. Hólmfríður lést hinn 5.2. 1995 eftir erfiðu veikindi.

Árið 1967 hóf Margrét búskap með Jóni Þór Þorbergssyni bílstjóra frá

Hraunbæ í Álftaveri, en hann varð síðar lögregluþjón og varðstjóri. Hann hafði þá eignast dótturina Guðbjörgu Rut árið 1966 sem ólst upp hjá móður sinni, Heiðrúnu Rútsdóttur, og kjörfaðir hennar var Pálmi Frimannsson. Margrét María og Jón Þór, oftast kölluð Madda og Nonni, bjuggu í Hraunbæ 10 í Árbæ og eignuðust þar börnin Guðmund, f. 1967, Guðlaugu Þóru, f. 1969, og Ragnhildi Hrund, f. 1973. Þá byggðu þau sér hús í Deildarási og fluttu þangað í árslok 1979 og skömmu síðar

Elsku mamma er dain. Hún hafði átt erfiðar stundir undanfarin ár og líkaminn var þreyttur en mér brá mjög mikið við að heyra að kveðjustundina hefði borið svona brátt að. Þetta var reyndar hennar háttur. Hún var alltaf rösk við allt sem hún tók sér fyrir hendur. Þegar hún ákvað að endurnirretta baðherbergið á Skaftárvöllum þurfti bara eina stutta heimsókn á söluskrifstofuna til að raða saman og panta innréttingu, hringja út verktaða og niðurstaðan var einstaklega vel heppnað baðherbergi sem gestir dæðust að. Þegar hún hafði ákveðið að gera eitt-hvað, þá kláraði hún verkefnið.

Hún var mikil handavinnukona, lagin að gera heimilið hlýlegt og fallegt, saumaði gardínur, dúkaði borð og gætti að því að hlutirnir pössuðu saman. Hún þrjónaði ógrýnni af fallettum barnafötum, saumaði á okkur krakkana, þrjónaði peysur og fór vel með alla hluti.

Mamma eldaði góðan mat, bakaði dásamlegar tertur og gerði sérlega góða kjötsúpu. Hún var einstök kona, passaði vandlega upp á að fjölskyldan héldi sambandi og hittist. Hún var líka dugleg að heimsækja okkur þegar hún gat, lét sig aldrei vanta ef haldið var upp á afmæli eða útskrift. Í seinni tíð hafði hún gaman af því að spila og í mínum huga eru þær stundir sérlega dýrmætari. Það er huggun að vita af henni í Sumarlandinu með fulla heyrn, góða sjón og verkjalausan líkama. Ég mun sakna hennar mikið.

Ragnhildur Hrund Jónsdóttir.

Þá er mágkona mín Margrét María, eða Madda eins og hún var kölluð, farin í Sumarlandið. Það mun hafa verið í lok ársins 1957 sem Aldís bauð mér í heimsókn upp á meyarloftið á Langholtsvegnum en Madda og Brynja voru saman í vesturenda en Aldís í austurenda. Voru þær systur í dyragættinni til þess að sjá mig. Síðan jukust okkar kynni og urðum við Madda miklir mátar.

Margt var gert yfir árin, við þrjú fórum skömmu eftir giftingu okkar Aldísar í ferð austur á Norðfjörð í eftirminnilega brúðkaupsferð. Fórum við meðal annars í bað í gjánni í Námuskörðum, gistum við í tjaldi í ferðinni og var Madda á milli okkar og kallaði ég hana síðgæðisvörð ferðarinnar. Oft kom Madda í heimsókn til okkar enda voru þær systur mjög samrýmdar.

Er börnin komu í heiminn voru þær að skiptast á hugmyndum um þrjónaskap enda miklar hannyrðakonur þær systur allar.

Þegar Jón kom inn í líf Möddu kom hestamennskan inn í líf fjölskyldnanna sem breytti ýmsu. En svo kom Efri-Rot inn í dæmið, við vorum öll allt í einu orðin sumarþændur undir Eyjafjöllum. Lífið varð heyskapur og hestaræktun með lífi og fjöri. Farið í stuttar og langar hestaferðir. Þær Madda og Aldís áttu þar góðar stundir saman. Síðan slitnaði sambandið þegar þau Jón fluttu á Klaustur en við vorum í Reykjavík en oft var hringt og spjallað.

Eftir andlát Jóns flutti Madda á Hvolsvöll m.a. til þess að vera nærri börnum sínum. Naut hún þess að koma í heimsókn til okk-

ar eða að fá okkur austur. En svo kom brestur í heilsuna og varð ég var við að það var ekki að hennar skapi.

2018 fórum við sama til Tenerife, er ég kom að sækja hana og fann hvað taska hennar var þung varð mér á að spyrja: Ætlar þú ekki að koma til baka með okkur? Þetta var eftirminnileg ferð fyrir okkur þrjú, við fórum vítt og breitt um Tenerife og heilladist hún mikið er við komum til Masca og af sögu þess staðar.

Mikið er ég þakklátur fyrir að hafa eignast þessa góðu konu sem vin og mágkonu. Aldís eins og aðrir syrgir systur sína. Við þökkum fyrir góða tíma, Madda mín. Þú munt ávallt lifa í minningum okkar. Guð þig geymi.

Hilmar og Aldís.

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

UNNUR INGA PÁLSDÓTTIR
frá Grjóteyri í Kjós,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 9. febrúar.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 21. febrúar klukkan 13.

Fjalur Sigurðarson Hildur Guðný Ásgeirsdóttir og barnabörn



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍSBET LÁRUSDÓTTIR
félagsfræðingur,

lést á Grund hjúkrunarheimili laugardaginn 3. febrúar. Útför verður frá Árbæjarkirkju 20. febrúar klukkan 13.

Þorkell Jónsson Helga Hauksdóttir Sigríður Jónsdóttir Sigurbjörn R. Guðmundsson Margrét Lóa Jónsdóttir Elisabeth Blach barnabörn og langömmubörn



♡

Elsku besti eiginmaður minn, pabbi okkar, sonur og bróðir

ÁRNI FRIDBERG HELGASON,

lést sunnudaginn 11. febrúar.
Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju mánudaginn 26. febrúar kl. 13.
Blóm og kransar afþakkaðir.

Agnes Ó. Valdimarsdóttir Clara Dagmar Árnadóttir Aron Dagur Arnason Helgi Friðberg Jónsson Sigrún Linda Birgisdóttir og systkini hins látna






Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

BARBARA RUT DIEGO JÓHANNSDÓTTIR
Krossalind 9, Kópavogi,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi miðvikudaginn 31. janúar. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn 16. febrúar klukkan 13.

Jóhann Diego Arnórsson María Jenný Jónasdóttir
Markús Már Diego Amy Wei
Matthías Diego Wei Markússon



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, fósturfaðir og bróðir,

PORSTEINN HAFSTEINSSON,
Grashóli, Selfossi,

lést sunnudaginn 11. febrúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 29. febrúar klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á björgunarsveitirnar.

Marsibil Baldursdóttir
Anna Birna Þorsteinsdóttir Pétur Þróstur Baldursson
Bryndís Huld Þorsteinsdóttir
Hafsteinn Þorsteinsson Inga Rut Guðmannsdóttir
Eva Dögg Þorsteinsdóttir
barnabörn og aðrir ástvinir



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

PÓRA HILDUR JÓNSDÓTTIR
frá Borgarhóli, Eyjafjarðarsveit,
til heimilis að Bæjarlind 9,
Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 12. febrúar. Útför fer fram frá Lindakirkju Kópavogi fimmtudaginn 14. mars klukkan 13.

Þorsteinn Vilhelmsson
Laufey Björk Þorsteinsdóttir Vignir Rafn Gíslason
Vilhelm Már Þorsteinsson Anna Rósa Heiðarsdóttir
Hildur Ösp Þorsteinsdóttir
Brynja Hrönn Þorsteinsdóttir Sigurður Sveinn Nikulásón
Jón Víðir Þorsteinsson
Stefán Ernir Þorsteinsson
ömmu- og langömmubörn



Jóhannes Guðmundur Friðriksson

† Jóhannes Guðmundur Friðriksson fæddist 3. apríl 1942 á Siglufirði. Hann lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut þann 2. febrúar 2024.

Foreldrar hans voru Þóra Guðmunda Bjarnadóttir, f. 29.8. 1912, d. 8.10. 1990, og Friðrik Steinn Friðriksson, f. 11.12. 1908, d. 19.4. 1963. Jóhannes var yngstur þriggja systkina, en hin eru Friðrik Bjarni, f. 19.8. 1932, d. 8.9.2016, maki hans Gerða Pálsdóttir, f. 13.11. 1930, og Björg Sigríður Sæby, f. 9.10. 1938, maki hennar Sveinn Sveinsson, f. 4.12. 1936, d. 13.12. 2023.

Eftirlifandi eiginkona Jóhannesar er Kristín Guðbjörg Baldursdóttir, f. 3.10. 1942. Foreldrar hennar voru Hólmfríður Sveinbjörnsdóttir,



f. 22.7. 1911, d. 19.9. 1967, og Baldur Eiríksson, f. 14.7. 1913, d. 13.8. 1988. Jóhannes og Kristín gengu í hjónaband á Siglufirði þann 20.6. 1964 og hefðu því fagnað 60 ára brúðkaupsafmæli í sumar. Jóhannes og Kristín eignuðust tvö

börn: Fríðu Kristínu, f. 19.7. 1973, og Bjarna Friðrik, f. 8.7. 1976. Fríða er gift Guðmundi Stefáni Björnssyni og eiga þau þrjú börn: Kristínu Ylfu, Björn Yngva og Friðriku Ýri. Bjarni er giftur Hildi Dögg Ásgeirsdóttur og eiga þau þrjú börn: Valgerði Tinnu, Þóru Margræti og Jóhannes Ásgeir.

Jóhannes lærði rafvirkjun og rafvélaþáttir við Iðnskólann á Siglufirði. Hann fór á samning hjá Jóhanni Jóhannessyni rafvirkja og hóf störf að námi loknu sem rafvirkja hjá

Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur hefur kvatt pennan heim eftir löng og erfið veikindi. Margt er að minnst og margt er að þakka. Eftir standa yndislegar minningar um ljúfan, góðan og einstakan mann sem ylja mér nú um hjartarætur.

Takk fyrir góðu og farsælu æviárin okkar Jóhannes minn sem eru full af yndislegum minningum. Við höfum átt 60 ára brúðkaupsafmæli 20. júní næstkomandi. Áttum við yndislega daga á Siglufirði síðastliðið haust þegar við dvöldum þar í þrjár vikur. Ég veit hve mikilvægt það var fyrir þig að komast aftur heim í fjórðinn þinn sem var þér svo kær.

Enginn fyllir það skarð sem þú skilur eftir. Með sorg í hjarta og tár í augum kveð ég þig með þessu fallega ljóði sem mér þykir svo vænt um:

Ég sendi þér kæra kveðju,
nú komin er lífsins nótt,
þig umvefji blessun og bænir,
ég bið að þú sofir rótt.
Þó sviði sorg mitt hjarta
þá sælt er að vita af því,
þú laus ert úr veikinda viðjum,
þín veröld er björt á ný.

Ég þakka þau ár sem ég átti,
þá auðnu að hafa þig hér,
og það er svo margt að minnst,
svo margt sem um hug minn fer,
þú þú sért horfinn úr heimi,
ég hitti þig ekki um hríð,
þín minning er ljós sem lifir
og lýsir um ókomna tíð.
(Þórunn Sigurðardóttir)

Minning þín lifir í hjarta mínu elsku Jóhannes minn. Hvíl í friði og Guð geymi þig.

Ég elska þig.
Þín eiginkona,
Kristín (Stína).

Í ekta siglfrisku vetrarveðri kvaddir þú elsku besti og dásamlegi pabbi minn. Þú varst mikill Siglufirðingur og undir hag þínum best í fríðinum okkar fagra. Ótal minningar leita á hugann, margt er að minnst og margt er að sakna. Þú varst yndislegur í alla staði, léttur í lung og stutt í bros, glens og grín, vildir öllum vel og yfirmáta kurteis, svo eftir var tekið. Alltaf að hugsa um aðra. En samt ákveðinn, ósérhlífinn, fastur fyrir og stundum þrjúskur. Það lék allt í höndunum á þér, algjör þúsundþjalasmiður og svo úrræðagóður ef þurfti að leysa misflokinn verkefni. Tilbúinn í vinnugallanum að græja og gera, þurftir alltaf að vera að brasa eitthvað. Þú hafðir alltaf tíma til að hlusta á okkur og gefa góð ráð og heilræði og hvattir okkur áfram hvort sem

það var í íþróttum eða námi. Mér fannst gott að leita til þín og fá annað sjónarhorn á hlutina og ég mun sakna þessara samtala okkar. Sögumaður mikill, fróður og hafðir gott lag á að setja sögur í skemmtilegan búning af karakterum og kynlegum kvistum sem litad höfðu mannlífð á Sigló forðum daga.

Þú elskaðir að veiða fisk og fórst oft í veiði á sumrin með góðum vinum. Margar minningar eru úr eldhúsinu heima að slægja bleikju og lax eftir veiðiferðir; á sumrin fannst okkur systkinunum nánast vera bleikur fiskur í matinn á hverjum degi. Ég fór nokkrum sinnum að veiða með þér og ég man þig í veiðivestinu að segja óþolinmóðu mér til í fluguveiði í Fljótaánni. Þér fannst ég ekki taka þetta nógu alvarlega, ég talaði af mikið en maður þurfti að vera hljóður til að fæla ekki fiskinn frá og svo þurfti ég að vera þolinmóðari. Þú varst mikill náttúrubarn og fannst gaman að fara í berjamó á haustin sem endaði stundum á að þú komst heim með meira af fallegu grjóti en berjum. Þú fórst þá bara aftur í berjamó daginn eftir. Ræktaðir margs konar ber og hafðir áhyggjur af þeim þegar heilsunni var farið að hraka og gast ekki tínt þau sjálfur. Við græjuðum það. Varst mikill fuglavinur.

Þú systkinin bjugguð hlið við hlið á Hólaveginum í 48 ár og var mikil gæfa og dýrmætt að alast upp í slíku umhverfi. Samgangur var mikill á milli okkar og Beggu frænku og Svenna og margar yndislegar og dýrmæt- ar samverustundir með stórfjölskyldunni. Óll matarboðin, ferðalögin og ófa danssporin voru tekin við Zaragossa Band sem þú systkinin höfðuð mikið dælti á.

Þú varst meðlimur í Kiwanis-klúbbnum Skildi á Siglufirði um árabil og í matarnefndinni með góðum félögum í mörg ár. Þú elskaðir þorramat og voru súrsæðar lappir í miklu uppáhaldi sem og súr hvalur og sviðasulta. Við deildum ekki þeim mataráhuga en gátum brasað saman í eldhúsinu við annars konar matargerð. Í erfiðum veikindum undanfarin ár sýndir þú einstakt æðrupleysi og jákvæðni og sagðir svo oft að nú væri þetta allt að koma og þú værir miklu betri. Þú varst einstakur og barðist af krafti til hinna dags og hafðir ætíð von um betri heilsu. Þúsund þakkir fyrir allt og allt elsku hjartans pabbi minn, ég elska þig. Ég kveð þig með orðunum sem við sögðum svo oft: Ég sé þig.

Þín dóttir,
Fríða.

Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. Hann gerðist hluthafi í kjölfarið í Degi sf. sem Friðrik bróðir hans, Sveinn mágur hans og Jón bróðir Sveins höfðu stofnað árið 1970. Félagið gerði út bátinn Dag SI-66 og síðar Laufeyju ÍS, auk þess sem þeir ráku saltfiskverkun á Siglufirði um tíma. Árið 1972 stofnaði hann ásamt félögum sínum Rafbæ sf. þar sem hann starfaði um árabil. Starfsferlinum lauk hann hjá Rafmönnum á Akureyri, en hans síðasta verk var að setja upp lýsinguna í Héðinsfjarðargöngunum.

Jóhannes var liðtækur stangaveiðimaður, hann gekk í Stangaveiðifélag Siglufjarðar árið 1982 og sat í stjórn félagsins um tíma. Hann var einnig einn af stofnendum Stjóstangaveiðifélags Siglufjarðar sem stofnað var 1989. Þá var hann félagi í Kiwanisklúbbnum Skildi frá árinu 1993 og tók virkan þátt í starfsemi klúbbsins. Þá sat hann einnig í stjórn Skíðafélags Siglufjarðar, Skíðaborgar, í nokkur ár.

Útför Jóhannesar fer fram frá Grafarvogskirkju í dag, 15. febrúar 2024, klukkan 15.

Í dag kveð ég þig elsku pabbi minn. Þú varst einstakur faðir sem kenndir mér á lífið. Fyrir það verð ég þér þakklátur að eilífu. Það var gott að alast upp á Hólaveginum og þú mamma sáuð til þess að okkur systkinin skorti ekki neitt. Samgangur var ávallt mikill við stórfjölskylduna og minningarnar eru margar og dýrmæt.

Þú varst Siglufirðingur í húð og hár; elskaðir allt það sem falletti fjórðurinn okkar, Siglufjörður, hafði upp á að bjóða. Þú horfðir svo oft yfir fjórðinn út um stofugluggann á Hólaveginum, fylgdist með bátum koma eða fara frá landi eða hvernig veðrið var hverju sinni. Þú varst náttúrubarn sem nærðist af fersku fjallalofinu, fjórðurinn var heimurinn þinn. Berjatínsla var þér ávallt hugleikin og komstu heim með ófa klóin af bláberjum og krækiberjum sem ýmist voru fryst, sultuð eða lögð í vín. Vinberjunum þínum mun ég aldrei gleyma.

Þú varst afar lunkinn stangaveiðimaður og ég man eftir ótal veiðiferðum sem við fórum saman í Fljótaá og í Flókadalssá þar sem þú þekktir hvern krök og kima. Við áttum skemmtilegar samverustundir úti í náttúrunni. Þú varst mjög fiskinn og dróst ósjaldan stóra fiska að landi. Afli- inn var oft gefinn því frystikistan var full af afla og ekki hægt að hafa lax oftar í matinn. Félagsskapurinn í Stangaveiðifélaginu var þér líka kær og þar áttirðu marga tryggja vini.

Þegar ég byrjaði að æfa göngu- skíði varstu ávallt reiðubúinn að skutla og sækja á æfingar fram á fjörð. Þú mættir á öll skíðamót sem þú gast sótt og hvattir mig til dáða. Ég gleymi aldrei fyrsta skíðamótinu þegar þú bjargaðir mér úr ógöngum í miðri keppni. Þú stappaðir í mig stálinu og það varð ekki aftur snúið.

Safnari varstu af Guðs náð. Þrjónmerkjafafnið þitt, sem telur mörg þúsund merki, nostraðir þú vel við. En þú safnaðir einnig munum fyrir aðra safnara sem þú lést af hendi til þeirra. Í seinni tíð stríddi ég þér oft vegna þeirra muna sem þú varst búinn að sanka að þér fyrir aðra Siglufirðinga sem ef til vill myndu einhvern tímann þurfa á að halda síðar meir. Bílskurinn var á tímabili eins og ævintýraheimur. Þér var umhugað um að varðveita söguna fyrir komandi kynslóðir og lagðir mikið af mörkum til Síldarminjasafnsins og Samgöngusafnsins í Skagafirði, svo eitthvað sé nefnt.

Þú varst ósérhlífinn, vinnusamur og handlaginn. Þú varst liðtækur í öllu viðhaldi, hafsjór

þekkingar sem þú miðlaðir til mín í gegnum framkvæmdir á öllum vígstöðvum. Þú veittir okkur ómetanlega aðstoð og ráðgjöf þegar við byggðum á Rafravöllum og minningarnar um óteljandi samverustundir lifa. Aldrei tókst þér þó að kenna mér á rafmagn.

Þú varst afi með stórt hjarta. Þú hafðir gaman af því að umgangast barnabörnin, sem þú mamma kölluðuð alltaf gullin ykkar, og þú fylgdist ávallt vel með hvað þau voru að gera. Við áttum margar skemmtilegar fjölskyldustundir á Hólaveginum og í Hafnarfirði sem munu lifa í huga okkar allra um ókomna tíð.

Elsku pabbi minn, hafðu hjartans þökk fyrir allt og allt. Ég elska þig.

Þinn sonur,
Bjarni Friðrik.

Í dag fylgjum við miklum meistara síðustu sporin, tengdafaður mínum Jóhannesi Friðrikssyni, eða Jóa í Rafbæ eins og sveitungarnir kölluðu hann þegar ég sagði deili á mér á Siglufirði. Það var áberandi hvað Jóhannes var vel liðinn enda var hann afar kurteis, hjálpsamur, ósérhlífinn, blíður, léttlyndur og einstaklega úrræðagóður, hversmanns hugljúfi. Alltaf var hann boðinn og búinn að rétta fram hjálparhönd þegar til hans var leitað, þannig var Jóhannes.

Samband okkar var mjög gott alla tíð og fyrstu kynnin voru afar eftirminnleg þegar ég kom í fyrsta skipti til Siglufjarðar, páskana 1996 og hittu ykkur hjónin. Þú gafst þér góðan tíma að spyrja mig, tilvonandi tengdason þinn, um allt milli himins og jarðar til að finna út hvaða mann ég hafði að geyma. Þetta var marabonsamtal og var vel gengið á nóttina þegar við fórum að hátt.

Veiðiferðirnar voru margar og er ein þeirra sérstaklega eftirminnleg. Ég kom á Sigló á föstudagskvöldi og gekk beint inn í fögnuð í næsta húsi hjá systur þinni. Þegar lagt var af stað í veiði eldsnemma morguninn eftir var ég eilíftíð framlágar. Þá hafðir þú á orði að ef veiðin yrði lítil þá myndum við bara taka krúu. Ég hafði aldrei heyrt þetta áður og skildi ekkert hvað þú varst að spá, að fara að veiða þú krúur! Þetta skýrðist sem betur fljótlega og leist mér afar vel á það að halla okkur í náttúrunni.

Á brúðkaupsdegi okkar Fríðu komstu mér einnig í opna skjöldu þegar þú spurðir mig alvarlegur í bragði af hverju hann ætti að færa mér hönd dótturinnar. Þú slóst mig á hendur út af laginu, stressið var nú alveg nóg fyrir. Ég náði að krafsa mig í gegnum þetta samtal og að því loknu fórstu að skellihljæja. Þú hafði einmitt mikla kímigáfu og þér leiddist það ekki að grínast og slá á léttu strengi, „þessi er nú eitthvað sjóvilltur í áttunum“ áttir þú til að segja.

Þú varst frábær dansari og var eftir því tekið, sveifst um gólfíð eins og fiður. Þú hafðir einnig dælti á tónlist og hafðir gaman af því að hækka aðeins í græjunum og njóta. Annan eins safnara hef ég ekki hitt fyrir á ævinni og þú lagðir mikinn metnað í þá iðju, einkum söfnun barmmerkja. Það var þó ekki það eina sem þú safnaðir og í bílskurinum mátti finna nánast allt milli himins og jarðar. Ef eitthvað vantaði leyndist það oftan en ekki í bílskurinum.

Tengdapaðbi var einstakur maður og um hann mætti lengi skrifa. Nú dansar þú á nýjum stað, laus úr viðjum verkja. Takk fyrir allt elsku tengdapaðbi.

Þinn tengdasonur,
Guðmundur Stefán Björnsson.

Elsku yndislegi tengdafaðir minn, Jóhannes, hefur kvatt þessa jarðveit eftir löng og erfið veikindi síðastliðin ár. Yndislegri

FRÍMANN & HÁLFÐÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann 897 2468	Hálfðán 898 5765	Ólöf 898 3075	Kristín 699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996
Auðbrekku 1, 200 Kópavogi

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

Sverrir Einarsson Útfararstjóri S: 896 8242	Jón G. Bjarnason Útfararstjóri S: 793 4455	Jóhanna Eiríksdóttir Úmsjón útfara	Guðmundur Örn Jóhannsson Framkvæmdastjóri Úmsjón útfara S: 862 0537

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is | Dofrahellu 9b, Hafnarfirði | S: 565 5892

og örlátari manni er vart hægt að finna. Þegar leiðir okkar Bjarna lágu saman fyrir um 18 árum eignaðist ég ekki aðeins tengda-fóður heldur líka auka pabba, enda náðu Ásgeir faðir minn og Jóhannes einstaklega vel saman. Hann var ávallt reiðubúinn að rétta fram hjálparhönd eða gefa góð ráð. Hann aðstoðaði okkur mjög mikið í framkvæmdum okkar á öllum þeim stöðum þar sem við höfum átt heimili. Hann var sérlega vandvirkur í öllu sem hann tók sér fyrir hendur.

Þrettán ár í röð fékk ég jólagjöf frá jólasveininum á Sigló. Ár hvert gerði Jóhannes sér ferð í Jólalúsið í Eyjafirði til að kaupa jólagjöf ársins, setti gjöfina undir tréð merka „Frá jólasveininum á Sigló“. Hann var mikill stríðnisþúki og húmoristi og horfði á björtu hlíðarnar í einu og öllu. Það var gaman að vera í kringum hann og hann gat verið hrókur valls fagnaðar. Þorrablótin sem voru haldin um árabil hjá Friðriki bróður hans og Gerðu mágkonu voru ógleymanleg þar sem hann var í essinu sínu bæði í mat og dansi.

Tengdababbi var mikið náttúrubarn og nutu barnabörnin sérstaklega góds af samverustundum með afa með því að rækta kartöflur, rabarbara, jarðarber, rifsber, stikilsber og fleira. Hann var mesti safnari sem ég hef á ævi minni kynnst og engu mátti henda, var líka mjög nýttinn á hluti og nægjusamur fram í fingurgóma.

Börnin okkar þrjú áttu alveg einstaklega ljúfan og góðan afa sem var afar annst um þeirra hag og fylgdist alltaf náð með þeim þó að fjarlægðin væri mikil. Við vorum dugleg að fara norður á Siglufjörð til að skapa ómetanlegar minningar og þau voru dugleg að koma suður. Síðari ár bjuggu tengdafaforeldrar mínir sunnan heiða og fjölgaði þá samverustundum okkar til muna.

Margar ljúfar og dýrmætar minningar ylja nú í þessari miklu sorg sem ég mun varðveita og halda á lofti um ókomin ár. Vil ég enda þessi minningarorð með þessu fallega ljóði, Kveðja, til þín.

Þín leið er greið um veg til himins
heima,
heilsaðu þeim er ljúft þér rétta hönd.
Minningar allar margfalt skulum

geyma,
meta og virða öll þín tryggðabönd.
Nú ertu sofnaður, dýrdína þig dreymi,
drottinn þig geymi, góða nótt.
(Ingimundur Guðmundsson)

Hvíl í friði, elsku besti tengdafaðir minn.

Þín

Hildur Dögg.

Afi minn, hvað ég á eftir að sakna þín. Einklægni og góðvild þín var umtöluð og mun seint gleymast. Þú varst öllum svo góður og hjálpsamur, settir alla aðra fram fyrir þig sjálfan. Sýndir mikinn áhuga og varst duglegur að spyrja okkur út í lífið og tilveruna og árangur okkar í skóla og íþróttum. Hrósaðir okkur þegar þú gekk og híffóir okkur upp ef illa gekk. Minntir okkur á að við gætum gert allt sem við tækjum okkur fyrir hendur og sagðir alltaf hversu stoltur þú værir af okkur. Ég vildi að ég hefði getað sagt þér hversu stolt ég er að kalla þig afa minn.

Sumrin með ykkur ömmu fyrir norðan eru mér afar minnisstæð og dýrmæt. Daglegi hádegisverðurinn við eldhúsbordid þar sem við borðuðum vanilluskýr með rjóma og hlustuðum á fréttirnar í útvarpinu. Kappátid okkar á morgnana yfir hafragrautnum þar sem við kepptum um hver yrði fyrstur að klára. Þegar ég lít til baka er ég viss um að þú leyfðir mér að vinna, þótt ég tryði því ekki sjálf þá. Settir viljandi rúsinur á grautinn svo þú værir lengur að borða.

Ekki má gleyma öllum berjaferðunum, fjórufurðunum, öku-

tímunum og öllum þeim skiptum sem þú leiðréttir sunnlenskuna mína eins og þú kallaðir hana, og svo lengi mætti telja.

Náttúrubarn varstu afa og þér fannst ekkert skemmtilegra en að njóta þín úti. Alltaf að bardúsa eitthvað í garðinum, rækta rabarbara, kartöflur, alls kyns ber og ekki má gleyma skessu-jurtinni góðu. Gaman var að fara með þér upp í fjall og fylgjast með uppskerunni og hjálpa þér. Ég man eftir þeim stundum sem við slögum grasið saman, þú á sláttuvélinni og ég á hrífunni. Vorum svo sannarlega gott lið þú og ég.

Húmoristi varstu mikill og alltaf stutt í hlaturinn hjá þér. Fannst ekkert skemmtilegra en að stríða ömmu, jafnvel þótt það færi í hennar finustu taugar. Að bregða henni og kítla var í miklu uppahaldi hjá þér og mátti heyra ópin í ömmu sem fylgdu í kjölfarið. Ekki er sjálfgefið að eiga jafn yndislegan afa og þig og ég er afar þakklát fyrir allar þær stundir sem við áttum saman. Nú ertu kominn á betri stað, burt frá erfiðu veikindunum. Kominn aftur til Siglufjarðar, fjarðarinn sem þú elskaðir svo heitt. Í faðmi ástvina, brosandis að horfa yfir okkur hin.

Takk fyrir allt elsku afa minn. Minning þín mun lifa áfram í hjörtum okkar allra.

Þín afastelpa,

Kristín Ylfa.

Elsku besti afa.

Þú varst frábær afa og hafðir alltaf tíma fyrir okkur og fylgdist vel með og hvattir okkur áfram. Við komum oft á Sigló til ykkar ömmu og vorum stundum hjá ykkur á sumrin í lengri tíma. Það eru dýrmætar minningar sem okkur þykir vænt um. Okkur langar að senda þér kveðju með þessari fallegu bæn. Þú munt alltaf eiga stað í hjörtum okkar.

Vertu yfir og allt um kring

með eilífri blessun þinni,
sitji Guðs englar saman í hring
sænginni yfir minni.

(Sigurður Jónsson)

Þín afabörn,

Björn Yngvi og Friðrika Ýr Guðmundsbörn.

Elsku afa okkar, nú ertu fallegur engill og laus við alla verki eins og presturinn sagði þegar þú kvaddir okkur. Minningar okkar með afa Jóa eru margar og dýrmætar sem við munum geyma að eilífu.

Við fórum oft að tína ber með afa sem hann gerði svo oft. Við hjálpuðum honum líka oft að taka upp kartöflur og rabarbara sem hann ræktaði. Afi ræktaði líka sín eigin jarðarber. Þegar við vorum yngri fórum við niður í fjöru til að sækja sand í sandkassann sem var í garðinum hjá ömmu og afa. Afi var fuglavinur og sagði okkur mikið frá þeim, hann gaf þeim líka að borða.

Afi elskaði alls konar skýrtna tónlist sem hann spilaði oft hátt í bílnum sínum. Alls konar harmónikkulög og önnur gömul lög.

Elsku afa, við munum sakna þín.

Valgerður Tinna, Þóra Margrét og Jóhannes Ásgeir.

Með sorg í hjarta kveð ég elskulegan bróðir minn. Við höfum verið samferða í gegnum lífið yfir 80 ár. Við systkinin vorum þrjú, Friðrik Bjarni, Björg og Jóhannes. Fædd og uppalin á Hvanneyrarbrautinni, æskuheimili okkar í húsi sem foreldrar okkar bygðu. Við vorum svo heppin að í næsta húsi, Bakka, áttu heima langamma og langafi ásamt Guðmundi bróður mömmu og fjölskyldu hans. Mikill og góður samgangur var á milli heimila.

Margs er að minnast. Jóhann-

es bróðir var skíróður þegar hann var fimm ára, stóð við stofuborðið heima, fallegur drengur með krullað hár og skærblá augu og sagði til nafns. Jóhannes var draumanafn mömmu en Guðmundur var nafn langafa í Bakka.

Jóhannes var glaðlyndur og skemmtilega stríðinn, sérstaklega við mig, vissi stundum ekki hverju ég ætti von á. Á sumrin voru ferðir í Húsafell vinsælar með fjölskyldum okkar, matarboð, grill og mikið um óvæntar uppákomur á sólpöllum. Það var alltaf mikið hlegið og mikið gaman. Jóhannes var með eindæmum félagslyndur og störfuðum við saman í fleiri en einni stjórn. Saman vorum við í stjórn hjóna- og paraklúbbs Siglufjarðar um tíma. Jóhannes hafði gaman af því að dansa og hlusta á góða tónlist. Einnig störfuðum við saman í stjórn skíðafélagsins Skíðaborgar, sælla minninga, með Önnu Marie (Pröll) ásamt fleiru góðu fólki. Það kom í hlut okkar þriggja að sækja fund hjá Skíðasambandi Íslands í Reykjavík, Jóhannes og ég fórum í norrænu greinarnar en Anna Marie í alpagreinar Super-G. Hvað er nú það? Það var sko mikið hlegið í ferðinni. Þá vorum við Jóhannes einnig saman í stjórn félags eldri borgara á Siglufirði um tíma.

Það var allt skipulagt hjá bróður mínum, hringdi í mig þann 31. janúar 2024 til þess að kveðja mig þar sem ég var að fara utan með fjölskyldu minni þann 2. febrúar 2024. Við vissum bæði í hvað stefndi, spurningin var hvenær. Kveðjan hans til mín var: „Góða ferð vina mín, þér veitir ekki af að slappa af og njóttu ferðarinnar með þínum bestu.“

Ég sendi þér kærna kveðju, nú komin er lífsins nótt, þig umvefji blessun og bænir, ég bið að þú sofir rótt. Þó sviði sorg mitt hjarta þá sælt er að vita af því, þú laus ert úr veikinda viðjum, þín veröld er björt á ný.

Ég þakka þau ár sem ég átti, þá auðna að hafa þig hér, og það er svo margt að minnast, svo margt sem um hug minn fer, þó þú sért horfinn úr heimi, ég hitti þig ekki um hríð, þín minning er ljós sem lifir og lýsir um ókoma tíð.

(Þórunn Sigurðardóttir)

Þökkum af alhug samfylgdina og vottum elsku Stínu, Fríðu Kristínu, Bjarna Friðriki og fjölskyldu þeirra innilegustu samúð. **Björg S. Sæby Friðriksdóttir (Begga) og fjölskylda.**

Öðlingurinn Jóhannes Friðriksson, Jói mágur, er allur. Það var reyndar ekki óvænt í ljósi alvarlegra og langvarandi veikinda hans. Jói kom inn í líf okkar systkina sem þá áttum heima á Suðurgötu 65 á Siglufirði árið 1962. Hann var kærastinn Diddu (Kristínar) systur. Danni bróðir eignaðist kærustu um svipað leyti og þau tvíburarnir giftu sig sama dag í Siglufjarðarkirkju sumarið 1964. Það var mikill upplifun fyrir ungling.

Aðstæður höguðu því þannig til að ég kom til dvalar á heimili þeirra Diddu og Jóa 15 ára og dvaldi hjá þeim um skeið en síðar yfir sumartímann á menntaskólaárunum. Þau tóku mér opnum örmum, hjá þeim átti ég gott og öruggt skjól. Það verður seint eða aldrei fullþakkað. Elsa systir, Ingvar Þór og Fríða þakka fyrir allt og allt. Munda, móðir Jóa, tók okkur opnum örmum. Ég minnst hennar með hlýju. Það voru skemmtilegir tímar þegar ég fékk að vera handlangari og naglhreinsa við húsbýggingu þeirra hjóna á Hólaveginum. Þar bjuggu þau í 48 ár og þangað var

ætið gott að koma í ferðum til Siglufjarðar og hin síðari ár á Sléttuveginum í Reykjavík.

Jói mágur var atvinnurekandi í samstarfi við aðra um allan skeið og lét sig samfélagið ávallt varða. Hann þekkti vel menn og málefni á Siglufirði og lagði af mörkum, m.a. gegnum starfið í Kiwanis. Hann var traustur og hógvær en á sama tíma mikill spjallari og var einn af góðlátlegu „hrekjalómumum“, stundum í samvinnu við aðra. Sögumaður góður var hann og einstök eftirherma og var oft glatt á hjalla þegar sá var gállinn á honum, svo ekki sé minnst á þegar þeir félagarnir komu saman. Jói mágur átti sér nokkur áhugamál. Hann naut þess að sinna þeim og gerði það af nákvæmni og natni.

Við systkinin Guðmundur, Elsa, Anna Þóra og Eiríkur, fjölskyldur okkar, Míe og afkomendur látinna bræðra okkar þakka samfylgdina. Við vottum Kristínu systur, Fríðu Kristínu og Bjarna Friðriki og Björgu, systur Jóhannesar, og fjölskyldum þeirra innilega samúð. Hvíl þú í friði kærni mágur. **Anna Þóra Baldursdóttir.**

Í dag kveðjum við Jóhannes G. Friðriksson frá Siglufirði. Hann var eiginmaður móður-systur minnar Kristínar G. Baldursdóttur en þau hjónin eiga einstakan stað í hjarta mínu og ég á þeim svo margt að þakka.

Jói frændi eins og við fjölskyldan kölluðum hann var ávallt svo ljúfur og hafði uppbyggjandi og góða nærveru.

Í bernsku minnst ég þess hve þolinmóður og góður hann var við okkur systkinin. Við Ingvar bróðir og mamma hjuggum með þeim í nokkur ár, áður en þau fluttu í nýbyggða húsið sitt á Hólaveginum. Hjá þeim áttum við alltaf öruggt og gott skjól og við vorum svo heppin að fá að vera hluti af lífi þeirra. Hann leiðbeindi okkur, lék við okkur, sagði okkur skemmtilegar sögur á kvöldin og ekki má gleyma gönguferðunum upp í fjallshlíðina fyrir ofan Hólavegin. Oft á björtum sumarkvöldum gengum við eftir kindaslóðum, skoðuðum gróðurinn, fylgdumst með fuglunum og tíndum ber á haustin.

Eftir að börnin þeirra fæddust og við systkinin fluttum í suður-bæinn fækkaði samverustundum. En alltaf vorum við velkomin til þeirra og ávallt var tími fyrir okkur. Þau voru samhent í uppeidinu og til fyrirmyndar hvernig þau umvöfðu börnin sín ást og umhyggju og studdu þau í einu og öllu.

Fjölskyldan hefur alltaf verið samrýnd og í samtölum mínum við Jóa var hann svo innilega stoltur af börnum sínum, tengdabörnum og barnabörnum og ljómaði allur þegar hann talaði um þau og naut samverunnar með þeim.

Við hjónin og sonur okkur vorum svo heppin að fara í nokkrar veiðiferðir með Jóa. Hann hafði einstaka ástríðu fyrir lax- og silungveiði. Í þeim ferðum var mikið spjallað og gleðin var allsráðandi enda var stutt í húmorinn hjá Jóa.

Á undanföllum árum áttum við Jói nokkur góð og innihaldsrík samtöl. Hann sagði mér hve vænt honum þótti um mig og mitt fólk. Ég sagði honum sömuleiðis hve þakklát ég væri fyrir þau hjónin. Það er svo dýrmæt minning á kveðjustundum sem þessum. Ég kveð því þennan einstaka, ljúfa og vingjarnlega frænda minn með virktum. Ég veit að honum líður vel núna og hann mun vaka yfir fólkinu sínu.

Elsku hjartans Didda frænka, Fríða Kristín, Bjarni Friðrik og fjölskyldur, ég og fjölskyldan mín vottum ykkur okkar dýpstu samúð. Minningin lifir um einstakan mann um ókoma tíð. **Hólmfríður Ólafsdóttir.**

Kær vinur er fallinn frá, Jóhannes Friðriksson frá Siglufirði.

Við kynntust þeim hjónum, Kristínu og Jóhannesi, eða Stínu og Jóa eins og þau voru oftast kölluð af fjölskyldum og vinum, þegar dóttir okkar Ásgeirs, Hildur Dögg, og Bjarni Friðrik fóru að vera saman. Hún var strax umvafin hlýju og tekið eins og einni af fjölskyldunni. Það myndaðist strax góð og mikil vinátta milli okkar hjóna.

Jóhannes var með eindæmum greiðvikinn og hjálpsamur og alltaf var hann reiðubúinn að aðstoða og gefa góð ráð. Jói var rafvirki að mennt og aldrei voru verkfærin hans langt undan. Við nutum oft hans þekkingar og aðstoðar þegar eitthvað fór úrskeiðis.

Það var sárt að horfa upp á hann undanfarið ár þegar veik-

indin fóru að herja á hann og langar sjúkrahúslegur reyndust honum erfðar þótt hann hafi ávallt haldið í vonina. Hann var vinnusamur maður sem alltaf var til taks að hjálpa öðrum og mátti eiginlega ekki vera að því að liggja inni á sjúkrahúsi. Hann var líka mjög félagslyndur og naut sín vel í góðum félagskap.

Gestrisnin hjá þeim hjónum var einstök og fundum við hjónin svo vel hvað við vorum velkomin. Eftir að Ásgeir, Geiri minn, féll frá var ég alltaf boðin með Hildi og Bjarna norður í fallega fjórðinn þeirra, Siglufjörð, sem þau elskuðu bæði.

Elsku Stína og fjölskyldur, mínar innilegustu samúðar-kveðjur til ykkar.

Minningin lifir og yljur um góðan og yndislegan mann.

Hvíl í friði kærni vinur.

Valgerður M.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR,
27 Stopes Rd, Radcliffe,
Manchester, Englandi,

lést miðvikudaginn 7. febrúar.

Alex Brabin
Maria Warren
Jake Warren

Lisa Brabin
Steve Warren





Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ANNA MARÍA ÞÓRISDÓTTIR,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk að kvöldi mánudagsins 12. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Arnfríður Sigurðardóttir
Sigríður Sigurðardóttir
Ragnheiður Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Guðbjartur Páll Guðbjartsson
Guðmundur Ágústsson
Hilmar Örn Hilmarsson
barnabörn og barnabarnabörn





Ástkær unnusta mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

HERDÍS G. EIRÍKSDÓTTIR,

lést á heimili sínu 9. janúar.
Jarðarför fór fram í kyrriþey.

Kristinn J. Magnússon
Ellen Kristinsdóttir
Dagný S. Kristinsdóttir **Borgþór Sævarsson**
barnabörn og langömmubörn





HARPA
ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir
s. 842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
s. 821 2045

Kirkjulundur 19 | 210 Garðabær
s. 842 0204 | www.harputfor.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR,
Sóltúni 1,
Reykjavík,



lést á Skjólí hjúkrunarheimili mánudaginn 29. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju 23. febrúar klukkan 11.

Bjarnís Pálsdóttir Ólafur Ó. Johnson
Pórunn Pálsdóttir
Gísli Pálsson Hildur Ragnars
Sigurjón Pálsson Margrét Vilborg Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, sonur, faðir og afi,

HANNES SÖLVI VALSSON,
Drekavöllum 18, Hafnarfirði,



lést á krabbameinsdeild 11E 24. desember. Jarðarförin fór fram 2. janúar í kyrrþey að ósk hins látna. Þakkið frá Hera líknarteymi, deild 11E, deild 10B og Ljósið fyrir frábæra þjónustu og sérstaklega góða nærveru. Þakkið til ykkar allra sem hringduð, komuð og ykkar sem hjálpuðu til við jarðarförina. Guð blessi ykkur öll. Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Marnhild Hilma Kambsseni



Elskuleg frænka okkar

JÓHANNA GUÐRÚN
SIGURÐARDÓTTIR,



lést á Hrafnistu við Brúnaveg fimmtudaginn 1. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 21. febrúar klukkan 13. Hjartans þakkið færur við starfsfólki á Mánateigi, Hrafnistu fyrir góða umönnun og ómetanlega aðstoð og vináttu. Guð blessi ykkur öll.

Systkinabörnin
Jónína, Sigurður Guðni, Vilborg Nanna, Óskar, Sigrún,
Bjarni Þór, Sigríður Guðný og fjölskyldur þeirra



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

FANNEY JÓNA ÞORSTEINSDÓTTIR
frá Siglufirði,
til heimilis að Dúfnahólum 4,
Reykjavík,



lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 9. febrúar eftir veikindi. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 21. febrúar klukkan 15. Sérstakar þakkið til starfsfólks líknardeilda fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Björgunarsveitina Stráka, Siglufirði, kt. 551079-1209, rnr. 0348-26-2717.

Hilmar Gréttar Sverrisson
Sverrir Rúnar Hilmarsson Halldóra S.A. Kristjánsdóttir
Sigríður Rut Hilmarsdóttir Agnar Arnþórsson
Hilmar Ingi Agnarsson
Arnþór Rúnar Agnarsson

Gylfi Knudsen

† Gylfi Knudsen fæddist á Landspítalanum 13. nóvember 1944. Hann lést á Landspítalanum í Fossvogi 29. janúar 2024.



Foreldrar hans voru hjónin Valgerður Þórmundsdóttir húsfreyja og saumakona frá Bæ í Borgarfirði, f. 21. september 1905, d. 25. október 1989, og Sigurbjörn L. Knudsen iðnverkamaður úr Stykkishólmi, f. 12. maí 1908, d. 2. maí 1972. Systur Gylfa voru: Hulda S. Knudsen, f. 30. júní 1932, d. 25. apríl 2014, og Unnur S. Knudsen, f. 4. júní 1939, d. 10. mars 2015.

Gylfi kvæntist 25. október 1969 Guðrúnu Kristjónsdóttur bankafulltrúa og sjúkraliða, f. 16. september 1945. Foreldrar hennar voru hjónin Guðbjörg Jóhannsdóttir húsfreyja, f. 29.4. 1927, d. 31.12. 2023, og Kristjón Tromberg Ágústsson húsgagnabólstrari, f. 12.10. 1922, d. 24.11. 1969.

Börn Gylfa og Guðrúnar eru: 1) Sigurbjörn hagfræðingur, f. 18. janúar 1973. 2) Kristjana bókasafnsfræðingur, f. 17. janúar 1976,

eiginmaður hennar er Guðmann Ólafsson viðskiptafræðingur, f. 5. janúar 1976, börn þeirra eru: Kristjón Karl, f. 26. október 2005, Gylfi Þór, f. 19. september 2007, og Regína, f. 19. september 2007. Dóttir Kristjónu og Róberts Arnar Sigurðssonar er Guðrún Rósa, f. 28. júní 2001. 3) Halldór húsasmiður og byggingariðnfræðingur, f. 22. júlí 1984, kona hans er Ingibjörg Ragnheiður Hauksdóttir kennari, f. 10. september 1984, þau eiga dóttur, f. 9. janúar 2024.

Gylfi ólst upp í Hlíðunum, gekk í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og tók landspróf frá Gagnfræðaskólanum við Vonarstræti. Gylfi varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1964, lauk embættisprófi í lögfræði árið 1971 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi hdl. árið 1980.

Hann hóf störf í viðskiptaráðuneytinu árið 1971, fyrst sem fulltrúi og síðar sem deildarstjóri fram til ársins 1977.

Gylfi fór þaðan til ríkisskattanefndar árið 1978 sem

sem uxu þar, hvað öll fjöllin sem við sáum hétu og fuglarnir og dýrin sem voru þar. Horfðum á himininn, stjörnur, Heklu, sólaruppkomuna, sólarlagið og fundum ilminn frá lynginu. Eins voru Þingvellir í leiðinni þangað og oft stoppað þar, en hann hélt líka upp á þann stað og samdi nokkrar vísur um Þingvallagjár.

Ég þakka honum þessa mín- um fyrir allt sem hann gaf okkur, ást, kærleika, traust, öryggi og skjól. Allan stuðninginn í blíðu og stríðu og allar stundirnar. Við fjölskyldan söknum hans en nú er þrautum hans lokið og nýr kaffi tekinn við. Minningin er ljós í lífi okkar.

Nokkrar vísur um Þingvallagjár:

Vaknar fífa vatns á fit;
vargur rifur murt.
Glæðist líf við geislapyt;
gríma svífur burt.

Hillir undir Háugjá,
hrauns í breiðu grárrí;
ellipungt sér andar frá
aldamóðu blárrí.

Sunnan Haks er Hestagjá,
hamrabak og strýtur.
Svörtum vakir veggnum á
valur snjakahvítur.

(Gylfi Knudsen)

Sigurbjörn Knudsen.

Faðir minn er nú farinn í sína hinstu ferð. Í þessum myndarlega og hávaxna manni fléttuðust saman gömul næm sál og hörkudóll. Hann fékk réttisýni, hófsemi og líftillæti í vöggugjöf sem ein- kenndi hann alla tíð. Hann var framúrskarandi námsmaður, fékk boð um styrk og inngöngu í Harvard en vildi heldur læra lögfræði heima og annast móður sína sem þá var nýorðin ekkja. Þannig var pabbi, hugsaði um sitt fólk og lét það ganga fyrir. Hann var listhneigður og glímdí fimlega við ferskeytlur og teiknaði fallegar manna-, dýra- og landslagsmyndir. Hann var stálmunnugur, kunni mörg tungumál og var einkar vel að sér í íslenskum fræðum, sagnfræði og landafræði. Hann þekkti heitin á fjöllum og örnefnum Íslands og var vel að sér í landafræði um allan heim. Þegar ég var í námi á öllum skólastigum brást það ekki að hann átti bók um einmitt þann efnivið sem ég var að kljást við hverju sinni. Láttum okkur sjá

síðar varð yfirsattanefnd árið 1992 og starfaði þar um árabil sem nefndarmaður og lögfræðingur allt til starfsloka árið 2014. Hann var skipaður dómari við Félagssóm frá 1. okt. 1989 og var starfandi við Félagssóm fram að starfslokum eða í 25 ár.

Gylfi kenndi einnig skattarétt um tíma í Háskóla Íslands, var prófdómari og samdi kennslu efni í skattarétti. Hann skrifaði auk þess ýmsar greinar um lögfræði í Tímarit lögfræðinga og fleiri og skrifaði um tíma ritdóma í Morgunblaðið. Hann tók auk þess að sér verkefni hjá embætti umboðsmanns Alþingis í nokkur ár.

Hann var á námsárum sínum í byggingarvinnu í Borgarfirðinum og í Reykjavík og starfaði einnig hjá Póstinum.

Gylfi var í sveit á sumrin öll sín æskuár, frá fimm ára aldri, í Reykholti í Borgarfirði hjá skólastjórahjónunum Þóri Steinþórssyni og Laufeyju Þórmundsdóttur, móðursystur sinni, sem voru einnig með búskap á staðnum.

Gylfi og Guðrún hjuggu flest sín búskaparár í Vogahverfi í Reykjavík, lengst af í Nökkvavogi 27.

Útför Gylfa fer fram frá Langholtskirkju í dag, 15. febrúar 2024, og hefst athöfn- in klukkan 13.

adeins; sagði pabbi og vék sér frá og kom aftur að vörmu spori og rétti mér bók með orðunum: Kíktu á þetta! Hann gerði miklar kröfur til mín sem hann slakaði á með hækandi aldri. Dæmi um það er að hann gaf mér eitt sinn hnausþykka bók með fornletri í jölagjöf því hann vissi að ég var að taka kúrs í handritalestri í HÍ og hann var alveg á því að þetta rit í A2-broti ætti heima í hillunni hjá mér. Hann var endalaust að grúska og safna, hann fyllti alla króka og kima í stóru húsi af bókum, tímaritum, blöðum, myndbandsspólum og DVD-diskum. Allt hafði verið lesið og kannað til hlítar. Hann naut þess að horfa á góðar kvikmyndir og hafði verið í kvikmyndaklúbbi og stúderað þau fræði nokkuð og sá áhugi helst alla tíð. Nokku stundir okkar saman þegar ég varð stálpuð og seinna fullorðin voru að horfa á góða kvikmynd. Arabíu-Lawrence var í uppáhaldi, einnig Il Postino, Cinema Paradiso, stríðsmyndir og vestrar. Hann kom oft niður úr grúskinu heima í Nökkvavoginum svona um tíu á kvöldin og setti góða spólu í tækið og þá var stund okkar feðgina og það brást aldrei að pabbi valdi gæðamynd.

Þabbi var náttúrubarn og naut þess að vera í sveit, í göngu- eða bíltúrum og hann sýndi okkur fjöllin, árnar, dalina og sögurnar á bak við staðina og gekk fyrir sinni hjörð skreflangur með hendur fyrir aftan bak með pípu eða vindil í munnviki þar sem glítti stundum í gullið í framtönn- tól. Hann fékk réttisýni, hófsemi og líftillæti í vöggugjöf sem ein- kenndi hann alla tíð. Hann var framúrskarandi námsmaður, fékk boð um styrk og inngöngu í Harvard en vildi heldur læra lögfræði heima og annast móður sína sem þá var nýorðin ekkja. Þannig var pabbi, hugsaði um sitt fólk og lét það ganga fyrir. Hann var listhneigður og glímdí fimlega við ferskeytlur og teiknaði fallegar manna-, dýra- og landslagsmyndir. Hann var stálmunnugur, kunni mörg tungumál og var einkar vel að sér í íslenskum fræðum, sagnfræði og landafræði. Hann þekkti heitin á fjöllum og örnefnum Íslands og var vel að sér í landafræði um allan heim. Þegar ég var í námi á öllum skólastigum brást það ekki að hann átti bók um einmitt þann efnivið sem ég var að kljást við hverju sinni. Láttum okkur sjá

Þegar við Kristjana byrjuðum að stinga saman nefjum leið ekki langur tími þar til mér var boðið í sunnudagsmat hjá foreldrum hennar. Þar kynntist ég Gylfa fyrst. Hann var yfirvegaður og hlédrægur maður, en maður kom aldrei að tómun kofunum hjá honum hvort sem það var í almennu spjalli eða samræðu um stóru málin. Það var gott að sækja til hans alls kyns fróðleik og ræða nánast hvað sem var því hann var gríðarlega vel lesinn og mundi allt sem hann hafði lesið mjög vel og hvar hann hafði lesið það. Þetta átti ekki bara við um lögfræði sem var hans fag heldur var hann vel fær á flestum sviðum, ekki síst á mínu sviði fjármála, enda tengdust þau mál sem hann vann að oft flóknum fjármálagerningum. Það kom mér á óvart þarna á fyrstu árum okkar að hann virtist alltaf vera að vinna, kom heim úr vinnunni og fór að vinna og vann fram eftir kvöldi. Hann var alla tíð mjög trúr þeim störfum og embættum sem hann sinnti, var samviskusamur og vandaði vel til verka. Enda var hann eftirsóttur starfskraftur í gegnum sína starfsævi. Hann notaði hins vegar helgarnar til að sinna sínum hugðarefnum, til að mynda safnaði hann miklu magni af kvikmyndum í gegnum tíðina og naut þess að horfa á góða mynd og ræða hana.

Ég man ekki annað en að það hafi farið vel á með okkur frá fyrstu stundu. Í byrjun sam- bands okkar Kristjónu kom upp efi eins og gerist og við skildum að skiptum í tvo mánuði. Þegar við svo byrjuðum að hittast aftur fór ég að heyrja út undan mér að Gylfi væri búinn að vera svo slæmur í öxlinni. Það var svo ekki fyrr en löngu seinna að ég heyrði að ástæðan hefði verið að hann hefði verið svo óánægður með sambandslitin að hann hefði slegið í borðið og fengið tak í öxlina. Þannig að ég er nokkuð viss um að við bárum sama hug hvar til annars. Þegar börnin komu nutu þau þess að dvelja öðru hvoru hjá ömmu og afa í Nökkvavogi og oftast en ekki var sunnudagsmat hjá Gylfa og Guðrúnu eða kaffi í góðu veðri í vel hirtum garðinum. Síðustu árin voru Gylfa erfið vegna heilsuþrengis en hann tók samt þátt í fjölskylduhaldinu nánast fram á síðasta dag með dyggum stuðningi Guðrúnar. Gylfi var alla tíð mikill kaffidrykkjumaður og mér þótti vænt um að örfáum dögum áður en hann lést og hafði ekki drukkið kaffi í nokkrar vikur það hann mig um kaffi. Það var eitthvað undursamlegt við það þegar við Guðrún hjálpuðum honum að drekka þennan síðasta kaffibolla. Ég þakka samfylgdina og óska Gylfa góðrar ferðar.

Guðmann.

Sú var tíðin að börn og ung- lingar úr kaupstöðum og kaup- túnunum dvöldust sumarlangt á sveitabæjum víða um land, bæði hjá skyldmönnum og vandalaus- um. Við Gylfi vorum á meðal þeirra, sumar eftir sumar á sömu bæjunum, hann í Reykholti í Borgarfirði og ég í Hnausum í Húnaþingi.

Við sögðum sögur úr sveitinni þegar við komum í skólann eftir réttir á haustin og hið sama gerðu fleiri í D-bekknun hjá Jóni Þórðarsyni kennara í Austurbæjarskólanum í Reykjavík þar sem við Gylfi vorum sessunautar allan barnaskólann frá 1951-1957. Hann var því einn æskuvina minna og þau tengsl rofnuðu aldrei. Síðar urðum við bekk- arbræður í öðrum D-bekk, þá í Menntaskólanum í Reykjavík, lukum þar stúdentsprófi vorið 1964 og þar er komið að 60 ára stúdentsafmæli þess árgangs. Gylfi var afburða námsmaður alla sína skólatíð, gerðist snemma víðlesinn og fróður og var umfram allt þrúðmenni og bæði traustur og góður félagi.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Þá var hann vel rítfær og snjall-yrtur og sagði skemmtilega frá mönnum og málefnum. Hann fór af vandvirkni með texta og tölur og var farsæll í störfum sínum.

Þegar ég hugsa um Gylfa minnst ég gjarnan ánægjulegra heimsókna á æskuheimili hans í Mávahlið þegar ég átti heima innst á Grettisgötu. Á meðal þess sem við tókum okkur fyrir hendur var að fara í hjólaferðir, byrjuðum að hjóla upp að greniskóginum við Rauðavatn og fórum nokkru stund upp í Mosfellssveit, að hluta eftir hitaveitustoknum. Á býlinu Meltúni heimsóttum við ættingja Gylfa. Seint á menntaskólaárunum minnst ég sérstaklega tveggja vikna ferðar í ágúst 1963 að Hagavatni þar sem við Gylfi og Gíslu Þorsteinsson bekkjarbróðir okkar fengum að taka þátt í leiðangri á Langjökul með hópi breskra pílta og þrem kennurum þeirra. Við Gylfi og Gíslu sváfum vært í litlu tjaldi allar nætur enda oft þreyttir eftir langar göngur, ekki aðeins á skriðjökulinn heldur einnig niður í Haukadal og upp Jarlhettudal, allt á Tröllhettu. Eftir að ég gerðist tómtundabóndi í Reykjavík á unglingsárunum með kindur, og einnig hænsni um skeið, komu skólafélagar nokkrum sinnum og hjálpuðu mér vel, einkum við heyskap og taðmokstur. Þá munaði mikið um Gylfa sem var þaulvanur vinnu með gaffli og skóflu eftir Reykholtsvöðvína fyrir á árum. Mér fannst alltaf blunda sveitamaður í honum og eitt er víst að Gylfi hafði ætíð góðan skilning á störfum bænda og gildi íslensks landbúnaðar.

Svanfríður kona mín var skólasyntir okkar Gylfa í MR og kyntist hún honum nokkru áður en við lokum stúdentsprófi voríð 1964. Hún deilir með mér dýrmætum minningum um bæði Gylfa og Guðrúnu konu hans, og ég veit að það gera margir fleiri samstúdentar frá MR, sérstaklega D-bekkingar.

Við sendum Guðrúnu og fjölskyldunni innilegar samúðarkveðjur.

Ólafur R. Dýrmondsson.

Gylfi Knudsen hóf störf hjá ríkisskattaneftnd, forvera yfirskattaneftndar, sem lögfræðingur í ársbyrjun 1979 og var skipaður í nefndina ári síðar. Þegar yfirskattaneftnd tók síðan við verkefnum ríkisskattaneftndar árið 1992 varð Gylfi varaformaður nefndarinnar og gegndi þeim starfa svo að segja ófíttíð til ársins 2014. Ekki er ofmælt að framlag Gylfa til verkefna yfirskattaneftndar á tíma hans hjá nefndinni hafi verið ómetanlegt. Kom þar ekki síst til framúrskarandi þekking hans og kunnáttu í lögfræði, ekki síst á sviði hans eftirlætisfræðigreina sem ég hygg að hafi einkum verið skatta-, féлага- og vinnuréttur. Var hann af þessum sökum eftirsóttur til ýmissa ábyrgðarstarfa, svo sem hjá Félagsdómi þar sem hann var skipaður varadómari um árabíl, hjá umboðsmanni Alþingis og í ýmsum nefndum á vegum Stjórnarráðsins. Þá fengu nemendur við lagadeild Háskóla Íslands að njóta krafta Gylfa um skeið og hann bætti úr brýnni þörf á nothæfu kennslu-efni á íslensku í skattarétti við deildina. Er það efni enn lesið spaldanna á milli af nemendum í faginu. Nýir starfsmenn hjá yfirskattaneftnd lærðu fljótt að leita ráða hjá Gylfa um lausn strembinna mála. Þekkjast þess vart dæmi að nokkur hafi komið að tómun kofunum hjá Gylfa – alltaf mundi hann eftir gömlu fordæmi sem gæti gagnast við úrlausn málsins. Vinnubrögð Gylfa í störfum hans voru líka einstök: öll mál, stór sem smá, fengu gaumgæfilega yfirferð og varð ekki ráðið til lykta fyrir en öll kurl voru til grafar komin. Gylfi var með eindæmum ljúfur

og greiðvinnur við alla þá sem til hans leituðu. Rifjast upp ýmsar skemmtilegar stundir á kaffistofunni þar sem hann hafði alltaf eitthvað bitastætt til málna að leggja. Stutt var þá jafnan í gamansemina því hann sá iðulega spaugilegar hlíðar mála þegar svo bar við. Var mikil eftirsjá að Gylfa þegar hann lét af störfum. Minnumst við samstarfsmenn hans með mikilli hlýju og þakklæti og sendum Guðrúnu, eftirlifandi eiginkonu hans, og fjölskyldunni okkar innilegustu samúðarkveðjur. Minningin um góðan féлага lifir.

Hrings á róli, hnjúks við bak,
hnigur sól og dofnað blik,
þings um bólin þagnar kvak,
þýtur gjóla um nes og vik.
(Gylfi Knudsen)

Fyrir hönd samstarfsfólks hjá yfirskattaneftnd,
Sverrir Örn Björnsson.

Þegar umboðsmaður Alþingis hóf störf árið 1988 var það áskorun að takast á við hin fjölbreyttu svið íslenskrar stjórnsýslu, enda naút þá ekki við almennt skráðra reglna um meðferð mála í stjórnsýslunni. Á einstökum sviðum stjórnsýslunnar voru í gildi sérstakar málsmeðferðarreglur auk reglna um viðkomandi málaflökk. Eitt af þessum sviðum var skattamál. Kvartanir vegna skattamála urðu fljótt fyrirferðarmiklar í starfi umboðsmanns.

Gylfi Knudsen hafði þá þegar, sem lögfræðingur á þessum árum, tileinkað sér góða þekkingu og yfirsýn yfir skattarétt og framkvæmd þeirra mála í störfum sínum. Gaukur Jörundsson, fyrsti umboðsmaður Alþingis, hafði haft kynni af Gylfa frá kennslu sinni í lagadeild Háskóla Íslands og öðrum störfum og fékk Gylfa til að aðstoða sig í ýmsum skattamálum hjá umboðsmanni. Gylfi var ekki í föstu starfi hjá umboðsmanni heldur sinnti hann þessum verkefnum í verkstöku nær fyrsta áratuginn sem umboðsmaður starfaði samhliða öðrum störfum.

Við tveir störfuðum á þessum upphafsárum umboðsmanns Alþingis náði með Gauki og vorum sérstakir aðstoðarmenn hans. Í þeim störfum kynntumst við og fengum tækifæri til að vinna með Gylfa að úrlausn einstakra mála. Það var ómetanlegt fyrir okkur sem unga lögfræðinga að fá innsýn í skattaréttinn og framkvæmd þeirra mála undir leiðsögn Gylfa. Það var einnig ómetanlegur styrkur að eiga að ráðgjöf og þekkingu sem Gylfi hafði veitt okkur innsýn í þegar kom að beinum samskiptum við yfirvöld skattamála. Þar á bæ voru menn gjarnan í fyrstu tregir til viðbragða þegar kom að því að fá yfirvöld til að breyta framkvæmd og ákvörðunum í samræmi við álit og tilmæli umboðsmanns. Þá var gott að búa að þeim rökstuðningi sem Gylfi hafði lagt grunninn að. Aðkoma Gylfa að skattamálum sem komu til úrlausnar hjá umboðsmanni var því mikilvægur liður í að fá stjórnvöld til þess að bæta úr annmörkum sem komið höfðu í ljós við framkvæmd skattamála.

En við og aðrir sem störfuðum með Gylfa nutum ekki bara góðs af því að vinna með honum sem góðum lögfræðingi. Tök hans á íslensku voru með þeim hætti að það vakti eftirtekt og margan lögfræðilega textann gerði hann eftirminnilegan með því að beita íslenskunni og orðavali þannig að það festi enn frekar í minni það sem um var skrifað. Við minnumst sérstaklega þeirra stunda sem við áttum með Gylfa við að fara yfir drög að álitum og bréfum hjá umboðsmanni. Í hógværd sinni kom hann með ábendingar um það sem betur mátti fara, ekki síst samspil íslensku og lögfræðinnar og við höfum allt frá þessum dögum

búið að ábendingum hans. Það var líka alltaf stutt í húmorinn þegar sest var niður með Gylfa og það létti vinnuna við flókin lögfræðileg úrlausnarefni.

Að leiðarlokum þökkum við, og fyrir hönd samstarfsfólks okkar hjá umboðsmanni Alþingis, fyrir góð kynni, samstarf og aðstoð sem Gylfi veitti okkur. Við færum fjölskyldu Gylfa samúðarkveðjur vegna fráfalls hans.

**Páll Hreinsson,
Tryggvi Gunnarsson.**

Leiðir okkar Gylfa lágu saman í samstarfinu í Félagsdómi sem hófst árið 1993 og lauk ekki fyrir en haustið 2010 er ég lét af störfum sem forseti dómsins.

Félagsdómur er sérdomstóll sem starfar á grundvelli laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938. Hlutverk dómsins er að dæma í réttarágreiningu aðila vinnumarkaðarins í tilteknum málum. Félagsdómur er skipaður fimm dómurum, þar af eru þrjú tilnefndir af Hæstarétti en aðilar vinnumarkaðarins tilnefna hina tvo. Gylfi var einn þeirra sem tilnefndir voru í dóminn af Hæstarétti og sat hann í dómnum samfleytt til starfsloka árið 2013. Hafði hann þá starfað með þremur forsetum dómsins og staðenglum þeirra þegar svo bar undir.

Það er engum blöðum um það að fletta að Gylfi var réttur maður á réttum stað. Það var ákaflega gott að starfa með honum, hann var vel að sér í lögfræði, glöggur mjög, og með öll dómafordæmi Félagsdóms á hreinu og oft fundvís á réttu lausnina. Hann var mjög nákvæmur og vandvirkur. Hann kvartaði ekki undan vinnuálagi sem oft fylgdi dómsstörfunum í Félagsdómi, hvort sem var vegna þess að skjótra úrlausna var þörf í vinnudeilum sem óvænt komu upp eða þegar mál voru flókin og tímafrek úrvinnslu. Hann lét ekki sitt eftir liggja og var að honum mikill styrkur í störfum dómsins.

Dómsstörfin voru aukastörf, en Gylfi gegndi erilsömu aðalstarfi sem nefndarmaður og varaformaður í yfirskattaneftnd frá árinu 1992 og lauk þar störfum í nóvemberlok 2014 er aldursmarki var náð. Hann hafði áður verið nefndarmaður í hlutastarfi í ríkisskattaneftnd 1980 til 1992. Á heimasíðu yfirskattaneftndar er að finna fróðlegt sögulegt yfirlit um starfsemi nefndarinnar sem Gylfi tók saman. Hann var sérfróður í skattarétti, hafði kennt skattarétt við lagadeild Háskóla Íslands og skrifað fræðigreinar á því sviði.

Ég kynntist Gylfa vel og mannkostum hans á samstarfsárum okkar í Félagsdómi. Hann átti við erfíð veikindi að stríða hin síðari ár. Með honum er genginn góður drengur og gegn.

Að leiðarlokum þakka ég góð kynni og ánægjulegt samstarf. Ég votta eftirlifandi eiginkonu hans og fjölskyldu innilega samúð.

Eggert Óskarsson.

„Gylfi er góður lögfræðingur en enginn vinur ríkissjóðs,“ sagði samstarfsmaður Gylfa Knudsen í gömlu ríkisskattaneftndinni við nokkra aðra skattamenn fyrir rúmlega þrjátíu árum þar sem

við sátum í sameiginlegu mötuneyti og ræddum menn og mál-efni. Fáum árum síðar tókum við Gylfi sæti í nýstofnaðri yfirskattaneftnd ásamt fleira góðu fólki og varð þess ekki langt að biða að sannleiksgildi mannlýsingarinnar yrði ljóst. Lögfræðikunnáttuna þurfti raunar ekki að efast um, enda bjó Gylfi að einhverri hæstu einkunn í þeirri grein sem sögur fóru af. Nýtt samstarfsfólk leitaðist fljótt við að tileinka sér hæfilega torþryggni hans í garð gjaldkrefjandans.

Að loknu námi réðst Gylfi til starfa í viðskiptaráðuneytinu. Þar undi hann sér vel við fót-skör gamalreyndra stjórn-málaforingja, fyrst Lúðvíks og síðar Ólafs, og undirbjó merkra lagabálka. Trúlega fann Gylfi ekki samhljóð við nýjan ráðherra og jafnaldrá sinn sumarið 1978. Guðmundur Skaftason á heiður af því að fá hann þá til nýrra starfa.

Gylfi sat í ríkisskattaneftnd frá árinu 1980 og síðan í yfirskattaneftnd frá 1992 þar til aldur girti fyrir lengri setu í embætti. Hér varð þó fjögurra ára hlé en lengst þann tíma starfaði Gylfi hjá nefndinni sem sérfræðingur. Eftir sjötugt var hann í hlutastarfi hjá nefndinni í nokkur ár. Þegar upp var staðið voru því að baki nærri 40 ár við samningu úrskurða um skattkærur. Það er ekki einasta langur tími við „þennan seigdrepanni mokstur“, svo tiltekinn sé frasi úr munn Gylfa, heldur má staðhæfa að afköst hans í starfi slógu öll met. Ótrúleg eljan skipti sköpum á 9. og 10. áratugnum þegar árleg mál voru á annað þúsundi.

Að jafnaði greindi Gylfi aðalatriði hvers máls og sá fyrir sér niðurstöðu við fyrsta lestur. Ég man þó eftir dæmi þess að úrlausnin vafðist verulega fyrir honum. Lyktir urðu þær að kær-andinn hafði betur. Við fréttum síðar að ráðherra fjármála og ráðuneytisstjóri hefðu lesið úrskurðinn upphátt og verið býsna kátir. Má heita sérstakt að þetta erfiða mál hafi endað þannig að allir aðilar gátu vel við unað. Árið 1991 tók Gylfi að sér kennslu í skattarétti við HÍ og fékk okkur Jón Steinar til liðs við sig. Það sumar samdi Gylfi námsefni þar sem öllum helstu sviðum voru gerð skil á þann hátt að efnið var haft til kennslu í mörg ár eftir að Gylfi lét af henni. Ritgerð hans um skattugtak-ið hefur einnig verið klassískt námsefni. Það er bráðskemmtileg ritsmíð og ber húmor Gylfa gott vitni.

Gylfi átti um árabíl sæti í Félagsdómi og lagði ekki síður sitt af mörkum á þeim vettvangi en í aðalstarfinu. Viðfangsefnið í Félagsdómi voru honum kær-komin tilbreyting og hvíld frá skattaþrasinu.

Það var kenning Gylfa að skemmtilegt skyldi vera á vinnu-stað. Í kaffitímum og við önnur tækifæri lagði hann sannlega sitt af mörkum til þess að svo mætti vera með kostulegum frásögnum úr daglega lífinu. Oft rifjaði Gylfi upp sumur sín í sveit í Reykholti og voru það ekki síður frábærar sögur.

Ég vil að leiðarlokum þakka löng og farsæl kynni. Fjölskyldu Gylfa sendi ég innilegar samúðarkveðjur.

Ólafur Ólafsson.



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir
Útfararstjóri Útfararþjónusta
Farsími 821 5353 Farsími 861 3441



†
Elskuleg dóttir mín og systir okkar,
**SÓLEY TRAUSTADÓTTIR,
Skálatúni, Mosfellsbæ,**

lést á Landspítalanum föstudaginn 2. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skálatúns.

**Herborg Sigurðsson
Soffía Traustadóttir Skúli Bergmann
Bára Traustadóttir Björn Elison**



†
Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,
**EMILÍA THORARENSEN,
Álfheimum 20,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á Hrafnistu Laugarási sunnudaginn 4. febrúar.


**Svanlaug Dóra Thorarensen Haukur Harðarson
Haukur Örn Hauksson Tessa Cosenza
Sara Hauksdóttir Irfan Zuhair
Svanlaug Savannah og Felix Örn**



∞
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**ÖSSUR KRISTINSSON
stoðtækjafraeðingur,**

lést á Landspítalanum 6. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju 19. febrúar klukkan 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hans er bent á Sjálfsbjörg, landssamband hreyfihamlaðra.


**Bjarni Össurarson Rafnar Sigrún Þorgeirsdóttir
Lilja Össurardóttir Bjarni H. Ásbjörnsson
Brynjar, Össur, Hrafnhildur, Björg, Bergur Tjörvi og barnabarnabörn**



†
Okkar ástkæra
**BJÖRG FRÍÐRIKSDÓTTIR,
Húsavík,**

lést föstudaginn 2. febrúar. Útför hennar verður gerð frá Húsavíkurkirkju mánudaginn 19. febrúar klukkan 13. Ættingjar þakka auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hvammi fyrir einstaka umönnun.

**Stefán Örn Ingvarsson Sigríður Þ. Harðardóttir
Sigríður Ingvarsdóttir Guðmundur A. Jónsson
Lilja Sigurðardóttir Gaðbjartur Sigtryggsson og fjölskyldur**



†
Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,
**MAGNÚS PORSTEINSSON
vélfraeðingur,
Kópavogstúni 4,**

lést í faðmi fjölskyldunnar laugardaginn 10. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. febrúar klukkan 13.

**Ragna Pétursdóttir
Guðfinna Óskarsdóttir
Finnur Pálmi Magnússon Heiða Harðardóttir
Jóhann Ingi Magnússon Sólveig Helga Jóhannsdóttir
Rúnar Skúli Magnússon
Haukur, Saga, Ernir, Hlynur, Móeiður og Uni**



Kunnan gerðir þú mér veg lífsins, gleðignótt er fyrir augliti þínu, yndi í hægri hendi þinni að eilífu.

Sálm. 16.11

biblian.is



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn

Víð andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing

Áratuga reynsla við útfararþjónustu

Ingibjörg Guðmundsdóttir

† Ingibjörg Guðmundsdóttir fæddist á Blesastöðum á Skeiðum 2. september 1925. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum 2. febrúar 2024.

Foreldrar hennar voru Guðmundur Magnússon, bóndi á Blesastöðum, f.

Votumýri á Skeiðum 11. maí 1878, d. 20. október 1972, og Kristín Jónsdóttir, húsfreyja á Blesastöðum, f. í Vorsabæ á Skeiðum 16. maí 1886, d. 2. september 1971. Systkini Ingibjargar voru 15 talsins og eru þau öll látin.

Þann 5. desember 1959 giftist Ingibjörg Vilhjálmí Þórðarsyni frá Reykjum á Skeiðum, f. 27. október 1923, d. 17. desember 2023. Þau eignuðust fimm börn. 1) Guðrún Þóra, f. 10. febrúar 1960. 2) Kristín, f. 18. janúar 1963, maki Jóhann



Snorri Bjarnason. Dætur Kristínar eru: a) Iðunn, f. 1995, maki Sæmundur Rögnvaldsson, dóttir þeirra Kristín Birna, f. 2020. b) Bergþóra, f. 1995, maki Helgi Axel Davíðsson, börn þeirra Sumarliði, f. 2021, og Högna

Sigríður, f. 2023. 3) Bragi, f. 27. nóvember 1964, maki Stefania Guðrún Sæmundsdóttir. Börn þeirra eru: a) Kristín Jóna, f. 1992, maki Alex Uni Torfason, sonur þeirra Bjarki Fannar, f. 2022. b) Vilborg Lilja, f. 1996, maki Dagur Sölvi Sigurjónsson, synir þeirra Bragi Hersir, f. 2021, og drengur, f. 2024. c) Óskar Örn, f. 1998. 4) Drengur, f. 2. september 1967, d. sama dag. 5) Guðmundur, f. 2. september 1967, maki Helga Aðalheiður Ingibjargar Jónsdóttir. Börn þeirra eru: a) Ingibjörg

Kynslóðir koma og fara.

Núna er mamma farin í hárríelli og eftir sitja ótal minningar um góða og yndislega konu. Mamma og pabbi lifðu í eina öld og upplifðu á þeim tíma alveg fáðæma samfélagsbreytingar, allt frá því að vera í rafmagnsleysi með kerti á rúmstokknum til flókinnar tækninýjunga. Fáar kynslóðir hafa upplifað viðlíka breytingar.

Foreldrar mínir voru komin vel yfir þrítugt þegar þau kynntust og voru mjög hamingjusöm yfir því að stofna til fjölskyldu. Þau bjuggu sér heimili á Tryggvagötu 30, þar sem við bjuggum á efri hæðinni, en niðri voru Sigga föðursystir mín, Hafsteinn sonur hennar og amma. Þetta var sem eitt heimili og alveg fullkomnar aðstæður fyrir krakka að alast upp við. Það er besta veganesti fyrir hverja manneskju að fá áhyggjulausa og góða æsku, það fengum við systkinin og verður seint fullþakkað.

Á þeim tíma sem foreldrar mínir byggðu sér hús var lítið um peninga að hafa, erfitt var að fá lán. Því þurfti að bjarga sér og vera úrræðagóður. Það gerðu þau, eins og aðrir, hvort sem það var að byggja hús, smíða hús

gögn, sauma föt, matbúa, búa til sápu eða hvað sem var, allt gerðu þau sjálf og hef ég stundum hugsað til þess að þetta fólk var til fyrirmyndar í loftslagsmálum.

Mamma var duglegasta manneskja sem ég hef kynnst, hún var umburðarlynd, hafði ríkan humor og léttlyndi og hefur það án efa komið sér vel við margar aðstæður. Hún sinnti húsverkunum af miklum myndarskap, matþjó, saumaði föt, sinnti ömmu og skrapp svo út í garð, sáði gulrótum, reytti arfa og plantaði nokkrum blómum, fór svo inn, bakaði kleinur og fann til kaffi, sem sagt stoppaði aldrei, þannig leið henni best, sýna væntumþykju sína, með því að dekra við okkur hin. Öll þessi verk vann hún með mikilli gleði, henni fannst gaman að vinna. Á síðasta ári var sjónin farin að daprast mikið og hún átti orðið erfitt með að þrjóna, kom þá í ljós enn og aftur gömul þrautseiga, ekki gefast upp.

Þær voru ófær ferðirnar sem hún hljóp upp og niður stigann á hverjum degi, til þess að ná í eitthvað í geymslunni, fara í þvottúsið, eða út í garð. Líklega er það meðal annars mörgum stigaferðum að þakka að hún var

Ásta, f. 1996, maki Gunnlaugur Berg Sverrisson. b) Laufey Sigríður, f. 1999. c) Stúlka, f. 6. nóvember 2001, d. sama dag. d) Vilhjálmur, f. 2003.

Ingibjörg ólst upp á Blesastöðum og bjó þar fram á full-orðinsár. Hún stundaði ýmis störf, einkum verslunarstörf í Reykjavík á vetrum en fór heim að Blesastöðum á sumrin og tók þar þátt í heyskap og öðrum bústörfum með foreldrum sínum. Ingibjörg lauk hvort tveggja prófi frá Héraðsskólanum á Laugarvatni og Húsmædraskólanum á Laugarvatni. Ingibjörg og Vilhjálmur bjuggu alla sína hjúskapartíð á Selfossi, lengst af á Tryggvagötu 30, sem þau byggðu sjálf. Þar sinnti Ingibjörg húsmóðurstörfum og var heimili þeirra hjóna gestkvæmt og oft á tíðum dvöldust hjá þeim ættingjar þeirra, ýmist um lengri eða skemmri tíma. Ingibjörg starfaði einnig utan heimilis við saumaskap og þríf. Í nóvember 2022 fluttust þau Ingibjörg og Vilhjálmur saman á hjúkrunarheimilið Fossheima.

Útför Ingibjargar fer fram frá Selfoskirkju í dag, 15. febrúar 2024, og hefst klukkan 14.

í fáðæma góðu formi alla sína tíð og það sáum við síðustu dagana sem hún lifði, orðin mjög veik, en reisti sig við með óvenju kvikum og snöggum hreyfingum, líkt og ung manneskja væri.

Þegar við systkinin tæmdum Tryggvagötuna kom í ljós mikið magn af auka sængum og koddum, það fannst okkur mjög dæmigert, því heimili pabba og mömmu stóð alltaf opið fyrir öllum og það var mikill gestagangur heima. Mömmu fannst mjög gaman að hafa marga í mat og best var ef allir voru veðurteptir og gistu.

Hjónaband mömmu og pabba var fallett og gott. Þau voru lífs-glöð og fjölskyldu skipti þau miklu máli. Það var í þeirra anda að fá að fara með stuttu millibili. Þau voru okkur hinum góð fyrirmynd og sóknudur vegna fráfalls þeirra er mikill, en þakklæti er samt efst í huga.

Blessuð sé minning mömmu og pabba.

Guðmundur Vilhjálmsson.

Þau voru samheldin hjón tengdaforeldrar mínir þau Ingibjörg Guðmundsdóttir og Vilhjálmur Þórðarson, eða Imba og Villi eins og þau voru ætíð kölluð. Þessi samheldni varð að fallegu og traustu sambandi og eftir því sem árin færðust yfir urðu þau sífellt háðari hvort öðru. Þau héldust gjarnan í hendur og vissu alltaf hvort af öðru og með því að sameina styrkleika sína gátu þau haldið heimili allt til ársins 2022. Það kom því fáum á óvart að stutt yrði á milli þeirra. Villi lést 17. desember síðastliðinn og Imba 2. febrúar, eða um sex vikum síðar. Þau gátu einfaldlega ekki hvort á annars verið.

Imba var ákaflega viljug manneskja sem miklaði ekkert fyrir sér og réðst til atlögu við viðfangsefnin full af bjartsýni og eldmóði. Hún hafði óbilandi kjark og einbeitingu sem varð til þess að hún efaðist aldrei um að allt færi vel og ætlunarverkið tækist. Þessu áráði hélt hún til æviloka og seinni árin þótti mörgum afkomenda hennar jafnvel nóg um. Sjálfsbjargarviðleitnin var sterk og hún reyndi alltaf sjálf áður en leitað var aðstoðar eða gefist upp. Imba hafði sérstaka ánægju af því að þjóna öðrum og láta þeim líða vel. Barnabörnin nutu meðal annarra góðs af því enda skipuðu þau ávallt stóran sess í huga hennar. Oft gaukaði hún að þeim peysum, ullarsokkum eða vettlingum sem hún þrjónaði enda var hún mikil handavinnukona hvort sem var saumaskapur

eða þrjónar, hún var alltaf með þrjónana á milli handanna ef stund gafst, sat aldrei aðgerðalaus. Hún naut þess að fá fólk í heimsókn og allir sem komu urðu að þiggja kaffi og nokkrar sortir af heimabökuðu bakkelsi með. Þá stóð hún gjarnan við eldhúsbekkin, bæði til að hafa góða yfirsýn því ekkert mátti vanta en einnig til að aðrir fengu örugglega sæti, henni fannst hún vel geta staðið, „þó það nú væri“.

Imba og Villi byggðu sér hús á Tryggvagötu 30 og bjuggu þar í rúm sextíu ár. Heimili þeirra bar dagnaði Imbu, smekkvísi og útsjónarsemi gott vitni, hvort sem var innan- eða utandyra. Garðurinn var sameiginlegt áhugamál þeirra hjóna og fengu þau tvívegis verðlaun fyrir hann enda sérlega fallegur og vel hirtur. Imba eyddi ótal stundum í garðinum og margir minnst hennar á fjórum fótum með fötu að hlúa að plöntum eða snyrta beð. Arfi og annað illgresi var ekki í sérstöku uppáhaldi hjá henni en vinnan við að tína það og gera beðin falleg veitti henni gleði. Imba var jafnlynd og geðgóð manneskja, skipti sjaldan skapi og alltaf var stutt í bros og húmor. Þótt hún væri jafnan heimakær og sjálfri sér næg var hún alltaf til í að fara á mannamót og lyfta sér svölitið upp, bara ekki að stoppa of lengi. Hún var þannig mannblendin en forðaðist að draga að sér athygli og vildi alls ekki vera í sviðsljósinu eða láta á sér bera.

Við Imba áttum margar góðar og gefandi samverustundir sem lifa í minningunni og ég er þakklátur fyrir.

Jóhann Snorri Bjarnason.

Margs er að minnast, margt er hér að þakka. Guði sé lof fyrir lífna tíð. Margs er að minnast, margs er að sakna. Guð þerri tregatárin stríð.

(Valdimar Briem)

Þessar ljúðlínur eiga vel við á kveðjund tengdamóður minnar, Imbu eins og hún var alltaf kölluð, enda hef ég margs að minnast og á henni ótal margt að þakka eftir rúmlega 30 ára samfylgd sem aldrei þar skugga á.

Imba var einstaklega kvik og létt á sér. Henni líkaði best að vera á skóm með hælum og hljóp oftast við fót. Hún sló lítið af þrátt fyrir háan aldur, vílaði t.d. ekki fyrir sér að skella sér niður á fjóra fætur til að leika við langömmubörnin og um síðustu jólfót tók hún fullan þátt í að dansa í kringum jólatréð í árlegu jólaboði fjölskyldunnar á jóladag. Imba var einnig ákaflega vinnusöm, átti það illa við hana að sitja auðum höndum og féll henni vart verk úr hendi. Þegar hún kom í heimsókn á heimili okkar Braga vildi hún helst komast í einhver verkefni. Tók hún þá yfirleitt til óspilltra málanna, braut saman allan þvott sem hún fann og straujaði eða reytti jafnvel arfa í garðinum. Þá eru ófær peysurnar, vettlingarnir og sokkarnir sem við höfum þegið frá henni og síðustu árin þegar sjóninni var farið að hraka verulega voru það borðtuskur sem hún þrjónaði og gaf.

Imba og Villi áttu fallegt heimili og til þeirra var alltaf gott að koma. Þegar komið var við hjá þeim kom ekki annað til greina en að þiggja veitingar, átti Imba alltaf eitthvað gott með kaffinu og vildi helst að við værum líka í mat. Í fallega garðinum við Tryggvagötu naut Imba þess að rækta hvort tveggja matjurtir og blóm og þar garðurinn handbragði hennar og eljusemi ótvírett mjög fagurt vitni.

Imba hafði léttu lund, sá oft spaugilegu hliðarnar á því sem var til umræðu en hallmælti aldrei nokkrum manni. Henni var umhugað um hag fjölskyldu sinnar, sýndi fólkinu sínu mikla

væntumþykju og var ávallt boðin og búin til að létta undir með því. Imba og Villi voru einstaklega samhent hjón og áttu ákaflega fallegt og kærleiksríkt samband. Það var þeim báðum mikil gæfa að geta dvalið síðasta árið saman á Fossheimum. Eftir að Villi lést í desember sl. hallaði mjög fljótt undan fæti hjá Imbu og við tók erfiður tími hjá henni sem einkenndist af mikilli sorg, sem og veikindum. Þau hjónin eru afkomendum sínum um margt góðar og eftirsóknarverðar fyrirmyndir og munu fallegar og hlýjar minningar um þau lifa áfram með þeim sem á eftir fylgja.

Stefanía G. Sæmundsdóttir.

Amma Imba dó 2. febrúar síðastliðinn, rétt tæpum sjö vikum á eftir afa Villa. Þegar hún hafði kvatt okkur fengum við að sitja hjá henni dálitla stund í fallega herberginu hennar á Fossheimum. Yfir henni ríkti mikil kyrrð sem var undarlegt að sjá af því á meðan amma lifði staldraði hún sjaldan við. Við hálfpartinn bjuggumst við því að hún stykki upp og byði okkur upp á veitingar enda kunnum við ekki við annað en að fá okkur stikkulaðikúlu úr skálinni á meðan við sátum þarna.

Amma var alltaf full af orku og þrátt fyrir að vera á tíræðisaldri voru fáir sem gátu staðið jafn hratt upp úr stólnum og hún. Hún var ekki há í loftinu og gekk eingöngu um í hælahaum skóm. Það stoppaði hana ekki við verkni og hún hikaði ekki við að þrila upp á húsgögn í hælahaum inniskónum sínum til að ná í eitthvað í efsta skápinn eða taka niður gardínur. Hún hunsaði allar aðfinnslur við þessar æfingar enda „ætlaði hún ekkert að detta“. Og það gerði hún heldur ekki.

Amma og afi voru gift í 64 ár og héldu sitt heimili á Tryggvagötu 30 á Selfossi. Amma var allt í öllu á heimilinu og húsið og garðurinn voru eins og hluti af henni. Oft komum við að henni úti í beði, í þvottahúsinu, við saumavélina eða í eldhúsinu að baka snúða og vinarbraud. Það var alltaf mikill gestagangur á Tryggvagötunni og margir sem fengu gott með kaffinu þar. Við systur fengum oft að borða í hádeginu hjá ömmu og við minnumst kálbböggla, bjúgna, og haksks og spagetts með kartöflum með mikilli hlýju.

Ömmu einkenndi rík þjónustulund og einlægur vilji til að sinna fólkinu sínu. Það kom náttúrulega til hennar að þjóna og það virtist stundum vera henni að hlaupta hratt ef maður vildi vera á undan henni að sækja henni öl úr ísskápnunni niðri í bílskúr. Hún var sjálfstæð og vildi ekki láta hafa fyrir sér og þegar kom að því að amma og afi þurftu að þiggja aðstoð við heimilisþríf passaði amma að þrifa allt vel „áður en konan kom“.

Amma hafði gaman af lífinu. Hún fékk oft hláturköst og grét af hlátri. Ekki var annað hægt en að hlæja með henni þegar hún sagði frá, því hún var jafn fljóthuga við það og annað. Hún byrjaði frásagnir yfirleitt inni í miðju og kynnti aldrei neinn til sögunnar. Þar fyrir utan hló hún svo mikið að hún gat ekki klárað söguna og við vorum engu nær um hvað var svona fyndið.

Amma lifði í meira en 98 ár og þrátt fyrir að hafa verið gömul kona þegar við fæddumst var hún stór hluti af okkar lífi og auðgaði okkar uppvaxtarár á Selfossi. Við verðum alltaf þakklátar fyrir að hafa kynnst henni svona vel og fyrir allan þann tíma sem við fengum með henni.

Hennar sem að ævi alla öðrum gaf sinn kraft og hug, hvíli andi ofar fjalla Upp til himna taki flug.

Sú sem ávallt sínum sinni sitja megi í frið og ró. Sú sem elda allra kynti ornað geti sér við stó.

Óska ég henni ömmu minni að hún heyrir orðin blíð og hún þakkir okkar finni um sig vefja alla tíð.

Bergþóra Kristínardóttir og Iðunn Kristínardóttir.

Elsku amma. Þó að það sé sárt erum við svo þakklátar fyrir að þú hafir fengið að fara svona stuttu á eftir afa, þið fylgdust alltaf að og það var engu líkara en þið væruð samofin eftir allan þennan tíma af góðu og traustu sambandi.

Við eigum margar minningar af góðum stundum með ömmu og afa, það var alltaf svo notalegt að vera hjá þeim. Við spiluðum með þeim á kvöldin og fengum kannski sneið af jólaköku í kvöldkaffi eða sátum með þeim í stofunni og spjölluðum um allt milli himins og jarðar. Amma var alltaf áhugasöm um það sem við sögðum henni og vildi skilja allt sem við tókum okkur fyrir hendur. Hún spurði okkur ítarlega og ef hún var ekki viss um að hún skildi rétt var næsta víst að hún kæmi spurningunni aftur að síðar. Heimili þeirra ömmu og afa við Tryggvagötu á Selfossi var gjarnan fyrsti viðkomustaður okkar fjölskyldunnar þegar við vorum á leið í ferðalag og oft fengum við þönnukökustaffla með í nesti. Stórfjölskyldan kom líka oft saman á Tryggvagötunni og í kaffitímanum buðu amma og afi gjarnan upp á heimabakadár kræsingar sem voru á pari við meðalfermingarveislur, brauðrétti, tertur og þönnukökur svo eitthvað sé nefnt.

Amma var einstaklega dugleg, af miklum móð bakaði hún, saumaði, þrjónaði, þreif heimilið og tók til hendinni í garðinum og fannst það aldrei mikið eða merkilegt þó að hún væri komin hátt á tíræðisaldur. Það er ekki langt síðan hún bakaði þönnukökur á tveimur þönnum í einu og fyrir örfáum árum komu undirritaðar í heimsókn þar sem hún stóð uppi á eldhúsbekki og þreif alla eldhússkápana að ofan og að innan, þá var hún nýbúin að taka niður allar gardínur hússins til þess að þvo þær. Amma gat legið tímunum saman í beðunum í garðinum og við erum þess fullvissar að hvorki fyrr né síðar hafi nokkur reytt arfa jafn nákvæmlega en á sama tíma rösklega, og amma. Þau afi ræktuðu saman sumarblóm og ýmsar matjurtir í garðinum og í gróðurhúsinu sem við fengum gjarnan að gæða okkur á og fengu þau í tvígang verðlaun fyrir garðinn. Amma var líka einstaklega afkastamikil og lunkin í höndunum, hún fönðraði með okkur jóla- og páskafeindur, bjó til gjafakort, þrjónaði listavel og virtist geta saumað hvað sem var. Hún var einstaklega hógvær og þó að við næðum ekki að afkasta jafn miklu og með jafn góðum árangri og amma, sýndi hún okkur skilning og hrósaði mikið fyrir það sem við gerðum.

Amma var einstaklega jákvæð og umhyggjusöm gagnvart öllu fólki, bæði hennar nánasta fólki en einnig ókunnugum. Hún einsetti sér að finna eitthvað gott í öllum og fann til með þeim sem höfðu farið vill vegar. Amma var mjög léttlynd og tók lífinu ekki of alvarlega. Þau afi höfðu bæði mikinn húmor og fengu oft hlátursköst saman allt fram undir það síðasta. Þau áttu einstaklega vel saman og við erum þakklát fyrir að þau hafi fengið að fylgjast svona lengi að, í lífanda lífi og áfram eftir það, þó að við munum svo sannarlega sakna þeirra mikið.

Kristín Jóna og Vilborg Lilja.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SIGURGEIR NJARÐAR KRISTJÁNSSON,

lést á Hrafnistu Hlévangi sunnudaginn 28. janúar.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvikurkirkju mánudaginn 19. febrúar klukkan 13.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs fyrir frábæra umönnun, hlýtt viðmót og vináttu.




Pálína Gísladóttir Linda Sigurgeirsdóttir Ármann Jóhannsson Birna Borg Sigurgeirsdóttir barnabörn og barnabarnabörn



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

SIGMUNDAR BIRGIS GUÐMUNDSSONAR, Kársnesbraut 51a, Kópavogi.



Guðrún Jónsdóttir Jónína Sigmundsdóttir Páll Sigmundsson Sigrún Fanndal Sigurðardóttir Undína Sigmundsdóttir Jóhann Þór Halldórsson barnabörn og langafabörn

„Kynslóðir koma, kynslóðir fara.“

Hún Ingibjörg, Imba frá Blesastöðum, dóttir afa og ömmu, Guðmundar og Kristínar, er síðust til að kveðja þessa jarðvist. Þau eignuðust 15 börn og af þeim komust 13 upp, en afi átti auk þess dóttur, þannig að honum fæddust 16 börn. Geri aðrir betur.

Systkinin frá Blesastöðum voru vel gerðar manneskjur, þau voru alin upp við lífsgleði, heiðarleika og mikinn söng. Það segir sig sjálf að á Blesastaðaheimilinu voru ekki mikil efni þessa heims, en þau afi og amma töldu að lífsgleði borgaði sig vel og gæti komið í stað þeirra. Frægt varð þegar afi fór í miðri kreppunni til Reykjavíkur og keypti harmonium; þá var jafnvel haldið að hann væri að tapa sér. En afi vissi sem var að kæti og söngur fleytir fólki langt.

Á þessum tímum var það algengt að ungar stúlkur færu í vinst. Systkinin frá Blesastöðum fóru ung að vinna fyrir sér og unnu það sem bauðst. Þau voru öll vinnusöm og vildu verða sjálfbjarga, vera á eigin vegum. Á þessum árum voru það oftast synirnir sem nutu skólavistar en síður dæturnar. Svo var og með systkinin frá Blesastöðum. Imba naut ekki langrar skólavistar, aðeins hefðbundins farskóla heima í sveitinni auk eins vetrar á Laugarvatni.

Imba var afskaplega flink í höndunum, vann lengi á saumastofu, síðar almenn störf kvenna sem ekki höfðu notið langrar skólagöngu.

Imba giftist sveitunga sínum Vilhjálm Þórðarsyni frá Reykjavík. Þeirra samband var afar fallett, enda entist það í 66 ár, eða þar til Villi lést rétt fyrir jólin á liðnu hausti, hundrað ára að aldri.

Eftir að Vilhjálmur lést hvarf lífsgleði Ingibjargar.

Heimili þeirra Imbu og Villa stóð lengst af við Tryggvagötu á Selfossi og þar bjuggu þau sér hlýlegt og notalegt heimili. Við húsið ræktuðu þau undirfagar garð og hlutu verðlaun fyrir fegursta garð á Selfossi eitt sinn.

Imba var glaðleg, lágvaxin eins og systir hennar móðir mín, en þær voru stórar inni í sér. Stærðin býr innra með fólki.

Þau Imba og Villi eignuðust fjögur börn sem upp komust. Í þeim koma fram söngurinn og tónlistin af Skeiðunum. Bræðurnir tveir eru tónlistarkennarar og dæturnar tvær kennarar og syngja báðar í alvörukörum.

Kvöld er högvær, glöð kona, sem hlúði vel að sínu, gerði líf sitt fagurt með natni, tryggð og væntumþykju.

Ég kveð Imbu frænku mína og systkinin frá Blesastöðum. Þetta var allt gott og heilsteyp fólki.

Fjölskyldu Ingibjargar votta ég samúð og fel hana þeim Guði er sólna hefur skapað.

Agnar á Miklabæ.

Ég upplifi ótrúlega stór tíma-mót nú, þegar ég kveð Imbu frænku mína í dag. Hún er síðasta systkini Blesastaðasystkinahópsins sem kveður.

Ég átti von á að þú fylgdir Villa fljótt í sumarlandið, eins og þið hafið alltaf fylgst að í gegnum lífið.

Elsku Imba, takk fyrir alla umhyggjuna og kærleikann sem þú hefur gefið mér.

Þið Villi hafið hafið alltaf verið svo miklar fyrirmyndir bæði sem einstaklingar og foreldrar. Börnin ykkar bera þess merki.

Elsku Þóra, Kristín, Bragi, Guðmundur og fjölskyldur ykkar.

Ég votta ykkur öllum dýpstu samúð og veit að allar góðu minningarnar sem þið eigið munu lifa áfram.

Kærleiksveðja,
Sigríður (Sigga Magga).

Þorkell Jónsson

Þorkell Jónsson fæddist í Reykjavík 14. apríl 1940. Hann lést á Landakoti 27. janúar 2024.

Foreldrar hans voru hjónin Jón Þorkelsson, f. 14. nóvember 1908, verkstjóri hjá Skeljungu, og Guðríður Einarsdóttir, f. 2. nóvember 1911, húsmóðir. Þau hjuggu lengst af á Grenimel 8 í Reykjavík. Þau eru bæði látin.

Systkini Þorkels eru Kristín, f. 21. maí 1934, látin, Einar, f. 1935, látinn, Óskar, f. 1941, Þór, f. 1941, Örn, f. 1944, Svanborg, f. 1947, látin, Guðmundur Ingi, f. 1949, og Ásgeir, f. 1951.

Hinn 21.11.1959 giftist Þorkell Lilju Ólafsdóttur, f. 4. maí 1940. Foreldrar Lilju voru



Arndís Pétursdóttir, f. 24.1.1914, húsmóðir, látin, og Ólafur Haraldur Ólason, f. 15.10.1904, húsgagnasmiður, látinn.

Börn Þorkels og Lilju: 1) Jón, f. 1960, giftur Steinunni Sigurbeggsdóttur, f. 1963. Börn þeirra eru Hildur Elísa, f. 1993, Þóra Kristín, f. 1997, og Þorkell, f. 2001. 2) Brynja, f. 1963, börn hennar eru Arndís Hruud, f. 1988, Aron, f. 1991, og Íris, f. 1994. Núverandi sambýlismaður Kristján Guðmundsson, f. 1969, dóttir hans er Kristjana Sigríður, f. 1999. 3) Auður, f. 1965, gift Kristjáni Ólafi Guðnasyni, f. 1965. Börn þeirra eru Guðni Páll, f. 1989, og Dagbjört Lilja, f. 1995. 4) Lilja, f. 1971, gift Árna Páli

Elsku afi minn.

Ég sé þig fyrir mér sólbrúnan og sælan með derhúfu sitjandi í sólinni í sveitinni, veit þú fylgdist með okkur, fólkinu þínu sem þú varst alltaf svo stoltur af. Minningarnar hafa streymt fram síðustu vikur. Með árunum áttar maður sig á því að það eru litlu einföldu stundirnar sem verða stærstu og notalegustu minningarnar. Ég minnst svo margt; helgarmorgna hjá ömmu og afa á Grenimel, ristabrauðslykt í loftinu, Rás 1 í útvarpinu, hlýtt

afaból, spila við afa, sundferða, tréróunnar í garðinum og allra ljúfu stundanna þegar við fjölskyldan fengum að búa í kjallaranum hjá ykkur um tíma. Það er mér svo dýrmætt hve stóran part þið amma eigið af barnæsku minni.

Þú hefur alltaf verið minn helstu stuðningsmaður, hvattir mig mest allra í náminu mínu. Vísurnar þínar til mín á stórum tímamótum í mínu lífi mun ég varðveita eins og gull.

Ég mun sakna þín elsku afi,

Þórður Kristjánsson

Þórður Kristjánsson fæddist í Keflavík 30. desember 1942. Hann lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 2. febrúar 2024.

Foreldrar hans voru Ólöf Lilja Sigurðardóttir f. í Keflavík 14.7.1921, d. 26.5.2007, og Kristján Alexander Helgason, f. í Keflavík 27.6.1921, d. 28.4.1965. Eiginmaður Þórðar var Ásmundur Davíð Gíslason, f. í Hafnarfirði 14.9.1923, d. 28.11.1978.

Systkini Þórðar sammæðra eru Sigurður, f. 5. ágúst 1947, d. 4. janúar 2019, Gísli, f. 17. nóvember 1953, Kristín Ása, f. 12. maí 1957. Systkini Þórðar samfeðra eru Guðlaug Sigríður, f. 20. ágúst 1950, d. 22. febrúar 2020, Bjarni Júlíus,



f. 6. apríl 1953, d. 6. júlí 2002, Helgi, f. 10. mars 1954, Michael, f. 6. júlí 1956, Elís, f. 8. ágúst 1957, d. 3. september 2016, og Sigurður, f. 11. febrúar 1959.

Þann 5. desember 1964 giftist Þórður Unni Þorsteinsdóttur, f. 24.12.1945 í Keflavík. Dætur Þórðar og Unnar eru: 1) Lilja Ólafur Lilju og uppeldisfaðir Þórðar var Ásmundur Davíð Gíslason, f. í Hafnarfirði 14.9.1923, d. 28.11.1978. Systkini Þórðar sammæðra eru Sigurður, f. 5. ágúst 1947, d. 4. janúar 2019, Gísli, f. 17. nóvember 1953, Kristín Ása, f. 12. maí 1957. Systkini Þórðar samfeðra eru Guðlaug Sigríður, f. 20. ágúst 1950, d. 22. febrúar 2020, Bjarni Júlíus,

Elsku pabbi minn er fallinn frá. Ég sem hélt að hann yrði manna elstur enda eltist hann vel og var alltaf svo flottur maður. Mér er efsí huga þakklæti fyrir allt sem hann gerði fyrir mig og stelpurnar mínar. Pabbi var alltaf til staðar, hvatti okkur til náms, studdi við bakið á okkur og vildi veig okkar sem bestan og mestan.

Við erum litil fjölskylda, pabbi og mamma misstu sitt fyrsta barn, systur mína, stuttu eftir fæðingu hennar. Það var þeim báðum mikil lífsreynsla og sorg. Ég fæddist þeim síðan tæpum tveimur árum seinna og ólst upp sem einkabarn foreldra mína. Pabbi sá til þess að við ættum margar gæðastundir saman í uppeldinu, við spiluðum mikið með föðurfjölskyldu okkar, förum í ferðalög saman og stunduðum skíði. Ég var aðeins átta ára gömul þegar pabbi græjaði okkur upp og fór með okkur mömmu í Kerlingarfjöll. Í kjölfarið förum við pabbi í margar ferðir saman í Hveradal, Skálafell og Bláfjöll.

Mér er það minnisstætt þegar pabbi og mamma tóku á móti mér á Keflavíkurflugvelli,

þegar ég var að flytja aftur heim til landsins eftir háskólanám í Bandaríkjunum, og ég sagði þeim að þau væru að verða amma og afi. Pabbi brast í grát og grét gleðitárum yfir fréttunum um fjölgun í fjölskyldunni. Stelpurnar mínar, Unnur Lára og Hjördís Lilja, voru augasteinarnir hans og mömmu og þau komu daglega til okkar í bæinn til þess að fylgjast með fyrstu dagana í lífi þeirra. Pabbi passaði þær síðar á daginn og kom oft einn þegar hann var í vaktarfrí til að létta undir með mér. Umhyggjusemi og áhugi hans á afastelpanum varði alla tíð.

Pabbi greindist fyrst með krabbamein fyrir sex árum. Sú lífsreynsla ýtti við okkur fjölskyldunni og við gerðum okkur grein fyrir því að lífið væri hverfult. Í kjölfarið förum við að skipuleggja frí og gæðastundir saman í fríum okkar. Okkur auðnaðist að fara í margar utanlandsferðir á síðustu sex árum, þeirra á meðal förum við til Hamborgar í Þýskalandi. Pabba langaði alltaf aftur til Hamborgar, þar sem hann nam

Hafsteinsyni, f. 1968. Börn þeirra eru Andrea Sif, f. 1998, Róbert Orrí, f. 2002, og Brynjar Dagur, f. 2008.

Þá eru ótalin makar barnabarna og barnabarnabörnin sem eru orðin 11 talsins.

Árið 1963 fluttust þau hjónin til Ólafsvíkur þar sem Þorkell gerðist skrifstofustjóri hjá Kaupfélagi Ólafsvíkur og varð síðar kaupfélagsstjóri hjá Kaupfélagi Ólafsvíkur og Hellissands. Árið 1968 varð hann skrifstofustjóri hjá Timanum fréttablaði uns hann tók við útibússtjórnastöðu hjá Samvinnubankanum í Hafnarfirði árið 1971. Árið 1991 sameinaðist Samvinnubankinn Landsbankanum og var Þorkell áfram útibússtjóri í Landsbankanum bæði í Hafnarfirði og aðalútibúi Landsbankans í Reykjavík uns hann lét af störfum 65 ára árið 2005.

Útför Þorkels fer fram í Lindakirkju í dag, 15. febrúar 2024, klukkan 13.

sakna þess að spjalla við þig um daginn og veginn í heimsóknum okkar í Sjúkalandið, ég mun sakna þess að hafa þig í sveitinni þar sem þú kiftir reglulega við til þess að taka út smíðina, ég mun sakna þess að heyra sögur af gönguferðum og ferðalögum ykkar ömmu sem hafa verið mér innblástur í okkar ferðum og mikið sem ég mun sakna þéttingsfasta faðmlagsins. Ég er svo þakklát fyrir að stóru stelpurnar okkar fengu að njóta þín fyrstu árin sín en

um leið sorgmædd yfir því að litlan okkar fái það ekki. Vildi óska þess að heilsan hefði gefið þér aðeins lengri tíma hér, við hlíð ömmu.

Takk fyrir allt elsku afi Keli. Þín

Arndís Hruud.

Afi var ekki orðmargur en það sem hann sagði skipti máli. „Mér þykir vænt um þig stelpa,“ segir hann og knúsar mig bless, þau orð get ég huggað mig við. Afi var hlýr, hnyttinn og til staðar. Hann gleymdi engu sem maður sagði honum, eldklár, góður með tölu en listrænn var hann líka. Hann átti það til að semja ljóð og limrur, fór ekki hátt með þann hæfileika en lunkinn var hann. Hér er því eitt ljóð til hans afa Kela:

Þögli kletturinn þegiandi fór,
þreyttur, fríðsæll, táraflóð.
Léttur stóðst hann sína lífsþraut
og lífsins fólksvalaust nauð.

Rólegur risi, ljúfur gleðigjafi,
rökfastur og bestur, elsku afi.
Hann hefur nú sitt vængjaflug,
hress og bara stanslaust stuð.

Mér þykir vænt um þig afi.
Þitt barnabarn,

Dagbjört Lilja Kristjánsdóttir.

Á vordegi 1959 komu nokkrir strákar saman sem léku í þriðja flokki KR í knattspyrnu árið 1956 og stofnuðu félag sem fékk nafnið KR-56. Í félaginu voru 10 leikmenn auk þjálfaranna Sigur-

metra og fengum svo afa stundum til að koma með í rennibrautina. Eftir sundið og hádegismat skutluðum við ömmu í vinnuna. Það þýddi fyrsti ísbíltur dagsins. Afi var nefnilega algjör ismaður og þótti fátt betra en ís í boxi með heitri súkkulaðisósu. Við systur fengum okkur þó oftast ís í brauðformi, sem Hjördís Lilja átti erfitt með að halda snyrtilegum. Ísinn lak því oftan en ekki út um allt en afi var fljótur að bregðast við í hvert skipti, tók af henni ísinn og „lagaði hann“ en kláraði nánast alltaf allan ísinn hennar í leiðinni. Oftast var þó ekki bara farin ein ísferð á dag heldur tvær, ein þegar við skutluðum ömmu í vinnuna og önnur áður en við sóttum hana.

Það er okkur ansi minnisstætt þegar við fengum fjórar ísferðir sama daginn. Þvílík hamingja. Það er því kannski ekki skrytið að fyrstu orð Unnar Láru hafi verið orðin afi og ís. Afi var ekki bara mikill ískall heldur var hann mjög handlaginn. Það var fátt sem afi gat ekki lagað, enda kölluðum við hann oftast afa „lagara“. Hvort sem það var að líma saman hluti sem brotnuðu þegar við vorum litlar eða að lakka í rispur á bílunum okkar þegar við urðum eldri, það var fátt sem afi „lagari“ gat ekki lagað. Afi lagði mikið upp úr heimsóknunum okkar í Ásgarðinn. Rólóferðir, hjólatúrar með kókömjólk og oreokexi, bíltúrar um Keflavík, heimsóknir til ömmu Lilju í spilamennsku eða

þýsku til nokkurra mánaða eftir verzlunarpróf. Við förum fyrir utan gamla skólann hans og heimilið þar sem hann bjó á sínum tíma. Honum þótti vænt um að komast í þá ferð.

Nú er pabbi farinn í sína hinstu ferð af þessari jarðvist. Hafðu þökk fyrir allt, elsku pabbi minn. Ég geymi allar góðu minningarnar í hjarta mér og við sjáumst síðar í eilífðinni.

Þín

Lovísa.



ÞÓREY AÐALSTEINSDÓTTIR
leikkona,

lést í faðmi fjölskyldunnar sunnudaginn 11. febrúar. Útförin verður frá Neskirkju þriðjudaginn 20. febrúar klukkan 13.

Baldur Gíslason
Líney Árnadóttir
Kristín Sóley Árnadóttir
Aðalsteinn Árnason
Laufey Árnadóttir
Þórey Árnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Magnús Jósefsson
Kristinn Eyjólfsson
Guðrún Jóhannsdóttir
Juan Ramon Peris López
Höskuldur Þór Þórhalsson
barnabörn

geirs Guðmannssonar og Atla Helgasonar. Markmið félagsins var að halda hópinn og minnst glæsilegra sigra þegar þriðji flokkur KR vann alla leiki sumarsins 1956 með markatölunni 53-4. Ákveðið var að félagarnir kæmu saman einu sinni á ári, ræddu málefni knattspyrnunnar á hverjum tíma og þá sérstaklega allt sem varðaði framsgang okkar gamla góða félags KR. Í þessu sigursæla liði var Þorkell Jónsson sem við kveðjum í dag. Þorkell lék í miðju varnarinnar og var traustur og yfirvegaður leikmaður sem átti ekki síst þátt í að andstæðingum okkar tókst ekki að skora fleiri mörk á okkur en markatalan sýnir.

Frá stofnun félagsins hittist þessi hópur árlega í yfir 50 ár og skemmti sér saman. Fyrstu árin var þetta strákaklúbbur en síðan með eiginkonum. Mikil samheldni hefur einkennt þennan hóp og öll höfum við haft ómælda ánægju af samverustundum okkar. Oftast voru fundir okkar haldnir í Reykjavík en einnig var farið í nokkrar ferðir innanlands og einu sinni til útlanda. Á öllum þessum samkomum okkar var Þorkell traustur og skemmtilegur félagi.

Nú þegar komið er að leiðarlokum fyllumst við öll þakklæti fyrir þær mörgu ánægjustundir sem við höfum átt saman hjá KR-56. Við munum ávallt minnst Þorkels sem góðs vinar og félaga. Elsku Lilja, við sendum þér og fjölskyldu hugheilar samúðarkveðjur.

F.h. KR-56,
Gunnar Felixson.

bókasafnsferðir. Það var alltaf nóg að gera og allt er þetta til á videóspólum. Afi tók nefnilega allt upp og það var sjaldan sem vídeóvélin var ekki með í för.

Í seinni tíð fékk afi ófá simtölin vegna bílamála hjá okkur systur, hvort sem það var eftir árekstur við staura eða þörf á aðstoð við bílakaup. Afi „lagari“ leysti málin og í hverri heimsókn hvarf hann út í skúr og bónaði bílana okkar þar til þeir urðu eins og nýir.

Síðastliðin ár höfum við litla fjölskylda ferðast saman og skapað dýrmætur minningar. Við vorum heppin að fá að eyða tíma saman á Tenerife yfir jól og áramót 2022-2023 til að fagna áttaráðisafmælinu hans afa, en honum og ömmu fannst fátt betra en að vera í sólinni.

Við vorum virkilega heppnar hvað afi var alltaf góður við okkur og vildi allt fyrir okkur gera. Hann hefur stutt gríðarlega við bakið á okkur og hvatt okkur áfram til náms alla tíð. Það er því ansi sárt að hann fái ekki að sjá okkur útskrifast í sumar en við vitum að hann var stoltur af okkur.

Við kveðjum elsku afa með mikilli sorg og söknuði en einnig með miklu þakklæti og minningum sem við munum geyma um ókomna tíð.

Þínar afastelpur
Unnur Lára Hjálmarsdóttir og Hjördís Lilja Hjálmarsdóttir.

María Matthíasdóttir

† María Matthíasdóttir fæddist í Reykjavík 16. apríl 1928. Hún lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu Sléttuvegi 28. janúar 2024.

Foreldrar hennar voru Guðfríður Ólafsdóttir, f. 28.10. 1897 á Geitabergi Hvalfrói, d. 6.3. 1941, og Matthías



María giftist árið 1949 eiginmanni sínum Sigurði Jónssyni, f. 4. ágúst 1921, d. 22. september 2003. Þau eignuðust fimm börn, þau eru: 1) Sigurlín Guðfríður, f. 10. maí 1950, gift Magnúsi J. Kristinssyni, börn þeirra María

Eyjólfsson, f. 9.6. 1887 í Bjarneyjum Breiðafirði, d. 15.8. 1966. Seinni kona hans var Guðrún Bjarnrún Magnúsdóttir, f. 2.9. 1888, d. 3.9. 1966. Systkini Maríu voru: Núi, f. 22.7. 1919, d. 31.12. 1983, Matthildur Björg, f. 12.9. 1921, d. 12.8. 1987, Guðrún, f. 19.11. 1924, Salbjörg f. 2.12. 1929, d. 12.3. 2023, og Ragnheiður Steina, f. 3.9. 1936.

Þakklæti er mér efst í huga þegar ég minnst elskulegrar móður minnar sem látin er eftir langt æviskeið, þakklæti fyrir ástíriki, umhyggjuna og kærleikann sem hún sýndi mér ávallt.

Við áttum einstakt vináttusamband á yfir 70 ára vegferð í gegnum lífið. Það er sama við hvaða aldurs skeið mitt ég staðnæmist, alltaf var hún til staðar fyrir mig og mitt fólk. Lítil hnáta fékk huggun og aðhlyningu þegar eitthvað bjátaði á. Þá hljóp hún í móðurfang og tárin þornuðu í sérhvert sinn þegar hún mamma strauk tárbotan vanga. Á unglingsárunum var líka gott að leita til mómmu, ræða málin og finna fyrir skilningi, uppörvun og hvatningu. Unga konan með nýstofnað heimili gat líka leitað til móður sinnar og fengið leiðsögn í flestöllu. Það var líka yndislegt að fá hana í heimsókn. Hún sat aldrei auðum höndum, tók til hendinni við það sem

þurfti að gera og taldi ekkert eftir sér. Þegar árin liðu og aldurinn færðist yfir var gott að sitja með mómmu, rifja upp gamlar minningar, sumar sameiginlegar og aðrar sem hún geymdi í sínum minningasjóði.

Hún mamma mín var mikil hannyrðakona, vandvirk og þolinmód. Ég sé hana fyrir mér sitja við gömlu fótstignu saumavélina saumandi fót á okkur systkinin. Hún taldi ekki eftir sér að rekja upp og sauma aftur þar til að hún var fyllilega ánægð með verk sitt. Síðar fékk hún rafmagns-saumavél og gladdist hún mikið yfir því. Allt lék í höndunum á henni, þrjónaskapur, útsaumur og postulínsmálun svo eitthvað sé nefnt.

Það er sterkt í minningunni hversu notalegt það var að vita af mómmu heima þegar ég kom heim úr skólanum sem stelpa. Allt var á sínum stað, alltaf eitthvað gott að borða og ást og

María Marta, f. 3. október 1964, maki Tryggvi Þorsteinsson. Börn hennar með eiginmanni hennar Ásgeiri Markúsi Jónssyni sem lést 2015 eru Davíð, Rakel og Samúel. Langömmubörnin eru 22.

María var Vesturbæingur í húð og hár, ólst upp á Hörpugótunni í Skerjafirði á stríðsárunum og kunni frá mörgu að segja frá þeim tíma. Leiðir hennar og Sigurðar eiginmanns hennar lágu saman þegar hún var nemi í hjúkrun við Hjúkrunarskóla Íslands. Þau hjuggu allan sinn búskap í Vesturbænum. Hún sinni húsmóðurstarfinu og uppeldi barna sinna af mikilli alúð og var lengi vel heimavinnandi. Síðar vann hún í Melaskóla við ýmis störf þar til hún lét af störfum fyrir aldurs sakir.

Síðustu fjögur árin dvaldi María á hjúkrunarheimili Hrafnistu Sléttuvegi.

Útför Maríu fer fram frá Neskirkju í dag, 15. febrúar 2024, klukkan 11.

umhyggja tók á móti mér. Að visu voru tveir dagar í mánuði sem voru kvíðvænlegir. Það voru þvottadagarnir. Þá var hún allan daginn í þvottahúsinu og þvoði þvottinn sem safnast hafði fyrir síðustu tvær vikurnar. Þannig var mamma, alveg ómissandi í hversdeginum.

Barnabörnin hændust líka að henni. Alltaf gaf hún sér tíma fyrir þau og sinni þeim eins og henni einni var lagið, mætti þeim hverju og einu á þeirra forsendum.

Mamma fékk kristið uppeldi og var það henni mikill styrkur á lífsgöngunni. Hún ræktaði trú sína, sótti kirkju og kristilegar samkomur og sótti styrk í lestur Biblíunnar og bænina. Nú hefur hún gengið inn til fagnaðar herra síns á himnum, frelsarans Jesú sem hún lagði allt sitt traust á.

Við börnin hennar og fjölskyldur geymum minningar um elskulega, hjartahlýja og ósérhlífna konu og yljum okkur við þær núna þegar hún hefur kvatt þetta jarðlíf.

Vaktu, minn Jesús, vaktu í mér, vaka láttu mig eins í þér. Sálin vaki þá sofnar líf, sé hún ætíð í þinni hlíf. (Hallgrímur Pétursson)

Elsku besta mamma mín, takk fyrir allt.

Þín dóttir,
Sigurlína (Lína).

Elsku mamma mín. Ég kveð þig full þakklætis.

Þakka þér fyrir dýrmætu stundirnar okkar saman. Þakka þér fyrir að horfa djúpt í augu mín og sjá mig, strjúka vanga minn með mjúkrri hendi þinni og láta mig finnast ég vera einstök. Fallegu orðin sem þú sagðir við mig óma innra með mér; það var dýrmætt að vera elskuð af þér.

Þakka þér mest af öllu elsku mamma fyrir að velja Jesú. Jesús hefur frelsað þig, þú ert hans og þú ert sæl. Við munum hittast á ný. Þú ert farin á undan og ég kem á eftir.

Þú ert í huga mínum og hjarta. Þín elskandi dóttir

Hrönn.

Elsku yndislega mamma mín. Núna ertu farin frá mér heim til Jesú, bæn mín til Hans var að taka þig til sín þegar þú varst orðin mikið veik. En ég var samt ekki og hefði aldrei verið tilbúin að missa þig.

Dagarnir hafa verið þungir, daprir og ég upplifi mig svo tóma án þín og ég veit að sorgin og söknuðurinn á eftir að hellast yfir mig.

Á sama tíma er ég svo þakklát fyrir að hafa átt þig sem bestu mómmu í heimi, trúnaðarvin og bestu vinkonu. Við höfum verið við hlið hvor annarrar síðan ég fæddist. Höfum upplifað margt, tekið þátt í gleði og sorg og verið alla tíð einstaklega nánar.

Síðasta samveran okkar tveggja var daginn áður en þú lést í herberginu þínu á Sléttuveginum. Þá kom ég til þín og andlitið þitt ljómaði þegar þú sást mig. Þú tókst mig í opinn faðminn þinn og straukst mér og kysstir og á sama tíma opnaðist himinninn og sólin skein á okkur. Ég gerði mér grein fyrir því að þarna varstu að kveðja mig í síðasta sinn og sýna mér þakklæti, kærleika og ást. Minningarnar streyma upp í hugann.

Þú varst alltaf svo glæsileg, falleg, glaðleg, hlý, kærleiksrik, þolinmód og hjálpsóm. Gladdist yfir að vera fin í tauinu og hafa hárið í lagi. Þú varst líka ákveðin og lést skoðanir þínar í ljós.

Við ferðumst um landið og fórum í nokkrar utanlandsferðir saman, bæði til Noregs og Lúxemborgar. Okkur fannst gaman að fara í bæinn og kaupa föt á þig, kaupa afmælis- og jólagjafir, fara á kaffihús eða beint í pylsuskúrinn.

Það lék allt í höndum þínum, saumaðir, þrjónaðir og heklaðir fötin á okkur systkinin. Tilhlökkun á sumrin þegar við fórum í ferðalög um landið um hvað þú værir búin að útbúa á okkur. Eftirminnileg falletta heklaða sláin með hettunni og fjöluð blómabuxurnar, jólakjólarnir og þrjónuðu peysurnar.

Seinni árin saumaðir þú mikið út, málaðir postulín og gler og skreyttir kerti og er dásamlegt að eiga þessa hluti eftir þig.

Mamma mín, þú varst líka svo mikil blómakona. Blómin sem fylgja þér síðasta spölinn úr kirkjunni í dag verða í þínum anda, litrík og falleg.

Þakklát fyrir hvað þú varst yndisleg amma barnanna minna, Davíðs, Rakelar og Samúels. Allt frá fæðingu þeirra varstu til staðar fyrir þau og tengdabörnunum mínum Einari og Lovísu svo góð. Ásgeir minn heitinn og Tryggvi minn voru heppnir að eiga þig sem tengdamómmu.

Ömmustelpan mín hún Sigurbjörg María var þér svo kær og tengdist þér sérstökum böndum, nú hefur hún útbúið bók með texta og myndum til minningar um langömmu Mæju.

Á sama tíma og þú varst að kveðja fæddist mér gullfallegur og fullkominn ömmudrengur. Að hafa hann í fanginu línar sorgina og veit ég að ömmubörnin mín eiga eftir að færa mér gleði í sorginni og mun ég segja honum frá langömmu sinni þegar hann hefur vit til.

Kynslóðir fara og kynslóðir koma.

Elskulega mamma mín mjúk er alltaf höndin þín tárin þorna sérhvert sinn sem þú strjúkur vanga minn þegar stór ég orðin er allt það skal ég launa þér.

Elsku mamma mín, vertu Guði falin alla tíð, hafðu þökk fyrir allt og allt.

Þín dóttir Mæja
**María Marta
Sigurðardóttir.**

María Matthíasdóttir tengdamóðir mín andaðist 28. janúar síðastliðinn. Ég kom inn í líf hennar fyrir 47 árum sem verð-

andi tengdasonur. Frá fyrsta degi tók hún mér vel.

Líf kynslóðar Maríu og systkina hennar og jafnaldra markaðist oft af fátækt og basli. Möguleikar til menntunar og almennra nútímalífsgræða voru mjög takmarkaðir. María missti móður sína 12 ára gömul og þurftu þau systkinin að læra að bjarga sér og vinna. Fólk þessa tíma þurfti að búa yfir seiglu og þolinmæði. Það má segja að margir af þessari kynslóð hafi bognað vegna erfiðleika lífsins en ekki brotnað.

María var dugleg og vinnusöm. Hún helgaði líf sitt fjölskyldunni og sinni öllum sem hún gat aðstoðað. Börnin mín og barnabörn voru öll hænd að henni og heimsóttu hana oft á meðan hún bjó heima. Eftir að heilsu hennar hrakaði og hún flutti á hjúkrunarheimili sinntum við henni eins og hægt var.

Ég mun ávallt minnst Maríu með þakklæti fyrir allt sem hún gerði. Við vitum að María átti óbrögðla trú á Guð og Jesú og fær góðar viðtökur á himni.

Magnús J. Kristinsson.

Með örfáum orðum langar okkur systkinin að minnst ömmu Mæju sem nú er fallin frá. Amma var samferða okkur í gegnum lífið. Í uppveixinum urðum við þeirrar gæfu aðnjótandi að amma bjó í göngufæri frá æskuheimili okkar. Samgangurinn var ávallt mikill og samvera með ömmu og afa hluti af hversdeginum.

Þegar amma kom í heimsókn gekk hún í þau störf sem þurfti á heimilinu, braut saman þvott og þreif gólf. Hún veitti mikinn stuðning í uppeldinu. Stundirnar með ömmu og afa á Dunhaganum eru okkur dýrmætastar. Þar var alltaf nóg við að vera. Amma fönðraði, þrjónaði, bakaði og saumaði með okkur. Þess á milli settumst við saman í stofuna og horfðum á sjónvarpið eða ræddum um heima og geima. Aðfangadagur á Dunhaganum var svo órjúfanlegur hluti jólahátíðarinnar hjá okkur í æsku.

Amma var óhrædd við að láta okkur systkinin taka þátt í því sem hún var að gera. Við máttum um brjóta egginn ofan í kökudeigið og hún sendi okkur yfir götuna í Kron þegar eitthvað vantaði. Þolinmæði ömmu í okkar garð virtist óþrjótandi. Þegar við vorum í Hagaskóla var stutt að skottast yfir til ömmu í hádeginu og þar beið okkar eggjabrauð eða pitsa með tómatsösu og pepperonia, eins og hún kallaði það.

Amma var afmælisglöð og var alltaf mætt löngu áður en gestirnir komu til þess að bjóða fram hjálparhönd. Þótt amma hafi verið hlédræg stóð hún ekki á skoðunum sínum þegar henni líkaði ekki við klæðaburð okkar eða hárgreiðslu. Slíkar athugasemdir voru þó settar þannig fram að ekki var hægt að erfa neitt við hana. Amma var miðdepill stórfjölskyldunnar.

Það var erfitt að horfa upp á ömmu, sem alltaf var svo skýr og skörp, hverfa inn í heim minnis- og tjáningarleysis síðustu árin. Við skynjuðum þó alltaf væntumþykjuna í okkar garð og hennar hlýja faðm.

Minningin um yndislega ömmu mun fylgja okkur alla tíð.

Takk fyrir allt, elsku amma okkar.

**María, Kristinn,
Sigurður og Björn.**

Amma Mæja. Elsku frábæra og skemmtilega amma mín. Þú varst mér svo nán og kær, mikið sem ég sakna þín. Fæddist lítil í þennan heim og varst þú til staðar fyrir mig frá fyrsta degi. Umvafðir mig elsku þinni, kærleika og hjálpssemi.

Þú og afa voruð stólpar í lífi mínu. Ég heimsótti ykkur oft á Dunó og þið komuð til mín í Bugðutangann. Við afi lékum

okkur mikið í boltaleik, knús- uðumst og kitluðum hvor annan og hann sagði mér sögur. Við horfðum líka mikið á Tomma og Jenna og hlógum báðir upphátt svo aðrir muna.

Á sama tíma varst þú að uppfylla ósk mína, sjóða ýsu og kartöflur sem ég var sjúkur í. Þetta stappaðir þú með smjöri og ég hámaði í mig hvenær dagsins sem var. Ég þakka þér heilsu mína í dag, fyrir soðninguna, því sjaldan verður mér misdægurt.

Þið afi voruð okkur systkinunum svo góð þegar pabbi var erlendis að vinna, og hjálpuðuð okkur á allan hátt til að láta tímann líða þar til hann kæmi heim aftur.

Þegar afi dó tókst þú mig að þér og urðum við svo nán. Oft bauðst þú mér á Grandó í næturgingu, kósí og bíó.

Þegar ég fékk bílpróf var það mitt hlutverk að keyra þig á milli staða. Keyra þig í Bónus og sækja þig eða keyra þig heim eftir heimsókn hjá okkur. Það gladdi mig svo mikið hvað þú varst örugg í bíl hjá mér og hvað þú hældir mér oft fyrir hversu góður öku- maður ég væri. Mér er minnststætt hvað þú söngst oft í bílnum hjá mér enda var tónlist, dans og fjör í þér.

Þú gladdist yfir því þegar ég flutti að heiman í íbúðina mína, komst oft í heimsókn og þá oftast með snúð með súkkulaði sem þú vissir að mér þótti svo góður. Þú hafðir gaman af að taka til hendinni og hjálpa mér.

Elsku amma, ertu til í að senda kveðju til afa frá mér þegar þið hittist á ný?

Þinn

Davíð.

Elsku amma mín. Núna þegar ég minnst þín er mér efst í huga þakklæti fyrir að hafa átt þig sem ömmu.

Þú varst svo skemmtileg og hnyttin í svörum, óhrædd við að segja skoðanir þínar. Þegar ég ákvað að safna hári og skeggi og var stundum í rifnum buxum fékk ég oft skemmtileg komment frá þér en ég hef alltaf passað að vera hreinn og snyrtilegur og er það í þínum anda.

Þú varst alltaf svo hress og fjör í krungum þig. Tónlistin á Grandó ómaði þegar ég kom í heimsókn til þín. Oft falleg trúarleg tónlist en líka Björgvin Halldórsson og Raggi Bjarna og oftast tókst þú danssporr og söngst með.

Þú varst svo góðhjörtað og vildir mér alltaf allt hið besta. Ég fékk að njóta umhyggju þinnar og kærleika og er ég óendanlega þakklátur Guði fyrir þig, amma mín. Ég á eftir að segja nýfædda syni mínum sögur af þér þegar hann eldist.

Læt fylgja með ljóð eftir Halldór Jónsson frá Gili sem mér finnst segja allt.

Þú varst okkur amma svo undur góð og eftirlést okkur dýran sjóð, með bænum og blessun þinni. Í barnsins hjarta var sæði sáð, er síðan blómgaft af Drottins náð, sá ávöxtur geymist inni.

Við allt viljum þakka amma mín, indælu og blíðu faðmög þín, þú vafðir oss vina armi. Hjá vanga þínum var frið að fá þá féllu tárin af votri brá, við brostum hjá þínum barni.

Við kveðjum þig elsku amma mín, í upphæðum blessuð sólin skín, þar englar þér vaka yfir. Með kærleika ert þú kvödd í dag, því komið er undir sólarlag, en minninga ljós þitt lifir.

Leiddu svo ömmu góðu guð í gleðinnar sælu lífsfögnuð, við minningu munum geyma. Sofðu svo amma sætt og rótt, við segjum af hjarta góða nótt. Það harma þig allir heima. (Halldór Jónsson frá Gili)

Kveð þig með söknuði. Þinn

Samúel.

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæru

BIRNU ÁSMUNSDÓTTUR OLSEN

sem lést 23. janúar og var jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju 5. febrúar.

**Guðrún Halldóra Jónsdóttir
Guðrún Birna Jakobsdóttir**




†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

JÓNÍNU JÓHANNSDÓTTUR.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Grundar fyrir kærleiksrika umönnun og hlýtt viðmót.

**Jóhann Úlfarsson Halldóra Viðarsdóttir
Logi Úlfarsson Brynja Vermundsdóttir
Ingbjörg Úlfarsdóttir Andri Þór Steingrímsson
og fjölskyldur**



†

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og virðinguna við andlát og útför

INGU STÍNU STEFÁNSDÓTTUR.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir góða umönnun og hlýju í hennar garð.

**Valgerður Grímsdóttir Vilhjálmur Grímsson Grímur Þór Agla Eir Inga Björk
Rannveig A. Guðmundsdóttir Freyja Sjöfn Nökkvi Páll og langömmubörn**



Hjartaheill

Minningar-
kort á
hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

Prautir


Finndu fimm breytingar




Fimmkrossinn

Er hægt að búa til tvö fimm stafa orð með því að nota textann að neðan? Já, það er hægt ef sami bókstafur kemur fyrir í báðum orðum. Hvern staf má nota einu sinni.

RÆÐUSTÓLI



Stafakassinn



Prautin er að fylla í reitina með sex þriggja stafa orðum og nota eingöngu stafi úr textanum að neðan. Notaðu sama stafinn oft en einu sinni.

AAÁIMMNNÓ

Sudoku

		7	8					
	2		6			4		
4			3			9		
2			5	7				
	8		9	3	6			
			4		2			
		8						7
9	6					3		4

			9	7	6	3		
9				2				
8				5	2			
		3	7				9	
		1				3		
			6	8		7		
2		1						5
7		2						
		6	5			1		

8	5	2			4	1		
3	1	2		4				
				7				8
			7		1	2	5	
		4		3	5	8		
							6	
4	8				2			
2								
		6		1				

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Orðarugli


P N G B Æ N A T U R N U M H P
 I R N U Ó R Þ U T E S Ú B R Z
 A S S D X S M A E R R N E N H
 T O N X T A P A T A V K Ö V N
 P E I D I A K E T H T Y G S A
 W I S J C T E X T A Ð A E E H
 J S K V R I D N F E N S T A M
 S Ð I B U G B V L A Y G E L K
 T Á H S Ó T S V A R T I R Ý U
 N R R R E U G V C S Z W I T N
 Y U A A N U D L Y K S N J T C
 X K W M U N U N I E B X H I X
 C R M U O Z X T K M X O N S M
 R O N M F O X S G D F L D T Y
 I P P E R H A L L A V G N I Þ

Beinumum
Bænaturnum
Búsetuþróun
Hiksins

Lýttist
Matsnefndir
Orkuráðs
Skylduna

Sótsvartir
Textaða
Vökvatap
Þingvallahreppi


Krossgáta



Lárétt 1 svæði í Biblfunni 9 hvoruga 10 nuddar 11 hraði 12 fengs 14 kvarsteinn 16 borðaði 17 varningur 19 lengst inni 21 lítið af einhverju 22 líta eftir 23 ekki 24 gekk í bleytu 25 oddhvöss verkfæri 26 ástundunarsamari 29 neitandi forskeyti 30 straumkast í á 32 óhlutbundinn
Lóðrétt 1 lasleika 2 synjar 3 flýtir 4 hirting 5 heitið 6 sýna fljótræði 7 nudda 8 vinnudýr 13 hávaxna 15 ryk 16 kærleikurinn 18 knýið bát 20 spennu 22 hinir 24 ræktarleysi 27 líks 28 hreyfast ört 31 keyr

Skák

Helgi Áss Grétarsson | skak@mbl.is



Svartur á leik

1. d4 c5 2. d5 Rf6 3. c4 b5 4. cxb5 a6 5. bxa6 Bxa6 6. Rc3 d6 7. Rf3 g6 8. g3 Bg7 9. Bg2 Rbd7 10. 0-0 0-0 11. He1 Rg4 12. Dc2 Ha7 13. b3 Da8 14. e4 Rge5 15. Rxe5 Rxe5 16. Hd1 c4 17. Be3 Hc7 18. Bb6

Staðan kom upp á Skákþingi Reykjavíkur sem lauk fyrir skömmu í húsa-kynnum Taíffélags Reykjavíkur. **Lenka Ptácniková (2.089)** hafði svart gegn syni sínum, **Josefi Omarssyni (1.685)**. **18. ... cxb3 19. axb3 Rf3+! 20. Kh1 Hxc3! 21. Da2 Hcc8** nákvæmara var að leika 21. ... Bb7. **22. Dxa6 Bxa1 23. Dxa1 Dxa1 24. Hxa1 Rd2 25. Be3 Rxb3 26. Hb1 Rc5 27. h4 Hb8 28. Hc1 Hb5 29. Kh2 Hfb8 30. g4 Hb1 31. Hc2 H1b2 32. Hc3 H8b3 33. Hc1 f6 34. g5 Rxe4 35. Hc8+ Kf7 36. Bh3 f5 37. Hh8 Hxe3** og hvítur gafst upp. Fimmtudagsmót Taíffélags Reykjavíkur hefst kl. 19.30 í kvöld og á morgun fer hraðskákkeppni taíffélaga fram í Gufunesbæ, sjá skak.is.

Brids

Guðmundur Páll Arnarson | brids@mbl.is

Tími og rúm. A-NS

Norður
 ♠ KG93
 ♥ ÁDG63
 ♦ G
 ♣ ÁKG

Vestur
 ♠ 76542
 ♥ 875
 ♦ 7643
 ♣ 8

Austur
 ♠ ÁD108
 ♥ 2
 ♦ Á10982
 ♣ D74

Suður
 ♠ -
 ♥ K1094
 ♦ KD5
 ♣ 1096532

Suður spilar 6♥.

„Loksins skil ég hvað Einstein var að tala um.“ Gólturinn rétti fuglunum kunnuglegt útprent og setti þá inn í mál: „Austur opnar á tígli, norður doblar, fær svar á hjarta og keyrir í slemmu. Út kemur tígul upp á ás og tromp í öðrum slag.“

„Einstein?“ Fuglarnir voru eitt spurningarkerki. „Spilaði hann brids?“

„Ekki svo ég viti,“ svaraði Gólturinn. „En hann var með rúm og tíma á heilanum og þetta spil snýst um þau hugtök – að vera á réttum stað á réttum tíma.“

Nánari útskýringar leiddu í ljós að „rétti staðurinn“ er heima og „rétti tíminn“ þegar búið er að aftrompa vörminna og fría laufið. Útfærslan er þessi: sagnhafi leggur niður ♠Á í þriðja slag, fer heim á tromp og hendir ♠KG í tígulhjónin! Trompar lauf, tekur síðasta tromp vesturs heima og fríar laufið með annarri stungu. Trompar loks spaða og leggur upp.

Málið

Orðið **mataræði** er trúlega óskiljanlegt þeim sem skilja æði aðeins æðisgengnum skilningi. En æði þýðir m.a. hegðun, atferli, háttalag enda merkir mataræði venjur í mat og drykk eða sá matur sem neytt er reglubundið. „Ég steinhætti við steinaldar-mataræði þegar ég var fainn að slípa steinaxir.“ Og – matar-æði, ekki „matar-ræði“.



VEIGAR
 Harðskelja jakki
37.990kr,-

@icewearmagasin
 www.icewear.is

Lausnir	8 7 5 2 6 9 4 3 1	5 1 2 9 4 7 6 8 3	9 6 7 4 8 5 1 3 2
Sudoku →	3 1 2 5 4 8 7 9 6	3 9 4 8 6 2 5 1 7	8 2 3 6 1 9 4 7 5
Stafakassinn	4 6 9 1 7 3 5 2 8	6 8 7 3 1 5 2 4 9	4 1 5 3 7 2 9 8 6
ÓMI MÁN ANA	6 8 3 7 9 1 2 5 4	8 6 3 7 5 1 4 9 2	2 3 1 5 6 7 8 4 9
Fimmkrossinn	2 9 4 6 3 5 8 1 7	7 5 1 4 2 9 3 6 8	5 8 4 9 2 3 7 6 1
TRÆDU ÓLÆSI	7 5 1 8 2 4 3 6 9	2 4 9 6 8 3 7 5 1	6 7 9 8 4 1 5 2 3
Krossgáta ↓	1 4 8 9 5 2 6 7 3	4 2 8 1 3 6 9 7 5	3 4 8 1 9 6 2 5 7
	9 2 7 3 8 6 1 4 5	1 7 5 2 9 4 8 3 6	1 5 2 7 3 4 6 9 8
	5 3 6 4 1 7 9 8 2	9 3 6 5 7 8 1 2 4	7 9 6 2 5 8 3 1 4

Lárétt: 1 kannafland 9 engu 10 nyr 11 asi 12 affa 14 tíma 16 ítt 17 kram 19 ímst 21 ítt 22 aðgæta 23 el 24 óð 25 allir 26 ídnam 29 and 30 átt 32 abskráttur Lóðrétt: 1 kranflak 2 nettar 3 an 4 agæ 5 nafnfró 6 ana 7 ny 8 dráttardýr 13 langa 15 ím 16 ástín 18 róð 20 næla 22 aðrr 24 órt 27 nés 28 íða 31 ak

Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl

Hrútur Þetta er ekki góður dagur til að taka ákvarðanir um ferðalög einn og sér, hafðu fjölskylduna með í ráðum. Síndu þínar bestu hliðar og njóttu stundarinnar.

20. apríl - 20. maí

Naut Það er hægt að sjá hve mikla stjórn þú hefur á lífi þínu eftir hvaða stjórn þú hefur á peningum. Það er enginn minni maður þótt hann biði um aðstoð.

21. maí - 20. júní

Tviburar Málefni fjölskyldunnar hafa verið ofarlega á baugi hjá þér að undanförunu. Enginn getur gert allt einn. Einhver nákominn er í vanda, athugaðu hvort þú getir eitthvað hjálpað.

21. júní - 22. júlí

Krabbi Þú ert með óþarfa áhyggjur af fjárhagnum, því hann er ekki eins slæmur og þú heldur. Taktu á móti nýjum tæknilausnum með jákvæðum huga.

23. júlí - 22. ágúst

Ljón Ástarsamband sem áður var nokkuð stormasamt nær jafnvægi. Ekki flana að neinu, það er nægur tími til að skoða málin.

23. ágúst - 22. september

Mejja Þú átt svo auðvelt með að ná þínu fram að þú þarft að gæta þess að ganga ekki of nærri öðrum. Gerðu ekki of miklar kröfur til unga fólksins.

23. september - 22. október

Vog Ekki missa stjórn á útgjöldunum núna. Margir virðast til í rífrildi þessa dagana. Ekki lofa upp í ermina á þér.

23. október - 21. nóvember

Sporóðreki Mundu að ekki er allt gull sem glóir og að lífshamingjan felst ekki bara í efnislegum gæðum þótt gagnleg séu. Ástamálin taka kipp.

22. nóvember - 21. desember

Bogmaður Láttu draumórana ekki ná þannig tökum á þér að þú hafir ekki hugann við núnið. Þú kynnist fljótlega manneskju sem á eftir að hafa mikil áhrif á þig.

22. desember - 19. janúar

Steingeit Þú hefur látið margt reka á reiðanum en nú verður ekki hjá því komist að taka málin föstum tökum. Hertu upp hugann því breytingar verða til bóta.

20. janúar - 18. febrúar

Vatnsberi Þú þarft að stinga við fótum og standa fast á þínu þótt að þér sé sótt úr öllum áttum. Einbeittu þér að gæluverkefnum.

19. febrúar - 20. mars

Fiskar Þú hefur þolinmæðina og orkuna til að takast á við smáatriði í dag. Einhver nákominn þér fær góðan samning í hendur.

Hólmfríður R. Árnadóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri – 85 ára

Stórtæk í félagsmálum alla tíð

Hólmfríður Rósinkranz Árnadóttir fæddist 15. febrúar 1939 í Karlsskóla við Kaplaskjólsvog í Reykjavík og var alin upp í Faxaskjóli 10 í Vesturbæ Reykjavíkur.

Hólmfríður gekk í Melaskóla, Hringbrautarskóla og Verzlunarskóla Íslands. Hún stundaði nám í St. Godric's College í London og lauk prófi sem loftskeytamaður frá Loftskeytaskóla Íslands. Hún tók stúdentspróf frá öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð og stundaði nám í jarðfræði, læknisfræði og sagnfræði við Háskóla Íslands.

Hólmfríður, eða Día eins og hún er alltaf kölluð, vann við rannsóknarstörf í Svíþjóð, hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og hjá efnagerðinni Frigg. Hún var síðar framkvæmdastjóri hjá meðal annars Kvenskátaskálanum á Úlf-ljótuvatni, Þroskahjálpi, Póstmannafélagi Íslands, Félagi háskólakennara og Norræna skólasetrinu.

Día sinnti skátastarfi af miklum móð í æsku og á unglingsárum sínum. Hún var stórtæk í félagsmálum alla tíð og tók meðal annars virkan þátt í ýmsum friðarsamtökum, náttúruverndarsamtökum og jafnréttissamtökum. Hún var einn af stofnendum Kvinnalistsans og síðar Kvinnaframboðs og sinnti fjáröflunar- og trúnaðarstörfum fyrir hvor tveggja samtökin auk þess sem hún sat á framboðslistum. Hún var jafnframt dreifingarstjóri Veru, tímarits um kvennabaráttu.

Áhugamál Díu voru meðal annars lestur, félagsstörf og útivist. Hún var einstaklega lagin við þrjú náskap en var fyrst og fremst hugsjónamanneskja og hafði alla tíð minni áhuga á hefðbundnum heimilisstörfum en baráttu fyrir bættum heimi og að vernd þeirra sem minna mega sín. Þannig sinnti hún til dæmis sjálfböðavinnu fyrir Vinalínu Rauða krossins og Kristínarkot í seinni tíð.

Día hafði jafnframt mikla unun af ferðalögum og naut þess að búa á nýjum stöðum og kynnast menningu annarra landa. Hún og Oddur nutu þess einnig að ferðast um innan-



Afmælisbarnið Litla Día og stóra Día.



Fjölskyldan Efri röð frá vinstri: Oddur Benediktsson, Hákon Már Oddsson, Árni Geir Pálsson, Kári Pálsson og Hólmfríður Árnadóttir. Fremri röð frá vinstri: Kolbrún Þóra Oddsdóttir, Katrín Oddsdóttir og Guðrún Oddsdóttir.

lands og þekktu landið vel. Ekkert fannst þeim skemmtilegra en að rjúka af stað á ólíklegustu tímum ef um náttúruhamfarir á borð við eldgos eða jökulhlaup var að ræða. Þau hjónin deildu hugsjón fyrir náttúruvernd og nutu sín ávallt sérstaklega vel í Árdal sem er sumarbústaður fjölskyldunnar í Andakílunum í

Borgarfirði. Undanfarin ár hefur Día búið á Söltúni hjúkrunarheimili.

Fjölskylda

Eiginmaður Díu var Oddur Benediktsson, f. 5.6. 1937, d. 17.8. 2010, prófessor í tölvunarfræði. Foreldrar hans voru hjónin Stefán Már Benediktsson, f. 24.7. 1906, d. 12.12.



Hjónin Oddur og Día.

1945, verslunarmaður, og Sigríður Oddsdóttir Benediktsson, f. 18.9. 1907, d. 29.8. 1988, húsfreyja. Fyrri eiginmaður Díu: Páll Þórir Ásgeirsson, f. 22.4. 1931, lækni, búsettur í Kópavogi.

Börn Díu og Páls eru: 1) Árni Geir, f. 3.3. 1963, viðskiptafræðingur, búsettur í Reykjavík, maki:

Valentínusarvika
Í STÖÐ

40% afsláttur vikuna 12.-18. febrúar
bæði í verslun og vefverslun

Öll undirföt,
brjóstahaldarabolir og
sundfatnaður frá Amoena

Einnig eru valdar vörur á
enn meiri afslætti

Allur fatnaður frá Amoena
er með vasa fyrir
gervibrjóst og fleyga



STÖÐ

www.stod.is

Dragháls 14-16

S. 565 2885

stod@stod.is

Til hamingju með daginn

Jessica Sól Hausner Helgudóttir

40 ÁRA Jessica Sól fæddist í Berlín og fluttist á Krossholt á Barðaströnd 12 ára. Hún átti síðan heima á Patreksfirði en flutti til Reykjavíkur 2007 og býr núna í Hafnarfirði. Það voru viðbrigði fyrir 12 ára ungling að flytja frá Berlín og á Barðaströndina. „Þetta var svolítið skemmtilegt, ég fór úr skóla þar sem voru 3.000 börn í skólann Birkimel þar sem voru 16 börn. Það vill svo skemmtilega til að ég átti kærasta í Berlín þegar við fluttum, en hann átti heima í sama húsi og við, og það er maðurinn minn í dag. Ég flutti hann hingað inn 15 árum seinna.“


Jessica Sól er með BS-gráðu í viðskiptafræði og MS-gráðu í mannaútsjórnun frá HÍ. Í dag er hún framkvæmdastjóri Iceland ProServices S&P sem er partur af Iceland ProTravel Group og sér meðal annars um alla þjónustu og öll innkaup. Markmið félagsins er að selja erlendum ferðamönnum ferðir til Íslands, Grænlands og Norðurlanda. „Flestar söluskrifstofur okkar eru í Þýskalandi og Sviss en við hér sjáum um alla framkvæmd. Við sjáum til þess að allt verði að veruleika sem söluskrifstofur okkar eru að selja ferðamaðurinn fari sem ánægðastur aftur frá landi. „Þetta er skemmtilegasta starf í heimi, við bjóðum upp á allt, við erum með skemmtiferðaskip, tvö hótél, bjóðum upp á veiðiferðir og sumarhúsaferðir og erum með um 400 rútuferðir á ári.“

Jessica hefur verið mikið jólabarn síðan hún var smástelpa og hefur safnað jólasakrauti síðan þá: „Ég á 42 kassa með jólasakrauti og er „all in“, það eru til dæmis jólasokkar á borðfótunum hérna, klósettið er skreytt og öll smáatriði mjög mikilvæg. Ég er alveg þar og þetta er mikið skipulag og stigakerfi í þessu hjá mér.“

FJÖLSKYLDA Maki Jessicu er Sven Benjamin Wegner, f. 1984, þjónustustjóri hjá Samey Robotics. Sonur þeirra er Stefán Máni, f. 2015. Dóttir Jessicu frá fyrra sambandi er Signý Lind Júlíusdóttir, f. 2006. Foreldrar Jessicu: Helga Hausner, f. 1951, vinnur við ferðaþjónustu og er búsett á Ísa-firði, og Detlef Martin, f. 1952, d. 2014, forritari og bjó alla ævina í Berlín.



Ætt Hólmfríðar Rósinkranz Árnadóttur



Soffía Waag Árnadóttir stjórnsýslufræðingur; 2) Kári, f. 25.12. 1964, forstjóri, búsettur í Kópavogi, maki: Guðrún María Ólafsdóttir kennari. Börn Díu og Odds eru: 3) Guðrún, f. 12.7. 1971, barnasálfræðingur, búsett í Reykjavík, maki: Árni Mariásson stjórnmalafraeðingur; 4) Katrín, f. 22.8. 1977, lögfræðingur, búsett í Reykjavík. Stjúpbörn Díu og börn Odds eru Kolbrún Þóra, f. 8.6. 1956, landslagsarkitekt, búsett í Reykjavík, og Hákon Már, f. 1.12. 1959, kvikmyndagerðarmaður og kennari, búsettur í Reykjavík. Barnabörnin eru fimmtán og barnabarnabörnin níu.

Systkini Díu: Jón R. Árnason, f. 19.4. 1926, d. 9.1. 2006, heilsugæslulæknir í Hafnarfirði, og Þórunn Árnadóttir, f. 19.6. 1929, myndlistar- og smíðakennari, búsett í Tjörni á Álftanesi. Uppeldissystir Díu var Svala Eyjólfsdóttir, f. 21.6. 1918, d. 2.6. 2006, hárgreiðslukona og húsfreyja í Reykjavík. Foreldrar Díu voru hjónin Árni Magnús Pétursson, f. 2.6. 1899 í Ólafsvík, d. 31.7. 1953, læknir í Reykjavík, og Katrín Ólafsdóttir, f. 21.11. 1904 í Viðey, d. 18.4. 1988, tónlistarkennari og húsfreyja í Reykjavík

Vísnaðhorn

Stórgerð og stæðileg

Jón Jens Kristjánsson vitnar í DV þar sem segir að Hannes Hólmsteinn hafi skellt sér á ball hinna ríku og frægu í Ríó.

Meðan að skekja harðlynd hret heiðar, vikur og annes þá er í Ríó að kveðja ket kempan okkar, Hannes,

Limra eftir Helga Ingólfsson:

Hún Dódo er stórgerð og stæðileg, en stækjan af dömumni er hræðileg. Allt stagl nær þó skammt: Hún staðhæfir samt að fylan sé mestmegnis fræðileg.

Stefán B. Heiðarsson kveður:

Stundum flækist fyrir mér fjárans rímið. Hausinn á mér hitna fer, heldur límið?

Sigurður Breiðfjörð kvað:

Prestar hinum heimi frá hulda dóma segja. En skyldi þeim engum bregða í brá, blessuðum, nær þeir deyjá?

Munum vér ei þora þá í þeirra húspostillum auðmjúklega að eftirsjá ýmsum pennavillum?

Stephan G. Stephansson kvað:

Láttu hug þinn aldrei eldast eða hjartað.

Vinur aftansólar sértu, sonur morgunroðans vertu.

Í Limrubókinni segir að Ketill Þórisson í Baldursheimi í Mývatnssveit hafi verið mjög ættfróður, svo mjög að hann rengdi faðerni nánast hvers einasta manns. Friðrik Steingrímsson orti:

Í ættfræðinni er Ketill árans refur ekki mörgum háa einkunn gefur. Hann veit upp á hárf í hartnær þúsund ár hver hjá hverri hvenær sofið hefur.

Úr Babbistafræðum eftir Jónas Árnason:

Hann Bóas var blíðari og hýrari en bróðir hans Jóhannes skírari. En það úrslitum réð að andlega séð var Jóhannes skírari skýrari.

„Álftin yndisfagra“ eftir Pál Jónasson í Hlíð:

Hún var fögur og freistandi og næs en fékk sér víst af mikinn máis. Hún eltist og þreyttist og óðara breyttist í feita og gargandi gæs.

Halldór Blöndal
halldorblondal@simnet.is


Grettir



Hrólfur hræðilegi



Ferdinand



Í klípu



FÆTURNIR VORU AÐ DREPA KNÚT.

Hermann



„NOTAÐU PUTTANA.“



Finndu þrjá kosti í eigin fari

G vítamín

Ræktum og verndum geðheilsu okkar. Nýir skammtar daglega á gvitamin.is

BAKVÖRÐUR

Bjarni Helgason
bjarnih@mbl.is

Kosið verður um nýjan formann Knattspyrnusambands Íslands á 78. ársþingi KSÍ sem fram fer í íþróttamiðstöðinni í Úlfarsárdal laugardaginn 24. febrúar. Guðni Bergsson, Vignir Már Pormóðsson og Þorvaldur Örylgsson gefa allir kost á sér í embætti formanns KSÍ.

Vanda Sigurgeirsdóttir, fráfarandi formaður sambandsins, gefur ekki kost á sér í embættið eftir tvö ár í starfi. Þá mun Klara Bjartmarz, sem hefur starfað fyrir hreyfinguna undanfarin 30 ár og verið framkvæmdastjóri KSÍ í níu ár, einnig láta af störfum í lok febrúar. Sömu sögu er að segja um Borghildi Sigurðardóttur, sem gefur ekki kost á sér til setu í stjórn KSÍ, en hún hefur verið varaformaður sambandsins undanfarin ár.

Það er því ljóst að konum innan knattspyrnuhreyfingarinnar fer mjög fækkandi. Helga Helgadóttir og Tinna Hrund Hlynisdóttir sitja þó áfram og verða einu konurnar í stjórninni en sjö karlmenn berjast nú um fjögur laus sæti í stjórninni.

Karlmenn eru ágætir en knattspyrnuhreyfingin þarf á konum að halda og eftir næsta ársþing sambandsins er ljóst að hrútalettið verður óþægilega mikil úr höfuðstöðvum KSÍ.

Það er skortur á kvenkynsþjálfurum og það er líka skortur á kvenkynsdómurum. Af hverju ættu konur að vilja þjálfra eða dæma ef konur fást ekki til þess að gegna stjórnarstöfum hjá stærsta sérsambandinu?

Ef til vill þarf að huga að því að setja á ákveðinn kvóta fyrir konur í stjórn KSÍ, líkt og tíðkast hefur hjá einhverjum fyrirtækum landsins.

Það er ekki góð þróun að konum fari fækkandi innan knattspyrnuhreyfingarinnar því hreyfingin þarf svo sannarlega á fleiri konum að halda.

KNATTSPYRNA

Þýskaland

Bikarkeppnin, 16-liða úrslit:

Offenbach - Bayern München (0:2)

• Glódís Perla Viggósdóttir, fyrirliði Bayern München, var í byrjunarliðinu en Cecilia Rán Rúnarsdóttir er frá keppni vegna meiðsla.

■ Leiknum var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Ítalía

Sampdoria - AC Milan..... 1:3

• Guðný Árnadóttir var ekki í leikmannahópi AC Milan.

Como - Fiorentina..... 0:1

• Alexandra Jóhannsdóttir lék fyrstu 65 mínúturnar fyrir Fiorentina.

KÖRFUBOLTI

Subway-deild karla

Haukar - Stjarnan 101:83

Staðan:					
Valur	17	14	3	1577:1399	28
Keflavík	16	11	5	1526:1442	22
Grindavík	17	11	6	1588:1507	22
Þór Þ.	17	11	6	1536:1521	22
Njarðvík	16	11	5	1477:1398	22
Alftanes	17	10	7	1420:1370	20
Tindastóll	17	9	8	1469:1442	18
Höttur	16	9	7	1349:1341	18
Stjarnan	18	8	10	1554:1542	16
Haukar	18	5	13	1582:1622	10
Breiðablik	16	2	14	1364:1579	4
Hamar	17	0	17	1400:1679	0

NBA-deildin

Brooklyn - Boston.....	110:118
Orlando - Oklahoma.....	113:127
Milwaukee - Miami.....	97:123
Phoenix - Sacramento.....	130:125
Portland - Minnesota.....	109:121
LA Lakers - Detroit.....	125:111

Hætt eftir 14 tímabil með ÍA

Unnur Ýr Haraldsdóttir hefur ákveðið að leggja knattspyrnu-skóna á hilluna eftir 14 tímabil með uppeldisfélagi sínu ÍA. Unnur steig sín fyrstu skref með meistaraflakki ÍA árið 2009, þá aðeins 15 ára gömul. Síðan þá eru tímabilin orðin 14 en hún hefur aðeins misst af einu heilu tímabili þrátt fyrir að hafa tvívegis farið í barneignarleyfi. Unnur á að baki 246 leiki fyrir ÍA þar sem hún hefur skorað 96 mörk og þá á hún að baki 18 leiki í efstu deild.



Ljósmynd/Hafþór Hreiðarsson

Hætt Unnur Ýr Haraldsdóttir á að baki 18 leiki í efstu deild með ÍA.

Staðráðin í að hjálpa sínu félagi

● Martha Hermannsdóttir ákvað að taka skóna af hillunni og er mætt aftur

HANDBOLTI

Bjarni Helgason
bjarnih@mbl.is

Handknattleikskonan Martha Hermannsdóttir sneri óvænt aftur á völinn um síðustu helgi með uppeldisfélagi sínu KA/Þór þegar liðið tapaði með fimm marka mun gegn ÍR, 22:17, í 17. umferð úrvalsdeildar kvenna í Skógarseli í Breiðholti.

Martha, sem er fertug og verður 41 árs í desember, lagði skóna á hilluna sumarið 2022 eftir afar farsælan feril en hún varð Íslands-, bikar- og deildarmeistari með Akureyrarliðinu árið 2021.

Hún var fyrirliði KA/Þórs lengi vel en liðið er í miklu basli þessa dagana og situr sem stendur í áttunda og neðsta sæti úrvalsdeildarinnar með fimm stig, stigi minna en Aftur-elding og tveimur stigum minna en Stjarnan.

„Ég er fyrst og fremst gríðarlega mikill Akureyringur og ég vildi hjálpa félaginu mínu í þeirri erfiðu stöðu sem það er í,“ sagði Martha í samtali við Morgunblaðið þegar hún ræddi endurkomu sína á handboltavölinn.

Á ekki mikið eftir

„Ég er á leiðinni í hálfan járnkarl núna í haust og er því búin að æfa mjög vel í allan vetur. Ég skellti mér til Þýskalands á Evrópumótið í handbolta og þar var öll stjórn KA/Þórs líka. Eftir einn til tvo bjóra, og mikla pressu frá stjórnarmönnum félagsins, samþykkti ég að mæta á eina æfingu og sjá svo til eftir það. Eftir fyrstu æfinguna leið mér í raun eins og ég hefði aldrei hætt í handbolta og ég ákvað að slá til.“

Ástæðan fyrir því að ég hætti á sínum tíma var sú að skrokkurinn var ekki alveg nægilega góður síðustu tímabilin mín í handboltanum. Á sama tíma er ég í mjög góðu formi og allt það en ég fann það eftir leikinn gegn ÍR að ég á ekki marga leiki eftir í mér. Ég er hins vegar staðráðin í að hjálpa mínu liði og klára tímabilið en það er klárt mál að ég mun ekki taka annað tímabil með KA/Þór,“ sagði Martha í léttum tón.

Margar dottið út

Þegar Martha skildi við liðið eftir tímabilið 2021-22 var það að berjast á toppi deildarinnar en síðan þá hafa hlutirnir breyst hratt.

„Það eru margar sem hafa dottið út undanfarin tvö tímabil. Við vorum tvær sem hættum, ég og Katrín

Vilhjálmisdóttir, Hulda Bryndís Tryggvadóttir, Rut Jónsdóttir og Unnur Ómarsdóttir fóru allar í barn- eignarleyfi og svo héldu þær Aldís Ásta Heimisdóttir og Rakel Sara Elvarsdóttir út í atvinnumennsku. Það mætti því segja sem svo að við höfum misst allt byrjunarliðið og sú eina sem varð eftir var markvörðurinn Matea Lonac.

Auðvitað ganga öll lið í gegnum kynslóðaskipti og allt það en þetta var bara aðeins of mikið brottfall, eftir á að hyggja. Liðið er mjög ungt í dag en ég ákvað allavega að koma inn í þetta og tuska stelpurnar aðeins til. Þær fengu eflaust smá sjökk eftir fyrstu æfinguna sem ég mætti á því ég byrjaði á því að berja aðeins á þeim og tuska þær til. Það voru engin vettlingatök og ekki til neitt sem heitir elsku mamma enda erum við í harðri fallbaráttu.“

Mikill vilji innan félagsins

Martha viðurkennir að það hafi verið erfið að fylgjast með gengi liðsins á yfirstandandi tímabili.

„Þetta er búið að vera virkilega erfið, ég skal alveg víðurkenna það. Staðreyndin er sú að það er mjög erfið fyrir lið úti á landi að fá til sín leikmenn. Við fengum þrjá brasilíska leikmenn til okkar fyrir tímabilið og þær hafa einfaldlega ekki náð að fylla þau skörð sem aðrir leikmenn skildu eftir sig. Við reyndum allt fyrir tímabilið til þess að fá til okkar íslenska leikmenn og það er mikill vilji innan félagsins að halda úti góðu handboltaliði.“

Ég er að þjálfra 5. flokk í dag, þar sem dóttir mín spilar meðal annars, og það er gríðarlega mikilvægt fyrir þessar stelpur að eiga góðar fyrirmyndir í meistaraflakki og líka að það sé stemning í kringum meistaraflakkin. Þegar okkur gekk sem best var fullt á öllum leikjum hjá okkur og stemningin frábær en maður skynjar ákveðinn leiða gagnvart handboltanum núna þegar hlutirnir ganga ekki upp.“

Leggja allt í sölurnar

En hvernig metur Martha möguleika liðsins á að halda sér uppi?

„Þetta er ekkert sérstaklega flókið. Við eigum eftir að mæta bæði Aftureldingu og Stjórnumni á okkar heimavelli og þetta eru tveir leikir sem við verðum einfaldlega að vinna. Við þurfum að mæta brjálaðar til leiks og berjast og gefa allt í þetta. Hér áður fyrr var það þannig að það mætti ekkert lið hingað norður og

Skera niður kostnað fyrir EM

Svisslendingar ætla að skera niður fjáruhlát til Evrópumóts kvenna í knattspyrnu sem fer fram í Sviss sumarið 2025. Svisslendingar ætluðu að veita mótshöldurum 15 milljónir franka en í staðinn verða milljónirnar aðeins fjórar en það samsvarar um 625 milljónum íslenskra króna í stað 2,3 milljarða króna. EM kvenna verður haldið í fjórtánda sinn á næsta ári en síðasta mót fór fram á Englandi og var það stærsta frá upphafi.



Morgunblaðið/Eggert

EM 2022 Karólína Lea Vilhjálmisdóttir fagnar marki á Englandi.



Ljósmynd/Kristín Hallgrímsdóttir

Endurkoma Martha Hermannsdóttir ætlar að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að bjarga uppeldisfélagi sínu KA/Þór frá falli úr deildinni.

valtaði yfir okkur, það var einfaldlega ekki í boði. Það hefur aðeins vantað í liðið núna finnst mér en ég hef fulla trú á því að ef við leggjum allt í sölurnar og gefum okkur allar í þá leiki sem eftir eru þá muni okkur takast að halda sæti okkar í deildinni en á sama tíma er ég meðvitund um að verkefnið er erfið. Unnur og Rut gætu náð þessum lokaleikjum og ef það gengur upp þá yrði það auðvitað mikill liðstyrkur fyrir okkur.“

Gætu róid á önnur mið

Martha óttast að lykilmenn liðsins haldi annað, fari svo að liðið falli í 1. deildina.

„Ég er ansi hrædd um að sterkustu leikmenn liðsins róí á önnur mið ef okkur tekst ekki að halda sæti okkar í deildinni. Það er líka þannig að það er mjög erfið að komast upp úr 1. deildinni. Liðið sem endar í efsta sætinu fer beint upp en liðið í 2. sæti mætir liðinu sem endar í næstneðsta sæti úrvalsdeildarinnar í umspili.“

Eins og ég sagði áðan hefur það reynst okkur erfið að fá til okkar íslenska leikmenn í gegnum tíðina og ég geri ekki ráð fyrir að það verði neitt auðveldara ef við föllum um deild. Það er því ótrúlega mikilvægt fyrir félagið í heild sinni að við höldum sæti okkar í úrvalsdeildinni og þótt ég viti það ekki fyrir víst þá geri ég bara ráð fyrir því að sterkari leikmenn liðsins séu ekki tilbúnir að sætta sig við það að spila í 1. deildinni.“

Þurfa á stuðningi að halda

Eins og Martha kom sjálf inn á hefur verið frábær stemning á leikjum KA/Þórs undanfarin ár og liðið þarf svo sannarlega á stuðningi bæjarbúa að halda þessa dagana.

„Stemningin í KA-heimilinu undanfarin ár hefur verið þannig að það er alls ekki gaman fyrir önnur lið að mæta hingað og spila. Stuðningsmennirnir hafa verið áttundi leikmaðurinn ef svo má segja og ég biðla í raun bara til allra Akureyr-

inga að mæta í KA-heimilið og styðja við bakið á okkur í þessum lokaleikjum tímabilsins því við þurfum svo sannarlega á því að halda.“

Það væri ansi sorglegt ef fólk í bænum væri ekki tilbúið að fylkja sér á bak við liðið þegar við þurfum mest á því að halda enda ekki bara hægt að styðja lið þegar vel gengur. Mér finnst gríðarlega mikilvægt að landsbyggðarliðin spili í efstu deild í sínum þróttagreinum. Ef við horfum til Tindastóls í karlakörfunni sem dæmi og kvennaliðs Þórs í körfunni. Bæði þessi lið standa sig frábærlega og það er mikilvægt fyrir krakka á landsbyggðinni að hafa öflugar fyrirmyndir í meistaraflakkinum sem spila í hæsta gæðaflokki.“

Börnin mæta með á æfingar

Martha er tannlæknir að mennt og starfar sem slíkur og þá er hún einnig þrjúgjá barna móðir, ásamt því að þjálfra og nú spila handbolta þannig að það er nóg að gera hjá henni þessa dagana.

„Vinkonur mínar sem eru á leiðinni með mér til Berlínar að keppa í hálfum járnkalli hafa miklar áhyggjur af mér og að ég muni detta út úr æfingaprógramminu en þetta mun ganga upp. Ég æfi á morgnana, fer í vinnuna og svo beint á handboltaæfingu og svo að synda. Börnin mín elska að ég sé byrjuð aftur í handboltanum og þau eru dugleg að mæta með mér á æfingar.“

Þau eru meira að segja það ánægð með mig að þau eru dugleg að monta sig við vini sína. Það hjálpar líka til að búa á Akureyri þar sem það tekur aldrei meira en fimm mínútur að komast á milli staða, ólíkt borgarlífínu. Á sama tíma er þetta bara törn eða tímabil og mögulega verður minn síðasti leikur 23. mars. Það er ekki mikið eftir af þessu og ég er tilbúin að leggja annað til hliðar í stuttan tíma. Þetta snýst um að vakna snemma og fara snemma að sofa,“ bætti Martha Hermannsdóttir við í samtali við Morgunblaðið.

Frá Prótti til Próttar

Knattspyrnumaðurinn Björgvin Stefánsson er genginn til liðs við Prótt í Reykjavík. Björgvin, sem er 29 ára gamall, kemur til félagsins frá Prótti úr Vogum þar sem hann lék á síðustu leiktíð. Hann lagði skóna á hilluna árið 2020 en tók þá af hillunni síðasta sumar og samdi við uppeldisfélag sitt Hauka. Alls á hann að baki 46 leiki í efstu deild með KR þar sem hann hefur skorað ellefu mörk en hann varð Íslandsmeistari með Vesturbæingum árið 2019.



Morgunblaðið/Árni Sæberg
Laugardalur Björgvin Stefánsson í leik með Vesturbæingum árið 2019.

Kostar rúmlega fimm milljarða

Forráðamenn ítalska knattspyrnufélagsins Genoa vilja fá í kringum 35 milljónir evra fyrir íslenska sóknarmanninn Albert Guðmundsson. Þetta tilkynnti Andrés Blázquez framkvæmdastjóri félagsins í samtali við Football Italia. Upphæðin samsvarar rúmlega fimm milljörðum íslenskra króna. Albert hefur skorað níu mörk og lagt upp önnur tvö í 22 leikjum í ítölsku A-deildinni á tímabilinu þar sem Genoa situr í 12. sæti með 29 stig eftir 24 umferðir.



Ljósmynd/@GenoaCFC

Eftirsóttur Fjölmeirg fólög hafa áhuga á Alberti Guðmundssyni.

Eitt og annað



■ Fimleikakonan **Eyþóra Þórsdóttir** var á dögum valin íþróttakona ársins í borginni Rotterdam í Hollandi. Eyþóra á íslenska foreldra en er uppalin í Hollandi og keppir fyrir hollenska landsliðið. Hlaut hún útnefninguna fyrir frábæran árangur sinn á heimsmeistara- og Evrópumótum á síðasta ári. Eyþóra hafnaði í fimmta sæti í fjölbraut á HM í Belgíu og vann til bronsverðlauna með hollenska liðinu á EM í Tyrklandi.

■ Bandaríska knattspyrnufélagið Bay FC hefur fest kaup á hinni sambísku Racheal Kundananji fyrir metfé í kvennaknattspyrnu. Kemur hún frá Madrid CFF á Spáni. Kaupverðið er 685.000 pund, sem jafngildir tæplega 114 milljónum íslenskra króna, en fyrra heimsmet var 400.000 pund.

■ Handknattleiksmaðurinn **Jakob Martin Ásgeirsson** var á fundi aganefndar HSÍ á þriðjudag úrskurðaður í eins leiks bann. Jakob, sem leikur með FH, hlaut útilokun með skýrslu vegna sérstaklega hættulegrar aðgerðar í leik liðsins gegn Haukum á mánudag. Tekur hann bannið út í næsta deildarleik FH.

■ **Trent Alexander-Arnold** og **Dominik Szoboszlai** verða ekki með Liverpool í úrslitaleik enska deildabikarsins í knattspyrnu gegn Chelsea á Wembley-leikvanginum þann 25. febrúar næstkomandi vegna meiðsla. Telegraph greindi frá í gær. Báðir eru þeir lykilmenn Liverpool og því um töluvert áfall að ræða fyrir liðið.



HANDBOLTI

Danmörk

Odense – Silkeborg.....33:15
●Andrea Jacobsen var ekki í leikmannahópi Silkeborg.

Noregur

Storhamar – Byåsen..... 36:18
●Axel Stefánsson er aðstoðarþjálfari kvennalíðs Storhamar.

Svíþjóð

Sävehof – Skara 30:34
●Aldís Ásta Heimisdóttir skoraði 6 mörk fyrir Skara og Jóhanna Margrét Sigurðardóttir 5.

Staðan: Sävehof 29, Skuru 29, Höör 22, Önnared 22, Skara 21, Hallby 20, Kristianstad 17, Skövde 15, Västerås 15, Aranäs 9, Kungälv 6, Lugi 3.

! Í KVÖLD

KÖRFUKNATTLEIKUR

Úrvalsdeild karla, Subway-deildin:
Hveragerði: Hamar – Grindavík.....19.15
Sauðárkrúkur: Tindastóll – Njaróvík.....19.15
Egilsstaðir: Höttur – Valur.....19.15
Smárin: Breiðablik – Þór Þ.....19.15
1. deild karla:
Meistaravellir: KR – Sindri.....19.15

HANDKNATTLEIKUR

Úrvalsdeild karla, Olisdeildin:
Varmá: Afturelding – Stjarnan.....19.30

KNATTSPYRNU

Deildabíkar karla, Lengjubíkarinn:
Kórinn: HK – Njaróvík.....19
Egilsöll: Fjölhnir – KR.....20
Deildabíkar kvenna, Lengjubíkarinn:
Laugardalur: Próttur R. – Stjarnan.....19

FÓTBOLTINN

Gunnar Egill Daníelsson
gunnaregill@mbl.is



Haukur Páll Sigurðsson tók í nóvember síðastliðnum við stöðu aðstoðarþjálfara karlalíðs Vals í knattspyrnu og skrifaði þá undir þriggja ára samning. Þar aðstoðar hann Arnar Grétarsson, sem tók við sem þjálfari liðsins fyrir síðasta tímabil.

Haukur Páll hefur verið fyrirlíði Vals mörg undanfarin ár og leikið með liðinu stærstan hluta ferils síns, frá og með árinu 2010. Þrátt fyrir nýtt hlutverk hjá Val hefur varnartengiliðurinn þó ekki tekið neina formlega ákvörðun um að leggja skóna á hilluna.

„Nei, í sjálfu sér ekki. Það hefur engin formleg ákvörðun verið tekin í því. Það verður tíminn bara að leiða í ljós, hvenær sú ákvörðun verður tekin.“

Þetta er bara hlutverk sem ég er í núna, sem aðstoðarþjálfari hjá Val, og sinni því eins vel og ég get. Öll mín einbeiting fer í það,“ sagði Haukur Páll í samtali við Morgunblaðið og bætti við að hann væri ekkert að flyta sér að taka ákvörðun.

Býst ekki við að þess þurfi

„Nei, í rauninni ekki. Maður er ekkert formlega að gefa það út að ég sé hættur að spila en ég er samt ekkert að hugsa um það núna. Mín hugsun fer bara í þessa þjálfun hjá Val.“

Spurður hvort hann verði til taks að spila ef þess gerist þörf í sumar sagði Haukur Páll:

„Já, já, en ég býst ekki við því að það þurfi hjá okkur. Við erum með það stóran og góðan hóp. En ef við skyldum lenda í einhverjum svakalegum meiðslum þá gæti maður alveg tekið skóna fram, en ég býst alls ekki við því að þess þurfi.“

Hann er 36 ára gamall og hokinn af reynslu, á að baki 283 leiki í efstu



Ljósmynd/Kristinn Stein

Reyndur Haukur Páll Sigurðsson er leikjahæsti leikmaður Vals í efstu deild frá upphafi. Hann tók í nóvember við sem aðstoðarþjálfari liðsins.

deild með Val og uppeldisfélaginu Prótti úr Reykjavík, þar sem Haukur Páll hóf ferilinn ungur að árum. Einnig lék hann 38 leiki með Prótti í 1. deild og þá á hann tvo A-landsleiki að baki.

Ekkert svakaleg breyting

Hann er leikjahæsti leikmaður Vals í efstu deild frá upphafi og hefur þrisvar orðið Íslandsmeistari með liðinu og bikarmeistari í tvígang.

Haukur Páll er ánægður í nýju hlutverki hjá Val.

„Nýtt hlutverk er að fara vel með mig. Ég er ótrúlega spenntur fyrir þessu og endalaust að læra. Ég hef ótrúlega gaman af þessu, þessa mánuði sem ég er búinn að vera. Ég er fullur tilhlökkunar að halda áfram og er að læra á hverjum degi,“ sagði hann.

Haukur Páll hefur spilað lengi með fjölda leikmanna Vals en þjálfar þá

nú. Því lék blaðamanni forvitni á að vita hvort það hefðu verið mikil viðbrögð fyrir hann að breyta svona um hlutverk.

„Já, kannski smá fyrst. Að vera ekki að fara beint inn í klefa eftir æfingar og þess háttar. En í sjálfu sér ekki. Fyrir mér er þetta ekkert svakaleg breyting.“

Ég er að koma skilaboðum áleiðis og hjálpa til á æfingum, í samvinnu við Adda, við að láta liðið spila eins vel og það getur. Ég var svolítið þannig sem leikmaður líka þannig að það er ekkert svakaleg breyting eða munur finnst mér. Þetta er búið að vera flott,“ útskýrði Haukur Páll.

Hefur hugsað lengi um þetta

Hvernig er að vinna með Arnari Grétarssyni?

„Það er frábært, ég er endalaust að læra af honum. Hann hefur komið mér vel inn í þetta og fært mér ábyrgð. Það er ótrúlega gott,“ sagði hann.

Haukur Páll hefur lítið sem ekkert þjálfað í yngri flokkum og fær því alvöru eldskírni í sínu fyrsta þjálfara-starfi.

„Nei, í rauninni ekkert. Ég hef voða lítið verið í einhverri þjálfun þannig að maður er endalaust að læra á hverjum degi.“

Nokkuð er síðan hann fór að huga að því að fara út í þjálfun.

„Já, í rauninni. Þegar ég var að spila var alltaf einhver hugsun hjá mér að fara út í þjálfun þegar að því væri kæmi. Ég hef alltaf þælt í því hvort maður færi út á þessa braut og verða þjálfari.“

Það hefur verið þannig í dágóðan tíma en ég var svo sem ekkert staðráðinn í því eftir síðasta tímabil að demba mér út í þetta strax.

Svo þegar þetta tækifæri gafst var ég ótrúlega þakklátur, stökk á það og sé ekki eftir því,“ sagði Haukur Páll að lokum í samtali við Morgunblaðið.



Morgunblaðið/Eggert

Barátta Hlynur Bæringsson, fyrirlíði Stjörnunnar, og David Okeke, leikmaður Hauka, eigast við í leik liðanna í Hafnarfirði í gærkvöldi.

Haukar höfðu betur gegn Stjörnunni

● Garðbæingar misstigu sig

Haukar unnu góðan sigur á Stjörnunni, 101:83, þegar liðin áttust við í 18. umferð úrvalsdeildar karla í körfuknattleik í Ólafssal á Ásvöllum í gærkvöldi.

Eftir gífurlega jafnan fyrri hálfleik var staðan 44:46, Stjörnunni í vil, í hálfleik.

Liðin skiptust á að ná naumri forystu í þriðja leikhliða, allt þar til Haukar slitu sig frá Stjörnunni og komust nú stigum yfir, 66:57, þegar skammt var eftir af leikhliðunum.

Munurinn var nú stig, 73:64, fyrir fjórða og síðasta leikhliða. Í honum óx Haukum ásmegin og unnu að lokum 18 stiga sigur.

Everage Richardson var stiga-hæstur í leiknum með 28 stig fyrir Hauka. Antti Kanervo var stiga-hæstur hjá Stjörnunni með 25 stig.

Haukar eru áfram í 10. sæti deildarinnar en nú með 10 stig. Stjarnan missteig sig í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni og er enn með 16 stig í 9. sæti.

„Hún sprengir tabú“

● Saknaðarilmur frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld ● Leikrit eftir Unni Ösp Stefánsdóttur, byggt á bókum Elísabetar Jökulsdóttur ● Hún talar „um það sem enginn þorir að tala um,“ segir Unnur

VIÐTAL

Silja Björk Huldudóttir
silja@mbl.is



„Ég varð hreinlega fyrir eldingu af innblæstri þegar ég las bækurnar tvær,“ segir Unnur Ösp Stefánsdóttir um tilurð einleiksins *Saknaðarilms* sem frumsýndur verður í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld. Verkið skrifaði Unnur upp úr tveimur bóka Elísabetar Jökulsdóttur, *Aprílsólarculda* og *Saknaðarilmi*. Unnur leikur sjálf aðalhlutverk sýningarinnar en leikstjóri er Björn Thors. Þau unnu síðast saman á sviði í verðlaunaeinleiknum *Vertu úlfur* sem Unnur skrifaði upp úr samnefndri bók Héðins Unnsteinssonar og leikstýrði Birni á Stóra sviði Þjóðleikhússins 2021. Auk þeirra hjóna er listræna teymið að baki *Saknaðarilmi* að stórum hluta það sama og í *Vertu úlfur*. Sem fyrr hannar Elín Hansdóttir leikmynd, Filippía I. Elísdóttir búninga og Björn Bergsteinn Guðmundsson lýsingu. Að þessu sinni er tónlist í höndum Ólafar Arnalds og Skúla Sverrissonar, Aron Þór Arnarsson hannar hljóðmynd og Margrét Bjarnadóttir sviðshreyfingar.

Sterk mæðgnasaga

Unnur fer ekki dult með að *Saknaðarilmur* kallist sterklega á við *Vertu úlfur*. „Ég sá strax í hendi mér að við yrðum að skoða hlutina líka út frá hinna kvenlægu hlið. Það er í raun magnað hvað sögur Elísabetar og Héðins eiga margt sameiginlegt, þrátt fyrir að vera í grunninn ólíkar. Þau hafa bæði verið áberandi í samfélagsmæðnunni þegar kemur að geðheilbrigðismálum og veitt mikinn innblástur hvort á sinn hátt. Þau eiga það sameiginlegt að hafa verið að kljást við geðhvörf, lenda í þeirri erfiðu lífsreynslu að vera sjálfræðissvipt af foreldri og í báðum tilfellum í baðkari,“ segir Unnur og tekur fram að sér hafi fundist spennandi að skoða með listrænum hætti þá speglun sem sjá megi á lífi og upplifunum þessara



Ljósmynd/Jorri

Berskjölduð „Elisabet leitar inn á við, berskjaldar sig, skoðar hvað kom fyrir hana og hvernig sú reynsla hefur mótað hana sem manneskju,“ segir Unnur Ösp Stefánsdóttir um skáldskap Elísabetar Jökulsdóttur.

tveggja mögnuðu einstaklinga. „Á sama tíma og upplifanir þeirra og frásagnir eiga margt sameiginlegt er áhugavert að skoða hversu ólík nálgun þeirra á efniviðinn er, sem helgast mögulega af kyni þeirra.

Meðan hann horfir út á við horfir hún inn. Héðinn talar inn í fordómafullt samfélag, ræðst á orðræðuna og vill breyta kerfinu. Elísabet leitar inn á við, berskjaldar sig, skoðar hvað kom fyrir hana og hvernig sú reynsla hefur mótað hana sem manneskju,“ segir Unnur

og tekur fram að sér hafi ekki síst þótt spennandi að efniviður Elísabetar bjóði upp á sterka mæðgnasögu. „Mér finnst mjög merkilegt hvernig sumir lesendur upplifa bókina *Saknaðarilm* sem mjög fallega og aðrir sem mjög ljóta. Von mín er að sýningin fangi hvort tveggja,“ segir Unnur og bendir á að í einleiknum fái áhorfendur að fylgjast með uppgjöri skáldkonu við foreldramissi.

„Við munum öll þurfa að ganga í gegnum það erfiða hlutverk að

missa foreldra okkar, ef við erum ekki þegar búin að því,“ segir Unnur og tekur fram að slíkum missi fylgi oft á tíðum uppgjör við fortíðina. „Í tilvikum skáldkonunnar leiðir móðurmissirinn til þess að hún er loks tilbúin að horfast í augu við erfiða æsku sína, föðurmissi tæpum fjórutíu árum fyrr, geðveikina, ástina og sturlað lífshlaup sitt.“

Að sögn Unnar eru grunnspurningar nýju leikgerðarinnar: Hver er ég? Og af hverju er ég eins og ég er? „Von mín er að við sem að sýningunni stöndum séum að fara lengra og dýpra í leitinni að manlegu eðli og öllum okkar áskorunum, hvort sem þær birtast sem alkóhólismi, geðrænar áskoranir, samskiptavandamál eða allt það annað sem við erum að takast á við sem manneskjur,“ segir Unnur og tekur fram að meðal þess sem reynt sé að leita svara við sé hvort áföll geti gert okkur veik og hvort þjáning erfist á milli kynslóða.

„Það er auðvitað ótrúlega spennandi fyrir okkur sem listafólk að komast í svona magnaðan efnivið,“ segir Unnur og vísar þar til skáldskapar Elísabetar. „Hún hefur aldrei farið dult með það að hún vinnur með eigið líf í skáldskap sínum og hefur þar sýnt ótrúlegt hugrekki,“ segir Unnur og tekur fram að sér hafi þótt mikilvægt að víkka efnivið sýningarinnar út þannig að hún yrði ekki hreinræktuð heimildarsýning um aðeins eina fjölskyldu. „Ég er þannig ekki að leika Elísabetu Jökulsdóttur á sviðinu, þótt vissulega sækjum við í hennar brunn sem og tímaskeiðið sem hún er að skrifa um,“ segir Unnur og áréttar að hvort sem leikari sé að leika tilbúna persónu eða hlutverk sem byggist á raunverulegri manneskju þá snúist starf leikarans alltaf um djúpstæðan skilning.

Vill að ungt fólk fái rödd

„Ég hef engan áhuga á því að nálgast persónuna utan frá með því að líkja eftir yfirbragði eða látbragði. Bæði í þessari sýningu og í *Vertu úlfur* höfum við Björn unnið persónusköpunina alfarið innan frá,“ segir Unnur og bendir á að markmið sitt sem listamaður sé

ávallt að áhorfendur nái að tengjast sögunni á sínum forsendum og hafi tækifæri til að spegla sig í efniviðnum. „Ég geri mér vonir um að sýningin veiti áhorfandanum tækifæri til að setja sig í spor skáldkonunnar á sviðinu og læra eitthvað um sjálfan sig í leiðinni og jafnvel sýna sjálfum sér samúð og mildi,“ segir Unnur og tekur fram að hún dáist að hugrekki og hreinskilni Elísabetar. „Hún sprengir tabú og vill tala um það sem enginn þorir að tala um – tala um þfukna sína, um geðveikina og tala illa um mömmu sína,“ segir Unnur og tekur fram að hún bindi vonir við að efniviðurinn sprengi út frá sér í anda orku Elísabetar.

Aðspurð segir Unnur að *Saknaðarilmur* sé fyrsti einleikurinn sem hún leikur í atvinnuleikhúsi. „Það er sannarlega áskorun fyrir 47 ára fjögurra barna móður – bara að hafa orkuna í það fyrir utan allt hitt,“ segir Unnur kímín. Hún rifjar upp að sem barn hafi hún sífellt verið að setja upp einleiki, en ákveðin hvörf hafi orðið þegar hún í leiklistarnámi sínu vann einleikinn *Venjuleg kona?* undir handleiðslu leikhúslistamannsins Viðars Eggertssonar.

„Sá einleikur var ákveðin ögur-stund í mínu lífi,“ segir Unnur og rifjar upp að hún hafi sjálf skrifað einleikinn sem hún byggði á reynslusögum kvenna, leikið hann og sjálf leikstýrt. „Þar fékk ég í fyrsta sinn algjöra útrás fyrir höfundinn í mér, sem var raunar markmiðið með áfanganum hjá Viddu,“ segir Unnur og ljóstrar því upp að hún hafi áhuga á að rækta höfundinn í sér enn meira eftir reynsluna af því að skrifa leikgerðirnar að *Vertu úlfur* og *Saknaðarilmur*. „Ég er þannig þegar byrjuð að vinna nýtt leikverk sem ég mun einnig leikstýra næsta vetur þar sem ætlunin er að gefa ungu fólk í samfélaginu rödd. Það tengist þeirri köllun minni að tala inn í samfélagsmæðuna og setja ljós á málefni sem mér finnst brýnt að ræða.“

Listin á að vera hættuleg

Spurð hvort hún upplifi mikinn mun á því að leikstýra eða leika eigin texta svarar Unnur því játandi. „Mér finnst miklu meira berskjaldandi að vera á sviðinu sem höfundur en leikari, enda hef ég rúmlega 20 ára leikreynslu meðan ég er tiltölulega nýfarin að spreyta mig sem höfundur,“ segir Unnur og lýkur lofsorði á það listafólk sem skipar listrænt teymi sýningarinnar. „Við erum að vinna með sömu vinnuaðferð og í *Vertu úlfur* og höfum unnið uppfærslurnar í miklu samskiptunarferli, sem helgast ekki síst af því að við brennum öll fyrir efniviðnum og erindinu. Við leggjum öll sálina í þessa sýningu,“ segir Unnur og áréttar að leitinn að rétttri samstillingu í miðlum efnisins takti á.

„Það tekur á andlega og sálrænt að sökkva sér ofan í efnivið, ekki síst af því að efnivið skiptir okkur öll máli. Leitinn að réttu leiðinni stendur alveg fram að frumsýningu og það er ótrúlega gefandi, en líka ógnvekjandi,“ segir Unnur og rifjar upp að þegar hún var í listnámi hafi henni verið „kennt að listin má ekki vera örugg heldur verður hún að vera hættuleg. Hvað er að vera hættulegur? Í því felst ekki að hún eigi eða megi vera meidandi, en hún verður engu að síður að ögra,“ segir Unnur og áréttar að leikhúsið og listafólkið sem þar starfi vinni við að þenja mörkin. „Það er von mín að sýningin *Saknaðarilmur* muni allt í senn ögra, hugga og heila. Við verðum að horfast í augu við okkur sjálf og þann djúpa sársauka sem býr innra með okkur og birtist meðal annars í átökum samfélagsins,“ segir Unnur að lokum.




HÁGÆÐA VINNUFATNAÐUR OG ÖRYGGISSKÓR Í ÚRVALI

VERKFÆRASALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



SAMBÍÓIN

Nánari upplýsingar um sýningartíma á sambio.is



Listaverk þjóðarinnar



Kristín Jónsdóttir (1888–1959)
Við Þvottalaugarnar, 1931
Olía á striga 100 x 123 cm

Erfiðioð undirliggjandi stef

Kristín Jónsdóttir lauk árið 1916 prófi í málalag frá Konunglega listaháskólanum í Kaupmannahöfn, fyrst íslenskra kvenna, en áður hafði hún stundað þar í borg undirbúningsnám við Tegne- og Industriskolen for Kvinder. Kristín hélt sína fyrstu sýningu á Akureyri á meðan hún var enn í námi en hún hélt fjölda einkasýninga og tók þátt í mörgum samsýningum bæði hér heima og erlendis. Árið 1924 flutti hún til Íslands og bjó hér og starfaði upp frá því, ef frá er talin sumardvöl í Kaupmannahöfn árið 1939.

Strax eftir heimkomuna ferðaðist Kristín um landið og málaði íslenska náttúru. Flestar þeirra mynda sem Kristín málaði á öðrum og þriðja áratug 20. aldar

eru af landslagi eða uppstillingum inni við en snemma á ferlinum hafði hún málað konur við störf úti við, til dæmis við að breiða út saltfisk í Eyjafirði. Málverkið Fiskverkun við Eyjafjörð (1914) er í anda raunsæisstefunnar þar sem alvara og erfiði vinnunnar er undirliggjandi stef og er verkið meðal fyrstu atvinnulífsmynda í íslensku listasögu.

Málverkið Við Þvottalaugarnar frá árinu 1931 er af svipuðum toga en þó afar ólíkt að yfirbragði. Hér sjást konur við þvotta í heitri lauginni í Laugardalnum í Reykjavík en á þessum tíma var búið að steypa þró umhverfis hana og setja járngrindur yfir til að varna slysum. Ávöl form kvennanna ásamt hvítri gufunni

mynda þríhyrningslaga form á miðjum myndfletinum. Veggur skúrbyggingar lokar myndrýminu vinstra megin og skáhallandi brekkan hægra megin vegur upp á móti þríhyrningsforminu. Hér malar Kristín að hætti impressjónistanna og leitast við að fanga birtuna.

Í verkum Kristínar frá þessum árum má greina tvenns konar viðhorf til málverksins. Annars vegar hið síð-impressjóniska, þar sem gengið er út frá hlutveruleikanum og áherslan liggur á yfirborði hlutanna og hugsanlegu tákngildi þeirra. Hins vegar má greina í verkum hennar áhrif expressjónismans þar sem túlkun og tilfinningar listamannsins gagnvart myndefninu ráða för.

Páll Óskar og fleiri sýna kvikmyndir

Tvöföld kvikmyndasýning, með myndum sem teknar eru á filmur af gerðinni súper 8mm, verður haldin í Norræna húsinu í dag, fimmtudaginn 15. febrúar. Þar verða annars vegar sýndar íslenskar avant-garde-kvikmyndir og hins vegar úrval sjaldgæfra mynda úr hinu mikla kvikmynda-safni Páls Óskars. Meðal kvikmyndagerðarmanna sem taka þátt eru Maria Meldgaard, Haust, Vilborg Lóa Jónsdóttir, Óðal, Hrafnkell Tumi Georgsson og sýningarstjórinn Lee Lynch.

Dagskráin hefst kl. 17 á sýningu á avant-garde-kvikmyndum eftir listamenn á Íslandi. Milli kl. 17.45



Ljósmynd/Haust

Kvikmyndir Páls Óskars á mikið safn.

og 18.30 verður hlé og því næst tekur við kynning og sýning Páls Óskars á kvikmyndum úr safni hans, sem stendur til kl. 20.30.

Borgarleikhúsið



Eitruð lítil pilla (stóra sviðið) Söngleikur með tónlist Alanis Morissette
Fös. 23 / 02 kl. 20:00 U Fös. 01 / 03 kl. 20:00 U Fim. 07 / 03 kl. 20:00 U
Lau. 24 / 02 kl. 20:00 U Sun. 03 / 03 kl. 20:00 U Fös. 08 / 03 kl. 20:00 U
Fim. 29 / 02 kl. 20:00 U Mið. 06 / 03 kl. 20:00 U Fim. 14 / 03 kl. 20:00 U



Fíasól (stóra sviðið) Nýjar dagsetningar komnar í sölu
Sun. 18 / 02 kl. 13:00 U Sun. 03 / 03 kl. 13:00 U Sun. 17 / 03 kl. 13:00 L
Lau. 24 / 02 kl. 13:00 U Lau. 09 / 03 kl. 13:00 U Sun. 21 / 04 kl. 13:00 L
Sun. 25 / 02 kl. 13:00 U Sun. 10 / 03 kl. 13:00 U Lau. 27 / 04 kl. 13:00 L
Lau. 02 / 03 kl. 13:00 U Lau. 16 / 03 kl. 13:00 U



Lúna **** „Leikhús að gera það sem við ætlum til af því.“ - Þ.T., Mbl
Fim. 15 / 02 kl. 20:00 U Lau. 24 / 02 kl. 20:00 U Fim. 07 / 03 kl. 20:00 U
Fös. 16 / 02 kl. 20:00 U Fös. 01 / 03 kl. 20:00 U Fös. 08 / 03 kl. 20:00 U
Lau. 17 / 02 kl. 20:00 U Sun. 03 / 03 kl. 20:00 U Lau. 16 / 03 kl. 20:00 U
Fös. 23 / 02 kl. 20:00 U Mið. 06 / 03 kl. 20:00 U Lau. 23 / 03 kl. 20:00 U



Níu líf (stóra sviðið)
Fim. 09 / 05 kl. 20:00 U
Fös. 10 / 05 kl. 20:00 U
Sun. 12 / 05 kl. 20:00 U
Fim. 16 / 05 kl. 20:00 U



Delerium búabónis
Síðustu sýningar fyrir páska
Sun. 18 / 02 kl. 20:00 U
Sun. 25 / 02 kl. 20:00 L
Lau. 02 / 03 kl. 20:00 L
Lau. 09 / 03 kl. 20:00 L



Með guð í vasanum
Nýjar dagsetningar komnar í sölu
Sun. 18 / 02 kl. 20:00 U
Mið. 15 / 05 kl. 20:00 L
Fim. 16 / 05 kl. 20:00 L



Vaðlaheidiargöng
Fös. 16 / 02 kl. 20:00 U
Lau. 02 / 03 kl. 20:00 U
Fös. 15 / 03 kl. 20:00 L



X
Dulmagnað spennuleikrit
Lau. 16 / 03 kl. 20:00 U
Sun. 17 / 03 kl. 20:00 U
Lau. 23 / 03 kl. 20:00 U



Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar
Sun. 25 / 02 kl. 20:00 U
Lau. 02 / 03 kl. 20:00 U
Lau. 02 / 03 kl. 20:00 U

Fleiri sýningar á borgarleikhúsi.is | midasala@borgarleikhus.is | 568 8000



Veitingar frá Jómfrúnni fást í Borgarleikhúsinu!



Sjónarhorn á myndsköpun Einars Jónssonar

AF LISTUM

Einar Falur Ingólfsson
einarfalur@gmail.com




Bókin *Sjáandi sálir* hefst á drungalegri heilsíðuljósmynd sem var tekin fyrir heilli öld og sýnir Hnitbjörg, þá ævintýrlegu byggingu, á grýttu og berangurslegu Skólavörðuholti. Og það er við hæfi að hefja verkið á umgjörðinni um það sem enn má sjá innan dyra í þessari furðuhöll, en undirtíll bókarrinnar skýrir það vel: „Sjónarhorn á list Einars Jónssonar myndhöggvара.“ Óþekktur ljósmyndarinn sem myndaði byggingu Einars fyrir öld síðan fann áhugavert sjónarhorn á vinnustofu, heimili og safn þessa meistara margbrotinna þrívíðra verka og í bókinni tekst Sigurður



Trausti Traustason, sem er formaður stjórnar safnsins, á við það að kynna listamanninn Einar fyrir lesendum og fjalla síðan um tíu valin verk

hans og greina merkingu þeirra. Afhendir hann gestum sem koma á safnið og lesendum bókarinnar í raun lykla að skilningi á ýmsu því hvað listamaðurinn var að fara við sköpun verkanna, sköpun sem iðulega tók hann mörg ár og ýmiss konar undirbúningsverk áður en hann komst að niðurstöðunni sem hann taldi þá réttu. Bókin er gefin út af Listasafni Einars Jónssonar.

Sigurður Trausti er menntaður í sagnfræði og safnafræðum og er deildarstjóri við Listasafn Reykjavíkur. Hann hefur því fjölþætta reynslu af safnastarfi og sögu safna sem hefur nýst vel við gerð þessarar athyglisverðu bókar sem er myndarlega út gefin, 156 blaðsíður og bundin í hörð spjöld. Þetta er tvímála útgáfa, kaflarnir birtast fyrst á íslensku, svo á ensku; eftir inngang um útgáfuna og kafla þar sem fjallað er í stuttu máli um ævi Einars taka við kaflarnir tíu um jafn mörg verk. Aftast eru tímalína yfir ævi listamannsins og myndalisti með myndatextum. Á sjötta tug svarthvítra ljósmynda er í bókinni, njóta þær sín vel



Ljósmynd/Ólafur K. Magnússon, Listasafn Einars Jónssonar

Listamaðurinn í bókinni er birt þessi fáséða og fallega ljósmynd konunglega hiróljósmýndarans Ólafs Magnússonar af Einari Jónssyni þar sem hann situr inni í Hnitbjörgum við verkið „Úr álögum“. Einar sótti innblástur víða og í verkum hans eru vísanir í m.a. goðafræði, guðfræði, dulspeki og þjóðsögur.

á þykkum pappírnum og eru mjög mikilvægur þáttur verksins. Flestar teknar meðan listamaðurinn Einar Jónsson (1874-1954) gekk enn um grundu og höfundar margra myndanna óþekktir en allnokkrar eru þó eftir nafntogaða meistara fyrri hluta tuttugustu aldar, feðgana Magnús Ólafsson og Ólaf Magnússon, og Vigfús Sigurgeirsson. Þá eru nokkrar myndir eftir Frank Guida. Mjög áhugavert er að sjá myndir af Einari í vinnustofum sínum á náms- og starfsárum ytra og svo í Hnitbjörgum, ýmist við vinnu eða uppstilltum – oft með Önnu (1885-1975), eigin konu sinni sem fæddist í Danmörku og sat í festum í heil fimmtán ár meðan listamaðurinn var að koma undir sig fótum í ótryggu starfi.



Morgunblaðið/Hákon

Reynsla Sigurður Trausti Traustason, stjórnarformaður safnsins.

Dramatísk verk Einars hafa löngum heillað ljósmyndara og margar finar myndir eru teknar fram og birtar af verkunum tíu sem Sigurður Trausti fjallar um, bæði skissur og endanleg verk, að hluta, í heild og stundum í samspili við önnur listaverk Einars í byggingunni eða þar sem þeim var komið fyrir.

Hönnuðurinn Ármann Agnarsson fer þá áhugaverðu leið að vísa til eldri hefða við bókahönnun, eins og með flúruðu skreyti á kápu og titilsíðu og vali á leturgerðum, en halda verkinu þó nútímalegu, til dæmis hvað varðar hvernig textinn situr á síðum og með tilvitnunum í stærra lettri. Þessum lesanda finnst þó misráðið að hafa ekki myndatexta við myndirnar á síðunum heldur alla aftast, það hefur margoft komið út úr rannsóknum á lestri að lesandanum er þjónað best með því að geta séð skýringar á því hvað hann horfir á um leið og hann tekur það inn. Það er truflandi að þurfa að vera að leita aftast í bókina að skýringum; myndirnar eru allar svo góðar og áhuga-verðar að skýringar hefðu þurft að sitja á síðunum með þeim. Þá er álitamál hvort betra hefði verið að prenta sérstaka útgáfu á ensku en þakka ekki báðum tungumálunum innan sömu spjaldanna – kosturinn við það er þó sá að með þessu móti má betur koma þetta mörgum góðum ljósmyndum fyrir.

Frelsi til að túlka

Myndhöggvarinn Einar Jónsson og hugmyndafræði hans standa að mörgu leyti fjárri nútímafólki og meðal annars þess vegna er þessi bók svo áhugaverð; hún skýrir hvað hann kann að hafa verið að fara og hvernig má skilja verkin í dag. Sigurður Trausti segir það hafa verið Einari mikilvægt að „leggja ekki hömlur á sköpunar- og túlkunarkraft áhorfandans og veita öllum frelsi til að túlka list sína“. Hann útskýrði verk sín sjaldan en sótti innblástur víða, í verkum hans eru til dæmis vísanir í goðafræði, guðfræði, dulspeki, þjóðsögur og sagnfræði, og hann lagði áherslu á að fara eigin leiðir í listinni. Þá segir Sigurður að í huga Einars hafi listaverk án dýpra inntaks og meiningar ekki verið nóg til að kallast list. Við undirbúning bókarinnar hafði Sigurður það í huga en líka hvað það væri sem gestir nú á 21. öld upplifðu í verkum Einars. Safnið bauð gestum að taka þátt í verkefni sem var kallað Nýtt sjónarhorn á list Einars Jónssonar,

» ... mikilvægt að „leggja ekki hömlur á sköpunar- og túlkunarkraft áhorfandans og veita öllum frelsi til að túlka list sína“.

þar sem fólki var boðið að skrifa hugleiðingar um eitt eða fleiri þessara tíu verka og styðst Sigurður að einhverju leyti við þær þælingar sem gestirnir settu fram, en þar munu hafa birst margar áhugaverðar frásagnir og hugmyndir.

Sigurður Trausti ætlar sér ekki að reisa neina múra með skýringum, eins og hann segir, heldur sýna með dæmum hversu „auðvelt og gefandi það getur verið fyrir alla að virða fyrir sér listaverk, horfa fram hjá ytra byrði og reyna að gera sér í hugarlund hvað verkið þýðir ...“ Öll markviss þróun í listum byggir á því sem áður hefur verið gert, sem áframhald eða andsvar, og til að skilja vel er oftast nær mikilvægt að þekkja forsöguna og hvernig unnið er úr hugmyndum. Það á vitaskuld við um skapandi samtímalistar en líka um það þegar horft er aftur á listsköpun fyrri tíma og eru margræð verk Einars gott dæmi um það, með sínum táknrænu vísunum. Þess vegna er svo áhugavert að lesa þælingar Sigurðar Trausta um verkin tíu, hressilegar og opnar, og fá lykka að því í hvað listamaðurinn var að vísa, en hann blandaði oft saman ýmsum goðsögum, þjóðsögum og ævintýrum.

Á köflum hefði texti bókarinnar mátt við þéttari ritstjórn. Til dæmis er fullt nafn listamannsins óþarflega oft tekið fram, í íslenskri málhefð er það ankannalegt að hafa föðurnafnið ítrekað með skirnarnafninu en er eðlilegra í ensku útgáfunni. Þá hefði til dæmis með frekari slípungu textans mátt komast betur hjá kunnuglegum endurtekningum sem allir þekkja sem fjalla um listir, eins og að tala síendurtekið um „verk“.

Útgáfa vandaðra bóka um listaverkæign, sýningar og hugmyndir að baki verkum og liststefnum er mikilvægur þáttur í starfsemi listasafna. Og bókin *Sjáandi sálir – Sjónarhorn á list Einars Jónssonar myndhöggvara* er gott dæmi um það og birtir athyglisverða sýn á og hugleiðingar um listaverkin í þeirri ævintýrahöll sem Hnitbjörg á Skólavörðuholti svo sannarlega er.

**ICEWEAR
GARN**

Úrval af garni og uppskriftum á frábæru verði

@iceweargarn
www.iceweargarn.is



Kóreógrafískir kvöldverðir

AF LISTUM

Sesselja G.
Magnúsdóttir



Í nýliðnum janúar var mér tvisvar boðið á viðburði sem flokka má sem kóreógrafíska kvöldverði. Annar var haldinn á veitingastaðnum Héðni vestast í Vesturbænum en hinn í Gerðarsafni í Kópavogi. Á viðburðinum stóðu tveir af okkar virtustu danshöfundum, Sigríður Soffía Nielsdóttir og Rósa Ómarsdóttir. Í báðum tilfellum var boðið upp á mat og drykk en ekki síður tíma og rými til að njóta þess að upplifa dans og tónlist í samveru við annað fólk.

Sigríður Soffía, betur þekkt sem Sigga Soffía, bauð í samstarfi við veitingastaðinn Héðni upp á kynningu á drykknum Eldblóma-elexír sem hún framleiðir sjálf og talar um sem íslenskt spritz. Hér er þó ekki um hefðbundna kynningu að ræða heldur frekar þátttökuleikhús eða upplifunardansverk. Til viðbótar við kokteila eins og Liquid choreography gerða úr drykknum og smárétti með voru danshreyfingar paraðar við hvern drykk og allir fengu að prófa ilminn Liquid choreography – scent of natural fireworks sem Sigga Soffía framleiðir í samstarfi við Fischer.

Viðburðurinn fór fram í fallegum sal á veitingastaðnum Héðni. Uppsetningin í salnum, setið var í U, miðaði að því að þátttakendur kynntust og spjölluðu ekki aðeins við samferðafólk sitt heldur líka ókunnuga sessunauta sína. Stemningin var létt og á þeim klukkutíma sem viðburðurinn stóð náði Sigga Soffía upp gleði og dansstemningu og frjálsum samskiptum meðal annars um ilminn og hvernig hann ilmaði ólíkt eftir instaklingum.

Kvöldið var vel kóreógrafaður viðburður og í alla staði skemmtilegt en það sem gerir hann merkilegan er að leiðin að því sem þar fór fram hófst á dansverki á sviði, sem breyttist síðan í flugeldasýningu á himnum sem breyttist síðan í blómabeð í miðbæ Reykjavíkur sem umbreyttist síðan í líkjörinn Eldblóma-elexír og ilminn.

Í dansverkinu *Molta* býður Rósa Ómarsdóttir danshöfundur gestum aftur á móti í lautarferð í innsetninguna *Molta*, *rætur*, *rotnun*, *umrót* sem sett var upp í einum sal Gerðarsafns í Kópavogi. Innsetningin, sem var sköpuð af Rósu ásamt Guðnýju Hrund Sigurðardóttur og Hákon Pálsson, endurspeglar míni-vistkerfi þar sem náttúrulegir ferlar höfðu áhrif á rýmið. Gólfíð í salnum hafði verið þakið grasþökum, nema að í miðju rýmisins var stór, ljós ferningur með vatni. Yfir honum hékk ísklumpur og þegar hann bráðnaði féllu droparnir ofan í vatnið og sköpuðu hluta af hljóðmyndinni. Á afgreiðslutíma safnsins var gestum boðið að ganga um



Ljósmynd/Gunnlög Jóna Rúnarsdóttir

Lautarferð í dansverkinu *Molta* bauð Rósa Ómarsdóttir danshöfundur gestum í lautarferð í Gerðarsafni.

innsetninguna, dvelja innan hennar og hafa með veru sinni gagnvirk áhrif á hana. Nokkur kvöld, eftir lokun safnsins, lifnaði innsetningin við þegar hún varð sviðsmynd fyrir dansverkið *Molta*. Á þessum kvöldum var áhorfendum boðið að koma og fylgjast með því hvaða áhrif fimm dansarar hefðu á innsetninguna og þá ferla sem þar voru í gangi.

Dansverkið hófst á því að einn dansarinn, Saga Sigurðardóttir, bauð áhorfendur velkomna og kynnti þeim leikreglur kvöldsins.

Þar sem sýningin var fjórir klukkutímar var gestum boðið upp á mat og drykk fyrir framan salinn framleiddan af matreiðslumeistararannum Kjartani Óla Guðmundssyni. Þar mátti finna sérbruggaðan bjór, osta, pylsur, samlokur og ýmislegt annað smálegt sem gerir lautarferð notalega. Gestum var velkomið að taka nesið með sér inn í sal en gátu líka borðað matinn frammi. Inni í salnum var áhorfendum boðið að dvelja, horfa, hlusta, hanga, borða, drekka og hvíla sig á meðan þeir fylgdust með sýningunni. Áhorfendur grípu því teppi um leið og þeir gengu inn í salinn til að sitja eða liggja á en sumir settust á þá fáu bekkir sem fundust.

Það hvíldi ró yfir salnum lengi vel og í raun hafði lítið gerst fyrsta klukkutímam þegar rýnir ákvað að fara fram að ná sér í nesi til að taka með sér inn á teppið. Hægar hreyfingar dansaranna fimm, Sögu Sigurðardóttur, Karítasar Lottu Tuliníus, Ernu Gunnarsdóttur, Andreans Sigurgeirssonar og Gabrielé Bagdonaité, vöktu þó athygli gesta og nærvera, fjarvera



Eldblóma-elexír Danshöfundurinn Sigríður Soffía Nielsdóttir bauð upp á þátttökuleikhús eða upplifunardansverk á veitingastaðnum Héðni.

og ferðir áhorfenda inn og út úr salnum höfðu áhugaverð áhrif á upplifunina af því að vera þátttakandi í þessari litlu veröld. Framvinda verksins varð áleitnari þegar á leið. Uppbygging þess var jafn markviss og um styttra verk væri að ræða, það tók bara lengri tíma að sjá heildarniðurstöðuna. Eftir á, þegar minnið hafði þjappaði tímanum og upplifuninni saman, stóð eftir minning og mynd af vel útfærðu og heildstæðu dansverki sem hafði ekki aðeins náð til augna og eyrna heldur allra skilningarvita.

Frammistaða dansaranna í þessu ferli var með ólíkindum. Að halda fókus nánast óslitið, þau fóru

reyndar fram í smá pásur, í fjóra tíma er ekkert grín hvað þá að vinna svona mikið í kyrrstöðu og hægun hreyfingum eins og þau gerðu. Sú líkamlega nánd sem kóreógrafían krafðist er heldur ekki fyrir alla. Tilvist dansaranna og gjörðir féllu vel að umhverfinu og með hreyfingum sínum og virkri þátttöku í myndun hljóðheims verksins gáfu þeir innsetningunni líf og hrundu af stað margvíslegum breytingum á vistkerfinu sem hún endurspeglar án þess þó að virka eins og utanaðkomandi mannlegt afl. Hljóðmyndin, á ábyrgð Nicolais Johanssens, hafði mikil áhrif á stemninguna í salnum og það verður að segjast að allt sem

» Það er heillandi að fylgjast með hvernig danshöfundar eins og Sigga Soffía og Rósa þenja út dansformið og kóreógrafíska hugsun. [...] Báðir viðburðirnir ná síðan ekki aðeins til augna og eyrna eins og flest dansverk heldur örva öll skilningarvitin; sjón, heyrn, snertingu, lykt og bragð.

heyrðist á þessum fjórum tímum sem rýnir dvaldi í verkinu var undurfagurt. Hljóðheimurinn var skapaður á staðnum með eins og hreyfingarnar. Hann varð til við það að dropar úr ísklumpinum féllu í vatnið og flytjendurnir léku sér í því. Hljóð voru líka sköpuð með rödd, líkamanum og snertingu hluta við plötu sem var á veggjunum. Þetta var síðan magnað upp með hjálp tækni sem rýnir kann ekki skil á.

Sá sem hefur setið uppi í brekku á hestamannamóti eða útihátíð í íslensku sumri getur gert sér í hugarlund hvernig það var að sitja eða liggja á teppinu í fjóra tíma með lykt af grasi í nefinu, hroll í kroppnum og eiga í erfiðleikum með að finna rétta stellingu til að sitja eða liggja á „jörðinni“. Tíma samt ekki að fara, nema rétt til að sækja sér eitthvað í svaginn því að þá gæti maður misst af einhverju. Og það gat maður svo sannarlega. Það komu líka þau augnablik að salurinn varð að íslenskrum sumarnótt þar sem dalalæða leggst yfir og þessi sérstaka kyrrræður ríkjum þar til tekur að morgna og fuglar hefja upp raust sína. Flest sækjum við í náttúruna til að upplifa ró og tímaleysi. Við njótum oft í samfélagi við aðra þess sem umhverfið býður upp á og eftir því sem við stöðrum lengur við sígum við lengra inn í okkur sjálf. Það var þannig sem dansverkið virkaði. Lengd þess virðist svívirðileg í fyrstu en eftir á hefði hún ekki getað verið önnur.

Það er heillandi að fylgjast með hvernig danshöfundar eins og Sigga Soffía og Rósa þenja út dansformið og kóreógrafíska hugsun. Ég hélt að eftir að ég skrifaði dansgagnrýni um blómabeð í miðbænum yrði ekki lengur hægt að koma mér á óvart með listrænum uppátækjum. En þar skjátaðist mér því hér er ég að ljúka danspistli um kóreógrafaðan líkjör unninn upp úr blómabeðinu og fjögurra tíma ferðalag um kóreógrafað vistkerfi með öllum þeim náttúrulegu umbreytingum sem það býður upp á. Báðir viðburðirnir ná síðan ekki aðeins til augna og eyrna eins og flest dansverk heldur örva öll skilningarvitin; sjón, heyrn, snertingu, lykt og bragð.



Ertu á leiðinni í sólina ?



Hawaii sandalar
14.995 kr. / St. 36-42



Graz hælskór
22.995 kr. / St. 37-41,5



Kent mokkasínur
19.995 kr. / St. 37-41,5



Osaka götuskór
22.995 kr. / St. 37-42

STEINAR WAAGE

KRINGLAN - SMÁRALIND - SKÓR.IS

Táknmyndir nýrra tíma

MYNDLIST

HLYNUR
HELGASON




Hafnarhús Listasafns
Reykjavíkur

D-vítamín ★★★★★

Listamenn: Halla Einarsdóttir, Hákon Bragason, Hrefna Hörn Leifsdóttir, Joe Keys, Katrín Agnes Klar, Kristín Karólína Helgadóttir, Kristín Morthens, Lukas Bury, Weronika Balcerak, Nína Óskarsdóttir, Ragnhildur Weissappel, Sigrún Gyða Sveinsdóttir, Sólbjört Vera Ómarsdóttir, Una Margrét Árnadóttir og Þórunn Hans Baldursson. Sýningarstjórar: Aldís Snorradóttir, Becky Forsythe, Björk Hrafnadóttir og Þorsteinn Freyr Fjölmisson. Sýningin stendur til 5. maí 2024. Opið kl. 10-17 alla daga nema fimmtudaga en þá er opið kl. 10-22.

Allt frá 2007 hefur Listasafn Reykjavíkur nýtt D-sal Hafnarhúss til þess að kynna unga og upprennandi listamenn. Í tilefni þess að sýningarnar eru orðnar 50 alls býður safnið til veislu og heldur sýningu á verkum fimmtán listamanna sem talist gætu verið dæmigerðir D-salar listamenn. Fjórir ungir sýningarstjórar hafa fengið það hlutverk að skipuleggja sýninguna og skapa henni umgjörð. Þeir listamenn sem hafa verið valdir eru af þeirri kynslóð sem farin er að setja mark sitt á íslenskt listalíf, flestir þeirra eru listamenn á fertugsaldri sem hafa mótað sér persónulegan stíl í listsköpun sinni. Þannig verður til sýning sem túlkar mögulega tíðarandann hjá vaxtarsprotu íslenskrar myndlistar.

Sýningin er á allri efri hæð Hafnarhússins, fyrir utan D-salinn sem hýsir sögulega umfjöllun um sýningarstöðina sem við hann er kennð. Vídeó- og hljóðverk Unu Margrétar Árnadóttir eru áberandi hér og þar á sýningunni og tengja rýmin saman. Þar á meðal eru þrjú vídeógjörningar áberandi, þar sem Una Margrét nýtir andlit og hendur á beinskýttan og kómískan hátt. Gott dæmi um þetta er verkið „Garnagaul“, tvírása vídeó þar sem sjá má andlit og maga við undirtök hljóma sem virðast eiga upptök sín



Ljósmyndir/Hlynur Helgason

Garnagaul Una Margrét Árnadóttir sýnir „Garnagaul“ (2021), sem er tveggja rása vídeóverk.




Fjölbreytni Á gólfinu sýnir Halla Einarsdóttir verkið „Winileodas (eða lab fyrir „vin“)“ frá árinu 2024, sem búið er til úr vír, ull og málningu. Að baki eru málverk og þrívíð myndverk eftir Kristínu Morthens.

í líkamanum. Leirskúptúrar Nínu Óskarsdóttur setja sterkan svip á yfirbragð suðaustursalar. Þeir eru unnir á flæðandi hátt í leir og virka eins og sérkennilega skreytt lífræn form, umbreyting sjávarvera, ostruskelja, þörungna eða kóraldýra.

Á tveimur veggjum norðaustursalarins eru teikningaráðir eftir John Keys. Til vinstri eru stórar teikningar þar sem smásæjar hugmyndir um hversdagslíf marka

flötinn hér og þar. Hægra megin er röð minni mynda, þar sem stakir hlutir setja mark sitt á flötinn. Við norðurinnangang salarins mætir verk Ragnhildar Weissappel, „Kverk“, áhorfanda en það er bylgjulaga röð gólflistabúta sem sniglast eins og ormur með veggjum og umbreytir rýminu á léttleikandi hátt. Á vesturveggnum leikur Katrín Agnes Klar sér með litbrigði í einföldum linsuverkum sem breyta um lit úr



Spegill Á gólfinu sýnir Nína Óskarsdóttir „Af jörðu“ (2024). Að baki t.v. sýnir Joe Keys tvær raðir teikninga og t.h. Hrefna Hörn Leifsdóttir „Ekkert/Engu líður eins og fullur/fyllir tómur/tæmdur líkami/ílát“ (2024).

bláu yfir í gult eftir því hvernig á þau er horft. Hún sýnir einnig krukku með litadufti sem okkur er talin trú um að sé sérstaklega þróað til að hafa sömu eiginleika og linsuverkin. Hér reynir á skáldlega hugmynd. Í verki Hrefnu Harnar Leifsdóttur er unnið með þrykk á spegilflöt, þar sem léttleikandi slæður vinna með einföldum texta við að skapa hughrif í tengslum við spegilmynd áhorfandans.

Í miðsalnum sunnan megin er verki Sigrúnar Gyðu Sveinsdóttur, „MÍÐ, tíma hinnar forsjálu þagnar“, varpað. Verkið er frásagnarvídeó sem fer frá því að vera myndræn skoðun á umhverfi fótboltavallar í nánari tengingu við stúlknaðið sem umhverfist yfir í kór. Hér er á alvarlegan hátt unnið með kómískar mótsagnir í mynd og hljóði.

Í norðaustursalnum umlykja sex verk eftir Kristínu Morthens áhorfandann þegar inn er komið. Fjögur málverka hennar skipa þar stóran sess. Verkin eru mótuð sterkum sveipum þar sem olíumálverk er nýtt í bland við sprautumálun. Í verkunum tekst henni að skapa áleitinn og óræðan form- og litaheim með vísun í náttúruleg fyrirbæri.

Verk Höllu Einarsdóttur, „Winileodas (eða lag fyrir „vin“)“, er fyrir miðju á gólfu suðursalarins. Verkið er úr vírneti sem letur hefur verið mótað í með ull. Formheildin er áhuga-verð í sjálfu sér þótt hún sé í reynd umgjörð fyrir gjörning sem byggir lauslega á fornum arfsögnum. Innst í salnum er metnaðarfullt vídeóverk Lukasar Bury og Weroniku Balcerak þar sem tvær myndrásir sýndar gegnt hvor annarri skapa huglægt rými. Myndefnið er tekið í skógi í Póllandi sem tengist fjölskyldu og lífi Weroniku sjálfar. Í verkinu birta þau hjónin okkur á rómantískan hátt mannglega veruð í framandi skógi.

Það er áhugavert að sjá hvernig sýningarstjórar hafa unnið sýninguna. Í henni er teft saman verkum fimmtán listamanna af upprennandi kynslóð. Aðferðir og forsendur eru ólíkar og til þess gerðar að sýna fjölbreytni íslensks myndlistarlífs. Nýmiðlar, eins og vídeólist eða hreyfiverk, eru áberandi á sýningunni og greinilegt að ungir listamenn eru í auknum mæli að nýta sér frásagnarmáta kvikmyndarinnar til að tjá bæði líkama og hugsjónir. Klassískir miðlar fá þó einnig að njóta sín, en málverk, teikningar og skúptúrar eru mikilvægir þættir sýningarinnar. Fjölbreytni í efnistöfum og áherslum er áberandi og við uppsetningu sýningarinnar hefur tekist vel til við að koma því til skila án þess að skapa greiðu í framsetningu verkanna. Sem slík er sýningin því góð úttekt á tíðaranda samtímans.

Slappaðu af og leyfðu okkur að sjá um reksturinn!

GreenKey býður upp á alhliða rekstrarþjónustu fyrir gististaði



Verðstýring



Markaðssetning



Sjálfvirkniferlar



Þrif & þvottur



Samskipti



GreenKey

Greenkey.is

519 8989

Urðarhvarf 8

info@greenkey.is

Hátt í 100 ósótt listaverk á uppboð

● Selja verk í vörslu Stúdíós Stafns

Góðgerðaruppboð á verkum í vörslu Stúdíós Stafns ehf. verður haldið 19.-26. febrúar. Um 100 verk verða boðin upp á vefuppboði. Ágóði skiptist milli Reykjadalss, sumarhúða fyrir fötluð börn, og Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.

Í tilkynningu um uppboðið segir að eftir andlát Viktors Smára Sæmundssonar, stofnanda og eiganda Stúdíós Stafns, í upphafi árs 2022, hafi verið unnið að því að loka fyrirtækinu og skila þeim verkum, sem ýmist hafa verið í forvörslu eða umboðssölu, til eigenda sinna. Meðal annars hafi verið birtar auglýsingar í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þess efnis.

Þar segir jafnframt að í auglýsingunum hafi komið fram að ef umræddra verka yrði ekki vitjað innan þriggja mánaða frá birtingu þeirra yrðu þau seld og andvirði þeirra látið renna til góðgerðarmála. „Nú, eftir ítrekaðar tilraunir við að koma óskilaverkunum í réttar hendur, er komið að því að hrinda sölu þeirra sem enn hefur ekki verið vitjað í framkvæmd



Morgunblaðið/Eggert

List Viktor Smári, eigandi Stúdíós Stafns, skildi eftir mörg verk.

með því að halda netuppboð á þeim.“

Hátt í 100 verk verða á uppboðinu og er þar m.a. að finna æskuverk eftir Jón Engilberts, ómerktá Kjarvalsmynd, vatnslitategningu eftir Halldór Pétursson og endurgerð af Ortelius-Norðurlandakorti frá 1570, prentuð 1972. Verkin hafa verið til sýnis í sýningarsal Listheima og á uppboðsvefnum listaverk.is frá 12. febrúar. Viktor Pétur Hannesson sér um uppboðið.



NÓA



**VÆNTANLEG
BRAKANDI SNILLD!**

RÚV

- 13.00 Fréttir með táknmáls-túlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1991-1992
- 15.15 Orðbragð II
- 15.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
- 16.00 HM í sundi
- 18.15 Tónatal - brot
- 18.20 KrakkaRÚV
- 18.21 Maturinn minn
- 18.32 Nei sko!
- 18.36 Heimilisfræði
- 18.42 Krakkatónlist
- 18.45 Krakkafréttir með táknmáls-túlkun
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Gestu betur
- 21.15 Perlur byggingarlistar
- 21.30 Okkar á milli
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Lögregluvaktin
- 23.05 Dansmeyjar
- 23.50 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Heartland
- 12.45 Love Island: All Stars
- 13.45 The Block
- 14.45 Top Chef
- 15.35 The Bachelorette
- 17.35 Everybody Hates Chris
- 18.00 The King of Queens
- 18.25 Love Island: All Stars
- 19.20 Afturelding - Stjarnan BEINT
- 21.00 Punktalínan
- 21.15 Law and Order: Organized Crime
- 22.05 Rabbit Hole
- 22.50 Walker
- 23.35 The Good Wife
- 00.20 NCIS: Los Angeles
- 01.05 Venjulegt fólk
- 01.40 The Equalizer
- 02.25 Mayor of Kingstown
- 03.20 Love Island: All Stars

Skjár 1

- 17.00 Að þora að elska
- 19.00 Fygdarsveininn
- 21.00 Ástralska verkefnið
- 23.00 Háskaför



mbl.is
Sjónvarp

Ljósvakinn Helgi Snær Sigurðsson

Björninn vex með þætti hverjum

Bandarísku sjónvarps-þættirnir The Bear, eða Björninn, sem finna má á streymis-veitunni Disney+, eru virkilega vandaðir og þess virði að eyða tíma sínum í, ólíkt svo mörgu öðru sjónvarps-efni sem nálgast má á hinum ýmsu veitum þessi dægur. Framboðið er slíkt að maður fer ekki að eyða tíma sínum viljandi í eitthvað lélegt. Og stundum byrjar maður á þáttum, gefst upp eftir einn eða tvo en tekur þráðinn upp síðar og oftast en ekki í kjölfar lofsamlegrar umfjöllunar. The Bear er slík þáttaröð. Svo mikið gengur á strax í byrjun Bjarnarins að ofanritaður gafst hreinlega upp, dauðþreyttur á öllum látunum. Sem er kannski ekki furða því þættirnir segja af meistarakökkinum Carmi sem fer að vinna á heldur ómerkilegum veitingastað í Chicago, The Original Beef of Chicagoland sem kallaður er The Beef. Staðinn hefur hann hlotið í arf eftir bróður sinn. Þar er allt á öðrum endanum, ótrúlegur hamagangur og læti, óskipulag og erfiðir starfsmenn. Sá erfiðasti er náfrændi Carmis, Richie, sem er einhver mest óþolandi náungi sem sést hefur í sjónvarpi lengi vel. Þættirnir eru hver öðrum betri, leikur og persónusköpun eins og best verður á kosid. Björninn vex með þætti hverjum og hefur skotið leikaranum Jeremy Allen White upp á stjörnuhimininn.



Spenna Dramatík í þáttunum The Bear.

Rás 1 92,4 • 93,5

- | | |
|---------------------------------|-----------------------------|
| 06.50 Morgunvaktin | 14.00 Fréttir |
| 07.00 Fréttir | 14.03 Á tónsviðinu |
| 07.30 Fréttayfirlit | 15.00 Fréttir |
| 08.00 Morgunfréttir | 15.03 Sögur af sjó og landi |
| 08.30 Fréttayfirlit | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 09.00 Fréttir | 16.05 Víðsjá |
| 09.05 Segðu mér | 17.00 Fréttir |
| 09.45 Morgunleikfimi | 17.03 Lestin |
| 10.00 Fréttir | 18.00 Kvöldfréttir |
| 10.03 Veðurfregnir | 18.10 Spegillinn |
| 10.13 Á reki með KK | 18.30 Veðurfregnir |
| 11.00 Fréttir | 18.33 Dánarfregnir |
| 11.03 Mannlegi þátturinn | 18.40 Óperukvöld Útvarps- |
| 11.57 Dánarfregnir | ins: Don Carlo eftir |
| 12.00 Fréttir | Giuseppe Verdi |
| 12.03 Uppástand | 22.00 Fréttir |
| 12.10 Síðasta lag fyrir fréttir | 22.05 Veðurfregnir |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.10 Lestur Passíusálma |
| 12.42 Þetta helst | 22.15 Á reki með KK |
| 13.00 Samfélagið | 23.05 Lestin |

Stöð 2

- 08.00 Hvar er best að búa?
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Necessary Roughness
- 10.05 Family Law
- 10.45 Um land allt
- 11.20 Draumaheimilið
- 11.50 Hell's Kitchen
- 12.35 Neighbours
- 13.00 Lego Masters USA
- 13.40 Leitinn að uppruninum
- 14.20 Spegilmyndin
- 14.45 The Masked Dancer
- 15.50 Hvar er best að búa?
- 16.50 Friends
- 17.10 Friends
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Neighbours
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Æði
- 19.30 The Love Triangle
- 20.35 NCIS
- 21.20 Shameless
- 22.05 Shameless
- 23.00 The Graham Norton Show
- 23.50 Friends
- 00.10 Friends
- 00.35 La Brea
- 01.15 Fósturbörn
- 01.35 Fósturbörn
- 01.55 Sneaky Pete
- 02.45 The Tudors

Omega

- 08.00 Blessun, bölvun eða tilviljun?
- 08.30 Benny Hinn
- 09.00 Joni og vinir
- 09.30 Máttarstundin
- 10.30 The Way of the Master
- 11.00 United Reykjavík
- 12.00 Í ljósinu
- 13.00 Joyce Meyer
- 13.30 Tónlist
- 14.30 Bill Dunn
- 15.00 Tónlist
- 15.30 Global Answers
- 16.00 Blandað efni
- 16.30 Gegnumbrot
- 17.30 Tónlist
- 18.30 Joel Osteen
- 19.00 Joseph Prince-New Creation Church
- 19.30 Joyce Meyer
- 20.00 Blönduð dagskrá
- 21.00 Blönduð dagskrá
- 22.00 Blönduð dagskrá
- 23.00 Let My People Think
- 23.30 Let My People Think
- 00.00 Joyce Meyer



Gagnrýndur er hann sat sveittur

Christopher Nolan tók við verðlaunum sem besti leikstjóri frá félagi kvikmyndagagnrýnenda í New York fyrir í vetur. Í ræðu sinni gaf hann dæmi um það að skoðanir á kvikmyndum hans væri alls staðar að finna í samfélaginu. Hann sagði leikstjóra eiga flókið samband við gagnrýndur og talaði um eitt skipti sem skoðun þjálfara nokkurs kom flatt upp á hann. Atvikið átti sér stað þegar hann var heima hjá sér á Peloton-hjólínu sínu og þjálfarinn fór að tjá sig um mynd Nolans og hversu léleg hún væri. Lestu meira á K100.is.



6 til 10 Ísland vaknar Kristin Sif og Þór Bæring vakna með hlustendum K100 alla virka morgna. 10 til 14 Yngvi Eysteins Skemmtileg tónlist og létt spjall yfir daginn með Yngva. 14 til 16 Ásgeir Páll Fersk og skemmtileg tónlist, létt spjall og leikir ásamt því að fara skemmtilegri leiðina heim með hlustendum síðdegis. 16 til 18 Skemmtilegri leiðin heim Ásgeir Páll og Regina Ósk eða bara Gína og Geiri með hressilegar upppákomur, spjall og tónlist. 18 til 22 Heiðar Austmann Betri blanda af tónlist öll virk kvöld á K100. 7 til 18 Fréttir Auðun Georg og Valtýr Björn flytja fréttir frá ritstjórn Morgunblaðsins og mbl.is á heila tímanum alla virka daga.



Dagmál

mbl.is/dagmal



„Ég er alltaf ég sjálfur“

Guðmundur Birkir Pálmasón, Gummi kíró, flutti til Íslands 2012 eftir að hafa lært í Svíþjóð. Hann segir frá lífshlaupi sínu og ævintýrum í Dagmálum. Hvernig ástin bankaði upp á þegar Lína Birgitta Sigurðardóttir kom inn í líf hans.

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



ELITE stóllinnan
3 gerðir: William, Alex, Charles,
3 möguleikar: Rafdrifinn, manual
eða með skammeli.
3 lítr Cognac, dökk brúnt, svart,
alþóstráður með anelinn leðri.



VIKTOR Hækkanlegur rafdrifinn
hvíldarstóll með innb. skammeli.
Til í svörtu leðri og gráu tauáklæði.



ALEXANDER Hækkanlegur rafdrifinn
hvíldarstóll með innb. skammeli.
Til í svörtu leðri og gráu tauáklæði.




Komið og skoðið úrvalið

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Veðrið kl. 12 í dag

Suðvestan 5-13 m/s og él en bjartviðri suðaustan- og austanlands. Frost 0 til 5 stig. Lægri víða og styttr upp.



Á morgun: Suðaustan 3-8 m/s og bjartviðri, frost 1 til 10 stig. Austan 8-13 nærri suðurströndinni með dálítlum éljum eða skúrum og hita kringum frostmark. Á laugardag: Suðaustan 13-20 og súld eða rigning, hiti 2 til 7 stig. Hægari vindur norðanlands, þurr veður og frost, en hlánar þar seinnipartinn.

15. febrúar	Sólarupprás	Sólsetur	Tunglið
REYKJAVÍK	9:30	17:55	
ÍSAFJÖRÐUR	9:45	17:49	
SIGLUFJÖRÐUR	9:29	17:32	
DJÚPIVOGUR	9:02	17:22	

Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að isl. tíma	°C Veður
Reykjavík	0 skýjað
Sauðanesviti	3 alskýjað
Litla-Ávík	2 slydda
Egilsstaðir	-4 heiðskirt
Keflavíkurlflugv.	1 skýjað
Nuuk	-9 léttskýjað
Þórshöfn	2 alskýjað
Ósló	0 alskýjað
Kaupmannahöfn	4 þoka
Stokkhólmur	0 skýjað
Helsinki	0 skýjað
Lúxemborg	10 súld
Brussel	12 skýjað
Dublin	13 skýjað
Glasgow	6 súld
London	13 alskýjað
Paris	15 alskýjað
Amsterdam	11 skýjað
Hamborg	10 alskýjað
Berlín	8 skýjað
Vín	11 léttskýjað
Moskva	-9 alskýjað
Algarve	19 heiðskirt
Madrid	16 heiðskirt
Barcelona	17 léttskýjað
Mallorca	17 heiðskirt
Róm	16 heiðskirt
Áþena	12 léttskýjað
Winnipeg	-4 alskýjað
Montreal	-8 léttskýjað
New York	0 heiðskirt
Chicago	3 heiðskirt
Orlando	18 heiðskirt

dumaplast
EXTRUDED PRODUCTS

BAÐPLATA DENVER

37,5x65cm

kr./m²

NÚNA -25%

8.021

10.695

Vnr. 10709005



ALLAR BAÐPLÖTUR Á 25% AFSLÆTTI

Fallegar **baðplötur** frá Belgíu sem eru 100% vatnsheldar. Með einstöku tungukerfi (tongue & groove) sem auðveldar uppsetningu



**SKANNADU
KODANN OG
LESTU BLAÐIÐ**

á www.byko.is/bykobladið



GJAFALEIKUR

Ertu á leið í framkvæmdir
- við viljum hjálpa!

150.000kr

Hjá okkur færðu hjálp til að einfalda þér lífið í framkvæmdum. Hvort sem þú þarft ráðgjöf við hönnun innréttinga, framkvæmdir almennt eða litaráðgjöf þá getur þú pantað tíma hjá sérfræðingum okkar. Nú getur þú líka unnið **150.000 kr inneign** í BYKO ásamt því að fá frjá ráðgjöf sem hentar þínum framkvæmdum með því að skrá þig til leiks á www.byko.is/gjafaleikur

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Auðvelt að líma á eldri flísar



Vatnsheldar plötur



Límdar, negldar eða heftaðar



Auðvelt að saga í rétta stærð



Auðvelt í samsetningu

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengi.

**VERSLUN BREIDD
LAGERHREINSUN**

KOMDU OG GRAMSADU

Vörur sem hætta í sölu, ósottar sérpantaniir, útlitsgallaðar vörur: ljós, blöndunartæki, verkfæri, smávara, baðkór, sturtugler, handlaugar, sturtubotnar, parket, flísar, vaskar og margt fleira!

Las 301 bók í fyrra

- Sigrún tekur 21 bók með sér í þriggja vikna frí
- Þórarinn Eldjárn bestur og Sólveig Pálsdóttir í uppáhaldi

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir í Vestmannaeyjum hefur verið mikill lestrarhestur frá æsku. Árið 2022 las hún yfir 250 bækur og á nýliðnu ári gerði hún gott betur og las 301 bók. „Ég hef gaman af því að lesa, tek Rauðu séríuna inn á milli og les allt milli himins og jarðar,“ segir hún.

Gamla bókasafnið í Eyjum var í húsi sem fór undir hraun 1973. Sigrún minnst þess að hafa þurft að klöngrast upp og niður þröngan og dimman stiga með bækur. „Ég man eftir mér tíu til tólf ára koma út úr gamla bókasafninu haldandi á plastpoka með tólf bókum, gat ekki borið meira, fór í bókasafnið til að ná mér í bækur tvisvar í viku.“

Fullorðinsbækur voru á einum stað í safninu og barnabækurnar í sérými. „Þegar ég var tólf ára laumaði ég mér inn í fullorðinsdeildina og tók bókina *Ást á rauðu ljósi* eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur. Bókavörðurinn passaði vel upp á hvað við læsum, leit á bókina og sagði: „Mamma þín er búin að lesa þessa bók,“ og tók hana til hliðar. Ég átti ekki að lesa þannig bækur strax. Þegar ég hafði aldur til var hún ekki eins spennandi og ég hef reyndar ekki lesið hana enn.“

Glæpasögur og fleira

Glæpasögur höfða mest til Sigrúnar. Hún segist snemma hafa byrjað að lesa bækur eftir Agóthu Christie, en eftir að hafa lesið tíu til tólf bækur hafi hún fjótt áttáð sig á plottinu hverju sinni og þá snúið sér að bókum eftir Ngaio Marsh frá Nýja-Sjálandi. Og svo koll af kalli. „Ég er hætt að lesa þessa ljótu skandinavísku krimma þar sem börnun er stolið, þau skorin í búta og troðið í ferðatöskur eða konur fluttar nauðugar í gámum frá austurblokkinni. Ég vil frekar lesa þægilega krimma.“ Eins og bókina *Banvænan fund* um Österlen-morðin á Skáni í Svíþjóð.

„Ég hef sérstaklega gaman af því að lesa bækur eftir Sólveigu Pálsdóttur,“ segir Sigrún um bækur íslenskra spennusagnahöfundar. „Mér finnst hún afburða rithöfundur.“ Hins vegar sé erfið að velja uppáhaldshöfundinn. „Ætli það sé ekki



Ljósmynd/Guðmundur Jónsson

Á bókasafninu Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir er mikill lestrarhestur.

Þórarinn Eldjárn,“ segir hún eftir stutta umhugsun. „Ég hef ofsalega gaman af því að lesa ljóðin hans.“ Hún áréttar að hún lesi allt, líka barna- og unglingabækur, og setji sér ekki markmið um fjölda bóka á ákveðnum tíma. „Ég er alltaf með bók til taks og tek að lágmarki 21 bók með mér fari ég í þriggja vikna frí til útlanda. Það er skelfilegt að vera ekki með ólesna bók í flugvélinni á heimleiðinni.“ Vekur samt athygli á því að léttmeti megi lesa aftur og aftur. „Hann er alltaf hávaxinn og herðabreiður og myndarlegur og það skiptir engu máli hvort hann er dökkhærður eða ljóshærður í þessari bókinni eða hinni.“

Sigrún vann í áratug á bókasafninu í Eyjum. Hún segir að þar séu reglulega lestraráskoranir í þeim

tilgangi að fá fólk til að fara út fyrir þægindarammann. Því sé bent á áhugaverða höfunda frá ýmsum löndum, gamlar bækur, bækur sem hafi ekki þótt áhugaverðar í skóla og svo framvegis. „Ég las til dæmis *Sjálftætt fólk* eftir Halldór Laxness í svona átaki. Ég byrjaði of ung að lesa bækur eftir hann, byrjaði á *Söllu Völlu* á unglingsárunum og fannst hún svo leiðinleg að ég hélt að ég myndi deyja.“

Sigrún hefur lengi starfað í 12 spora hópi og segir að þar sé verið að lesa ýmsar trúarlegar og andlegur bækur eftir til dæmis Thomas Keating og Desmond Tutu. „Nýjasta bókinn í þeim flokki er *Kjarni kristinnar trúar* eftir C.S. Lewis, þann sama og skrifaði Narnúbækurnar. Afburðagóð bók.“

ÍÞRÓTTIR



Var ekki staðráðinn í að fara strax út í þjálfun en greip tækifærið

Haukur Páll Sigurðsson var í nóvember síðastliðnum ráðinn aðstoðarþjálfari karlalíðs Vals í knattspyrnu til næstu þriggja ára eftir að hafa leikið með liðinu undanfarin 14 ár. Í samtali við Morgunblaðið í dag segir Haukur Páll skóna ekki formlega komna upp á hillu, hann verði til taks sem leikmaður ef þess þarf í sumar en að hann reikni ekki með að það gerist þar sem Valur sé með stóran og góðan leikmannahóp. Haukur Páll nýtur sín í nýju hlutverki hjá Val. » 63

MENNING



Jacob Collier kemur á Listahátíð

Breski tónlistarmaðurinn Jacob Collier tekur þátt í Listahátíð í sumar en hátíðinni lýkur með stórtónleikum hans í Eldborg 16. júní. „Collier er hæfileikaríkur tónlistarmaður með fullkomid tóneyra og er nú einn af eftirsóttustu tónlistarmönnum í heimi,“ segir meðal annars í tilkynningu. Fyrir í mánuðinum hlaut hann Grammy-verðlaun fyrir útsetningu, hljóðfærleik og söng í laginu „In the Wee Small Hours of the Morning“ en hann hefur hlotið sex Grammy-verðlaun. Það sama kvöld spilaði hann með Joni Mitchell þegar hún flutti lagið „Both Sides Now“.

Rýmum fyrir nýjum vörum 15. - 19. febrúar



Glam hægindastóll
~~109.990~~
Nú 38.497

65% afsláttur



Malta eldhúsborð, hvítt eða svart. 90x90 cm
~~69.990~~
Nú 24.497

65% afsláttur



Viborg sófi, leður
2ja sæta sófi. ~~289.990~~ kr. Nú 173.994 kr.
3ja sæta sófi. ~~349.990~~ kr. Nú 209.994 kr.

40% afsláttur

30-70% af völdum vörum



Riverdale Elin borðstofustóll.
Svartur eða Cognac
~~29.990~~ Nú 8.997

70% afsláttur

50% afsláttur

Brooke borðstofustóll.
Monza drapplítað áklæði
~~29.990~~ Nú 14.995

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingu eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

HÚSGAGNA HÖLLIN

Reykjavík · Akureyri · Ísafjörður



Í lausasölu 919 kr.
Áskrift 9.965 kr. Helgaráskrift 6.248 kr.
PDF á mbl.is 8.705 kr. iPad-áskrift 8.705 kr.

Sími 569 1100
Ritstjórn frettir@mbl.is Auglýsingar augl@mbl.is
Áskrift askrift@mbl.is mbl.is:frettir@mbl.is

Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](#) FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246

Þjónustufulltrúi

Öflugt fyrirtæki sem getur státað sig af góðri starfsmannameningu og samstöðu óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í fullt starf.

Starfssvið:

- Símsvörðun og afgreiðsla erinda. Sér um móttöku og frágang á pósti.
- Afleysingar fyrir aðra starfsmenn skrifstofu ef þörf krefur.

Hæfniskröfur:

- Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Viðkomandi þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum.

Umsóknir óskast sendar til box@mbl.is merkt „Heppni“ fyrir 16. febrúar nk.

Sérfræðingur á fjármálasviði

Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, [mbl.is](#) og K100, leitar að öflugum og sjálfstæðum starfsmanni á fjármálasviði í fullt starf.

Helstu verkefni:

- Greiningarvinna og önnur tölfræðileg úrvinnsla
- Aðstoð við mánaðarleg uppgjör
- Almenn bókarastörf
- Afstemmingar og eftirlit með staðfestingu reikninga
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

Hæfniskröfur:

- Menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldskerfum er kostur

- Góð greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni og niðurstöðum í tölum og texta.
- Talnegleggni og tölvufærni
- Nákvæmni og vandvirkni nauðsynleg
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2024.

Nánari upplýsingar veitir

Klara Vigfúsdóttir, starfsmannastjóri
klara@mbl.is, sími 569-1332

Sækja um
starf hér



<https://jobs.50skills.com/arvakur/is/25699>

[mbl.is](#) Morgunblaðið K100

Viltu taka þátt í því að halda ljósunum logandi?

Sérfræðingur í samskiptum og samningagerð

Hefur þú áhuga og reynslu af samningaviðræðum og átt auðvelt með að eiga í uppbyggilegum samskiptum?

Við hjá Landsneti leitum að liðsfélaga sem veit fátt skemmtilegra en að eiga í samtali og samningaviðræðum og vill hjálpa til við að gera orkuskiptin að veruleika. Sérfræðingurinn mun sjá um samskipti og samninga við hagaðila vegna verkefna okkar við framkvæmdir og rekstur í flutningskerfinu. Starfið er lifandi og fjölbreytt og má búast við að enginn dagur sé eins.

Við bjóðum upp á frábæra starfsaðstöðu með góðu mötuneyti, skemmtilegum vinnufélögum og góðum starfsanda. Við leggjum mikið upp úr þjálfun og fræðslu starfsfólks og bjóðum upp á ýmsa styrki, s.s. samgöngu- og líkamsræktarstyrki.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Samtal og samskipti við hagaðila víðs vegar um landið
- Samninga- og skjalagerð vegna landréttinda
- Yfirsýn og skipulag verkefnaþátta
- Samvinna við teymi verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla af samningaviðræðum og skjalagerð
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að tjá sig á skýran og skipulegan máta
- Faglegt og jákvætt viðmót
- Geta til að hlusta og taka tillit til ólíkra skoðana
- Gagnrýnin hugsun, sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk. Sótt er um starfið á [landsnet.is](#).

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar að bæstast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Hrefna Ástmarsdóttir, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að flytja orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

Landsnet | Gylfahlöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

LANDSNET



Skrifstofustjóri Hrunamannahrepps

Hrunamannahreppur leitar að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi, með ríkan áhuga á fjármálum, í starf skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri er yfir rekstri ráðhússins og stýrir fjármálum sveitarfélagsins í samvinnu við sveitarstjóra sem er næsti yfirmaður skrifstofustjóra.

Um er að ræða 100% starf til framtíðar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum bæjarskrifstofu.
- Ábyrgð og umsjón með daglegri umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð og virku kostnaðareftirliti.
- Ábyrgð og umsjón með gerð ársreiknings.
- Umsjón með álagningu opinberra gjalda og innheimtu.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Samskipti við forstöðumenn og íbúa vegna erinda er snúa að fjármálum og annari þjónustu bæjarfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Haldgóð reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni er skilyrði.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði.
- Kunnátta í DK bókhaldskerfinu er kostur.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Samviskusemi og nákvæmni í starfi.

Umsóknnum ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi skal skila rafrænt í síðasta lagi **fimmtudaginn 29. febrúar 2024** á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri, Aldís Hafsteinsdóttir, í síma 480-6600 og í gegnum tölvupóst: hruni@fludir.is



Í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og gott mannlíf þar sem tækifærin eru fjölmörg fyrir áhugasama og duglega einstaklinga. Í sveitarfélaginu búa um 925 manns og þar af eru um 500 á Flúðum. Á Flúðum er grunn-, leik- og tónlistarskóli, íþróttahús, bókasafn, sundlaug, líkamsrækt, verslanir og fjölbreytt afþreying.

Samgöngur í allar áttir eru góðar, helstu náttúruperlur landsins eru innan seilingar og svo segja margir að veðrið sé alltaf aðeins betra í Hrunamannahreppi – það er góður kostur!

Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.fludir.is



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Bókhaldsfulltrúi

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum bókhaldsfulltrúa til starfa.

Embætti ríkislögreglustjóra leitar að öflugum einstakling með reynslu af Oracle fjárhagskerfi sem hefur áhuga á að starfa í síkviku umhverfi. Starfshlutfall er 100% og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Embætti ríkislögreglustjóra er lífandi þekkingarvinnustaður sem býr að fjölbreyttum og framúrskarandi mannaúði þar sem starfa rúmlega 200 starfsmenn sem sinna margbreytilegum verkefnum. Lögð er áhersla á opin og jákvæð samskipti, markvissa starfsþróun og unnið er í samræmi við stefnu embættisins um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur hlotið jafnlaunavottun.

Stefna embættis ríkislögreglustjóra í hnotskurn: Okkar tilgangur er að vernda og virða - Okkar sýn er að vinna að öruggara samfélagi - Okkar markmið er að vera þjónustudröfn, framsækin og upplýsandi með áherslu á þjónustu - fagmennsku - mannaúð - tækni - rekstur.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Móttaka og tegundamerking reikninga fyrir bókhaldskerfi ríkisins (Orra)
- Móttökuskráning rafrænna reikninga
- Jöfnun reikninga í vefþöntunarkerfi/verkbókhaldi
- Kostnaðarútreikningar
- Afgreiðsla dagpeninga og ferðauppgjör
- Uppgjör innkaupakorta
- Rafræn móttaka og afgreiðsla útlagðs kostnaðar
- Samskipti við birgja vegna reikninga
- Samskipti við FJS vegna bókhalds RLS
- Umsjón með samþykktarkerfi RLS

Menntunar og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldi í fjárhagskerfi ríkisins (Orri)
- Góð kunnátta og færni í Excel
- Jákvæðni, þjónustulund og seigla
- Mjög góð samskipta- og samstarfshæfni
- Faglegur metnaður, nákvæmni og góð skipulagshæfni
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og hluti af teymi
- Álagsþol

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá að hámarki 2 bls. ásamt kynningarbréfi sem er að hámarki 1 bls. á íslensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist til að sinna starfinu í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í auglýsingu. Umsækjendum um störf hjá embætti ríkislögreglustjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa.

Umsóknir skulu berast í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is). Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Áskilinn er réttur til að hafna öllum umsóknnum.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 28. gr. a. lögregluglaga nr. 90/1996 má engan skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Með vísan til 24. gr. varnarmálaglaga nr. 34/2008 og 20. gr. reglugerðar nr. 959/2012, sbr. einnig 30. og 31. gr. reglugerðarinnar þarf starfsmaður að standast bakgrunnskoðun til að hljóta öryggisvottun vegna starfans

Umsóknarfrestur er til og með 14.02.2024.

Nánari upplýsingar veitir Ágústa H. Gústafsdóttir, agustah@logreglan.is.



DTE is setting a new benchmark in the global metals industry and we are looking for the right people to join our innovative team!

Quality Manager

DTE is searching for a Quality Manager for a fast-growing developer and producer of high-tech analytical hardware and software. This pivotal role involves the implementation of a quality management system, ISO compliance, certifications, and quality control processes.

Device Specialist

As Device Specialist at DTE, you will be crucial in ensuring our technology solutions meet and exceed customers' expectations. This involves direct communication with customers on-site, configuring devices within our delivered solutions to match customer requirements precisely.

Senior Development Engineer

The Senior Development Engineer is someone who is expected to bring a strategic eye to our projects, ensuring safety, efficiency, and innovation are at the forefront of our development efforts. Someone that can think "outside-the-box" while ensuring quality and safety.

Senior Electrical Engineer

We are looking for a Senior Electrical Engineer to join our team of engineers. From concept to production, the position will be instrumental in implementing new technologies and ensuring our products meet international standards. The role is designed for a person who is proactive, collaborative and professional.

Software Developer

DTE is seeking an experienced Developer to play a pivotal role in designing and developing our cutting-edge LP-LIBS™ sensor technology equipment. This exciting opportunity calls for a creative and dedicated individual with a passion for innovation, ready to drive our technology forward in a dynamic team environment.

Test Automation Engineer

With their experience, the Test Automation Engineer will lead a pivotal project within the company. The ideal candidate is a collaborative problem-solver with a passion for enabling other people through automation. A person who is driven, precise and has a good knowledge of regulatory systems and standards.



For more info on:
Responsibilities, Qualifications, Knowledge & Experience
dtehf.bamboohr.com/careers

DTE's leading technology solves a decades-old industry problem by delivering instant elemental analyses from molten metal.

WE offer real-world improvements in process efficiency, sustainability and safety for metal manufacturing and recycling.

www.dte.ai



Virðing - Samvinna - Fagmennska

PRÚNARMIÐSTÖÐ
ÍSLENSKRAR HEILSUGÆSLU

Prúnarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu Verkefnastjóri innleiðingar farsældar barna í heilsugæslu

Prúnarmiðstöð vinnur að samræmingu verklags og samhæfingar milli fagfólks á heilsugæslustöðvum, gæðapróun og framförum í heilsugæslu í samráði við heilbrigðisstofnanir sem reka heilsugæslustöðvar og sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar.


Prúnarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu (PIH) leitar eftir að ráða verkefnastjóra innleiðingar farsældar barna. Um er að ræða 80-100% tímabundið starf til eins árs, með möguleika á framlengingu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. mars nk. eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiða og stýra innleiðingu farsældarlaganna innan heilsugæslunnar á landsvísi
- Próa og samræma verkferla í heilsugæslu í tengslum við farsæld barna
- Gera gæðastaðla fyrir innleiðingu farsældarlaganna
- Stjórna stýrihópi innleiðingar farsældar barna á PIH
- Þverfaglegt samstarf og stuðningur við heilbrigðisstofnanir á landsvísi og Barna- og fjölskyldustofu við innleiðingu farsældarlaganna
- Ráðgjöf og námskeið fyrir fagfólk heilsugæslunnar

Umsóknarfrestur er til og með **26. febrúar 2024**

Sjá nánar á www.starfatorg.is og á www.heilsugaeslan.is undir *laus störf*.



intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta

RioTinto

Vel launuð sumarstörf

Duglegt fólk óskast í fjölbreyttan starfshóp okkar í sumar. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri, hafa bílpróf og hreint sakavottorð. Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að kynna sér laus störf og sækja um á riotinto.is.

Umsóknarfrestur er til og með **17. mars**.



Sækja um



LAUST STARF VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Forseti Heilbrigðis- vísindasviðs

Háskóli Íslands leitar að öflugum leiðtoga fyrir Heilbrigðisvísindasvið sem er eitt af fimm fræðasviðum háskólans. Hann er æðsti yfirmaður og akademískur leiðtogi fræðasviðsins og stjórnar daglegri starfsemi þess í umboði rektors. Á sviðinu starfar öflugt teymi stjórnenda og sérfræðinga.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun, útfærsla og framkvæmd stefnu Háskóla Íslands, HÍ26, á vettvangi fræðasviðs
- Fjármál og rekstur fræðasviðs og stofnana sem undir það heyra
- Tryggja gæði kennslu og uppbyggingu rannsókna og þjónustu
- Stjórnun og mannauðsmál sviðsins
- Stuðla að öflugri liðsheild og faglegu samstarfi og styðja hvort tveggja
- Byggja upp og efla tengsl við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Yfirumsjón með stjórnarsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins
- Leiða uppbyggingu heilbrigðisvísindagarða

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá, afrit af prófskírteinum og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda og hvernig sú framtíðarsýn tengist stefnu HÍ 2021-2026.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars 2024.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur, ásamt umsóknarhlekk, er að finna á starfatorg.is. Frekari upplýsingar veitir Ragnhildur Ísaksdóttir: ragnhildurisaks@hi.is; 694 1442.

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík, +354 525 4000, www.hi.is

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Smáauglýsingar

Bílar



VW Polo Comfort árg. 2019
til sölu. Ekinn 122 þús. km. . Vetrar-
dekk, sumardekk á álfelgum fylgja.
Verð kr. 2.290 þús.
Upplýsingar í síma 866 0784.



**Enþá á gamla verðinu fyrir 24%
hækkun sem komu um áramót!
2/2021 Hyundai Kona Comfort**
39 kWh drifrafhlaða með um 250
km. raundrægni. Ekinn aðeins 18
þús. km. Bakkmyndavél. Kreill hljó-
m-græjur. Hiti í sætum og stýri.
Frábært verð: 3.890.000,-



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344.
Opíð kl. 10–18 virka daga.

Byggingar

Byggingafyrirtæki
getur bætt við sig verkom

Uppslátt á húsum og sökklum.

Þakendurbætur, tek niður
pantannir fyrir næsta ár 2024, geri
tilboð í verk.

Stálgrindarhús, geri tilboð, er í
samstarfi við innflutningsaðila.

Sumarhús, breytingar eða byggja
nýtt hús, geri tilboð.

Nánari upplýsingar, Bjóssi
smiður á google, s 893-5374

nybyggd@gmail.com

Hljóðfæri

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð
á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Ýmislegt

**RollUp &
BannerUp**



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**STAFRÆN
Framköllun**



SAMSKIPTI.is
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Inni og útiskilti



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sandblástursfilmur



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Skönnun
og ljósritun**



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sólarfilmur



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sálmaskrár



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Teikningaprentun



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Húsviðhald

Húsviðgerðir
www.husco.is

Sími 555 1947
Gsm 894 0217

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK
FLOTUN - SANDSPARSL
MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna

Áratuga reynsla og þekking
skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

Strúctor
byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Sumarhús



**Sumarhús – Heilsárshús
Gestahús – Breytingar**

- Framleiðum stórglæsileg sumar-
hús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og
breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar
útfærslur.

• Sjáum um almennt viðhald á
sumarhúsum og sólpöllum.

• Setjum niður heita potta og
smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla –
endilega kynnið ykkur málið.

Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn,
sími 892-3742 og 483-3693,
www.tresmidjan.is

Til sölu



LiFePO4 rafgeymar til sölu:

12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk

12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk

12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk

Nánari upplýsingar á LiTime.com

og Youtube



Merbau pallaefni(mahogany)
21x145mm Verð tilboð



Bankirai pallaefni(parket)

21x145mm Verð tilboð

Cumaru panill 10x90mm og pallaefni

21x90mm

Penofin harðviðarolía 3,8 lítrar

Indus ehf Öseyrarbraut 2 Hafnarf.

opið 10-14 virka daga

magnus@vidur.is

gsm: 660 0230 Magnús

Atvinna

Fáðu meira út úr þinni
atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins
kemur út **tvisvar í viku.**

Á fimmtudögum í aldreiþingu
og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef
mbl.is og á **finna.is.**

Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

Morgunblaðið
fimmtudaga

2

Morgunblaðið
laugardaga

3

mbl.is
atvinna

4

finna.is
atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá
Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri
(fimmtudag og laugardag).*

Mbl.is er með **2,2 milljón** flettinga á dag
og **15,4 milljón** flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023

**Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið mbl.is **FINNA** Q

Raðauglýsingar

569 1100

Tilboð/útboð

ÚTBOÐ



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043
Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

• **Trjá- og runnaklippingar á stofnanaöldum í Reykjavík**, útboð nr. 15967

• **Dúkalagnir 2024 í fasteignum Reykjavíkurborgar**, útboð nr. 15968

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÚTBOÐ

Fasteignafélag Árborgar slf óskar eftir tilboðum í:

„Hreinsistöð, Selfossi - Uppsteypa“

Verk þetta tekur til jarðvinnu og uppsteypu hreinsistöðvar í Árborg samkvæmt skilmálum útboðsgagna. Byggingin er uppsteyppt í hólf og gólf á tveimur hæðum, ásamt kjallara. Í þaki byggingarinnar verða forsteyptar einingar. Birt flatarmál byggingarinnar er 550.1 m². Í byggingunni verður skólphreinsibúnaður, starfsmannaástaða, biofilter og sveifluþró.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar:	3,750 m ³
Veggjamót:	2,160 m ²
Steypustyrktarstál:	66,200 kg
Steypa:	664 m ³
Forsteyptar þakeiningar:	315 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. desember 2024.

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef 16. febrúar nk. sem er aðgengilegur hér:

<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/Direct-Link/3cd9fca8-abe7-4dfa-af69-925cca116626>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrár sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 miðvikudaginn 6. mars 2024.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður þjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt.

Mannvirka- og umhverfissvið Árborgar



Pantaðu pláss fyrir þína atvinnuauðlýsingu á atvinna@mbl.is

Morgunblaðið

Aðalskipulag
Hveragerdisbæjar 2024-2036
skipulags- og matslýsing

Bæjarstjórn Hveragerdisbæjar samþykkti þann 8. febrúar 2024 að kynna skipulagslýsingu endurskoðaðs aðalskipulags Hveragerdisbæjar 2024-2036 fyrir almenningi og senda til umsagnar viðeigandi umsagnaraðila sem og til Skipulagsstofnunar.

Markmið endurskoðunar aðalskipulags Hveragerdisbæjar er að tryggja sem besta samfellu í þróun svæða innan bæjarmarka, svo að nýting og uppbygging innviða geti átt sér stað í takt við fjölgun íbúa. Ástæður endurskoðunar eru hraðari fjölgun íbúa en gildandi aðalskipulag gerði ráð fyrir, mótun samgöngustefnu samhliða aðalskipulagsgerð ásamt því að veita Breiðumörk sérstaka athygli með rammaskipulagshluta vegna tilfærslu Suðurlandsvegur.

Aðalskipulag tekur mið af annarri stefnumótun bæjarins sem og Landsskipulagsstefnu og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Skipulags- og matslýsing aðalskipulags Hveragerdisbæjar 2024-2036 liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerdisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með 14. febrúar 2024 og er aðgengileg á Skipulagsgátt sem og heimasíðu Hveragerdisbæjar.

Pau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd á Skipulagsgátt, málsnúmer 162/2924, í síðasta lagi þann 20. mars 2024.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/162>

Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerdisbæjar

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrandi 40 Opin vinnustofa kl. 9-12 – Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Ukulele, ókeypis kennsla og hljóðfæri á staðnum kl. 10:00 – Boccia kl. 10:15 – Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 – Virk-
nínámskeið kl. 13-15 – Söngfluglarnir, laus pláss í allar raddir kl. 13:00 – Myndlist með Valgarði Gunnarssyni, öll velkomin kl. 13 – Bóka-
klúbbur kl. 13:15 – Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 - Verið öll velkomin.
Boðinn Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.
Dalbraut 18-20 Handavinnusamvera kl. 10.
Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 9-12. Hádegismatur 11:30-12:30. Mynd-
listarhópur Selmu kl. 13:00-15:45. Dönsum með göngugrindurnar og Matthildi kl. 13:30-14:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.
Garðabær 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 9.00 Listmálun í Smiðju 10.00 Ganga frá Jónshúsi 10.00 Qi-Gong í Sjálandssk. 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Njálulestur 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia í Ásgarði 13.20-15.40 Kaffiveitingar í Jónshúsi 13.00 Listmálun í Smiðju
Gerðuberg Opin vinnustofa í Búkolullaut frá kl. 8:30 heitt á könnunni. Linudans fellur niður Bútasamur kl. 13:00-16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu
Gjábakki Opin handavinnustofa og verkstæði kl. 8.30 til 11.30. Qi-gong kl. 9 til 10.15. Jóga kl. 11.30 til 12.45. Bókband kl. 13 til 15.30. Bingó 1 x í mánuði, næst 22. febrúar. Félag vatnslitamálara kl. 16 til 18. Bridge-félag kópavogs kl. 19 til 22.
Nú hefur verið ákveðið að hafa opið í félagsmiðstöðvum eldri borgara í kópavogi þannig að hver stöð verður með opið einu sinni í mánuði. Eftirfarandi eru dagsetningarnar á þeim laugardögum sem opið verður í Gjábakka: 17. febrúar kl. 13-16, / 9. mars kl. 13-16, og 13. apríl.
Gullsmári Opin handverksstofa frá kl. 9:00-12:00. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. Bútasamur/Kapítólur frá kl. 13:00-16:00. Ganga/stafganga kl. 14:00. Jóga kl. 17:00.
Hraunsel Billjard: Kl. 8-16. Dansleikfimi kl. 9:00. Qi Gong: Kl. 10. Pílukast kl. 13:00. Danleikur föstudaginn 16. febrúar kl. 20. Dansbandið spilar, aðgangseyrir 2500 kr. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.
Hvassaleiti 56-58 Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9-16. Stóla-leikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30-12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.
Korpúlfar Borgir Tölvunámskeiðið færirst til föstudags kl.9. Stóla-jóga með Gyðu Dis kl. 9:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Spilið Canasta kl. 12:30. Bókmenntahópurinn verður með umfjöllun um bókina Gráar býflugur kl. 13:00, allir velkomnir. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Tréútskurður á Korpúlfstöðum kl.13:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.
Lækjargata 14a Sigurrós Þórgrímsdóttir er gestur okkar í Opna húsinu í safnaðarheimili Dómkirkjunnar Lækjargötu 14a. Opna húsið er frá kl.13.-14.30 kaffiveitingar og gott samfélag. Verið hjartanlega velkomin og takið með ykkur gesti.
Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43 Morgunkaffi 10:00. Vítamín í Valsheimilinu 10:00. Memmm fjölskyldustund 13:00-15:00. Samþjón 13:00 – 14:30. Myndlist með Margréti 12:30-15:30. Opið kaffihús 14:30 -15:30, allir velkomnir.
Samfélagshúsið Vítorgi Bókband í smiðju kl. 9:00-12:30. Vinnustofa í handverksstofu (lokaður hópur) kl. 10:00-12:30. Ókeypis lík-
amsþjálfun í Valsheimilinu - Vítamín í Val kl. 10:00-11:00. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45 - 14:30. Aðstoð við heimanám barna í matsal kl. 14:30-16:00. Porrablót Vítorgs kl. 18:00.
Seltjarnarnes Vatnsléikfimi í sundlauginni kl. 07.10. Kaffirókur á Skólbraut kl. 9. Ath. að í dag kl. 10.30 verður þútt og léttar æfingar á Nesvöllum Austurströnd 5. Allir velkomnir og Jóga á Skólbraut kl. 11. Karlakaffi í safnaðarh. kl. 14. Minnum alla skráða á heimsóknina á Bessastaði í dag. Farið frá Skólbraut kl. 13.45. Verð rútu kl. 3.000.-

Til sölu

Tjaldsvæði
Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð auglýsir til sölu tjaldsvæði Fjarðabyggðar.

Fjarðabyggð óskar eftir áhugasömum aðilum til að kaupa búnað á sex tjaldsvæðum Fjarðabyggða til reksturs þeirra. Um er að ræða sölu búnaðar tjaldsvæða að undanskildum lóðum sem leigðar eru kaupendum.

Tilboð skal berast bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar að Hafnargötu 2 á Reyðarfirði í lokuðu umslagi, merkt „Tilboð í tjaldsvæða“ fyrir kl.14:00, miðvikudaginn 28. febrúar 2024.

Tilboð skal innifela fjárhæð kauptilboðs í íslenskum krónum sem verður til greiðslu við undirritun kaupsamnings og afsals ásamt lýsingu um áform rekstrar. Tilboði ber að skila á tilboðseyðublaði en önnur tilboðsform, fyrirvarar eða önnur framsetningu kaupverðs er ógild.

Beiðnir um útboðslýsingu berist til atvinnu- og þróunarstjóri Fjarðabyggðar á netfanginu valgeiri@fjardabyggd.is eða í síma 470-9068

Tilboð þarf að gera í hvert stakt tjaldsvæði og afstaða er tekin til hvers tjaldsvæðis fyrir sig.

Áskilin er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar eru veittar af atvinnu- og þróunarstjóra Fjarðabyggðar á netfanginu valgeiri@fjardabyggd.is eða í síma 470-9068.

Tilkynningar

Happpdrætti
Gigtarfélags Íslands

Útdráttur 7. febrúar 2024

1. - 7. ferðavinningur til Tenerife eða Kanarí (pakkaferð, ekki tilboð), hver að verðmæti kr 465.000

2521	19883	31142	39143
16341	28854	39080	

8. - 22. vinningur Dell Latitude 5440 13th Gen i7 hver vinningur að verðmæti kr 379.990

2499	11219	24286	26354	31799
3482	13760	24807	27152	32892
4093	18982	25487	30701	34581

23. - 130. vinningur gjafakort frá Kringlunni hver vinningur að verðmæti kr 190.000

2	7003	12773	18928	27174	32351
84	7190	12845	18963	27960	32957
177	7246	13318	19258	28048	33108
551	7295	14176	19387	28466	33149
733	7946	14259	20038	28468	33401
1694	8008	14663	20378	28523	34744
2336	8666	14768	21227	28597	35557
2609	8759	14956	21252	28790	36047
3126	10142	15494	22035	28857	37278
3569	10190	15739	23325	29480	37590
3595	10458	16280	23659	29956	37658
3727	10516	16549	23772	30213	37709
3775	10593	17436	24054	30457	37895
4469	10941	17752	25336	30527	38414
4718	10959	17958	25492	30625	38465
4897	11615	18110	26234	31155	38736
5600	12048	18233	27014	31858	38889
6225	12378	18424	27028	32251	39017

Vinninga ber að vitja innan árs

Gigtarfélag Íslands
Fyrirvari um villur

mbl.is

Færir þér fréttirnar

Tilkynningar

SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...

Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ölkeldu, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2024 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Ölkeldu í samræmi við 1. mgr. 41. gr skipulagslaga.

Í landi Ölkeldu eru tvö frístundahús og er gert ráð fyrir í deiliskipulagstillögu að í umræddum reit verði sjö nýjar lóðir skipulagðar þannig að þar verði í heildina níu frístundalóðir. Nýjar lóðir verði að lágmarki 3.000 fm og verði húsin lágrest og að hámarki 140 fermetrar að stærð. Svæðið er innan frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi eftir óverulega breytingu.

Gögn eru frá Landlínunum: Greinargerð, deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2.000 og yfirlitsmynd í 1:50.000 úr aðalskipulagi Snæfellsbæjar. Í greinargerð er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum tillögunnar.

Hægt er að skoða tillöguna frá 15. febrúar – 28. mars 2024 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málsnúmeri 947/2023. Einnig liggur tillagan frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Hellissandi og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is. Hlutaðeigandi geta óskað eftir kynningu í ráðhúsinu eftir samkomulagi.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 28. mars 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls númer 947/2023.

Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar

SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...

Nýtt deiliskipulag miðsvæðis á Hellissandi, Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2024 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi í samræmi við 1. mgr. 41. gr skipulagslaga á miðsvæði M-1 á Hellissandi.

Á miðsvæði M-1 á Hellissandi er fyrirhugað að gera deiliskipulag fyrir stækkun hótels á lóðum nr. 7a og 9 við Klettsbúð. Deiliskipulagið er í fullu samræmi við aðalskipulag. Þar er gert ráð fyrir að hækka núverandi hótél um eina hæð og verður það þriggja hæða. Auk þess er fyrirhugað að reisa tveggja hæða viðbyggingu fyrir hótélherbergi og einnar hæðar viðbyggingu við matsal.

Gögn eru frá Valhönnun: Greinargerð, deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1.000 og skýringaruppráttur í 1:500 sem sýnir snið með húshæðum. Í greinargerð á upprætti er gerð grein fyrir umhverfismati áætlunar.

Hægt er að skoða tillöguna frá 15. febrúar – 28. mars 2024 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málsnúmeri 953/2023. Einnig liggur tillagan frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Hellissandi og á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is.

Kynningarfundur verður haldinn í Félagsheimilinu Röst, Hellissandi, í byrjun mars 2024. Nákvæm dagsetning og tímasetning verður auglýst síðar á heimasíðu Snæfellsbæjar og í Bæjarblaðinu Jökli.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 28. mars 2024. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls númer 953/2023.

Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Vesturhöfn - Örfirisey - Fiskislóð 15-21

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. janúar 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 1. febrúar 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Fiskislóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreindir eru þrjú byggingarreitir á lóð til að koma fyrir eldsneytisdælum og rafhleðslustöðvum fyrir bifreiðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 15. febrúar 2024 til og með 4. apríl 2024. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 4. apríl 2024. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

Reykjavík 15. febrúar 2024
Skipulagsfulltrúi ReykjavíkurBorgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

RANGÁRÞINGI YTRA

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar lýsingar skipulagsáforma að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.

Langalda, enduropnun efnistökusvæðis. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir efnistökusvæði við Langöldu. Með breytingunni er gert ráð fyrir enduropnun efnistökusvæðis í Langöldu sem m.a. verður nýtt fyrir framkvæmdir við gerð vindlunda ofan Búrfells. Gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030.

Reyðarvatn 5 K5. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 á lóðinni Reyðarvatni 5 K5 og tengdum lóðum þar sem núverandi frístundasvæði verði fært aftur til landbúnaðarnota.

Lúnansholt III og IV. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að gerðar yrðu breytingar á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir lóðirnar Lúnansholt III og Lúnansholt IV þar sem núverandi frístundasvæði verði fært til íbúðarbyggðar.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt vinnslutillaga að breytingu á landnotkun:

Háteigur. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytingar á landnotkun fyrir lóðina Háteigur í Þykkvabæ. Breyting á landnotkun verður úr núverandi landbúnaðarnotum í Verslunar- og þjónustusvæði þar sem gert verði ráð fyrir gistingu fyrir allt að 25 gesti.

Lýsingarnar og vinnslutillagan liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 29. febrúar nk.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum

Faxaflatir, Rangárþingi ytra, breyting á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi frá 26.4.2018 fyrir Faxaflatir, verslunar- og þjónustusvæði sunnan Suðurlandsveggar. Breytingarnar sem um ræðir eiga að mestu við lóðina Faxaflatir 4, þar sem afmörkun lóðar verður lagfærð og byggingareitir færðar og stækkaðar, bætt verði við verslunarhúsi, og skilgreindar verði betur byggingarheimildir innan lóðarinnar. Að öðru leyti verði lóðamörk og byggingareitir uppfærðir á svæðinu í samræmi við áður gerðar breytingar á mörkum svæðisins. Að auki verður númering lóða uppfærð til samræmis við gildandi reglugerð um staðföng.

Múlaland, Rangárþingi ytra, deiliskipulag

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2024 að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Múlaland. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu sumarhúss á landinu ásamt geymslum og mögulegu gestahúsi. Aðkoma er af Landvegi (nr. 26) framhjá Brúarlundi að frístundahverfinu.

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 28. mars 2024.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra